

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Helgarútgáfa
11. desember 2010
291. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Karlinn í mér er flottur
Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir fylltist krafti þegar eggjahormónin hurfu.
bækur 28

Mál sem gleymist
Þórey Rut Jóhannesdóttir sættir sig ekki við lélegt aðgengi fatlaðra.
samfélagsmál 56

Hver er Flotsokka?
Jólasveinarnir þrettán áttu mörg systkini sem eru lítt þekkt í dag.
jól 42

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Menning | Allt | Allt atvinna

JÓLAFJÖR Í STRÆTÓ Þrír jólasveinanna tóku forskot á sæluna og komu við á leikskólanum Bakkaborg í Breiðholti í gær og buðu krökkunum í stuttan bíltúr þar sem sungin voru jólalög. Stekkjarstaur kemur fyrstur jólasveinanna til byggða í fyrramálið og gefur þægum börnum í skóinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Milljarður í búi VBS

Aðeins einn milljarður er til skiptanna fyrir kröfuhafa VBS Fjárfestingarbanka. Kröfurnar eru 48 milljarðar. Lánað til fasteignaverkefna gegn ónýtum veðum.

VIÐSKIPTI Einungis einn óveðsettur milljarður er til upp í 48 milljarða kröfur í þrotabú VBS Fjárfestingarbanka.

Á fyrsta kröfuhafafundi bankans á fimmtudagsmorgun kom fram að búið væri að færa ofmetið eignasafn bankans niður um áttatíu prósent, úr 52 milljörðum í tíu. Af þeim tíu milljörðum eru níu milljarðar innstæður í Seðlabankanum og gamla Kaupþingi sem eru veðsettar upp í rjáfur. Því er aðeins einn milljarður til skiptanna fyrir kröfuhafa.

> Þess eru dæmi að gefin hafi verið út skuldabréf á byggingar húsa á lóðum án þess að byggt hafi verið á lóðinni.
>
> **HRÓBJARTUR JÓNATANSSON**
> Í SLITASTJÓRN VBS

Stjórnendur VBS lánuðu háar fjárhæðir til áhættusamra fasteignaverkefna fyrir hrun gegn svo lélegum veðum að þau skila litlu sem engu til félagsins, að sögn Hróbjarts Jónatanssonar, sem sæti á í slitastjórn bankans.

„Þess eru dæmi að gefin hafi verið út skuldabréf á byggingar húsa á lóðum án þess að byggt hafi verið á lóðinni," segir hann.

Talið er að VBS hafi verið kominn í vandræði löngu fyrir hrun, og hafi jafnvel verið kominn undir átta prósenta lágmarkseiginfjárhlutfall Fjármálaeftirlitsins snemma árs 2008.

- jab / sjá síðu 8

Lee C. Buchheit:
Frekari samningar ólíklegir

EFNAHAGSMÁL Lee C. Buchheit, formaður íslensku Icesave-samninganefndarinnar, telur samningaleiðina fullreynda með þeim samningi sem nú liggur fyrir. Ríkisstjórnir Breta og Hollendinga geti ekki farið fram á að skattgreiðendur þar niðurgreiði lán til Íslendinga vegna Icesave.

Þá telur Buchheit að samningaleiðin sé sú rétta, ekki dómstóla-leiðin. Málið gæti tapast fyrir dómstólum með skelfilegum afleiðingum, auk ómælds hliðarkostnaðar sem felist í að hafa deiluna hangandi óleysta yfir höfði þjóðarinnar.

- óká / sjá síðu 16

SPURNING DAGSINS

Porgrímur, ertu toppnáungi?

„Mér skilst það á öllum þeim milljónum sem þekkja mig að ég sé alveg einstakur."

Tvær bækur eftir Þorgrím Þráinsson eru á lista Félags bókaútgefanda yfir tíu söluhæstu bækurnar. Þokan er í áttunda sæti og Ertu Guð, afi? situr í tíunda sæti.

TOLLI Iceland Express hefur áhuga á verkum listamannsins.

Iceland Express leitar til Tolla:

Vilja verk eftir Tolla á flugvélar

MENNING Myndlistarmaðurinn Tolli á í samningaviðræðum við Iceland Express um að skreyta ytra byrði flugvéla fyrirtækisins.

Tolli greinir frá þessu í samtali við menningarblað Fréttablaðsins, sem kemur út með blaðinu í dag.

Í viðtalinu ræðir Tolli einnig samstarf sitt við Bónusverslanirnar, sem selja eftirprentanir og bók með verkum eftir hann. Tolli segist hafa orðið var við að sumir hafi haft fyrirvara á þessu samstarfi. Tolli lítur hins vegar á það sem tækifæri til að þróa verk sín áfram og viðræðurnar við Iceland Express séu framhald af því. - bs / sjá Menningu

Starfsfólk gefur fyrir jólin:

Söfnuðu um sex milljónum

SAMFÉLAGSMÁL Starfsmenn Landsbankans hafa safnað rúmum sex milljónum króna til styrktar Mæðrastyrksnefnd, Hjálparstarfi kirkjunnar, Hjálpræðishernum og Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands.

Þetta er annað árið í röð sem starfsfólk bankans léttir undir með hjálparstarfi í landinu. Mörg hundruð manns lögðu sitt af mörkum með frjálsu framlagi í sjóðinn og starfsmannafélag Landsbankans tvöfaldaði þá upphæð sem safnaðist. - sv

Þriðji maður handtekinn vegna kókaínmálsins í Leifsstöð síðastliðinn mánudag:

Eiginmaðurinn talinn vera burðardýr

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Suðurnesjum handtók karlmann á þrítugsaldri í fyrrakvöld í tengslum við rannsókn á fíkniefnamáli sem upp kom í Leifsstöð á mánudagskvöld. Þá voru hjón á fertugsaldri tekin með tæplega þrjú hundruð grömm af kókaíni við komuna til landsins frá Kaupmannahöfn.

Maðurinn sem handtekinn var í fyrrakvöld er búsettur í Reykjavík og hefur margoft komið við sögu hjá lögreglu, meðal annars vegna fíkniefnamála.

Síðdegis í gær var tekin sú ákvörðun að láta manninn lausan

LÖGREGLAN Á SUÐURNESJUM Handtók mann sem grunaður er um aðild að málinu.

en hann liggur þó áfram undir grun um aðild að málinu.

Hjónin sem handtekin voru á mánudagskvöldið eru einnig búsett í Reykjavík. Þau hafa aldrei komið við sögu hjá lörgeglu áður. Kókaínið fannst við hefðbundna leit tollgæslu í Leifsstöð. Konunni var sleppt eftir yfirheyrslur en maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald til 13. desember.

Grunur leikur á að hann hafi verið burðardýr á vegum hins sem handtekinn var í fyrrakvöld, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Það er lögreglan á Suðurnesjum sem fer með rannsókn málsins, sem hún segir vera á mjög viðkvæmu stigi. - jss

Lagt hald á smyglvarning:

Rúmlega 150 lítrar af áfengi

LÖGREGLUMÁL Tollgæslan lagði hald á talsvert magn af smyglvarningi við leit í flutningaskipi í síðustu viku. Alls fundust rúmlega 110 lítrar af sterku áfengi, 9 lítrar af léttu áfengi og rúmlega 132 lítrar af bjór. Einnig var lagt hald vindlinga og snus auk kjöts og fatnaðar.

Hópur tollvarða og fíkniefnahunda tóku þátt í leitinni. Árlega gerir Tollgæslan upptækt mikið magn af ólöglega innfluttum varningi sem reynt er að smygla til landsins. - sv

Íslenskir jeppar á methraða á pólinn

Hlynur Sigurðsson er á leið til byggða eftir ökuferð á suðurpólinn með jeppum frá Arctic Trucks. Fór 2.300 kílómetra á 108 klukkutímum. Annar hópur er nýkominn heim frá Suðurskautslandinu og sá þriðji heldur af stað um helgina.

FÓLK Hlynur Sigurðsson, starfsmaður frá íslenska fyrirtækinu Arctic Trucks, er á heimleið eftir jeppaferð á suðurpólinn. Talið er að hraðamet hafi fallið í ferðinni þar sem 2.300 kílómetrar voru lagðir að baki á fjórum og hálfum sólarhring.

Hlynur, sem var bílstjóri og bifvélavirki í ferðinni, komst á pólinn aðfaranótt fimmtudags en var utan símasambands þegar fréttin var unnin. Hallveig Andrésdóttir, hjá Arctic Trucks, segir hins vegar í samtali við Fréttablaðið að ferðin hafi gengið að óskum. Sérútbúnir Hiluxjepparnir hafi reynst vel.

EYJÓLFUR MÁR TEITSSON

„Þessir bílar voru smíðaðir hér á Íslandi í sumar og prófaðir hér, en eru í eigu manna frá Kasakstan sem eru að undirbúa annan og stærri leiðangur á næsta ári."

Þetta er annar leiðangurinn á stuttum tíma þar sem bílar Arctic Trucks ferja menn á pólinn, en undir lok síðasta mánaðar fór Eyjólfur Már Teitsson með hóp indverskra vísindamanna sömu leið.

Hallveig segir að þriðji leiðangurinn leggi af stað á næstu dögum. Þar verður meðal annars í fyrsta sinn prófaður sex hjóla Hilux, en bílar fyrirtækisins hafa getið sér gott orð og eru nú tólf talsins á Suðurskautslandinu.

„Við höfum verið þarna í þrjú ár og erum alltaf að sanna okkur

HALDIÐ Á PÓLINN Hlynur og hópur hans á leið frá Novo á suðurpólinn. Þeir komust á pólinn rúmum fjórum sólarhringum síðar og eru nú á heimleið. MYNDIR/EYJÓLFUR

> Þetta var alveg mögnuð reynsla og mjög mikill kuldi. Svona hef ég aldrei upplifað áður.
>
> **EYJÓLFUR MÁR TEITSSON**
> PÓLFARI

betur á þessum slóðum," segir hún. „Þau tæki sem hafa hingað til verið notuð þar eru miklu stærri og þunglamalegri og eyða margfalt meiri olíu en okkar bílar þannig að það eru ekki bara aukin þægindi, heldur eru þeir líka miklu umhverfisvænni."

Eyjólfur stóð á pólnum með fyrsta leiðangrinum hinn 23. nóvember og segir samtali við Fréttablaðið að upplifunin hafi verið einstök og um leið skemmtileg.

„Þetta var alveg mögnuð reynsla og mjög mikill kuldi. Svona hef ég aldrei upplifað áður. Frostið mældist mest um 56 stig, fyrir utan vindkælingu."

Aðspurður sagði hann að vel hafi farið um ferðalangana. „Það er munur að sitja inn i í hlýjum bíl og hann fer vel með mann. Maður keyrir bara og hlustar á tónlist nema eitthvað komi upp á."

Eyjólfur segist ekki enn hafa fengið tækifæri til að bæta norðurpólnum í safnið.

„Þeir eru ekki margir sem hafa ekið á báða pólana, en ég væri alveg til í að tilheyra þeim hópi."

thorgils@frettabladid.is

Hröktust frá Wikileaks:

Stofna annan uppljóstraravef

SVÍÞJÓÐ Nokkrir fyrrverandi aðstandendur uppljóstrunarsíðunnar Wikileaks ætla á mánudaginn að opna nýjan uppljóstrunarvef, sem á að nefnast Openleaks.

Frá þessu skýrir sænska dagblaðið Dagens Nyheter og vitnar í mennina, sem kjósa þó að vera ónafngreindir. Þeir segjast hafa hrakist frá Wikileaks vegna erfiðleika í samskiptum við Julian Assange, stofnanda vefsins.

Þeir segja markmiðið að setja upp vef þar sem tæknimál verði kláruð, sem ekki hafi tekist hjá Wikileaks, og lýðræði verði í hávegum haft frekar en að einn maður eða einn hópur ráði öllu. - gb

Kortafyrirtækin og Wikileaks:

Vill endurskoða rekstrarleyfin

VIÐSKIPTI Róbert Marshall, formaður allsherjarnefndar Alþingis, vill að stjórnvöld endurskoði rekstrarleyfi greiðslukortafyrirtækjanna hér á landi í kjölfar uppsagnar þeirra á samningi við Wikileaks. Rúv sagði frá málinu í gær.

RÓBERT MARSHALL

Fulltrúar Valitor og Borgunar sátu fyrir svörum á fundinum. Róbert segir þá hvorki hafa getað vísað í fordæmi né lög ákvörðun sinni til stuðnings. Hann segir blasa við að fyrirtækin hafi látið undan þrýstingi bandarískra stjórnvölda. Það séu alvarleg tíðindi fyrir félagasamtök að geta átt á hættu að greiðslur til þeirra verði stöðvaðar birti það upplýsingar sem séu erlendum stjórnvöldum ekki þóknanlegar. - shá

Eldgosið í Eyjafjallajökli þykir einn af stærstu atburðum ársins á Google:

Eyjafjallajökull heltók heimsbyggðina

TÆKNI Gosið í Eyjafjallajökli síðasta vor er einn af fimm stærstu atburðum ársins á heimsvísu. Þetta kemur fram í árlegri úttekt leitarvélarinnar Google, en auk gossins voru talin til jarðskjálftinn á Haítí, Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver, olíuslysið í Mexíkóflóa og Heimsmeistaramótið í knattspyrnu.

Þetta mat Google er metið eftir því hversu oft er leitað að fréttum sem tengjast ákveðnum atburðum en ekki eru til nákvæmar fjöldatölur um leitarbeiðnir.

Þetta þarf ekki að koma á óvart þar sem eldgosið, og öskuskýið sem því fylgdi, snerti milljónir manna um allan heim sökum raskana á samgöngum.

Í skýringu á vef Google sem ber yfirskriftina Zeitgeist, eða tíðarandinn, sést glögglega hvernig Eyjafjallajökull heltók heimsbyggðina smám saman um nokkurra vikna skeið áður en um fór að hægjast.

Á vef Google má einnig sjá hvað hefur hrifið netverja það sem af er ári, en iPad, spjallkerfið Chatroulette og ungstirnið Justin Bieber tóku hæstu stökkin frá fyrra ári. Svínaflensan og Susan Boyle voru hins vegar á meðal þeirra sem hrundu í netvinsældum. - þj

GOSIÐ GÚGGLAÐ Fréttir af öskuskýinu frá Eyjafjallajökli voru eitt vinsælasta leitarefnið á Google á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kringlan

Opið til 22 öll kvöld til jóla

Laugardagur 11. desember

Kátir jólasveinar á ferð	14 – 15
The Charlies syngja	14:00
Sigga Kling spákona	14 – 18
Ellý Ármanns spáir í spilin	14 – 15
Jólasveinamyndataka í samstarfi við SenseCenter og Canon	15 – 17
Röddin 2010 syngur	15:00
Hressir jólasveinar á vappinu	16 – 17
Bubbi syngur og áritar	18:00
Lifandi jóladjass	18 – 19

Sunnudagur 12. desember

14 – 15	Kátir jólasveinar á svæðinu
14 – 18	Sigga Kling spákona
15 – 17	Myndataka með jólasveininum í samstarfi við SenseCenter og Canon
14:00	Brot úr leikritinu *Prinsessan á Bessastöðum*
16:00	Kisan Birta kemur í heimsókn og kynnir bókina sína
16 – 17	Glaðir jólasveinar enn á ferð
18 – 19	Lifandi jóladjass

Nýtt kortatímabil!

Barnagæsla Ævintýralands er opin til kl. 20 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

GENGIÐ 10.12.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	114,46	115,00
Sterlingspund	181,19	182,07
Evra	151,74	152,58
Dönsk króna	20,349	20,469
Norsk króna	19,055	19,167
Sænsk króna	16,653	16,751
Japanskt jen	1,369	1,377
SDR	176,04	177,08

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
205,5601
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jóhanna Sigurðardóttir segir nýjan Icesave-samning ekki sýna að fyrri afstaða stjórnarinnar hafi verið röng:

Icesave-málið verður ekki klárað fyrir jól

STJÓRNMÁL „Ég fagna því mjög að þessi niðurstaða hafi náðst og ekki síst að það hafi náðst sátt í samninganefndinni, sem var meðal annars skipuð fulltrúa frá stjórnarandstöðunni," segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um Icesave-samninginn sem nú liggur á borðinu. „Þetta er gríðarlegur áfangi í endurreisninni."

Jóhanna segir að forystumenn flokkanna séu þegar byrjaðir að ræða um framhald málsins og hvernig farið verður með það í þinginu. Hún vonist til þess að allir flokkar geti staðið að því saman.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

„Ég vona að það skýrist fljótlega í næstu viku hvernig framhaldið verður. Ég held að það liggi ljóst fyrir að það er ekki hægt að klára þennan samning í þinginu fyrir jól. Það er eðlilegt að menn taki sér tíma til að skoða málið í heild. Það er aftur á móti spurning um hvort hægt er að mæla fyrir málinu og koma því til nefndar fyrir jól," segir Jóhanna.

Forystumenn ríkisstjórnarinnar fóru ekki leynt með óánægju sína þegar ekki tókst að klára síðasta Icesave-samning fyrr á árinu. Spurð hvort það hafi verið röng afstaða í ljósi nýja samningsins segir Jóhanna: „Nei, þetta sýnir fyrst og fremst að aðstæður eru verulega breyttar frá því að síðasti samningur var gerður. Flest af því sem hefur orðið til þess að lækka þennan samning hefði haft áhrif til lækkunar á fyrri samninginn."

Hún nefnir til dæmis betri heimtur úr þrotabúi Landsbankans, hagstæðari gengismun, sterkari gjaldeyrisforða og lægri fjármagnskostnað. „Það er veruleg skýring á þessum 100 milljarða mismuni sem er á þessum samningum," segir Jóhanna. Ekki megi heldur gleyma því að tafirnar hafi kostað sitt fyrir atvinnulífið í landinu. - sh

Sjálfboðaliðar Rauða krossins:

Gefa átta þúsund kakóbolla

HJÁLPARSTARF Um 150 sjálfboðaliðar Reykjavíkurdeildar Rauða kross Íslands munu gefa gestum og gangandi í miðbæ Reykjavíkur um átta þúsund bolla af heitu súkkulaði laugardagana fram að jólum og á Þorláksmessu.

Súkkulaðið verður gefið á fjórtán stöðum víðs vegar um miðbæinn. Verslunareigendur í miðbænum standa straum af kostnaðinum við verkefnið, ásamt Mjólkursamsölunni sem gefur 750 lítra af mjólk og Nóa Síríus sem gefur 130 kg af suðusúkkulaði.

Tekið verður við frjálsum framlögum í söfnunarbauka og renna þau í Elínborgarsjóðinn, sem ætlað er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur í kringum jólin. - sh

Rúmbetra húsnæði nauðsyn:

Umboðsmaður færir sig um set

STOFNANIR Umboðsmaður skuldara flytur skrifstofur sína um helgina frá Hverfisgötu 6 og í Kringluna 1.

„Frá því embættið tók til starfa, þann 1. ágúst, hefur starfsmönnum fjölgað mjög og starfsemin orðið umfangsmeiri," segir í tilkynningu. „Því er talið nauðsynlegt að fara í rúmbetra húsnæði."

Útibú umboðsmanns skuldara verður opnað í Reykjanesbæ í lok næstu viku.

LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í frétt á miðvikudag um deilur um vegarslóða á Vatnsleysuströnd að eigandi Neðri-Brunnastaða væri fyrrverandi bæjarfulltrúi H-listans. Að sögn Eirnýjar Valdsdóttur, bæjarstjóra Voga, hefur enginn íbúi á Neðri-Brunnastöðum verið bæjarfulltrúi eða í hreppsnefnd svo langt aftur sem minni elstu manna nær.

Icesave samningarnir

	Samningsdrög við Hollendinga 11. október 2008	Samningur við Breta og Hollendinga 5. júní 2009	Fyrirvarar settir af Alþingi 28. ágúst 2009	Samningur við Breta og Hollendinga 9. desember 2010
Vextir	6,7 prósent	5,55 prósent	5,55 prósent	3 prósent og 3,3 prósent
Mat á kostnaði ríkisins	Óþekkt	162 milljarðar króna	162 milljarðar króna	47 milljarðar króna
Endurgreiðslur hefjast	2012	2016	2016	2011
Greiðslum skal lokið	2019	2024	2024 (möguleiki á framlengingu til 2030)	2046
Efnahagslegir fyrirvarar	Engin ákvæði		Lægri afborganir ef hagvöxtur yrði undir ákveðnum mörkum.	Þak á árlegar greiðslur eftir 2016 miðast við 5% af tekjum ríkisins á fyrra ári. Ef eftirstöðvar höfuðstöðva nema innan við 45 milljörðum árið 2016 greiðast þær innan 12 mánaða. Endurgreiðslutími hækkar um eitt ár fyrir hverja 10 milljarða umfram 45 milljarðana.
Úrlausn ágreiningsmála	Engin ákvæði	Fyrir breskum dómstólum	Fyrir breskum dómstólum	Hjá alþjóða gerðardóminum í Haag

Fjórða atrennan að Icesave

Icesave er mál málanna þessa aðventu eins og verið hefur síðustu tvö ár. Fyrst var reynt að semja skömmu eftir hrun og enn náðist nýtt samkomulag í fyrradag. Ekki er útilokað að gera þurfi fleiri atrennur.

FRÉTTASKÝRING

Hversu margar tilraunir hafa verið gerðar til að semja um Icesave?

Segja má að alls hafi fjórum sinnum verið samið um lausn Icesave-deilunnar frá því að íslenska bankakerfið hrundi haustið 2008. Enn er ekki ljóst hvort sú niðurstaða sem samninganefnd Íslands kynnti í vikunni verði sú síðasta.

Fyrst var reynt að semja um Icesave-skuldir Landsbankans strax eftir bankahrunið, eftir að bresk stjórnvöld frystu eignir bankans þar í landi.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar náði samkomulagi við hollensk stjórnvöld 11. október 2008, og reynt var að semja við bresk stjórnvöld á svipuðum nótum. Samið var um að Hollendingar lánuðu íslenska ríkinu fyrir skuldbindingunum í Hollandi með láni til tíu ára með 6,7 prósenta vöxtum. Í janúar 2009 sprakk ríkisstjórnin.

Ný ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna hóf samningaviðræður á nýjan leik, og gerði út samninganefnd sem Svavar Gestsson leiddi. Hinn 5. júní 2009 var nýr samningur um ríkisábyrgð á skuldunum undirritaður. Þar var kveðið á um lán með 5,55 prósenta vöxtum, og kostnaður ríkisins metinn á 162 milljarða króna. Afar hart var deilt um samninginn í umræðum á Alþingi allt sumarið, og riðaði stjórnin að því er virtist til falls vegna málsins á tímabili.

Niðurstaða Alþingis var sú að gera fyrirvara við samninginn, og voru lög þar að lútandi samþykkt 28. ágúst. Bretar og Hollendingar töldu þar með samninginn ekki samþykktan, og enn var sest að samningaborðinu.

Að endingu stóðu aðeins tveir af fyrirvörum Alþingis út af borðinu þegar stjórnvöld skrifuðu undir nýjan samning 18. október. Þeir fyrirvarar þóttu þó afar mikilvægir. Þar var annars vegar um að ræða fyrirvara um að ekki þyrfti að greiða lengur af láninu en til 2024, og hins vegar að Íslendingar drægju lögmæti kröfunnar í efa.

Lög um ríkisábyrgð á láni Breta og Hollendinga með fyrrgreindum skilmálum voru samþykkt á Alþingi 30. desember eftir afar harðar umræður. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, synjaði lögunum í kjölfarið staðfestingar, og þau voru kolfelld í þjóðaratkvæðagreiðslu í kjölfarið.

Enn hófust viðræður við bresk og hollensk stjórnvöld, nú undir forystu Lee C. Buchheit, bandarísks lögmanns og sérfræðings í alþjóðlegum lánasamningum. Viðræðurnar gengu fremur hægt til að byrja með, sem skýrist meðal annars af því að þingkosningar voru fyrirhugaðar nokkrum mánuðum síðar bæði í Bretlandi og Hollandi.

Síðastliðinn fimmtudag var svo að lokum tilkynnt um nýtt samkomulag við bresk og hollensk stjórnvöld. Þar var samið um 3,3 prósenta vexti af láni frá Bretlandi og 3 prósenta vexti af láni frá Hollandi. Kostnaður ríkisins nú er metinn á um 47 milljarða króna.

Hvort þessi fjórða tilraun til að ná samkomulagi í þessari erfiðu milliríkjadeilu ber árangur veltur á viðtökum Alþingis, sem þarf að samþykkja samninginn áður en hann tekur gildi. Samþykki Alþingi lög þar sem samkomulagið er staðfest fara þau lög til forsetans til staðfestingar. Hann hefur þá val um að staðfesta lögin eða vísa þeim í þjóðaratkvæðagreiðslu á ný.

brjann@frettabladid.is

Tímalína Icesave

2008
11. október - Samkomulag við Hollendinga um greiðslu á Icesave.
5. desember - Alþingi samþykkir að ljúka Icesave með samningum.

2009
24. febrúar - Ný samninganefnd undir forystu Svavars Gestssonar stofnuð.
5. júní - Skrifað undir samninga við Breta og Hollendinga.
28. ágúst - Alþingi samþykkir ríkisábyrgð með fyrirvörum.
17. október - Skrifað undir nýja samninga við Breta og Hollendinga.
30. desember - Alþingi samþykkir samninginn.

2010
5. janúar - Forseti Íslands synjar lögum um ríkisábyrgð staðfestingar.
6. mars - Þjóðin hafnar Icesave-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu.
8. febrúar - Lee Buchheit samþykkir að leiða íslenska samninganefnd.
9. desember - Nýtt samkomulag næst við bresk og hollensk stjórnvöld.

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

MILD HELGI
Veður verður milt um helgina miðað við að nú styttist í jólin og því lítið um snjó nú þegar fyrstu jólasveinarnir koma til byggða. Það verður víða nokkuð bjart í dag og fremur hægur vindur en síðdegis gæti fallið lítilsháttar væta allra vestast.



HEIMURINN

Alicante	17°
Basel	10°
Berlín	3°
Billund	6°
Frankfurt	3°
Friedrichshafen	5°
Gautaborg	4°
Kaupmannahöfn	4°
Las Palmas	22°
London	6°
Mallorca	15°
New York	6°
Orlando	22°
Ósló	-1°
París	6°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

TAX FREE
af jólatrjám

Lifandi jólatré!

Normannsþinur

Rauðgreni — Veljum íslenskt

Stafafura — Veljum íslenskt

Einnig er TAX FREE af gervitrjám

AÐEINS þessa helgi!

FJÖR Í SKÚTUVOGI!

LAUGARDAGUR
Jólasveinar skemmta kl 13:00
Solla stirða kemur í heimsókn kl 14:00
Brokk-kórinn undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar kl 15:00 og 17:00

SUNNUDAGUR
Jólasveinar skemmta kl 13:00
Íþróttaálfurinn kemur í heimsókn kl 14:00

LEIÐISKRANS 2.790

ALLAN DAGINN FRÁ KL. 12:00- 20:00

JÓLAHLAÐBORÐ ALLAN DAGINN í Skútuvogi
Laugardag og sunnudag kl. 12:00-20:00
Aðeins **990kr**

HÝASINTU-SKREYTING 799

blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

KJÖRKASSINN

Hefur þú dregið úr akstri á árinu vegna hækkandi bensínverðs?

Já 77%

Nei 23%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti að samþykkja nýja Icesave-samkomulagið?

Segðu skoðun þína á visir.is. VÍSIR

Hæstiréttur segir húsasmiði hafa verið grunlausa um ólögmæti byggingarleyfis:

Frístundahús ekki dæmd til niðurrifs

DÓMSMÁL Hæstiréttur segir að eigendur tveggja frístundahúsa í Kiðjabergi í Grímsnesi þurfi ekki að rífa húsin eins og einn nágranni þeirra krafðist.

Húsin standa á landi Meistarafélags húsasmiða í Kiðjabergi. Eigendur þeirra fengu samþykkt byggingarleyfi hjá sveitarfélaginu í október 2005 og í febrúar 2006. Þeir hófust handa við smíði húsanna en sumarið 2006 kærðu eigendur eldra sumarhúss í næsta nágrenni framkvæmdina. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála komst að því að ekki hafði verið staðið rétt að breyttu aðalskipulagi sem byggingarleyfin byggðu á og felldi þau út gildi og lét stöðva framkvæmdir. Ný byggingarleyfi voru síðar gefin út samkvæmt aðalskipulagi sem sveitarstjórnin samþykkti. Þau leyfi voru síðan felld úr gildi sumarið 2007 en þá voru húsin næstum fullbyggð.

Samkvæmt lögum á að fjarlægja mannvirki sem reist eru án stuðnings í skipulagi. Hæstiréttur segir hins vegar ekki annað séð en að húsasmiðirnir sem reistu sér húsin hafi verið í góðri trú um gildi byggingarleyfa sinna. - gar

UMDEILT HÚS Í GRÍMSNESI Nágrannar þessa frístundahúss í Kiðjabergi töldu gengið á rétt sinn með breyttu skipulagi sem gerði ráð fyrir miklu stærri húsum á svæðinu. MYND/EGILL

Kókaínsmygl upplýst:

Tveir þrítugir smyglarar teknir

LÖGREGLUMÁL Tveir karlar um þrítugt voru handteknir nú í vikunni í tengslum við rannsókn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á innflutningi á kókaíni til landsins. Annar maðurinn var handtekinn í gær en hinn í byrjun vikunnar. Jafnframt lagði lögreglan hald á um 400 grömm af kókaíni sem reynt var að senda til Íslands í tvennu lagi frá Suður-Ameríku.

Mönnunum hefur verið sleppt en annar sat í gæsluvarðhaldi í tvo sólarhringa. - jhh

Jólaskeidin 2010

Íslendingar hafa safnað Jólaskeiðinni frá GAM allar götur frá 1946.
Íslensk hönnun í 64 ár.
Það er aldrei of seint að bætast í hóp ánægðra safnara.

Guðlaugur A. Magnússon
Anno 1924
Skólavörðustíg 10 • Sími 562 5222 • www.gam.is

Ríkið býður út lán í stað þess að semja

Umfangsmiklar vegaframkvæmdir verða fjármagnaðar með skuldabréfaútboði en ekki beinum lánum frá lífeyrissjóðunum. Viðræður þar um sigldu í strand.

FRAMKVÆMDIR Samningaviðræður ríkisins og lífeyrissjóðanna um fjármögnun sjóðanna á tugmilljarða vegaframkvæmdum runnu út í sandinn á fimmtudag.

Of mikið bar í milli þess sem ríkið var tilbúið til að greiða og þess sem sjóðirnir vildu fá.

Kristján L. Möller, þingmaður Samfylkingarinnar fer fyrir verkefninu fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. „Við vildum semja út frá Íslandi nútímans þar sem vextir eru að lækka og buðum ákveðna breytilega vexti sem grunnvexti og álag ofan á þá. Það var að okkar mati mjög vel boðið en lífeyrissjóðirnir sögðust í gærmorgun [fimmtudagsmorgun] alls ekki vilja breytilega vexti heldur fasta vexti til fjögurra eða fimm ára. Það réði úrslitum," segir Kristján.

KRISTJÁN L. MÖLLER

ARNAR SIGURMUNDSSON

Í ljósi þessa hafa stjórnvöld ákveðið að fjármagna framkvæmdirnar með skuldabréfaútboði. Lánin bera því ríkisábyrgð.

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að í þrjá mánuði hafi legið fyrir að ríkið væri, samhliða viðræðum við sjóðina, að skoða möguleikana á skuldabréfaútboði. „Við vildum semja um fasta vexti enda mikilvægt fyrir lífeyrissjóðina en ríkið vildi breytilega vexti. Við héldum að lending myndi nást en svo slitnaði upp úr. Við vorum rólegir yfir því enda vissum við að hinn kosturinn væri til staðar." Aðspurður segir Arnar það koma í ljós hvort lífeyrissjóðirnir taki þátt í skuldabréfaútboðinu en bendir á að þeir séu stór kaupandi slíkra bréfa.

Arnar og Kristján eru sammála um mikilvægi þess að niðurstaða fáist. Fram undan séu umfangsmiklar framkvæmdir sem að hluta til komi til framkvæmda á næsta ári en einkum árin 2012, 2013 og 2014. Bæði skapi þær störf og auki á umferðaröryggi á nokkrum fjölförnustu leiðum vegakerfisins. bjorn@frettabladid.is

VEGAGERÐ Vonir standa til að mikill kraftur færist í vegagerð, einkum að næsta ári liðnu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sprengt í Vaðlaheiði 17. júní 2011?

Heildarfjárhæð vegaframkvæmdanna sem stjórnvöld hafa ákveðið að ráðist verði í á næstu fjórum árum er á milli þrjátíu og fjörutíu milljarðar króna. Framkvæmdir fyrir sex milljarða hefjast á næsta ári, og fyrir tíu til tólf milljarða árin þrjú á eftir.

Kristján Möller segir að framkvæmdir við Suðurlandsveg, á fimmtán kílómetra kafla milli Hellisheiðarvirkjunar og Hveragerðis, verði boðnar út í byrjun nýs árs. Einnig tæplega tveggja kílómetra verk á Vesturlandsvegi, nærri gatnamótum Bæjarháls og um fjögurra kílómetra kafli á Reykjanesbraut, milli Kaldárselsvegar og Krísuvíkurvegar. Þá séu Vaðlaheiðargöng tilbúin til forvals á evrópska efnahagssvæðinu en í því er kallað eftir áhugasömum verktökum og nokkrum boðið að bjóða í verkið. Það ferli getur tekið fjóra til sex mánuði. Kristján vonast til að hægt verði að byrja að sprengja fyrir göngunum á þjóðhátíðardaginn næsta sumar.

Skólagjaldahækkun á Englandi snertir ekki íslenska námsmenn:

Gjöld Íslendinga hækka ekki

MENNTUN Íslenskir háskólanemar á Englandi þurfa ekki að óttast hækkanir á skólagjöldum með tilkomu nýrra laga þar í landi. Mikill styr hefur staðið um breytingar á lögum um hámarksskólagjöld í enska háskóla, frá haustinu 2012 verða gjöldin færð úr 3.290 sterlingspundum á ári upp í 9.000, sem er sama upphæð og nemar utan Evrópusambandsins, þar á meðal Íslendingar, hafa þurft að greiða hingað til.

Mótmæli námsmanna náðu hámarki á fimmtudag þar sem óeirðir brutust út við þinghúsið í London þar sem lögin voru samþykkt. Reyndist það mörgum stjórnarþingmönnum erfitt og meðal annars kaus 21 þingmaður úr liði Frjálslyndra demókrata á móti lögunum.

Hjördís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra námanna erlendis, segir í samtali við Fréttablaðið að hún sé fegin að hækkanirnar muni ekki koma við þá 215 Íslendinga sem stunda nám í Englandi.

LÆTI Í LONDON Stúdentar komu saman fyrir utan þinghúsið í London til þess að mótmæla hækkun skólagjaldanna. Óeirðir brutust út og tugir manna slösuðust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Það er mjög mikilvægt að halda góðum samskiptum á milli landanna, ekki síst með námsmannaskiptum og ef það myndi detta upp fyrir gæti það haft slæmar afleiðingar." - þj

Smáralind

GJAFAKORT

GJAFAKORT SMÁRALINDAR

Hægt er að kaupa gjafakort á **smaralind.is** og á þjónustuborðinu okkar á 2. hæð.

JÓLAGLEÐI UM HELGINA

Komdu og upplifðu skemmtilega jólastemningu um leið og þú verslar fyrir jólin.

LAUGARDAGUR

- **Jólaleikritið** kl. 14.00 **– Frítt fyrir alla**
- **Verðlaunaafhending í Piparkökuhúsaleik** Smáralindar og Kötlu kl. 15.00.
- **Samkór Kópavogs** syngur falleg jólalög kl. 15.30
- **Hljómsveitin Frjókorn** spilar jólatóna kl. 17.00 og 20.00
- **Pakkajól Smáralindar og Bylgjunnar** – gefum eina aukagjöf

SUNNUDAGUR

- **Jólaleikritið** kl. 14.00 **– Frítt fyrir alla**
- **Jólasveinarnir koma í heimsókn** og skemmta börnunum kl. 15.00 og 17.00
- **Hljómsveitin Frjókorn** spilar jólatóna kl. 18.00 og 20.30
- **Túbutónleikar Tim Buzbee og félaga** kl. 16.00
- **Pakkajól Smáralindar og Bylgjunnar** – gefum eina aukagjöf

Sjáumst – Smáralind

Jólagjafa-handbókin við alla innganga

Opið til 22 til jóla

ENNEMM / SÍA / NM44650

Enn bætist við langan glæpalista Peter Mangs í Malmö:

Grunaður um enn eitt ódæðið

SVÍÞJÓÐ Peter Mangs, 38 ára Svíi sem er grunaður um eitt morð og nokkrar skotárásir í Malmö undanfarið ár, er nú grunaður um að hafa skotið sextán ára pilt fyrir fjórum árum. Þessi árás bætist við langan lista af ódæðisverkum sem Mangs er grunaður um að hafa framið, þar á meðal tvö morð árið 2003.

Í frétt sænska dagblaðsins Sydsvenskan kemur fram að pilturinn hafi fundist í blóði sínu í Krokskbäck-hverfi Malmö árið 2006. Hafði hann verið skotinn í höfuðið með lítilli skammbyssu af árasarmanni sem hafði falið sig í runnum við fáfarna götu.

Samkvæmt Börje Sjöholm, yfirmanni hjá rannsóknarlögreglunni í Malmö, er Mangs nú grunaður um tólf skotárásir fyrir árið 2009, eða áður en glæpaaldan hófst sem leiddi til handtöku hans. Þegar allt er talið eru þrjú morð og átján skotárásir til rannsóknar með tilliti til þess að Mangs hafi framið glæpina.

Eins og komið hefur fram eru árásirnar í öllum tilvikum, nema einu, gegn fólki af erlendum uppruna. Þá var ungur Svíi skotinn í bíl sínum. Farþegi í bílnum var af erlendum uppruna. **- shá**

PETER MANGS Mangs hefur verið í gæsluvarðhaldi um nokkurra vikna skeið, en neitar sök staðfastlega.
NORDICPHOTOS/AFP

Þrotabú VBS á einn milljarð upp í kröfur

Heildarkröfur í bú VBS Fjárfestingarbanka nema 48 milljörðum króna. Léleg veð eru á bak við lánveitingar til fasteignaverkefna. Einn óveðsettur milljarður er til í sjóði. Erfitt að sjá forsendur lánveitinga, segir fulltrúi í slitastjórninni.

VIÐSKIPTI Stjórnendur VBS Fjárfestingarbanka lánuðu háar fjárhæðir til áhættusamra fasteignaverkefna fyrir hrun sem ekki stóðu undir lánveitingum. Í einhverjum tilvikum lánaði bankinn gegn veði í lóðum sem til stóð að byggja á.

„Þess eru dæmi að gefin hafi verið út skuldabréf á byggingar húsa á lóðum án þess að byggt hafi verið á lóðinni," segir Hróbjartur Jónatansson, lögmaður sem sæti á í slitastjórn VBS.

„Þarna voru aðilar sem VBS tók að sér að fjármagna sem settu lóðir að veði sem ekki var byrjað að byggja hús á. Lítil verðmæti voru á bak við þau bréf og ljóst að ekki hafa verið fullnægjandi veð í ýmsum tilvikum fyrir endurgreiðslu. Það er ekki mikið til staðar ef ekki stendur hús á lóðinni," bætir hann við.

Hróbjartur segir erfitt að sjá forsendur sumra fasteignaverkefnanna í dag. Ljóst sé að verkefnin standi ekki undir lánveitingum VBS. „Veðin eru talin það léleg að þau skila ekki miklu til félagsins," segir hann.

Fyrsti kröfuhafafundur VBS var haldinn í fyrradag. Þar kom fram að lýstar kröfur nema 48 milljörðum króna. Þar af eru launakröfur upp á tæpar hundrað milljónir króna.

Aðrar kröfur eru víkjandi skuldabréf og fleira sem ekki þótti ástæða til að taka afstöðu til þar sem ekkert mun fást upp í þær.

Fram kom á kröfuhafafundinum að búið væri að færa ofmetið eignasafn bankans niður úr 52 milljörðum króna í tíu milljarða, eða um rúm áttatíu prósent. Af milljörðunum tíu eru níu milljarða innstæður í Seðlabankanum og gamla Kaupþingi. Þær eru veðsettar upp í rjáfur og því aðeins einn milljarður í bókfærðu eiginfé til skiptanna fyrir kröfuhafa.

„Það er okkar mat að eignir eru ekki nægar til að mæta skuldum," segir Hróbjartur.

jonab@frettabladid.is

HRÓBJARTUR JÓNATANSSON Dæmi eru um að VBS hafi gefið út skuldabréf út á byggingar húsa á lóðum án þess að byggt hafi verið á lóðinni, að sögn lögmanns sem sæti á í slitastjórn fjárfestingarbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Fall VBS í hnotskurn

- Útlán VBS Fjárfestingarbanka námu tæpum 26,4 milljörðum króna í lok árs 2008. Þar af voru lánveitingar til byggingarstarfsemi eignarhaldsfélaga, til einstaklinga og annars 12,6 milljarðar króna. Áhættuskuldbinding bankans lá að mestu í lánum til kaupa á lóðum og byggingar húsa við Selfoss, í Reykjanesbæ og Mosfellsbæ; áhættusamra verkefna sem sum hver urðu að engu í efnahagshruninu.
- Bankinn var annar tveggja sem tók þátt í svokölluðum ástarbréfaviðskiptunum við Seðlabankann, sem gekk út á að afla viðskiptabönkunum þremur lausafé þegar aðrar dyr voru þeim lokaðar. Þegar stóru bankarnir féllu í október fyrir tveimur árum stóð VBS uppi með milljarðaskuld við Seðlabankann. Ríkissjóður lánaði honum því 26 milljarða króna til sjö ára í mars í fyrra til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Fyrsta vaxtagreiðsla ríkislánsins var í byrjun þessa árs og gat bankinn ekki staðið í skilum. Seðlabankinn er langstærsti kröfuhafi VBS en hann lýsti kröfu upp á 30 milljarða króna í búið. Það jafngildir rúmlega 60 prósentum allra krafna.
- Talið er að VBS hafi með réttu verið kominn í vandræði löngu fyrr, jafnvel undir 8,0 prósenta lágmarks eiginfjárkröfu sem Fjármálaeftirlitið setur fjármálafyrirtækjum snemma árs árið 2008. Í mars á þessu ári greip svo Fjármálaeftirlitið inn í rekstur bankans og skipaði nýja stjórn yfir hann.
- VBS Fjárfestingarbanki var tekinn til slitameðferðar í mars og rann kröfulýsingarfrestur út um miðjan nóvember.

Helstu hluthafar VBS fyrir hrun*

Nafn	Eignarhlutur
Sparisjóðurinn í Keflavík	13%
IceCapital / Sund	12%
Byr sparisjóður	11%
Sparisjóður Mýrasýslu	10%

* Samkvæmt ársreikningi VBS 2008

Dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir stórhættulega líkamsárás og fleiri brot:

Réðst á konu með hnúajárni

DÓMSMÁL Tæplega þrítugur karlmaður, Valur Sigurðsson, hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að ráðast á fyrrverandi unnustu sína með hnúajárni.

Maðurinn réðst á konuna í september, sló hana með hnúajárninu í höfuðið og ýtti við henni svo hún féll í gólfið. Þar sem hún lá sló hann hana ítrekað með handarjaðrinum, með hnefann kreppt an um hnúajárnið, bæði í höfuð og líkama. Eftir þetta greip hann um háls hennar og lyfti henni upp að vegg. Þar þrengdi hann svo að öndunarvegi hennar að henni sortnaði fyrir augum. Maðurinn sleppti þá takinu og hrinti henni svo að hún féll niður og lenti ofan í baðkari. Konan slasaðist mikið og hlaut sár, bólgur og mar á höfði og víðs vegar á líkama.

Eftir þetta ók maðurinn undir áhrifum fíkniefna og án ökuréttar þar til lögregla stöðvaði hann við Rauðavatn. Í vasa hans fannst hnúajárnið, svo og amfetamín í bílnum. Þá hafði hann einnig kannabislauf í vörslum sínum.

Maðurinn játaði sök fyrir dómi. Hann var auk fangelsisdómsins dæmdur til að greiða konunni rúmlega 770 þúsund krónur í skaðabætur. Hann var sviptur ökurétti ævilangt. **- jss**

TAX FREE DAGAR

ALLT Á DÖMUNA!

Dagana 9. - 12. desember afnemum við VSK af ÖLLU Á DÖMUNA.

NÝTT VISATÍMABIL

Þú færð allan dömu: fatnað, nærfatnað, náttföt, sokka-buxur, skó, töskur, slæður og fylgihluti án VSK þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 12. desember 2010.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Krefst frávísunar með sömu rökum og áður

Baldur Guðlaugsson vill halda milljónunum 192 sem hann er er ákærður fyrir að hafa aflað sér með innherjasvikum, jafnvel þótt hann verði fundinn sekur.

DÓMSMÁL Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, krefst þess að máli á hendur honum vegna 192 milljóna króna innherjasvika verði vísað frá dómi. Rökin fyrir því eru þau sömu og lágu til grundvallar kröfu um að rannsókn málsins yrði hætt fyrir réttu ári. Þeirri kröfu hafnaði Hæstiréttur.

Verjandi Baldurs, Karl Axelsson, gerir ítarlega grein fyrir því hvers vegna hann telur rétt að vísa málinu frá, en annars sýkna hann, í 33 blaðsíðna greinargerð sem skilað var til Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Fréttablaðið hefur greinargerðina undir höndum.

Frávísunarkrafan byggir á því að Fjármálaeftirlitið hafi tilkynnt Baldri vorið 2009 að rannsókn á máli hans hafi verið hætt. Ekki megi rannsaka sama mál í tvígang og því hafi endurupptakan sumarið eftir verið ólögmæt.

Þegar Baldri var tilkynnt um niðurfellingu rannsóknarinnar var gerður fyrirvari um að hægt væri að taka hana upp ef fram kæmu nýjar upplýsingar. Verjandi Baldurs telur hins vegar að þær nýju upplýsingar sem vísað er til í gögnum FME og saksóknara hafi ekkert gildi í málinu vegna þess að málið grundvallist allt á gögnum sem lágu fyrir frá upphafi. Því beri að vísa málinu frá.

Til vara fer verjandinn fram á að Baldur verði sýknaður af ákærunni og telur upp ýmis rök fyrir því.

BALDUR GUÐLAUGSSON Kemur út úr Ráðherrabústaðnum helgina örlagaríku fyrir setningu neyðarlaganna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrir það fyrsta segir hann refsiheimildir fyrir innherjasvik hreinlega ekki nógu skýrar. Slíkt mál hefur einungis einu sinni komið til kasta dómstóla og þá var sýknað.

Í öðru lagi byggir hann á því að sakargiftir séu ósannaðar. Hann mótmælir sönnunargildi fundargerða sem vísað er til í ákæru, enda séu þær merkt sem drög og ekki undirritaðar af fundarmönnum. Þá rekur hann í löngu máli ýmislegt sem hann telur vera rangfærslur og ónákvæmni í ákæruskjali.

Enn fremur telur verjandinn að Baldur geti ekki talist hafa búið yfir innherjaupplýsingum þegar hann seldi bréf sín eftir miðjan september 2008, enda hefðu upplýsingar um stöðu Landsbankans og bankakerfisins alls verið á flestra vitorði um nokkurt skeið.

Í lok greinargerðarinnar mótmælir verjandinn kröfu saksóknara um upptöku milljónanna 192, jafnvel þótt svo ólíklega fari að Baldur verði fundinn sekur. Ekki sé sannað að samhengi hafi verið á milli upplýsinganna sem fram komu á fundunum sem Baldur sat og þess að Landsbankinn féll. Ekki sé því sannað að hann hafi hagnast nokkuð á sölu bréfanna.

stigur@frettabladid.is

GARÐHEIMAR GLEÐJA

TAXFREE af öllum jólatrjám og öllum jólaseríum alla helgina!

TAX FREE helgi

GARÐHEIMAR

- fjölskyldufyrirtæki í 19 ár!

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

HUNDURINN GRAFINN Mark Pickard, lögreglumaður í bænum Gloucester í New Jersey í Bandaríkjunum, var augljóslega hrærður þegar lögregluhundurinn Schultz var grafinn við hátíðlega athöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pan American Silver fær umhverfisverðlaun samtaka námuiðnaðarins í Perú:

Hafa góð áhrif á nærsamfélagið

VIÐSKIPTI Pan American Silver Peru hefur fengið Premio Desarrollo Sostenible 2010 verðlaunin (eða Verðlaun fyrir sjálfbæra þróun 2010) í flokki stuðnings við staðbundin verkefni tengd námuvinnslu. Í tilkynningu fyrirtækisins kemur fram að verðlaunin séu veitt fyrir fordæmisgefandi starf á vettvangi félags- og umhverfismála og jákvæð áhrif sem fyrirtækið hafi haft á nærsamfélög á athafnasvæðum sínum í Perú.

Ross J. Beaty, forstjóri Magma Energy, eiganda HS Orku, er stofnandi Pan American Silver, en hann er nú stjórnarformaður félagsins.

NÁMUMENN Myndin er frá mótmælum námumanna í Líma í aprílbyrjun 2010. Þá mótmæltu námumenn nýjum reglum fyrir sjálfstæð námufélög. NORDICPHOTOS/AFP

Verðlaunin eru árviss en þau veita Samtök fyrirtækja í námuiðnaði, olíuvinnslu og orku í Perú (SNMPE). Verðlaunin eru sögð hafa verið stofnsett með það fyrir augum að stuðla að bættum starfsháttum í iðnaðinum og til að stuðla að langtímasjálfbærni.

Dómnefndin er skipuð nokkrum fulltrúum iðnaðar- og viðskiptalífs í Peru, sem og fulltrúum sjálfstæðra félagasamtaka, fjölmiðla og stjórnvalda. Verðlaunin voru veitt í Líma, höfuðborg Perú, 2. desember síðastliðinn. Áður hafa fengið verðlaun í sama flokki fyrirtæki á borð við Antamina, Milpo, Atacocha og Xstrata. - óká

Hjálparstarf kirkjunnar:

Styrkir barnafjölskyldur

SAMFÉLAG Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík hefur veitt Hjálparstarfi kirkjunnar 500.000 króna styrk til að standa við bakið á tekjulágum fjölskyldum.

Hjálparstarf kirkjunnar veitir ungum barnafjölskyldum mataraðstoð og styður að því að börn geti stundað tómstundastarf og nám.

Styrk fulltrúaráðsins, sem þau Jónas Þórisson framkvæmdastjóri og Vilborg Oddsdóttir, forstöðumaður innanlandsaðstoðar, veittu viðtöku verður aðeins úthlutað í Reykjavík. - þþh

Foreldrar geri ráðstafanir:

Snúrur geta skaðað börn

ÖRYGGISMÁL Tvö til þrjú tilvik koma upp árlega hér á landi þar sem börn eru hætt komin eftir að hafa vafið snúrum af rimlagardínum um hálsinn á sér. Síðasta sumar mátti ekki miklu muna þegar barn féll niður á gólf í verslun eftir að hafa vafið slíkri snúru um hálsinn á sér.

Rúllu- og rimlagardínur eru algengar hér á landi á heimilum, leikskólum og öðrum stöðum þar sem ung börn halda til. Herdís L. Storgaard, forstöðumaður Forvarnahússins, segir að engin dauðaslys hafi orðið hér á landi, en þar sem ung börn eigi það oft til að vefja gardínusnúrum um hálsinn á sér sé mikilvægt að foreldrar geri viðeigandi ráðstafanir. - sv

UMHVERFISMÁL

Heimsminjar á netið

Heimsminjanefnd Íslands hefur opnað heimasíðu um heimsminjasamning UNESCO og framkvæmd hans hér á landi. Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra opnuðu síðuna formlega í gær. Heimsminjasamningurinn miðar að því að vernda bæði menningarminjar og náttúruminjar sem eru einstakar í heiminum. Á heimasíðunni má finna fréttir af samningnum og upplýsingar um aðild Íslands.

Skjalið var lagt á auðan stól

Liu Xiaobo sat í fangelsi í Kína meðan Nóbelsverðlaunaathöfnin fór fram í Ósló. Aldrei áður hefur fulltrúi verðlaunahafa ekki getað mætt á athöfnina. Barack Obama hvetur kínversk stjórnvöld til að láta Liu lausan.

NOREGUR Um það bil þúsund manns fylgdust með hátíðlegri athöfn í ráðhúsinu í Ósló í gær, þar sem Thorbjörn Jagland, formaður norsku Nóbelsnefndarinnar, lagði verðlaunaskjal ársins á auðan stól kínverska andófsmannsins Liu Xiaobo.

Liu fékk ekki leyfi kínverskra stjórnvalda til að ferðast til Noregs að taka við verðlaununum.

„Hann er í einangrun í fangelsi í norðaustanverðu Kína," sagði Jagland í ræðu sinni. „Sú staðreynd ein sýnir að verðlaunin voru nauðsynleg og viðeigandi."

Hann tók fram að verðlaununum væri ekki beint gegn Kína og sagði Kínverja verða að venjast því, sem stórveldi, að þurfa að sæta gagnrýni og umræðum.

Kínversk stjórnvöld eru ævareið norsku Nóbelsnefndinni, norskum stjórnvöldum og öllum þeim ríkjum sem sendu fulltrúa sinn til athafnarinnar í gær.

Eiginkona Liu Xiaobo er í stofufangelsi og fékk heldur ekki að fara til Noregs.

Liu er fimmti verðlaunahafinn sem kemst ekki til Óslóar að taka á móti verðlaununum vegna andstöðu stjórnvalda.

Jafnan hefur þó einhver nákominn verðlaunahafanum getað mætt á athöfnina til að taka við verðlaununum, þangað til núna að enginn fékk leyfi til að fara.

Barack Obama Bandaríkjaforseti sendi frá sér yfirlýsingu í gær og hvatti kínversk stjórnvöld til að láta Liu lausan.

„Mannréttindi eru algild – þau tilheyra ekki einni þjóð, heimshluta eða trúarbrögðum," sagði Obama, sem fékk friðarverðlaunin í fyrra og sagðist þá sjálfur ekki almennilega skilja hvers vegna. Hann sagðist virða þann mikla árangur sem Kínverjar hefðu náð í því að koma fólki úr fátækt til bjargálna, og sagðist vissulega sammála því að til mannréttinda teldist sú mannlega reisn sem frelsi undan skorti gæfi. „En Liu minnir okkur á að mannleg reisn er einnig komin undir framþróun lýðræðis, opins samfélags og réttarríkis." gudsteinn@frettabladid.is

TÁKNRÆN ATHÖFN Thorbjörn Jagland, formaður norsku Nóbelsnefndarinnar, við auðan stól verðlaunahafans, kínverska andófsmannsins Liu Xiaobo. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjögur sem komust ekki …

1935 Carl von Ossietzky, Þýskalandi
Fyrsti maðurinn sem fékk ekki að fara til Noregs að taka við friðarverðlaunum Nóbels var Carl von Ossietzky, þýskur blaðamaður og rithöfundur sem þá var fangi nasista vegna gagnrýni sinnar á hernaðarstefnu og endurhervæðingu Þýskalands.

1975 Andrei Sakharov, Sovétríkjunum
Andófsmaðurinn og kjarnaeðlisfræðingurinn Andrei Sakharov fékk friðarverðlaunin fyrir mannréttinda- og friðarbaráttu sína í Sovétríkjunum. Hann hafði starfað að þróun kjarnorkuvopna í tuttugu ár þegar hann tók að gagnrýna stjórnvöld árið 1968 og féll þá úr náðinni. Eiginkona hans, Jelena Bonner, tók við verðlaununum.

1983 Lech Walesa, Póllandi
Pólski rafvirkinn og verkalýðsleiðtoginn Lech Walesa hlaut friðarverðlaunin árið 1983. Walesa þorði ekki að fara til Óslóar af ótta við að honum yrði meinað að koma aftur til Póllands. Þess í stað tók eiginkona hans við verðlaununum. Sjö árum síðar var stjórnin fallin og Walesa orðinn forseti Póllands.

1991 Aung San Suu Kyi, Búrma
Aung Saan Suu Kyi fékk friðarverðlaunin fyrir þrotlausa baráttu sína fyrir lýðræði og mannréttindum í Búrma. Hún sat í stofufangelsi þegar verðlaunaafhendingin fór fram. Synir hennar, Kim og Alexander, tóku við verðlaununum.

VINNINGURINN AFHENTUR Jóhann Viðarsson, hjá Sjónvarpsmiðstöðinni, og Einar Skúlason, kynningarstjóri Vísis, afhenda Guðrúnu Ósk Hansen vinninginn.

Guðrún Ósk Hansen dregin út í Facebook-vinaleik Vísis:

Flatskjárinn kom skemmtilega á óvart

FÓLK Guðrún Ósk Hansen, þriggja barna móðir í Vogum á Vatnsleysuströnd, vann flatskjá í Facebookleik Vísis í gær. Guðrún er öryrki eftir alvarlegt bílslys og maðurinn hennar vinnur í Noregi.

Það kom Guðrúnu skemmtilega á óvart þegar hún fékk símtal þar sem henni var tilkynnt að hún hefði verið dregin út í Vinaleik Vísis og hreppt þennan vinning.

„Þetta er ekki leiðinlegur jólapakki," segir Guðrún Ósk í samtali við Vísi í gær. Hún segir að efnahagshorfur og atvinnuástand hér á landi hafi orðið til þess að hún íhugi nú alvarlega að flytja út til eiginmannsins í Noregi.

Vinaleikur Vísis heldur áfram og daglega eru dregnir út glæsilegir vinningar. Leiknum lýkur hinn 20. desember. - sv

Við sendum pakkann frítt!

Við aðstoðum við valið, pökkum inn og sendum pakkann þér að kostnaðarlausu innanlands!

3.840,-

Hreinsun
Sofi Oksanen

3.980,-

Furðustrandir
Arnaldur Indriðason

3.490,-

Stelpur!
Allt sem stelpur þurfa að vita

3.840,-

Spádómar Nostradamusar
Mario Reading

3.490,-

Missir
Guðbergur Bergsson



4.890,-

Gunnar Thoroddsen
Ævisaga

3.690,-

Svar við bréfi Helgu
Bergsveinn Birgisson

3.000,-

Artemis Fowl
Atlantisduldin

1.950,-

Enn meiri hamingja
Vinnubók í daglegri gleði

3.490,-

Foreldrahandbókin
Þóra Sigurðardóttir

2.090,-

Rikka og töfrahringurinn
á Indlandi

2.790,-

Vampírufræði
Dagsönn saga hinna föllnu

Verð gilda til og með 14.12.10

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

NÝTT VISATÍMABIL

EINNIG TIL Á BLU-RAY

betra verð **2.499.-**

EINNIG TIL Á BLU-RAY

betra verð **2.499.-**

2.499.-

EINNIG TIL Á BLU-RAY

2.499.-

EINNIG TIL Á BLU-RAY

2.499.-

EINNIG TIL Á BLU-RAY

2.499.-

EINNIG TIL Á BLU-RAY

2.499.-

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 15. desember á meðan birgðir endast.

VINSÆLAR JÓLAGJAFIR

ÁRITAR
Kringlunni kl. 16 í dag

ÁRITAR OG SPILAR
Smáralind kl. 15 í dag
Kringlunni kl. 15 sunnudag

ÁRITA
Kringlunni kl. 13 í dag

ÁRITAR OG SPILAR
Smáralind kl. 16 í dag
Smáralind kl. 16 sunnudag

ÁRITA OG SPILA
Kringlunni kl. 17 í dag

ÁRITAR
Akureyri kl. 14 í dag
Smáralind kl. 17 sunnudag

ÁRITAR
Akureyri kl. 16 í dag
Smáralind kl. 17 sunnudag

Smáskífan og karaóki útgáfan af smellinum "GORDJÖSS" FYLGIR MEÐ BÓKINNI!

PÁLL ÓSKAR ÁRITAR OG SPILAR:
Smáralind kl. 13 í dag
Kringlunni kl. 14 sunnudag

ÁRITAR
Smáralind kl. 14 í dag
Kringlunni kl. 16 sunnudag

ÁRITA
Kringlunni kl. 15 í dag

ÁRITAR
Akureyri kl. 15 í dag
Smáralind kl. 16 sunnudag

ÁRITAR
Smáralind kl. 15 sunnudag

ÁRITAR
Kringlunni kl. 14 í dag
Smáralind kl. 16 í dag

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FRÉTTAVIÐTAL: Lee C. Buchheit, formaður samninganefndar Íslands í Icesave-deilunni við Breta og Hollendinga

Hefur einlægan og brennandi áhuga á skuldamálum þjóðríkja

Lee C. Buchheit, formaður Icesave-nefndar Íslands, hefur eytt 14 klukkutímum heima hjá sér síðasta mánuðinn. Hann segir betri samning í Icesave-deilunni ekki fást nema til þess kæmi að skattgreiðendur í Bretlandi og Hollandi niðurgreiddu kostnað Íslendinga. Sú niðurstaða væri ekki líkleg á niðurskurðartímum. Því myndi dómstólaleið blasa við, með hættunni á að málið myndi tapast þar.

LEE C. BUCHHEIT Formaður íslensku samninganefndarinnar í Icesave-deilunni við Breta og Hollendinga segist hafa helgað líf sitt vinnunni. Hann segir raunar mestu furðu hversu vel hann viðhaldi móðurmálinu miðað við langdvalir hans í ríkjum þar sem ekki er töluð enska. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lee C. Buchheit hafði þegar auga með Íslandi áður en hann tók að sér það verkefni að fara fyrir samninganefnd Íslands í Icesave-deilunni. Hann kom hingað til lands í desemberbyrjun 2008 í boði stjórnvalda sem vildu ræða stöðu málsins við hann. „Ævistarf mitt snýst um skuldamál ríkja. Ég hef á þeim djúpan fræðilegan áhuga og það er ákaflega gagnlegt að vita hvernig tekist hefur verið á við ólíkar aðstæður í þeim efnum," segir hann og kveðst því þegar í kjölfar hrunsins haft áhuga á því að koma að málefnum Íslands.

Nafn Buchheits bar svo nokkrum sinnum á góma árið 2009, svo sem þegar hann kom fyrir fjárlaganefnd í ágúst það ár. Það var hins vegar ekki fyrr en í febrúar á þessu ári sem tekin var ákvörðun um að hann færi fyrir nýrri samninganefnd í Icesave-deilunni.

Buchheit er meðeigandi á lögfræðistofunni Cleary Gottlieb sem sérhæfir sig í að vinna fyrir sjálfstæð ríki.

Icesave var öðruvísi verkefni

„Við vinnum fyrir um 30 lönd, meðal annars í tengslum við úrvinnslu skulda, hvers kyns starfsemi, einkavæðingar og þess háttar hluti." segir hann og kveðst fyrst hafa komið að vinnu við skuldaúrlausn ríkja þegar Mexíkó gat ekki staðið við skuldbindingar sínar árið 1982. „Það var byrjunin á alþjóðlegri skuldakreppu sem varði í tíu til tólf ár. En þegar þetta var allt að byrja var ég við störf á Lundúnaskrifstofu fyrirtækisins og fékkst við fjölbanka-lánasamninga." Buchheit segist hins vegar strax hafa orðið hugfanginn af verkefninu.

„Endurskipulagning ríkisskulda er blanda lögfræði og þess sjónarspils sem fylgir stjórnmálum. Og ef satt skal segja þá getur lögfræðin verið óhemju leiðigjörn," bætir hann glettinn við.

Í Mexíkó segist Buchheit hafa gripið bakteríuna og hefur sérhæft sig í skuldamálum þjóðríkja æ síðan. Meðal annarra verkefna Buchheits má nefna skuldavanda Rússa árið 1988, en síðustu sex ár hefur hann starfað við málefni Íraks. „Það er umfangsmesta skuldaendurskipulagningin. Skuldir Saddam-stjórnarinnar nema 140 milljörðum Bandaríkjadala [16.058 milljörðum króna]."

Verkefnið sem lá fyrir hér segir Buchheit hins vegar hafa verið nokkuð annars eðlis. „Verkefnið snýr ekki að endurskipulagningu skulda, heldur höfðu Bretar og Hollendingar lagt fram fjármuni og það sem við vorum í raun og veru að gera var að semja um skilmála lánsins, ekki endursemja um lánaskilmála vanskilalána."

> Í mínum huga voru þetta aðstæður sem kölluðu á samninga en ekki dómsmál.
>
> **LEE C. BUCHHEIT**
> FORMAÐUR ICESAVE-NEFNDAR ÍSLANDS

Hvað varðar þá niðurstöðu sem fengin er með nýju samningunum í Icesave-deilunni og endanlegan kostnað ríkisins áréttar Buchheit að hún sé nokkurri óvissu háð.

Búast við því versta

„Þar hafa nokkrir hlutir áhrif. Eftir því sem fjármunir fást úr þrotabúi Landsbankans þá ganga þeir upp í greiðslur á láninu frá Bretum og Hollendingum. Niðurgreiddar upphæðir safna ekki vöxtum fram í tímann og því er fyrsta stóra spurningin sú hversu hraðar endurheimtur verði úr búi Landsbankans. Önnur spurning er svo hvort þær greiðslur verði í samræmi við það sem skilanefnd bankans býst nú við að þær verði." Hann segir hins vegar trú á því að mat skilanefndarinnar á endurheimtum sé rétt hafa aukist eftir því sem lengra hefur liðið frá hruni.

„Um leið hefur það gerst að vextir hafa lækkað í heiminum og eins og niðurstaðan leiðir í ljós, þá endurspegla vextirnir í samningnum í raun og veru kostnað Hollendinga og Breta af fjármögnun. Við höfum því, rétt eins og þeir, haft óbeinan hag af lækkandi vöxtum."

Krónan getur einnig leikið stórt hlutverk í því hvernig úr ræðst að mati Buchheits. „Samkvæmt skilmálunum þarf Ísland að endurgreiða í sterlingspundum og evrum, en uppruni greiðslnanna er í krónum, að öllum líkindum hjá ríkinu. Eftir því sem krónan styrkist þá þarf færri krónur til endurgreiðslunnar," segir hann, en viðurkennir um leið að öndverð gengisþróun hefði jafnframt áhrif í hina áttina. „Það er óvissa sem vissulega gerði alla okkar vinnu erfiðari við samningana. Nærri liggur að við höfum þurft að ganga til verks með kortesískan efa um hvað komi til með að gerast. Síðan er gert ráð fyrir hinu versta um leið og maður vonar og trúir því að sú verði ekki niðurstaðan. Þess vegna eru allir þessir fyrirvarar í samningnum, svo sem sjálfkrafa framlenging lánsins í allt að 37 ár ef þörf krefur. Það hefur hins vegar enginn trú á því að til þess þurfi að koma."

Milli fyrri samninga um Icesave og þeirra sem nú liggja fyrir urðu stjórnarskipti bæði í Bretlandi og Hollandi. Áhrifin af því segir Buchheit helst hafa endurspeglast í því að samningaferlið tafðist á meðan kosningarnar gengu yfir í löndunum tveimur. „Ég skynjaði ekki neinar grundvallarbreytingar í viðhorfum hvorki Breta né Hollendinga til þeirra mála sem við vorum að fást við þótt breytingar hefðu orðið á ríkisstjórn hjá þeim," segir hann og bendir á að breytingar í ríkisstjórn landanna hafi ekki endurspeglast í breyttu mannahaldi í samninganefndum þeirra í Icesave-deilunni. „Þetta voru sömu einstaklingarnir fyrir kosningar og eftir."

Voru með spil í erminni

Hvað varðar fyrri samninga um Icesave segir Buchheit bæði varasamt og rangt að velta vöngum yfir því hvað hafi verið gert rétt og hvað rangt í þeim. „Þá voru aðstæður allar aðrar. Hrunið var nýafstaðið. Ísland átti fáa vini og lítil fjárráð og þurfti að feta sig í átt til bata og eðlilegs ástands á ný. Icesave-deilan fór hátt og var umdeild," segir hann og bendir á að í fyrsta samningnum um Icesave hafi verið að finna þætti sem telja mætti betri en í þeim sem nú liggur fyrir. „Til dæmis var þar ekki kveðið á um greiðslu vaxta fyrstu sjö árin. Vöxtunum var safnað upp og bætt við heildarfjárhæðina. Þetta held ég að hafi verið gert af því að peningarnir voru ekki til. Núna er sú staða breytt og meira rými til endurgreiðslna."

Þessi breytta staða segir Buchheit að hafi gefið síðustu samninganefnd forskot sem hinar hafi ekki haft. „Við vorum með ás uppi í erminni, sem hinir höfðu ekki, í því að geta boðið nokkuð sem allir lánveitendur sjá virði í, nefnilega reglulega greiðslu vaxta í stað þess að safna þeim þeim upp í sjö ár. Slík uppsöfnun hugnast engum lánveitanda og það gátum við nýtt okkur."

Til eru þeir sem telja að aldrei hefði átt að semja um Icesave, heldur útkljá málið fyrir dómstólum. Buchheit kveðst ekki sérfróður um Evrópulöggjöf en bendir þó á hversu mjög lögfræðingar virðist skipast í fylkingar í vangaveltum um það mál.

„Í mínum huga voru þetta aðstæður sem kölluðu á samninga en ekki dómsmál. Fyrir því eru nokkrar ástæður. Sú fyrsta er að dómsmál geta tapast og tap í þessu máli hefði skelfilegar afleiðingar. Mótaðilinn gæti þá kallað eftir innheimtu allrar upphæðarinnar í einu og jafnvel haldið því fram að endurgreiðslan ætti ekki einungis að ná til lágmarkstryggingar innstæðna, heldur allra innstæðna." Í öðru lagi segir hann hliðartjón í því falið að hafa Icesave-deiluna hangandi óleysta yfir höfði þjóðarinnar.

„Við værum þá með opið sár í samskiptum þjóðanna þriggja um lengri tíma. Það er alltaf erfitt að sýna fram á hversu mikið tjón gæti hlotist af því, en mín tilfinning er að það yrði verulegt. Rétt eins og það er tilfinning mín að samþykki Alþingi núna gerðan samning þá fáist af því áþreifanlegur ávinningur fyrir landið, sem núna er erfitt að sjá fyrir." Sem mögulegan ábata nefnir Buchheit þó áhrif af diplómatískum stuðningi í öðrum verkefnum stjórnvalda og mögulega aukningu í beinni erlendri fjárfestingu. „Það bíða fjölmargir eftir því að sjá hvort ekki fáist viðunandi niðurstaða í þessu máli," segir hann og kveðst ekki sjá skynsemina í því að fara með málið í þessum búningi og umgjörð fyrir dómstóla.

Dómstólaleiðin ófær

Fari hins vegar svo að Alþingi hafni nýjum samningi segir Buchheit ekki útilokað að hægt verði að fá Breta og Hollendinga aftur að samningaborðinu. „En ég mundi þó ekki telja það líklegt og tel fremur að þá myndi koma til málaferla. Ástæðan fyrir þeirri skoðun minni er að vaxtaskilmálar núgildandi samnings miða við fjármögnunarkostnað landanna. Að því gefnu að sú fullyrðing standist og þau samþykktu enn lægri vexti þá væru stjórnvöld í Bretlandi og Hollandi í raun að biðja skattgreiðendur í sínum löndum að niðurgreiða lán til Íslendinga. Þetta eru rök sem við beittum með öfugum formerkjum í samningaviðræðunum og bentum á að ef vextirnir væru hærri en nemur fjármögnunarkostnaði þá væru skattgreiðendur þessara landa að græða á kostnað Íslendinga. Sú niðurstaða væri alveg jafn óviðunandi."

Á tímum þar sem ný ríkisstjórn í Bretlandi þarf að leggja á þegna sína erfiðar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum, svo sem með lokun sjúkrahúsa, skattahækkunum og hækkandi gjöldum í háskóla telur Buchheit æði ólíklegt að stjórnmálamenn þar í landi færu fram á það við kjósendur sína að niðurgreiða lán til Íslendinga. „En ég er náttúrlega ekki stjórnmálamaður. Þetta er bara það sem mér sýnist."

Vinnan er lífið

Lee C. Buchheit segir hafa verið afar skemmtilegt að fá að bregða sér í nýtt hlutverk í starfi sínu fyrir íslensku ríkisstjórnina. „Ég var bara ráðinn sem samningamaður, ekki sem lögfræðingur og upplífgandi að fá að vera í aðstæðum þar sem einhver segir „köllum á lögfræðingana, þeir þurfa að vinna í alla nótt við nýtt uppkast að samningi" og ég sé ekki sæng mína upp reidda." Hann segist ráðinn til starfans á hefðbundnum taxta lögfræðistofu sinnar, en þó sé óvanalegt í þeirri útseldu vinnu að hann sé bara einn. „Venjulega fáum við verkefni þar sem teymi lögfræðinga mætir frá okkur og mér finnst alveg frábært að vera í fyrsta sinn á ferlinum laus við að vera í þeim búningi."

Núna segir Buchheit önnur verkefni taka við. „Ég held í austur, þar krauma vandræði," segir hann glettinn og bætir því við að síðasta mánuðinn hafi hann ekki verið nema 14 klukkustundir heima hjá sér í New York. „Drottinn góður hefur ekki leyft þá stund þar sem úrlausnarmenn skuldavanda þjóða geta setið auðum höndum. Þessa dagana útdeilir hann af góðvild sinni ótöldum verkefnum," segir Buchheit, sem býr einn og kveðst ekki mundu vilja haga lífi sínu á annan hátt. „Ég gerði skuldamál þjóða að ævistarfi og ég ann því heitt, enda eru engin verkefni sambærileg. Maður er stöðugt á stöðum þar sem umrót og umbreytingar ráða ríkjum og það er bara miklu skemmtilegra en vera þar sem ládeyðan liggur yfir."

Buchheit í hnotskurn

Lee C. Buchheit er bandarískur meðeigandi í lagaskrifstofu sem er með höfuðstöðvar í New York í Bandaríkjunum en starfsemi víða um heim. Stofan heitir Cleary Gottlieb Steen & Hamilton LLP. Hann hefur ritað tvær bækur um alþjóðalög og fengið birtar yfir fjörutíu greinar um lögfræði, að því er fram kemur á vef lögfræðistofu hans. Hann hefur auk starfa sinna kennt lögfræði við lagadeildir sumra af virtustu háskólum heims.

Buchheit hefur hlotið ýmsa viðurkenningu fyrir störf sín, síðast á þessu ári þegar hann fékk verðlaun fyrir ævistarf (Lifetime Achievement Award) fyrir framlag sitt á sviði alþjóðafjármála hjá tímaritinu International Financial Law Review.

Buchheit hóf störf hjá lögfræðistofunni árið 1976 og varð meðeigandi 1984. Hann er með doktorsgráðu í lögfræði frá Pennsylvaníu-háskóla síðan 1975 og diplóma í alþjóðalögum frá Háskólanum í Cambridge frá 1976.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

SONY
make.believe

Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvörpum

5 ára ábyrgð á Sony BRAVIA sjónvörpum án nokkurs aukakostnaðar!

HOME CINEMA Choice ★★★★ BEST BUY

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

189.990,-

Aftur komin á lager!

Sony BRAVIA 40" LCD sjónvarp
KDL-40EX500 40" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 99,2 x 59,9 x 9,9cm 14,2kg
„TV Product of the Year 2010" í What HiFi

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi
- Bravia Internet Video
- USB media player

149.990,-

Sony BRAVIA 32" LCD sjónvarp
KDL-32EX500
32" 100hz LCD sjónvarp.
Mál: 80,0 x 49,7 x 9,6cm 9,9kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi

249.990,-

Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp
KDL-40EX710
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 95,2 x 61,3 x 7,4cm

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Bravia Engine 3
- 4 HDMI tengi

279.990,-

Sony BRAVIA 40" LED sjónvarp
KDL-40NX700
40" 100hz LED sjónvarp.
Mál: 99,4 x 63,5 x 6,4cm 19,2kg.

- Full HD 1080x1920 upplausn
- MotionFlow 100hz
- Deep Black panel
- Wi-Fi innbyggt þráðlaust net

14.990,-

Sony DVD spilari
DVP-SR100
Spilar DVD og CD.
Coax digital út.

- Vandaður DVD spilari og region free
- Upscaling úr DVD í háskerpu
- SCART tengi
- MP3, JPEG and DivX afspilun

36.990,-

Sony myndavél 4 GB fylgja
DSC-W350 m/4GB minniskorti.
14,1 megapixla Cyber-shot.
Einföld, létt og þægileg.

- 28mm víðvinkill
- Háskerpuupptaka
- Carl Zeiss linsa
- 2,7" skjár / hleðslurafhlaða

25.990,-

Sony iPod vekjaraklukkuvagga
ICF-DS11iP
Vaknaðu við tónlistina úr iPodinum þínum.

- FM/AM útvarp / A og B vekjari
- iPod vagga að framan
- Fjarstýring sem stýrir líka iPodinum
- Stórt letur á klukku

Heill heimur upplifunar í Sony Center - og heitt kaffi á könnunni yfir jólin!

Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvert eiga verkefni Varnarmálastofnunar að fara?

Varnarlaus gegn klúðri

Niðurlagning Varnarmálastofnunar virðist ætla að verða hið mesta klúður. Stofnunin verður lögum samkvæmt lögð niður eftir þrjár vikur. Eins og fram kemur í fréttaskýringu hér í blaðinu í gær hefur enn ekki verið ákveðið hvaða stofnanir taka þá að sér verkefni hennar. Málið er enn statt á sama stað og síðastliðið vor, þegar frumvarp um að leggja niður stofnunina var lagt fram.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þá sagði Alyson Bailes, aðjúnkt í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og fremsti fræðimaður Íslands á sviði varnarmála, í umsögn um frumvarpið: „Það er óvenjulegt að leggja niður stofnun sem gegnir mikilvægu hlutverki […] án þess að vita nákvæmlega hvar þeim skyldum sem á stofnuninni hvíla verður komið fyrir. Þessi óvissa hefur ekki eingöngu þær afleiðingar að erfitt er að meta fjárhagslegan ávinning af því að gera umræddar breytingar, heldur veldur hún óvissu meðal erlendra samstarfsaðila.“

Við samþykkt laganna tók Alþingi ekkert mark á þessum ábendingum eða fjölmörgum öðrum. Þrennt virðist valda því að svona óhönduglega hefur tekizt til. Í fyrsta lagi lá Vinstri grænum svo á að leggja niður Varnarmálastofnun (sem gefur með nafni sínu til kynna þá óþægilegu staðreynd að huga þurfi að varnarmálum á Íslandi) að þeir töldu óþarfa að gera áður einhverja úttekt á hvernig ætti að fara að því. Í öðru lagi stendur hallærisleg deila utanríkisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins um völd og yfirráðasvæði, sem hófst í tíð fyrri ríkisstjórnar, vitrænni niðurstöðu í málinu fyrir þrifum. Í þriðja lagi hefur hvorki pólitíkin né embættismannakerfið lært sína lexíu af misheppnuðum sameiningum ríkisstofnana og flutningi verkefna á liðnum árum. Þó var búið að smíða sérstaka stefnu um slíkar breytingar í fjármálaráðuneytinu, eins og lýst var í Fréttablaðinu í gær. Í þessu máli er búið að snúa þeirri stefnu á haus.

Þegar varnarliðið hvarf af landi brott urðu Íslendingar sjálfir að taka að sér ýmis verkefni sem Bandaríkin höfðu áður annazt. Sú leið að búa til sérstaka ríkisstofnun um þau var ekki endilega sú eina rétta. Það getur vel verið að verkefnin falli vel að rekstri annarra stofnana, til dæmis Landhelgisgæzlunnar, Isavia eða Ríkislögreglustjóra. Það er meira að segja frekar líklegt að verulegur sparnaður náist með slíku fyrirkomulagi. En auðvitað hefði átt að byrja á að ákveða hvar verkefnum Varnarmálastofnunar yrði komið fyrir og leggja mat á til hvaða ráðstafana þyrfti þá að grípa og hvað það kostaði eða sparaði. Svo hefði átt að kynna það fyrir bandamönnum okkar í Atlantshafsbandalaginu og að því loknu hefði mátt leggja stofnunina niður að ósekju.

Eins og framgangsmátinn hefur verið virðist Ísland ekki sérlega traust samstarfsríki eða fært um að sjá sjálft um þau verkefni tengd öryggi og vörnum sem öll fullvalda ríki verða að annast. Og við virðumst fullkomlega varnarlaus gegn stjórnsýsluklúðri eins og því sem við horfum nú upp á.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Veðurstöð m/þráðlausum regn og vindmæli

PC samskiptaforrit

Frí heimsending

Verð 27.900 kr.

varmadaela.is • s. 823 9448

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Á réttri leið?

Tvö ár eru nú frá því að samstarfsáætlunin með AGS um endurreisn efnahagslífsins eftir hrun krónunnar og fall bankanna var undirrituð af fyrri ríkisstjórn. Hvernig miðar? Erum við á réttri leið? Eða stefnum við í öfuga átt? Svörin við þessum spurningum eru ekki alveg einföld.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Fjármálaráðherrann sem hefur forystu fyrir ríkisstjórnarflokkunum virðist sannfærður. Hans boðskapur er: Það miðar að sönnu afar hægt en í rétta átt. Hvað hefur hann fyrir sér í því?

Samstarfsáætlunin byggir alfarið á rótgrónum íhaldsúrræðum. Fjármálaráðherra á hrós skilið fyrir að hafa fallist á að taka þessa áætlun í arf frá Sjálfstæðisflokknum því enginn hefur í orði kveðnu talað meir gegn íhaldsúrræðum en hann, nema ef vera skyldi forsætisráðherra.

Þó að útfærsla skattabreytinga sé gagnrýniverð fyrir að vinna gegn verðmætasköpun hefur fjármálaráðherra þó tekist fram til þessa að ná þeim áfangamarkmiðum sem Sjálfstæðisflokkurinn og AGS sömdu um í ríkisfjármálum.

Aukheldur bendir fjármálaráðherra á þetta: Að vænta má lítilsháttar vaxtar í landsframleiðslu. Að verðbólga er því sem næst komin niður að settu marki og vextir hafa að sama skapi lækkað verulega. Og nú hefur ríkisstjórnin loks meirihluta í eigin þingliði fyrir nýjum Icesave-samningi.

Til þess að gera raunsætt mat þarf hins vegar að horfa á viðfangsefnin frá víðara sjónarhorni.

Eða í öfuga átt?

Heildarmyndin lítur öðru vísi út. Áætlun AGS um hagvöxt hefur ekki gengið eftir. Hitt er enn verra að allar spár fyrir næstu þrjú ár benda til að lítilsháttar vöxtur verði fyrst og fremst borinn uppi af einkaneyslu. Framlag utanríkisviðskipta verður lítið. Við munum því lifa á lánum en ekki verðmætasköpun. Eftir reynslu sögunnar endar slíkt aðeins á einn veg.

Krónan er með öðrum orðum ekki að skila þeim hagvexti sem margir ætluðu. Það ræðst meðal annars af rangri skattapólitík, óvissu í sjávarútvegsmálum, pólitískum óstöðugleika, andstöðu við auðlindanýtingu og erlenda fjárfestingu og pólitískum vanmætti til að móta framtíðarstefnu í peningamálum.

Þá bendir margt til að forsendur fjárlagafrumvarpsins fyrir næsta ár séu veikari en í ár. Þar að auki er augljóst að vinstri armur VG er í reynd andvígur þeim íhaldsúrræðum í ríkisfjármálum sem efnahagsáætlunin byggir á. Þegar horft er á mótmæli opinberra starfsmanna sem birtist í daglegum auglýsingum er ósennilegt að ríkisstjórnin hafi lengur nægan stuðning í eigin liði til að fylgja ríkisfjármálamarkmiðunum eftir og enn síður að ljúka næsta áfanga.

Fyrirheit um afnám gjaldeyrishafta eru tálvon. Það heftir nýsköpun og vöxt. Hættan á atgervisflótta fer um leið vaxandi.

Vinnumarkaðurinn treystir ekki lengur mestu vinstristjórn sögunnar. Láti almenni vinnumarkaðurinn opinbera starfsmenn fara á undan í kjaraviðræðum í vetur verður ríkisstjórnin ein í varnarstöðunni í stað þess að standa í skjóli atvinnurekenda. Það eykur hættuna á að kjarasamningar fari úr böndunum. Þá blasa við innflutningshöf og kreppan fer að bíta af alvöru. Hagvöxtur sem byggir á lántökum og neyslu en ekki framleiðslu er leið til nýrrar kreppu.

Niðurstaðan er þessi: Í besta falli eru jafnar líkur á að við stefnum fram á við á hraða snigilsins sem hinu að við séum á leið aftur á bak til nýrrar kreppu.

Áhættuspil

Pólitíska hættan í stöðunni er sú að þingmenn ríkisstjórnarflokkanna gleðjist svo yfir því sem sjá má frá þröngu sjónarhorni í stöðumatinu að þeir telji sjálfum sér trú um að unnt sé að endurreisa Ísland án breiðrar samstöðu í pólitík og á vinnumarkaði. Það er áhættuleikur.

Spurningin er sú hvort þjóðin er sátt við að lífshagsmunir hennar ráðist í slíku pólitísku áhættuspili. Skoðanakannanir benda að vísu til að svo sé. Vera má að það stafi af þeirri einföldu ástæðu að hún hafi ekki verið upplýst um þá áhættu sem felst í þessari stöðu.

Ofris krónunnar og ofvöxt bankanna má að miklu leyti rekja til sjálfsblekkingar. Þó að ábyrgð manna sé ærið misjöfn í þeim efnum var sjálfsblekkingin eigi að síður almenn. Þegar nú er komið að því að vinna þjóðina út úr erfiðleikunum þurfa allir að horfast í augu við raunveruleikann, bæði stjórnmálamenn og almenningur.

Stundum vinna menn í lottóinu. Þannig er mögulegt að komist verði hjá nýju hruni þó að haldið verði áfram á óbreyttum pólitískum forsendum. Breið pólitísk samstaða eykur á hinn bóginn möguleikana á að þjóðin rati eftir framfarabraut til móts við framtíðina. Stjórnarflokkarnir höfnuðu tilboði Sjálfstæðisflokksins þar um fyrir skömmu. Slík afstaða byggir á miklu sjálfsöryggi. En er sú sjálfsímynd áhættunnar virði?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is MENNING: Bergsteinn Sigurðsson bergsteinn@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 52715 12/10

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

SKELLTU ÞÉR Í SÓLINA – BURT ÚR SKAMMDEGINU:

ORLANDO

LOGANDI HEITT JÓLATILBOÐ

Flug frá **29.900** kr.*

Flug og gisting frá **69.900** kr.**

Kynnið ykkur hvar þið getið notið lífsins í vetur og alla möguleikana sem eru í boði í Orlando á www.icelandair.is

Betra sætisrými, þinn eigin persónulegi skjár, meira en 150 klst. af afþreyingu og barnaefni á íslensku.

FLUG OG GISTING Í SÓLINNI – FJÓRÐA HVER NÓTT ÁN ENDURGJALDS

Gisting á Extended Stay við International Drive:
Þú gistir í 4 nætur en greiðir aðeins fyrir 3;
þú gistir í 8 nætur en greiðir aðeins fyrir 6 o.s.frv.

FLUG Í SÓLINA

Flugfar til Orlando í Flórída frá aðeins 29.900 kr.* aðra leiðina.

PUNKTAÐU NIÐUR SÓLINA

15.000 Vildarpunktar jafngilda 10.000 krónum.

VILDARKLÚBBUR ICELANDAIR

Félagar safna Vildarpunktum í öllu áætlunarflugi Icelandair. Þessir pakkar gefa 4.800 til 7.680 Vildarpunkta.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

ICELANDAIR

Sölutímabil til 30. desember. Ferðatímabil: 11. janúar–1. mars. *Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. **Innifalið: Flug fram og til baka, flugvallarskattar og gisting í 4 nætur á mann í tvíbýli á Extended Stay.
Vinsamlegast athugið: Einstaka sinnum kemur fyrir að farþegar Icelandair fljúgi með vél sem ekki er búið að setja í ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi.

TAX FREE

ÖLL SMÁRAFTÆKI • ÖLL LEIKFÖNG

TAX FREE* af öllum Smá-raftækjum

TAX FREE
6.360,-
~~7.990,-~~

Blandari Bomann
Stál, glerkanna 550W.
1850036

STÁL, GLERKANNA

TAX FREE
5.570,-
~~6.990,-~~

Töfrasprotasett Bomann
Hakkari, hnifur og þeytari
1850073

TAX FREE* af öllum Útivistar-fatnaði

TAX FREE
6.360,-
~~7.990,-~~

Softshell jakki
S-3XL dömujakki.
5863605-10

TAX FREE
11.900,-
~~14.990,-~~

Herraúlpa
True North.
5869948-49

TRUENORTH

FJÖR Í SKÚTUVOGI!

LAUGARDAGUR
JÓLASVEINAR SKEMMTA KL 13:00
SOLLA STIRÐA KEMUR Í HEIMSÓKN KL 14:00
BROKK-KÓRINN UNDIR STJÓRN MAGNÚSAR KJARTANSSONAR KL 15:00 OG 17:00

SUNNUDAGUR
JÓLASVEINAR SKEMMTA KL 13:00
ÍÞRÓTTAÁLFURINN KEMUR Í HEIMSÓKN KL 14:00

TAX FREE* af öllum Leikföngum

TAX FREE
235,-
~~299,-~~

Kubbaflaug
5857591-2

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

*TAX FREE gildir ekki af vörum merktum Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda er það lægsta verð sem við bjóðum á viðkomandi vöru. Að sjálfsögðu stendur Húsamiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

JÓLAHLAÐBORÐ ALLAN DAGINN í Skútuvogi
Laugardag og sunnudag
kl. 12:00-20:00

Aðeins **990 kr**

JÓLAGJAFIR

• ALLUR ÚTIVISTARFATNAÐUR*

TAX FREE
11.870,-
~~14.900,-~~

Hágæða mínútugrill Krups
Universal.
1850051

TAX FREE
4.755,-
~~5.968,-~~

Sléttujárn Remingron
Teflon keramik húð
1804505

TAX FREE
4.770,-
~~5.990,-~~

Hraðsuðukanna
Bomann 1.7 ltr.
1840714

Dúnúlpa
Herra/dömu, ekta andardúnn.
5869816-34

TAX FREE
7.990,-
~~12.990,-~~

TAX FREE
6.360,-
~~7.990,-~~

Softshell jakki
Herra.
5863572-8

Gönguskór
Gartex öndun og Vibram sólum.
5863218-28

TAX FREE
12.690,-
~~15.990,-~~

Peysa
Íslensk ull og Powerstrech.
St. 36-48, rauð/grá
5863762-75

TAX FREE
7.950,-
~~9.990,-~~

ÍSLENSK HÖNNUN

TAX FREE
1.999,-
~~2.699,-~~

Dúkkuvagn
5857578

TAX FREE
1.430,-
~~1.799,-~~

Prinsessudúkka
5857588

TAX FREE
1.980,-
~~2.490,-~~

Batman á fjórhjóli
5857571

TAX FREE
315,-
~~399,-~~

Litlar dúkkur
5857726

HÚSASMIÐJAN

OPIÐ TIL **KL. 22:00** Í SKÚTUVOGI TIL JÓLA

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Hjúkrunarfræðingar í heilsugæslu

Heilsugæsla

Helga Sæunn Sveinbjörnsdóttir
Formaður fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga

Áslaug Birna Ólafsdóttir
Varaformaður fagdeildar heilsugæsluhjúkrunarfræðinga

Í Fréttablaðinu 9. desember sl. er sagt frá umræðum þingmanna á Alþingi um möguleika á því að auka réttindi hjúkrunarfræðinga til að greina sjúkdóma eða ávísa lyfjum í því skyni að tryggja að heilsugæslan geti veitt sem mesta þjónustu um land allt. Af því tilefni vill fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri.

Á heilsugæslustöðvum um allt land starfa hjúkrunarfræðingar. Þar gegna þeir stóru hlutverki í heilsuvernd eins og t.d. ungbarnavernd, mæðravernd og skólaheilsugæslu. Hlutverk þeirra er auk þess mikilvægt í hjúkrunarmóttökum heilsugæslustöðvanna. Þeir taka á móti fólki sem kemur á heilsugæsluna veikt, slasað, til eftirlits vegna sjúkdóma eða til heilsuverndar; veita ferðamannabólusetningar, gefa sprautur, sýklalyf í æð, veita ráðgjöf og fræðslu svo eitthvað sé nefnt. Einnig hafa hjúkrunarfræðingar símatíma og sinna þannig símaráðgjöf.

Hjúkrunarfræðingar mennta sig fjögur ár í háskóla til BS-prófs og fjölmargir eru auk þess með framhaldsnám af einhverju tagi, s.s. meistaranám eða diplómanám. Að loknu meistaranámi geta hjúkrunarfræðingar hlotið réttindi sem sérfræðingar í hjúkrun. Nokkrir hjúkrunarfræðingar á Íslandi hafa nú þegar sérfræðiréttindi í heilsugæsluhjúkrun. Hjúkrunarfræðingar fá yfirgripsmikla menntun í BS-námi sínu. Þeir læra um flest það sem tengist heilsufari manns-ins, jafnt líkamlegu, andlegu sem félagslegu. Af þessu má sjá að hjúkrunarfræðingar hafa góðan grunn til að starfa við móttöku á heilsugæslustöðvum.

> Til þess að hjúkrunarfræðingar geti skrifað lyfseðla þarf lagabreytingar og skorum við á þingmenn að huga að slíkum lagabreytingum.

Í löndum eins og t.d. Bandaríkjunum, Bretlandi og Svíþjóð geta hjúkrunarfræðingar menntað sig til enn meiri ábyrgðar og sjálfstæðari vinnubragða en hér á landi. Þar hafa þessir hjúkrunarfræðingar leyfi til að greina algenga sjúkdóma, ávísa lyfjum og panta rannsóknir. Sýnt hefur verið fram á að þeir veita framúrskarandi þjónustu og að fólk sem þiggur þjónustuna er ánægt með hana. Hér á landi eru nú þegar nokkrir hjúkrunarfræðingar með slíka sérmenntun og tilbúnir að nýta krafta sína í þágu heilsugæslunnar. Til þess að hjúkrunarfræðingar geti skrifað lyfseðla þarf lagabreytingar og skorum við á þingmenn að huga að slíkum lagabreytingum.

Heilsugæsluhjúkrunarfræðingar fagna umræðu um málefni heilsugæslunnar á Alþingi enda er mjög mikilvægt fyrir íslenskt samfélag að leggja góðan grunn fyrir heilsugæslu framtíðarinnar. Mikilvægt er að heilsugæsluhjúkrunarfræðingar taki þátt í að þróa heilsugæsluna og býður því fagdeild heilsugæsluhjúkrunarfræðinga fram krafta sína til að móta langtímastefnu heilsugæslunnar.

Fáfræði Ögmundar

Háskólarannsóknir

Guðmundur Reynaldsson
doktor í eðlisfræði og einkaleyfasérfræðingur

Í Reykjavík síðdegis á Bylgjunni þann 6. desember sl. var rætt við Ögmund Jónasson dómsmálaráðherra um iðnaðarnjósnir á Íslandi. Þar sagði ráðherrann m.a. að það væri mikil breyting frá fyrri tímum búin að eiga sér stað þegar grunnþekking var öllum frjáls og til afnota, en nú væri hún farin í ríkari mæli en áður að ganga kaupum og sölum. Hann sagði að við værum að komast í kynni við nýjan heim og að stórþjóðirnar hefðu átt við þetta að glíma lengi þegar þær hefðu verið að „pukrast“ með ýmis leyndarmál í framleiðslu t.d. uppskrift af kóka kóla eða uppskrift af kjarnorkubúnaði. Þetta væri nýtt fyrir okkur.

Einnig fannst Ögmundi dálítið merkilegt og „umhugsunarefni“ að á 20. öldinni hefðu grunnrannsóknirnar sem þá voru stundaðar af háskólum heimsins og upplýsingarnar og afurðirnar sem þá hefðu orðið til verið öllum frjáls til afnota. Síðan hefði þetta hins vegar breyst undir lok síðustu aldar og byrjun þessarar, en þá hefði dregið úr vægi þessa og einkavæðingin og einkahagsmunir færst inn eftir háskólagöngunum. Þá hefði það sem áður var afmarkað við hergangaiðnað og ýmsa framleiðslu átt við á öllum sviðum.

Eftir að hafa hlustað á Ögmund er mesta umhugsunarefnið fyrir höfund þessarar greinar þekkingarleysi ráðherrans á þessum málaflokki og sú tilfinning að hann sæki hugmyndir sínar um atvinnusköpun til steinaldar.

Það er hægara sagt en gert að átta sig á því hvar á að byrja til að svara þessu. Ögmundur setur t.d. uppskriftina að kóka kola og uppskrift að kjarnorkubúnaði undir sama hatt, þ.e. að leyndarmál séu ekki af hinu góða. Það skal koma skýrt fram að höfundur þessarar greinar er ekki fylgjandi þróun vopna af neinni gerð. En það að segja að menn séu að „pukrast“ við að halda uppskrift þessa fræga drykkjar leyndri í sömu andrá og kjarnorkubúnaður er vægast sagt furðulegt. Þetta svokallaða „pukur“ og það að vernda vörumerki þessa fræga drykkjar gerir fyrirtækið að einu af verðmætustu fyrirtækjum heimsins. Ef þessi uppskrift yrði gerð aðgengileg myndi verðmat þessa fyrirtækis hrynja, sem myndi m.a. hafa í för með sér minni tekjur inn í bandaríska ríkiskassann og þúsundir manna myndu missa vinnuna.

Hvað varðar háskólaumhverfið er það oft algjört lykilatriði að þeirri þróun sem á sér stað innan háskólaveggjanna sé haldið leyndri vegna þess að þessi þróun getur verið uppspretta nýs sprotafyrirtækis eftir nokkur ár sem yfir lengri tíma litið skapar störf og tekjur fyrir ríkissjóð. Það sem gerir slík sprotafyrirtæki sérstök er sú tækni sem þau hafa og sú vara sem þau framleiða og selja. Þessa tækni er hægt að verja með því að sækja um einkaleyfi, en forsenda þess að hægt sé að sækja um einkaleyfi er að uppfinningin hafi ekki verið birt og gerð aðgengileg fyrir almenningi.

Verðmæti slíkra hátæknifyrirtækja, sbr. Marel, byggjast meira eða minna á óáþreifanlegum verðmætum þeirra, en slík verðmæti er hægt að tryggja með t.d. einkaleyfum, vörumerkjun og hönnun. Ef ekki er séð til þess að þessari þróun sé haldið leyndri til að byrja með getur verið erfitt að tryggja þessa verðmætasköpun.

Stór tekjulind margra helstu háskóla erlendis felst sem dæmi í svokölluðum leyfissamningum, en þá hafa háskólarnir sótt um einkaleyfi á ákveðinni þekkingu (t.d. aðferð eða tiltekinni vöru) og selja öðrum fyrirtækjum leyfi til að framleiða þessa vöru og setja hana á markað og fá t.d. ákveðna prósentu fyrir hverja selda vöru. Þarna er semsé komin ný tekjulind í háskólaumhverfið, sem annars þyrfti hugsanlega að koma frá ríkissjóði, sem gerir háskólann öflugri.

> Eftir að hafa hlustað á Ögmund er mesta umhugsunarefnið fyrir höfund þessarar greinar þekkingarleysi ráðherrans.

Það að segja að þær grunnrannsóknirnar sem stundaðar voru í háskólum heimsins og upplýsingarnar og afurðirnar sem þá hafi orðið til hafi verið öllum frjálsar til afnota á 20. öldinni getur vel átt við íslenskt háskólaumhverfi, en þetta á ekki við háskólaumhverfið utan Íslands. Í Bandaríkjunum og Þýskalandi sem dæmi hafa menn fyrir löngu áttað sig á mikilvægi þess að vernda þá þekkingu sem orðið hefur til innan háskólaveggjanna með m.a. ofangreindri aðferð, þ.e. með leyfissamningum, til að afla aukins fjármagns til kennslu og rannsókna. Þetta hefur auk þess stuðlað að aukinni sjálfbærni háskólanna og þ.a.l. sparnaði fyrir ríkið.

Ef Ögmundur Jónasson hefur áhuga og vilja til að efla íslenskt atvinnulíf eru hugmyndir eins og þær sem komu fram í umræddu viðtali í besta falli misskilningur og tímaskekkja.

Hafðu samband
sími 444 7000 • frjalsilif.is

Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn *besti lífeyrissjóður* á Íslandi annað árið í röð

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur verið valinn besti lífeyrissjóður á Íslandi annað árið í röð af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE). IPE er eitt virtasta fagtímarit Evrópu um lífeyrismál. Árlega veitir tímaritið þeim lífeyrissjóðum verðlaun sem að mati IPE hafa skarað fram úr í sínu heimalandi og í Evrópu.

Í umsögn dómnefndar kemur meðal annars fram að eignastýring Frjálsa lífeyrissjóðsins hafi gengið vel þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður. Jafnframt hafi sjóðurinn aukið gagnsæi í fjárfestingum og eflt samskipti við sjóðfélaga til að upplýsa þá sem best um stöðu sjóðsins.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er í rekstri hjá Arion banka, er um 90 milljarðar að stærð og sjóðfélagar eru rúmlega 40.000. Sjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða 12% lágmarksiðgjald og jafnframt hentar hann þeim sem vilja ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn.

Nánari upplýsingar um Frjálsa lífeyrissjóðinn má fá hjá lífeyrisþjónustu Arion banka í síma 444 7000 eða á *frjalsilif.is.*

Arion banki

Lúxusþjónusta Besta flokksins

Borgarmál

Sóley Tómasdóttir
borgarfulltrúi VG

Varaformaður velferðarráðs, Ágúst Már Garðarsson, birti grein hér í blaðinu þann 8. desember í þeim tilgangi að leiðrétta rangfærslur og hártoganir sem hann segir að hafi verið settar fram. Hann telur brýnt að gerður sé greinarmunur á lögbundinni þjónustu og annarri, enda geti gjaldheimta fyrir lögbundna þjónustu virkað sem óbeinn skattur. Með þessu gefur Ágúst sér að öll sú þjónusta sem ekki er lögbundin sé ekki nauðsynleg eins og sést ágætlega í málflutningi hans.

Skilgreiningar á grunnþjónustu

Í greininni leggur Ágúst gjaldskrárhækkanir vegna sundferða og heimsókna á menningarstofnanir að jöfnu við gjaldskrárhækkanir vegna skólamáltíða og frístundaheimila og gengur svo langt að fullyrða að það að telja þetta til grunnþjónustu sé ámóta og að taka verð á Range Rover inn í vísitöluviðmið Seðlabankans. Skólamáltíðir eru sumsé lúxus á borð við Range Rover.

Ég kannast ekki við að nokkur borgarfulltrúi hafi litið á gjaldskrár sundstaða eða menningarstofnana sem jaðarskatta enda væri það ansi langsótt. Hitt er aftur á móti augljóst, að skólamáltíðir og frístundaheimili hafa um langt skeið talist til mikilvægrar grunnþjónustu borgarinnar, jafnvel þótt löggjafinn hafi enn ekki viðurkennt mikilvægið.

Raunverulegt val

Þegar kemur að skilgreiningu á grunnþjónustu verður að meta hversu raunverulegt valið er sem borgarbúar standa frammi fyrir. Ætli það séu margir foreldrar sem velta því fyrir sér hvort börnin þeirra eigi að vera á frístundaheimilum? Um hvað snýst það val? Foreldrar hafa í fæstum tilfellum raunverulega möguleika á að minnka við sig vinnu til að taka á móti börnum sínum upp úr kl. 14 á daginn, enn síður ef þeir eru einstæðir eða á lágum launum. Þá gæti verið valkostur að senda 6 ára gamla barnið heim úr skólanum með lykil og láta það sjá um sig sjálft þar til vinnudegi lýkur. Það er varla valkostur sem margir foreldrar telja skynsamlegan. Foreldrar í samfélagi samtímans þurfa langflestir á þessari þjónustu að halda til að geta framfleytt fjölskyldunni. Gjaldskrárhækkanir á frístundaheimilum eru því ekkert annað en jaðarskattar á foreldra barna í 1.-4. bekk sem koma til með að bitna verst á þeim sem minnst eiga valið – en þetta mætti koma í veg fyrir ef skattkerfið væri nýtt sem skyldi.

Að sama skapi eru óskaplega fáir foreldrar sem telja það betra fyrir börn sín að hafa nesti með að heiman í stað þess að borða heitan mat í skólamötuneytunum. Þessu virðist Ágúst átta sig á, sem og þeirri staðreynd að skólamáltíðir séu velferðarmál og þær skipti sérstaklega miklu máli nú þegar fólk býr í auknum mæli við atvinnuleysi og erfiðar fjárhagsaðstæður. Engu að síður telur hann eðlilegt að hækka gjaldskrárnar flatt í stað þess að fólk greiði í sameiginlegan sjóð eftir getu.

> Það er einkar athyglisvert að fylgjast með störfum og röksemdafærslu nýja stjórnmálaaflsins sem hét breytingum og umbótum og því besta fyrir alla

Nýja aflið spreytir sig

Það er einkar athyglisvert að fylgjast með störfum og röksemdafærslu nýja stjórnmálaaflsins sem hét breytingum og umbótum og því besta fyrir alla. Sér í lagi vekur það furðu að varaformaður velferðarráðs skuli telja skólamáltíðir og frístundaheimili vera sambærilegan lúxus og Range Rover jeppa – og ekki síður að fulltrúi þessa nýja afls skuli hengja sig í lagatæknileg atriði við skilgreiningu á grunnþjónustu í stað þess að vega og meta þörfina fyrir þjónustuna og hver besta leiðin sé til að koma til móts við hana.

Forsetinn og fjárfesting

Erlend fjárfesting

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
form. Framsóknarflokksins

Ólafur Ragnar Grímsson hefur undanfarið ár verið á við margar ríkisstjórnir í kynningu á málstað Íslands erlendis. Ólafur Ragnar lét nýverið hafa eftir sér í viðtali við The Banker að Íslendingar kæmust af án erlendrar fjárfestingar. Nokkrir spekingar sem einhverra hluta vegna hafa látið kynningarstarf forsetans fara í taugarnar á sér sáu sér leik á borði. Þarna virtist komið kjörið tækifæri til að sýna að forsetinn væri heimóttarlegur og óraunsær. Komið var nýtt tilefni til að koma með yfirlætislegar yfirlýsingar um að við getum nú ekki lokað landinu og farið aftur í torfkofana og allt þetta dæmalausa frasarugl.

Hver var boðskapurinn?

Í fyrsta lagi voru skilaboðin ekki þau að erlend fjárfesting væri alltaf slæm heldur miklu frekar að Íslendingar gætu bjargað sér sjálfir ef svo bæri undir. Þetta eru æskileg skilaboð vilji menn auka á viðskipti við útlönd enda ekki eftirsótt að eiga viðskipti við þá sem eru á vonarvöl (nema af hálfu þeirra sem vilja nýta sér neyðina). En málið minnir einnig á nokkuð sem oft vill gleymast í umræðu um erlenda fjárfestingu, nefnilega það að hagfræðilega er erlend fjárfesting sama eðlis og erlend lántaka.

Meira út en inn

Þegar útlendingar kaupa íslensk hlutabréf eða ráðast sjálfir í framkvæmdir hér á landi er ætlunin sú að þeir fái á endanum meira til baka en þeir lögðu fram, þ.e. taki á endanum hærri upphæð út úr hagkerfinu en þeir settu inn í það. Helst töluvert hærri upphæð því annars hefði viðkomandi einfaldlega lagt peningana inn á öruggan vaxtareikning. Fólki hættir til að ímynda sér að erlend fjárfesting valdi hreinu innstreymi fjármagns í hagkerfið en sú er ekki raunin.

Þó geta fylgt kostir

Hins vegar er erlend fjárfesting mikilvæg í bland vegna þess að henni fylgir oft sérfræðiþekking og bolmagn til að ráðast í stórar framkvæmdir. Auk þess er stundum skortur á fólki eða fyrirtækjum sem eru til í að leggja fram áhættufé og æskilegt getur verið að deila áhættu með útlendingum. Þegar vel gengur skapast störf í landinu og ríkið fær skatttekjur en fjárfestirinn hirðir hagnaðinn. Það væri til dæmis óskandi að álverin væru í eigu Íslendinga þegar þau skila miklum hagnaði sem streymir út úr landinu til erlendra eigenda. Spurningin er hins vegar sú hvort Íslendingar hafi verið fjárhagslega og tæknilega í stakk búnir til að reisa eigin álver og bera alla áhættuna. Það er hins vegar ekki að ástæðulausu sem við takmörkum erlenda fjárfestingu í grundvallarauðlindum landsins. Þjóðir sem missa yfirráð yfir auðlindum og framleiðsluþáttum sínum til erlendra fjárfesta verða af stórum hluta verðmætasköpunarinnar og verða öðrum háðar.

Hvers erum við megnug nú?

Þá komum við aftur að þeirri skoðun forsetans að hér sé nægt fjármagn til uppbyggingar. Það er rétt að ótrúlega mikið íslenskt fjármagn liggur aðgerðalaust á bankareikningum og ávaxtast á kostnað ríkisins, líklega hátt í 2.000 milljarðar. Ef ríkisvaldið skapar þær aðstæður að fólk sjái sér aftur hag í að fjárfesta í stað þess að láta fjármagnið liggja óhreyft má skapa mikla atvinnu og verðmæti fyrir þjóðarbúið úr þessum peningum.

> Erlend fjárfesting til að skapa verðmæti er góð en innlend fjárfesting er betri (ef hún gefur sama arð).

Í bland væri þó æskilegt að útlendingar með sérþekkingu á ólíkum sviðum sæju sér hag í að fjárfesta hér í fjölbreyttri atvinnustarfsemi. Því miður hefur stefna stjórnvalda hins vegar verið þveröfug. Háir vextir hafa verið greiddir fyrir að halda fjármagni úr umferð, skattar hækkaðir, ýmsir öfugir hvatar innleiddir og útlendingar fældir burt með óstöðugu stjórnarfari. Það er mikil synd því að hér voru á margan hátt að skapast kjöraðstæður fyrir fjárfestingu.

Tækifærin og hætturnar

Ef við snúum dæminu við getur Ísland fljótt orðið að landi tækifæranna. Eins og forsetinn benti óbeint á verðum við þó að muna að erlend fjárfesting er ekki ókeypis peningur. Erlend fjárfesting til að skapa verðmæti er góð en innlend fjárfesting er betri (ef hún gefur sama arð). Hér er allt til reiðu. Það að ætla að skuldsetja ríkið í von um að þannig streymi inn erlent fjármagn, eins og sumir af gagnrýnendum forsetans virðast telja vænlegt, er hins vegar stórhættulegt. Gegndarlaus erlend skuldsetning ríkis um leið og kerfinu er haldið gangandi með erlendri fjárfestingu er uppskriftin að arðrændu þriðjaheimsríki.

Þetta er í raun sáraeinfalt.

Það á að reka ríki eins og gott bú. Það getur borgað sig að taka lán til að kaupa dráttarvél en við seljum ekki frá okkur mjólkurkýrnar. Þegar öllu er á botninn hvolft snýst þetta um að skapa verðmæti og eyða ekki meiru en aflað er.

Ein gjöf sem hentar öllum

Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður upp á að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Gjafakortið er viðskiptavinum að kostnaðarlausu til áramóta.

Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.

ENNEMM / SÍA / NM44188

GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

AF NETINU

Umboðslaus?

Það nýjasta í Staksteinum er að 80% kjósenda eigi engan fulltrúa á stjórnlagaþingi og því sé þingið umboðslaust.
Þar áður sögðu sumir að aðeins 3% kjósenda hefðu kosið Þorvald Gylfason, en af því hlaut að leiða að 97% kjósenda vildu ekkert með hann hafa.
Nú liggur það hins vegar fyrir að 33% þeirra, sem kusu, settu Þorvald Gylfason í eitthvert af 25 sætunum á kjörseðlum sínum og er það alveg nýtt að kjörfylgi sé ekki miðað við þá sem kusu heldur alla sem voru á kjörskrá.[...]
Nú bíð ég spenntur eftir Staksteinaskrifum sem sýna fram á að meirihluti íslensku þjóðarinnar hafi gefið frat í stjórnarskrána 1918 af því að meirihluti þjóðarinnar, 52%, kaus ekki í kosningunum um hana.

herdubreid.is **Ómar Ragnarsson**

Jólin...

Full búð af jólatilboðum

Opið alla daga til jóla !

Opið um helgina:
laugardag frá kl. 11-16
sunnudag frá kl. 13-17

Heilsuinniskór
Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.

Parið kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-

Chiro Standard
Vandað heilsurúm með fimm svæðaskiptu gormakerfi, val um þrjá liti á botni.

Jólatilboð aðeins
kr. 198.900
160x200

TEMPUR
Stillanleg heilsurúm
Ný sending - betra verð.
Eitt mesta úrval landsins!

Frábær jólatilboð
Verð frá
kr. 492.000,-
2x80x200

TempraKON®
Hitajöfnunar-sængin
Outlast hiajöfnunarefnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt!
100% hreinn gæsadúnn.

Jólatilboð
aðeins kr. 29.900,-

TempraKON®
Dúnsokkar
Outlast hiajöfnunarefnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt!
Ótrúlega vinsæl jólagjöf!

kr. 5.990,-
Nýr litur

Betra BAK

www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavik • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

GÓÐAR JÓLAGJAFIR!

Frábært úrval af flottum og góðum jólagjöfum í Intersport!
Við höfum allt fyrir íþróttafólkið!

3.490
(fullt verð 4.990)

PRO TOUCH SHANNA
Æfingabolur úr DRY PLUS-efni með góðri öndun.
Dömustærðir.

3.490

5.490

ENERGETICS KETTLE BELL
Ketilbjalla, 4 kg. Ketilbjalla, 8 kg.

9.990

ADIDAS YATRA 50 II
Æfingaskór úr leðri.
Dömustærðir.

3.990

1.990

TECHNO PRO EXPERT NET SET
Borðtennisnet með festingum.
TECHNO PRO MATCH SET
Borðtennissett, 2 spaðar og 3 boltar.

3.690
(fullt verð 4.690)

ADIDAS CANCAO
Inniskór. Dömu- og herrastærðir.

1.490

ADIDAS NY CLASS
New York Yankees derhúfa.

13.990

ADIDAS EXERTA 3
Hlaupaskór með adiPRENE dempun
undir tábergi og hæl. Herrastærðir.

3.990

PRO TOUCH TEAM BAG
Íþróttataska. Litir: Svört með rauðu, bláu, hvítu.
Meðalstærð.

390

3.990

PRO TOUCH VATSKEBALTE
Hlaupabelti með vatnsbrúsum og hólfum fyrir smáhluti.
PRO TOUCH VATSKEFLASKE
Stakur brúsi fyrir belti.

5 VERSLANIR – ALLTAF GOTT VERÐ

AKUREYRI SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16
BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 19. lau. 10 - 18. sun. 12 - 18
LINDIR SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 12 - 18
SELFOSSI SÍMI 856 4610 OPIÐ: mán. - fös. 10 - 18. lau. 10 - 16
SMÁRALIND SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - mið. 11 - 19. fim. 11 - 21. fös. 11 - 19. lau. 11 - 18. sun. 13 - 18
Vöruúrval er misjafnt eftir verslunum.

OPIÐ TIL 22:00
alla daga til jóla
Í LINDUM OG SMÁRALIND

EXPO - www.expo.is

FRÁBÆRT VERÐ!

Glæsilegt úrval jólagjafa á frábæru verði fyrir alla!
Intersport óskar þér og þínum gleðilegra jóla!

4.990
(fullt verð 6.990)

ADIDAS PUNTERO V TRX TF
Fótboltaskór fyrir gervigras. Barnastærðir.

2.490

ADIDAS UCL LITE
Fótboltalegghlífar. Stærðir: 140-190.

2.490

3.990

ADIDAS ADIPURE GLIDER Fótbolti.
ADIDAS FIN10 CAPITANO Fótbolti, Champions League.

6.990
(fullt verð 8.990)

SKECHERS BIKER FLAIRTASTIC
Götuskór með riflásum. Barnastærðir.

6.990
(fullt verð 8.990)

SKECHERS GRIPPERS
Götuskór með riflásum. Barnastærðir.

6.490
(fullt verð 7.990)

HENSON 501 GALLI
Íþróttagalli úr polyester. Litir: Fjólublár, blár. Barnastærðir.

6.990
(fullt verð 9.990)

SPALDING NBA STANDARD RIM
Körfuboltahringur með neti.

2.490

SPALDING NBA STREET
Körfubolti.

11.990

ADIDAS 3 SERIES 2010
Körfuboltaskór. Litir: Hvítir, svartir.
Herrastærðir.

INTERSPORT

Testósterón fyllir mig krafti

Að mati **Þórunnar Erlu- Valdimarsdóttur**, rithöfundar og sagnfræðings, hefur krimminn fengið óverðskuldaðan stimpil sem ófínni bókmenntir. Tilnefning til Íslensku bókmenntaverðlaunanna sem krimmi hennar, Mörg eru ljónsins eyru, fékk á dögunum gleður hana því sérstaklega. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* ræddi við Þórunni um lím í hjónabandi og karlhormón.

Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir, rithöfundur og sagnfræðingur, er blátt áfram, í ræðu og riti. Hún forðast ekki neina snertifleti, hvort sem er í skrifum sínum eða í tveggja manna tali. Er stundum í einhvers konar þerapíu þegar hún skrifar að eigin sögn. Tvær bækur eftir Þórunni komu út í haust. Mörg eru ljónsins eyru annars vegar, sem tilnefnd er til Íslensku bókmenntaverðlaunanna, og Dagur kvennanna, sem raunar er átján ára gömul nóvella en kemur út í fyrsta skipti í ár. Auk Þórunnar er Megas höfundur bókarinnar. Þórunn segir Dag kvennanna vera tímamótaverk, 70 prósenta vodka, bók sem muni lifa áfram þótt það gæti tekið hana tímann að ná upp á yfirborðið.

Ófínni að ósekju

Í bók sinni Mörg eru ljónsins eyru færir Þórunn söguþráð og persónur Laxdælu til nútímans og gerir ástarsöguna ódauðlegu að krimma um leið. Lesendur hitta Guðrúnu, Kjartan og Bolla fyrir í kringum árið tvöþúsund og fá svo óvænta innsýn inn í hvernig það var að vera til dæmis barn Guðrúnar úr fyrsta hjónabandi. Sundraðar fjölskyldur og tilfinningar barna hrófla við lesandanum.

Þórunn vekur líka allt af athygli í umræðunni þegar hún hefur mál sitt, segir hlutina eins og þeir eru, á sinn ópredikandi hátt. Tilnefninguna til Íslensku bókmenntaverðlaunanna ber fyrst á góma, Þórunn segist vera glöð að fá hana og ekki síst vegna þess að um er að ræða bók sem flokka má sem krimma, bókmenntagrein sem að hennar mati hefur óverðskuldað fengið stimpilinn „ófínar“ bókmenntir.

Ávísun á tilverurétt

„Alveg eins og mér finnst óþolandi að það sé til misfínt fólk er óþolandi að það séu til misfínar bókmenntir. Á 19. öld voru sögur Émile Zola, Drakúla eftir Bram Stoker og fleiri flottar sögur skrifaðar fyrir dagblöðin og birtar þar sem framhaldssögur. Þær voru lesnar upphátt á heimilum, fyrir vinnufólk, fyrir alla. Ég er nýlega búin að lesa bók sem heldur því fram að „fínni“ bókmenntir, fagurbókmenntir, hafi verið orðið til þegar efri stéttir þjóðfélagsins ráðgerðu að búa til bókmenntir sem þættu betri en aðrar. Þessi skil eru hins vegar að mást út. Ég er fegin að báðir krimmarnir mínir um Ljónið Leó og gengi hans hafa fengið tilnefningu, það vekur forvitni þeirra sem lesa ekki „krimma“ og elskar Íslendingasögurnar, til dæmis. Og jú, svo geta Kalt er annars blóð og Mörg eru Ljónsins eyru fengið einhvern til að kíkja í Njálu og Laxdælu, sem er bara dásamlegt. Það að fá tilnefningu og góða dóma er fyrst og fremst ávísun á tilverurétt. Maður verður ekki eins hræddur um að falla út af borðinu varðandi laun fyrir skriftirnar og fyllist notalegri öryggiskennd. Finnst maður megi vera til.“

Þórunni finnst eftir að hafa átt útgefnar bækur í aldarfjórðung og unnið enn lengur fulla vinnu við textagerð eðlilegt að verkin sýni vissa færni. „Annars væri ég illa gefin.“

Elítistar án þess að fatta það

Að því sögðu bætir Þórunn við að krimmar hennar séu lamb í úlfsgæru. Þær séu glæpasögur þótt blóð flæði líka um fólk og því skáldsagnalegar. „Ég hitti unga konu sem var búin með Ljónið sem fannst æði að fá í sömu bók ástarsögu, spennu og vel krydduðan stíl. Hún fílar leik minn með form og þennan kynblending minn úr þremur formum, „fínni“ skáldsögu, spennusögu og Íslendingasögu.“

Heldur hún að fordómar standi þeim sem skrifa fyrir þrifum? „Sem sagnfræðingur hef ég alltaf reynt að skrifa fyrir almenning. Það er vegna þess að ég er jafnaðarmaður og mér finnst sárt að sumir háskólamenn, sem halda að þeir séu jafnaðarmenn, skrifa í raun bara fyrir elítuna. Þeir eru elítistar án þess að fatta það. Rannís styður fræðiverkefni en styður um leið bara elítískar skriftir. Fjárframlög til sjóðs fræðaskrifara í Launasjóði fræðiritahöfunda eru skítur á priki, svo illa skorin við nögl. Alvarlegt er fyrir íslenskt samfélag að rannsóknir innan háskólans skili sér ekki út í samfélagið. Það þarf miklu greiðara rennsli á því sem er verið að uppgötva í hinum ýmsu vísindagreinum út til fjöldans. Fólkið á beinlínis rétt á því að fylgjast með því nýja sem sprettur úr skattfé þeirra, þetta er næring sem á að ná til grasrótar. Að fá góðar bækur með því besta og fróðlegasta sem uppgötvast hefur er það að tilheyra samfélaginu.“

> Maður vill ekki meiða börnin sín á sama hátt og maður meiddist sjálfur. Samfélagið er orðið svo hart að börn geta séð um að ná í þau meiðsl sem þau þurfa sjálf.

Systkinin sem segja frá

Svo stiklað sé á stóru kemur Þórunn úr sjö systkina hópi. Faðir hennar, Valdimar Ólafsson, var yfirflugumferðarstjóri, „einræðisherra í flughelginni – Fidel Castro „look-a-like“, fæddur meira að segja sama dag og ár, bara ennþá sætari.“ Listamanninn segist Þórunn frekar hafa frá móður sinni, Erlu Þórdísi Jónsdóttur.

„Mamma var alltaf að fræða okkur og fá okkur til að hugsa og það loðir við okkur systkinin – alls staðar þar sem við komum viljum við vera að segja fólki frá einhverju. Þau áttu sjö börn og mamma varð kennari eftir að þau skildu. Þá var ég 10 ára.“

Listamaður í móðurætt

Móðir Þórunnar var fyrsta konan á Íslandi sem hætti ekki í Menntaskóla þótt hún væri ólétt. Að stúdentsprófi loknu fór hún í þýsku og varð þá aftur ólétt. „Hún hugsaði þá eflaust: jæja, best að eiga bara krakka. Pálmi rektor sagði þegar hún sagði honum frá MR-óléttunni: „Þar fór gott efni í grautarpottinn.“ Ég var svo vitlaus þegar ég var lítil að ég hélt þetta væri hrós, en sá síðar að hann var að kveða upp eðlilegan dóm þess samfélags sem þá var við völd. Mamma skrifaði þó barnaskáldsögu um Reykjavíkur-uppvöxt Þórunnar ömmu, bókina Bernska í byrjun aldar, og gaf út eina ljóðabók. Hún var góður píanisti og þess vegna eru tvær systur mínar atvinnutónlistarmenn, Lilja hornblásari og Ásdís lágfiðluleikari.

30 ár saman á mánudag

„Besta lím í hjónabandi er að hafa verið skilnaðarbarn,“ segir Þórunn. Hún og Eggert Þór Bernharðsson, sem einnig er sagnfræðingur, hafa verið saman í 30 ár, eða allt frá því að Eggert togaði í fléttur Þórunnar aftan frá á Hótel Borg.

Þau eiga 30 ára „vera-saman“ afmæli, eins og Þórunn kallar það, á mánudaginn. Bæði eru þau skilnaðarbörn. Þórunn tekur tilfinningar skilnaðarbarna fyrir í Mörg eru ljónsins eyru af næmni.

„Maður vill ekki meiða börnin sín á sama hátt og maður meiddist sjálfur. Samfélagið er orðið svo hart að börn geta séð um að ná í þau meiðsl sem þau þurfa sjálf. Nóg er af púkum í lífinu.“

FRÆÐI FYRIR ALMENNING „Það þarf miklu greiðara rennsli á því sem er verið að uppgötva í hinum ýmsu vísindagreinum út til fjöldans. Fólkið á beinlínis rétt á því að fylgjast með því nýja sem sprettur úr skattfé þeirra, þetta er næring sem á að ná til grasrótar,“ segir Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ánægð með testósterónið

Þórunn kennir sig bæði við móður og föður. Fór í sína „einkakvennabaráttu“ fyrir einhverjum árum með því að verða Erlu- og Valdimarsdóttir. „Frekar en að skrifa greinar og öskra á torgum ákvað ég að gera þetta á þöglan hátt. Mér finnst gott að vera orðin kerling eða „karl-lingur“. Ég varð miklu hressari eftir að eggjahormónin gufuðu upp, því undir niðri var þetta fína testósterón eða karlhormón. Það fyllir mig krafti og næstum oflæti. Menningin heldur karl-lingum niðri og hæðist að þeim til að halda þeim í skefjum.“

Við ræðum dömuna Þórunni aðeins betur, saknar hún hennar ekki? „Farið hefur fé betra. Karlinn í mér er flottur. Karl-lingar eru frískar úti um allan bæ að njóta menningarviðburða á meðan karlarnir liggja afvelta einhvers staðar. Testósterónið minnkar víst í þeim með aldrinum, öfugt við okkur.“

Nær sambandi við Gretti

Laxdæla er ekki fyrsta Íslendingasagan sem Þórunn sækir innblástur í, hún notaði efnivið úr Njálssögu í krimmann Kalt er annars blóð. Þórunn les ekki Íslendingasögurnar, hún hlustar á þær. Er kvöldsvæf og týnir augunum í textanum á kvöldin eftir að hafa unnið sjálf með texta allan daginn.

„Það er alltaf verið að hella upp á sömu goðsögurnar í bókmenntum, stundum meðvitað og stundum ekki. Að hlusta á Íslendingasögurnar er gott afdrep í hrundu samfélagi, svo gott er að dreyma sig burt. Nú er ég að hlusta á nokkrar sögur og reyna að ákveða hverja þeirra ég tek fyrir næst. Ef ég tek Egilssögu þyrfti ég helst að hafa sögupersónuna fótboltahetju þar sem hann drepur svo marga erlendis. Góður fótboltamaður gæti þá „drepið“ heilu liðin. En ég næ ekki sambandi við fótboltann, skil hann ekki, svo að ég hugsa að ég taki Gretti fram yfir Egil. Enda næ ég fínu sambandi við kraftakarlinn Gretti, varð sjálf óð í ræktinni og varð að hætta í tækjunum því ég komst ekki lengur í dómukjóla, var orðin svo bólgin af vöðvum.“

Ljótan hjálpar

Kjarni Laxdælu og bókar Þórunnar er sá sami. Afbrýðisemi, ástarþríhyrningur og heitar tilfinningar. „Nema að á miðöldum var fínt að drepa ef verja þurfti heiðurinn, sem er glæpur í dag svo að lögguteymi kemur til sögunnar. Gaman var að finna nútímalega lausn á sögunni og ég vandaði mig mikið við skriftirnar. Í bókinni liggur tveggja ára vinna. Guðrún söguhetja lendir í vandræðum því hún er eigingjörn, hvatvís og fögur. Að vera fögur kona getur verið ávísun á vandræði, ljótleikinn byggir upp karakter til lengri tíma. „You don´t have to be ugly but it helps“.“

N1

3.980 KRÓNUR

500 KR. AF HVERRI BÓK GENGUR TIL KONUKOTS.

ÞÚ FÆRÐ **ILMKERTI OG GLOSS Í KAUPAUKA** Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

JÓNÍNA BEN
SÖLVI TRYGGVASON

Hvernig varð Jónína Ben
ein umdeildasta persóna landsins?

Náðu þér í bókina um þessa beinskeyttu konu sem lætur allt flakka.
- og felldu þinn eigin dóm.

+

GLOSS
Með ljósi og spegli

+

ILMKERTI
Tveir kveikjar.
Kerti sem brennur bjartar og sótar minna

KOMDU Í KRINGLUNA

BÆKURNAR VERÐA TIL SÖLU Á 2.HÆÐ Í DAG LAUGARDAG



BUBBI
SAMTALSBÓK

490 KR.
+1.000 PUNKTAR
MEÐ N1 KORTI

FULLT VERÐ 2.490 KR.

Farið er yfir atvik frá ferlinum, úr einkalífinu, úr þjóðfélaginu, trúmál, afrek, mistök, ástina, fjölskylduna og svo mætti lengi telja. Leitað er svara við ýmsu sem Bubbi hefur sett fram undanfarið og hefur verið umdeilt meðal almennings.

Bubbi-Samtalsbók á erindi til allra Íslendinga.

STORMURINN
REYNSLUSAGA RÁÐHERRA

3.980 KRÓNUR

200 KR. AF HVERRI BÓK GENGUR TIL KVENFÉLAGSINS HRINGSINS.

BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON ÁRITAR BÓK SÍNA KLUKKAN 15:00 OG 18:00 Á 2. HÆÐ Í KRINGLUNNI Í DAG.

Hvernig var að vera ungur viðskiptaráðherra þegar efnahagskerfið hrundi?

Tryggðu þér eintak af reynslusögu Björgvins G. Sigurðssonar. Hún er mögnuð lesning.

ÞÚ FÆRÐ JÓLABÆKURNAR Á N1

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

Úbbs! Við erum í flokki

Stjórnmálaflokkarnir vinna nú að því að endurheimta traustið sem hrundi með bönkunum. Þeir reyna að greina hvað fór úrskeiðis og hvað þeir þurfi að laga svo allt verði gott á ný. Við skýrslulestur staldraði *Björn Þór Sigbjörnsson* við eina niðurstöðu.

Bankahrunið lék pólitíkina illa, líkt og svo margt annað í samfélaginu. Flokkarnir sem slíkir eru í sárum og reyna nú hvað þeir geta til að öðlast traust á nýjan leik.

Ástandið er vissulega misjafnt. Flokkarnir tveir sem voru í ríkisstjórn þegar Ísland fór á hliðina eru auðvitað í mestum vandræðum með sjálfa sig. Báðir settu nefnd í málið. Framsóknarflokkurinn hefur líka pælt í sjálfum sér og þar er nefnd að störfum.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur hins vegar ekkert gert og ætlar ekkert að gera. Ástæðan er einföld. VG lítur svo á – og líklega með réttu – að hrunið sé öðrum að kenna.

Björn Valur Gíslason þingmaður afgreiddi þetta snyrtilega í blaðagrein fyrr á árinu. Hann sagði hroka og stærilæti fyrri stjórnvalda hafa afvegaleitt samfélagið og að VG þyrfti hvorki að biðjast afsökunar né endurskoða stefnu sína. Þing- og forystumenn flokksins hefðu ekki hrökklast frá störfum, ekki þurfti að blása til neyðarfunda vegna skýrslu rannsóknarnefndarinnar og ekki þyrfti að setja flokknum nýjar siðareglur. „Vinstrihreyfingin – grænt framboð stóðst, einn flokka með sóma, prófið sem aðrir féllu á," skrifaði Björn Valur.

FÓLKIÐ Í LANDINU Stjórnmálaflokkarnir vinna nú að því að breyta skipulagi sínu og starfsháttum til að auka vægi almennra flokksmanna í starfi þeirra. Naflaskoðun þeirra eftir hrunið hefur leitt þeim fyrir sjónir að langt er milli forystufólks flokkanna og grasrótarinnar. Tillagna um breytingar er að vænta á nýju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Úbbs!

Fyrir liggja skýrslur og tillögur áðurnefndra nefnda Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins. Í báðum er vikið að ýmsu og eitt og annað lagt til. Margt er merkilegt og annað síður en eitt er sérlega athyglisvert. Nefndir beggja flokka komast að þeirri niðurstöðu að forystufólk þeirra hafi í raun gleymt að það var í stjórnmálaflokki. Það gleymdi að flokkarnir eru hreyfingar fólks sem vill hafa áhrif á stefnu flokks síns og hafa eitthvað um gjörðir kjörinna fulltrúa að segja.

Samfylkingin

Í skýrslu umbótanefndar Samfylkingarinnar segir að sú gagnrýni sé áberandi meðal almennra flokksmanna að forystan sé ekki í tengslum við grasrótina. Innra starf flokksins sé veikt og standi ekki undir væntingum flokksmanna sjálfra um Samfylkinguna sem öflugan stjórnmálaflokk. Er í því efni lagt til að skipulagi flokksstjórnar og landsfunda verði breytt þannig að aðildarfélög og almennir félagsmenn hafi meira að segja um málefnin sem þar eru rædd. Efla beri málefnastarf.

Nefndin segir líka að forysta Samfylkingarinnar virðist lítið leita til aðildarfélaganna. Það skapi þá tilfinningu að forystuliðið forðist samráð við félögin.

Þá segir að starf ráðherra sé í litlum eða engum tengslum við flokkinn. Ráðherrar hafi engar skyldur um að standa skil á embættisfærslum sínum gagnvart eigin félögum og flokksmenn hafi engar formlegar leiðir til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðherra flokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn

Starfshópur Sjálfstæðisflokksins um starfshætti og skipulag fjallar um þetta á grunni skýrslu sem skrifuð var í fyrra og heitir „Raddir úr grasrót". Á fundum sem varaformaður flokksins hélt ásamt starfsmönnum hans með á annað hundrað trúnaðarmönnum var ákall eftir breytingum á flokksstarfinu áberandi. Var oftast nefnt að flokkurinn þyrfti að vera opnari og aðgengilegri en hann er nú.

„Forystan, í breiðum skilningi (þingmenn og sveitarstjórnarfulltrúar) þarf að vera í betri tengslum við grasrótina. Hleypa henni betur að ákvarðanatöku og virkja þann mikla mannauð sem býr í flokknum," segir í skýrslu starfshópsins.

Ný nefnd, framtíðarnefnd, hefur verið sett á laggirnar. Hún á meðal annars að leggja upp í umfangsmikla vinnu með grasrót flokksins við að móta áherslur og sýn Sjálfstæðisflokksins til framtíðar, einkum hvað varðar skipulag málefnavinnu og innra starf flokksins. Gera eigi allt innra starfið opnara og gegnsærra og gefa sem flestum flokksmönnum kleift að taka þátt í því og koma að stefnumótun og ákvarðanatöku.

Þessi áform eru í takti við áherslur Bjarna Benediktssonar formanns. Á fundi flokksráðs í apríl sagði hann að opna bæri flokkinn, tryggja aðkomu allra að starfi hans og að allar raddir heyrist og hafi vægi.

> Sú gagnrýni er áberandi meðal almennra flokksmanna að forystan sé ekki í tengslum við grasrótina.
>
> *Úr skýrslu Umbótanefndar Samfylkingarinnar*

Líkt og í íþróttum

Samkvæmt greiningu sjálfstæðis- og samfylkingarfólks á ástandinu má líkja fyrirkomulagi flokkanna við íþróttafélög. Almennir flokksmenn eru eins og stuðningsmenn fótboltaliðs. Þeim er ætlað að styðja við bakið á forystunni, djöflast í kosningabaráttu og borga félagsgjöldin. Í fótboltanum geta stuðningsmennirnir ekki skipt sér af liðinu, þjálfarinn stjórnar því. Í stjórnmálunum geta almennir flokksmenn ekki skipt sér af stefnunni, forystumennirnir stjórna henni.

Nýtt hugarfar

Þó að nefndir flokkanna leggi til að skipulaginu verði breytt er ljóst að meira þarf til svo að raunverulegar breytingar verði á starfsháttum í stjórnmálunum. Það þarf nýtt hugarfar.

Augljós er öllum sú tilhneiging stjórnmálamanna að einangra sig þegar þeir veljast til ábyrgðarstarfa. Ráðherrar mynda um sig þröngan hóp manna sem þeir leita til um ráð. Til verður eitthvað sem heitir „stefna ráðherrans" í ýmsum málum og upp og ofan hvort hún samræmist því sem samþykkt hefur verið á vettvangi flokksins.

Samfylkingarnefndin bendir á, og byggir á röddum fólksins í flokknum, að forystan fylgi samþykktum stofnana flokksins ekki eftir. Eru ráðherrar og þingmenn gagnrýndir fyrir að hlíta ekki ákvörðunum lands- og flokksstjórnarfunda, og starfa eins og þeir séu einyrkjar í stjórnmálum án skipulegs samráðs við flokksstofnanir og flokksfélaga.

Ef vinnulag sem þetta á að heyra sögunni til þarf hugarfar stjórnmálamannanna að breytast.

Sérfræðingaveldið

Samfylkingarnefndin víkur sérstaklega að aðkomu sérfræðinga að stefnumótun flokksins á undanförnum árum. „Þó að allir séu sammála um mikilvægi sérfræðiráðgjafar, hefur þessi áhersla orðið til þess að grasrótarstarf er vanrækt. Starf framtíðarhópanna 2003-2005 hefur verið nefnt sem dæmi um þetta. Tækifæri til þátttöku var vissulega til staðar á flokkstjórnarfundum, en starfið og kjarnaumræðan fór fram í lokuðum hópum. Afrakstur vinnunnar lagði grunn að frekari stefnumótunarvinnu síðar og var mikilvægur efniviður í stefnumótun fyrir kosningar 2007, einkum í velferðar og umhverfismálum. Stefnugögn flokksins fyrir kosningarnar 2007, svo sem Fagra Ísland og

Jafnvægi og framfarir, höfðu takmörkuð tengsl við umræðuna í grasrót flokksins.“

Framsókn

Þegar krafan um nýtt upphaf eftir hrunið er rædd segjast framsóknarmenn hafa gert flokka mest. Hafa þeir óneitanlega mikið til síns máls. Nokkrum vikum eftir hrun kusu þeir Sigmund Davíð Gunnlaugsson í embætti formanns, mann sem fram að því hafði ekki tekið þátt í pólitík svo heitið gæti. Mikil endurnýjun varð í þingliði flokksins í kosningunum 2009 og yfirbragð flokksins er annað en það var. Núverandi þingmenn og forysta verða ekki tengd við hrunið eða orsakir þess.

Eins og hinir flokkarnir horfir Framsóknarflokkurinn inn á við þessa dagana. Skipulagsnefnd hefur verið að störfum frá því í sumar og haldið fjölda funda um land allt. Unnið hefur verið með svipuðu móti og á íbúaþingum og þjóðfundi.

Uppbyggingin og skipulagið eru undir. Meðal annars á að fara yfir hvernig standa á að ákvarðanatöku innan Framsóknar. Engar skýrslur liggja fyrir enn en tillagna er að vænta í byrjun nýs árs og verða þær til umfjöllunar á flokksþingi næsta vor.

Rétt er að nefna að Framsóknarflokkurinn hafði á sínum tíma forystu um birtingu fjárhagsupplýsinga kjörinna fulltrúa.

Framsóknarmenn hafa líka samið drög að siðareglum fyrir flokkinn.

Ein á báti

Í stjórnmálasögu síðustu ára má finna nokkur skýr dæmi um hvernig forystumenn flokka hafa virst einir á báti í stórum málum.

Þegar Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson ákváðu að Ísland styddi innrásina í Írak benti ekkert til að flokkarnir þeirra stæðu að baki þeim við ákvörðunina. Þvert á móti. Stuðningurinn fór afskaplega illa í almenna framsóknarmenn enda var hann talinn í andstöðu við grunngildi flokksins. Jón Sigurðsson, eftirmaður Halldórs í formannsembætti, sagði 2006 að stuðningurinn hefði verið mistök.

Minna bar á andstöðu innan Sjálfstæðisflokksins.

Í hruninu, þegar ráðaleysi ríkisstjórnarinnar virtist algert og gagnrýnin á hana var eftir því, benti ekkert til að ráðamenn hefðu skjól í baklöndum flokka sinna. Það var ekki eins og þar færu leiðtogar þeirra fjöldahreyfinga sem stjórnmálaflokkarnir eru.

Stjórnmálamenn hafa líka barist fyrir ýmsum málum, stórum sem smáum, sem ekki hafa átt sérstaka stoð í grundvallarstefnuskrám flokkanna eða verið almennum flokksmönnum ofarlega í huga. Framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna var því marki brennt. Það mál var dæmigert gæluverkefni stjórnmálamanna sem höfðu ekki nokkur tengsl við grasrótina.

Lítið en nærtækt dæmi er svo ákvörðunin um greiðslu til Árbótarheimilisins. Hún var ekki í anda samþykkta flokkanna.

Forvitnilegt

Varla er við því að búast að formenn og annað forystufólk stjórnmálaflokka byggi allar ákvarðanir á stefnuskrám, samþykktum eða vilja almennra flokksmanna. Mörg viðfangsefni stjórnmálanna eru jú þess eðlis að taka þarf skjótar ákvarðanir. Ráðamenn hafa líka aðrar upplýsingar en almenningur um ýmis mál.

Það hlýtur þó að vera til bóta fyrir samfélagið í heild að sem flestar ákvarðanir séu byggðar á sem víðtækustum vilja. Að þingmenn og ráðherrar séu meðvitaðir um að þeir hafi valist til starfa í fjöldahreyfingu og vinni í fullkomnu samræmi við skipulag hennar og þær áherslur sem sá vettvangur – fólkið í landinu – mótar.

Umbótanefnd Samfylkingarinnar og starfshópur Sjálfstæðisflokksins hafa sagt sitt. Það verður forvitnilegt að sjá hvað gerist í framhaldinu.

Fjölmargir félagar í flokkunum þremur koma að verki

Sextán sátu í Umbótanefnd Samfylkingarinnar

Flokkstjórnarfundur kaus fjögurra manna verkstjórn Umbótanefndarinnar í sérstakri kosningu, þau **Ásgeir Beinteinsson, Hólmfríði Sveinsdóttur, Jón Ólafsson og Kolbrúnu Benediktsdóttur.** Tveir fulltrúar voru kosnir af flokksmönnum í hverju kjördæmanna sex: **Auður H. Ingólfsdóttir** og **Sveinn Allan Morthens** úr Norðvesturkjördæmi. **Ólafía Þórunn Stefánsdóttir** og **Þorsteinn Arason** úr Norðausturkjördæmi. **Hannes Friðriksson** og **Sandra D. Gunnarsdóttir** úr Suðurkjördæmi**. Steini Þorvaldsson** og **Steinunn Dögg Steinsen** úr Suðvesturkjördæmi. **Auður Styrkársdóttir, Hjálmar Sveinsson, Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir** og **Stefán Benediktsson** úr Reykjavíkurkjördæmunum.

Kristján Þór stýrir Framtíðarnefndinni

Í starfshópi Sjálfstæðisflokksins til að fjalla um starfshætti og skipulag sátu: **Kristján Þór Júlíusson** formaður, **Gunnar Ragnars, Arnbjörg Sveinsdóttir, Jón Magnússon, Einar Sigurðsson** og **Elínbjörg Magnúsdóttir.** Í Framtíðarnefnd flokksins, sem móta á áherslur og sýn til framtíðar, einkum hvað varðar skipulag málefnavinnu og innra starf, sitja eftirtalin: G**arðar Ingvarsson, Óttarr Örn Guðlaugsson, Sigríður Ragna Sigurðardóttir** og **Steingrímur Sigurgeirsson,** tilnefnd af Verði – fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. **Gunnar Einarsson og Barbara Inga Albertsdóttir** Suðvesturkjördæmi, **Kristín Þórðardóttir** og **Ríkharður Ibsen** Suðurkjördæmi, **Birna Lárusdóttir** og **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir** Norðvesturkjördæmi, **Arnbjörg Sveinsdóttir** og **Baldvin Valdemarsson** Norðausturkjördæmi, G**unnar I. Birgisson** og **Sigríður Dís Guðjónsdóttir** tilnefnd af miðstjórn, **Jónmundur Guðmarsson** fulltrúi Valhallar og **Kristján Þór Júlíusson** formaður, kjörinn á landsfundi.

Skipulagsnefnd Framsóknarflokksins

Guðmundur Elíasson Selfossi,
Jóhanna B. Guðmundsdóttir Egilsstöðum,
Elín R. Líndal Húnaþingi vestra,
Sigurjón Kærnested Reykjavík,
Anna Kolbrún Árnadóttir Akureyri,
Sigurður Hannesson Reykjavík,
Una María Óskarsdóttir Kópavogi,
Ingi Björn Árnason Skagafirði,
Guðmundur Gylfi Guðmundsson Reykjavík,
Agnes Lára Magnúsdóttir Reykjanesbæ.

BYKO býður eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré úr Normannsþin

Jólatréssala BYKO er í timbursölu Breidd og Selfossi

Í BYKO velur þú draumajólatréð við kjöraðstæður inni, þannig að þú getur gefið þér góðan tíma og vandað valið. Valið á jólatrénu ætti þó ekki að taka langan tíma því BYKO býður eingöngu upp á hágæða sérvalin jólatré úr Normannsþin sem hafa verið vinsælustu jólatré landsmanna um áratuga skeið.

Hluti af söluandvirði af hverju jólatré fer til Hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar í Kópavogi.

Vnr. 41140110-16

Lifandi jólatré

Lifandi jólatré, Normannsþinur.

125-150 cm	**4.990 kr.**
150-175 cm	**5.790 kr.**
175-200 cm	**6.690 kr.**
200-250 cm	**7.490 kr.**

Verð frá **4.990** 125-150 cm

GERÐU VERÐSAMANBURÐ!

Opnunartími jólatréssölu í BYKO Breidd um helgina:

Laugardagur kl. 10-18

Sunnudagur kl. 11-18

afslá

jólaser

GERÐU VERÐSAMANBURÐ!

Jólagleði

í verslunu

BYKO Breidd

Laugardagur og sunnudagur

Kl. 13:15–14:15
Tríó Björns Thoroddsen leikur falleg jólalög af sinni alkunnu snilld.

Kl. 14:30-14:45 aðeins á laugardag
Kvennakórinn Kyrjurnar flytur einstaklega fagran kórsöng í anda jólanna.

Kl. 14:50-15:40
Jólaskemmtilegt með Stekkjastaur og Margréti harmonikkuleikara. Stekkjastaur ætlar að gefa krökkunum óvæntan glaðning. Jólasöngur, grin og glens fyrir alla káta krakka!

Kl. 13:00-15:00
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!

LENGRI OPNUNARTÍMAR Í BREIDD, KAUPTÚNI

Jólalcikur BYKO

Aðalvinningur 300.000 kr.

INNEIGNIN GILDIR Í EFTIRTÖLDUM VERSLUNUM:

BYKO · ELKO · INTERSPORT · HÚSGAGNAHÖLLIN · KRÓNAN

Taktu þátt í næstu BYKO verslun!

Sjá nánar á www.BYKO.is

25%

ttur af öllum

ium og jólaskrauti

25% afsláttur af öllum búsáhöldum!

GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VER

Tríó Björns Thoroddsen og Kyrjurnar flytja okkur yndislega jólatónlist og Stekkjastaur og Margrét á nikkunni gleðja börnin með ýmsum uppákomum!

m BYKO!

BYKO Kauptún

Laugardagur og sunnudagur

Kl. 14:30-15:30
Tríó Björns Thoroddsen leikur falleg jólalög af sinni alkunnu snilld.

Kl. 15:20-15:35 aðeins á laugardag
Kvennakórinn Kyrjurnar flytur einstaklega fagran kórsöng í anda jólanna.

Kl. 13:30-14:30 á laugardag
Kl. 16:00-17:00 á sunnudag
Jólaskemmtilegt með Stekkjastaur og Margréti harmonikkuleikara. Stekkjastaur ætlar að gefa krökkunum óvæntan glaðning. Jólasöngur, grin og glens fyrir alla káta krakka!

Kl. 13:00-15:00
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!

BYKO Grandi

Laugardagur og sunnudagur

Kl. 12:00-13:00
Tríó Björns Thoroddsen leikur falleg jólalög af sinni alkunnu snilld.

Kl. 13:40-13:55 aðeins á laugardag
Kvennakórinn Kyrjurnar flytur einstaklega fagran kórsöng í anda jólanna.

Kl. 16:00-17:00 á laugardag
Kl. 13:30-14:30 á sunnudag
Jólaskemmtilegt með Stekkjastaur og Margréti harmonikkuleikara. Stekkjastaur ætlar að gefa krökkunum óvæntan glaðning. Jólasöngur, grin og glens fyrir alla káta krakka!

Kl. 13:00-15:00
Boðið verður upp á gómsætar, nýbakaðar vöfflur og kaffi fyrir alla!

OG GRANDA UM HELGINA! LAUGARDAG: 10-18, SUNNUDAG: 11-18

Kynferðisbrot í skjóli valdsins

Ásakanir um kynferðisbrot á hendur kirkjunnar mönnum hafa verið áberandi á árinu. Kastljós fjölmiðla hefur nú vikið frá Ólafi heitnum Skúlasyni biskupi og beinst að Gunnari Þorsteinssyni, forstöðumanni Krossins. *Sunna Valgerðardóttir* spurði afbrotafræðinginn **Helga Gunnlaugsson** hvers vegna slík mál virtust nú tengjast trúfélögum meira en öðrum stofnunum hér á landi.

Kynferðisbrot í trúfélögum hafa komið fram í dagsljósið hvert á fætur öðru á síðustu misserum. Ásakanir á hendur Ólafi heitnum Skúlasyni biskupi voru áberandi fyrr á árinu, fagráð þjóðkirkjunnar um kynferðisbrot hefur fengið níu mál inn á borð til sín þar sem prestar kirkjunnar eru bornir sökum og í lok síðasta mánaðar vék Gunnar Þorsteinsson úr sæti forstöðumanns Krossins vegna ásakana á hendur honum. Þá komu fram ásakanir um kynferðisbrot innan Votta Jehóva.

Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, segir að kynferðisbrotamál getið komið upp þar sem ójafnvægi er í valdahlutföllum meðal einstaklinga.

„Hér á landi hefur umræðan tengst meira kirkjum og trúfélögum," segir Helgi. „En erlendis hafa mál af þessu tagi einnig tengst öðrum stofnunum samfélagsins, eins og menntastofnunum og vinnustöðum. Siðareglur um samskipti ólíkra aðila hafa komið fram og meðvitund um ójafnvægi í valdahlutföllum vaxið, ekki síst á milli kynjanna. Ég þekki til að mynda dæmi um að karlprófessorar við bandaríska háskóla hafi dyrnar alltaf opnar þegar þeir ræða við kvenstúdenta."

Konurnar sem saka Gunnar Þorsteinsson um áreitni segjast hafa litið á hann sem einhvers konar föðurímynd. Þær litu upp til hans og báru fyrir honum virðingu, þar sem hann var bæði forstöðumaður safnaðarins þeirra og sálusorgari þegar eitthvað bjátaði á.

Helgi segir þetta atriði skipta miklu máli í samhengi valdasambanda á milli tveggja aðila.

„Þetta er ekki jafningjasamband. Þarna ríkir mikill trúnaður og traust sem skapast ekki auðveldlega undir öðrum kringumstæðum," segir Helgi. „Þegar svona viðkvæm mál eins og kynferðisbrotamál koma upp, sérstaklega innan heilagra stofnana, verður til ríkt tilhneiging til þöggunar. Eitt mál sem verður opinbert getur síðan auðveldlega vakið upp fleiri mál sem verða eins og gapandi sár hjá öðrum sem hafa lent í svipaðri reynslu. Eins og er þá erum við að sjá þetta tengt við trúarstofnanir hér á landi."

HELGI GUNNLAUGSSON AFBROTAFRÆÐINGUR Segir að þegar viðkvæm mál eins og kynferðisbrotamál koma upp innan virtra stofnana, sér í lagi heilagra stofnana eins og trúfélaga, verði til rík tilhneiging til þöggunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Einstaklingar nær Guði

Þeir einstaklingar sem sækja af krafti í trúfélög geta oft á tíðum verið á erfiðum stað í lífi sínu og þarfnast stuðnings til að komast aftur á réttan kjöl.

> Fólk virðir sinn lærimeistara og verður í sumum tilvikum berskjaldað fyrir því valdi sem viðkomandi virðist hafa.

Þó skal það tekið fram að hér er ekki um alhæfingu um meðlimi trúfélaga að ræða. Virðing og náið samband myndast gjarnan við þá aðila sem veita þeim aðstoð og sálusorgun og eru þá oft í æðstu stöðum innan félaganna.

„Fólk virðir sinn lærimeistara og verður í sumum tilvikum berskjaldað fyrir því valdi sem viðkomandi virðist hafa. Þarna myndast samband þar sem mikið ójafnvægi er í stöðu fólks og þegar menn missa slíkar aðstæður úr höndum sér verður trúnaðarbrestur, hvort sem um áreitni er að ræða eða ekki," segir Helgi. „Oft eru leiðtogar trúfélaga stórir persónuleikar með mikla persónutöfra og náðarvald (e. charisma). Og trúarsamkomur eru oft þess eðlis að fólk verður fyrir svo sterkum hughrifum að það fer í annað hugarástand þar sem það telur sig vera komið nær Guði en ella. Þá verður sá leiðtogi sem skapar þetta ástand heilagri en annað fólk og nær Guði í hugum safnaðarins."

Helgi segir að þeir einstaklingar sem búi yfir náðarvaldi laði óhjákvæmilega til sín fólk.

„Ef samskiptin við þessa einstaklinga eru á einhvern hátt óvenjuleg eða jafnvel óheilbrigð getur myndast samskiptamunstur þar sem einstaklingar telja sér trú um að ekki sé neitt óeðlilegt eða óþægilegt á ferðinni fyrr en eftir einhvern tíma. Stundum geta liðið fjöldamörg ár."

ÁTTA KONUR HAFA ÁSAKAÐ GUNNAR

Þrjár konur stigu fram í nóvember síðastliðnum og sökuðu Gunnar Þorsteinsson, forstöðumann Krossins, um kynferðislega áreitni. Meint brot áttu sér stað þegar konurnar voru unglingsstúlkur í söfnuðinum og eru tvær kvennanna systur fyrrverandi eiginkonu Gunnars, Ingibjargar Guðnadóttur. Gunnar í Krossinum neitaði sök, kom fram í Kastljósþætti Ríkissjónvarpsins, þar sem hann sagðist vera niðurbrotinn maður og undraðist ásakanir kvennanna.

Stuttu eftir að frásagnir kvennanna birtust í fjölmiðlum báru fleiri konur Gunnar þungum sökum. Ekki leið á löngu þar til þær voru orðnar átta, þar af sjö sem komu fram undir nafni. Gunnar átti ýmist að hafa káfað á brjóstum þeirra, undir nærbuxur, kysst á munn, strokið á óviðeigandi hátt og faðmað. Allar konurnar sögðu Gunnar hafa sagt við þær óviðeigandi hluti á einhverjum tímapunkti. Ein þeirra hafði skráð atvikin niður í dagbók sína árið 1986.

Gunnar leitaði til Brynjars Níelssonar lögfræðings í kjölfarið. Brynjar sagði í samtali við Fréttablaðið í vikunni að lýsingar kvennanna bentu ekki til þess að um alvarleg kynferðisbrot hefði verið að ræða, ef þau teldust brot á annað borð. Hann sá þó ekki sterkan grundvöll fyrir Gunnar til þess að kæra konurnar fyrir ærumeiðingar, sökum þess að sönnunarbyrði málanna væri nær engin.

Breyttir tímar

Margt hefur breyst í viðhorfum samfélagsins til kynferðislegrar áreitni frá því fyrir 25 árum, þegar brotin eiga að hafa átt sér stað innan Krossins. Margt sem var „leyfilegt" innan samfélagsins, svo sem klapp á rass, óviðeigandi ummæli og faðmlög voru ekki skilgreind sem kynferðisleg áreitni á þeim tíma. Hugtakið kynferðisleg áreitni var meira að segja ekki til í tungumálinu.

„Á ýmsum sviðum samfélagsins á sér stað í dag einhvers konar uppgjör við fortíðina," segir Helgi. „Það er óneitanlega erfitt að trúa því að þessi fjöldi kvenna sé að spinna sögurnar upp frá rótum. En mál sem þessi er erfitt, nær ómögulegt, að sanna eða afsanna. Það þarf að leita annarra leiða til að ná sáttum."

Sáttamiðlun

Í málum sem þessum er sönnunarbyrðin mjög erfið. Jafnvel þó að átta konur stígi fram og ásaki einn mann stendur enn einungis orð gegn orði.

Að sögn talskvenna kvennanna átta sem ásaka Gunnar var reynt að ná sáttum innan Krossins áður en málið ratáði leið sína í fjölmiðla. Björn Ingi Stefánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Krossins, sagði að hann hefði reynt að leita sátta innan stjórnar safnaðarins, en ekki hefði verið vilji fyrir því. Eins og kunnugt er fór svipað ferli af stað árið 1996 þegar konurnar sem báru Ólaf Skúlason sökum reyndu að fá aðstoð kirkjunnar.

Sáttamiðlun (e. restorative justice) er hugtak innan afbrotafræðinnar sem notast er við í sumum dómsmálum og gæti einnig komið til greina þegar ekki er hægt að leita réttlætis innan dóms og laga. Þessa leið er hugsanlega hægt að nota í kynferðisbrotamálum sem eru fyrnd að lögum og sönnunarbyrðin er erfið eða ekki til staðar, að mati Helga Gunnlaugssonar.

„Þetta er leið til sátta og bóta fyrir þolandann. Sáttamiðlun á sér stað með milligöngu þriðja aðila sem þá leiðir saman geranda og þolanda," segir Helgi. „Gerandinn verður að horfast í augu við sjálfan sig og einstaklingarnir ræða sig í gegnum sáttaferlið með það að leiðarljósi að gerandinn játi verknað sinn og þolandinn taki það til greina. En þessi leið byggir algjörlega á grundvelli þolandans. Sökin er ljós en það er erfiðara um vik þegar sökin er ekki viðurkennd, nema þá hugsanlega í gegnum sáttaferlið."

Oft á tíðum tíðkast það að gerandinn bæti þolandanum á einhvern hátt fyrir tjónið, en stundum er raunverulega bótin einungis fólgin í því að gerandi viðurkenni brot sín og geri sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna á þolandann.

„Það er mikil líkn fólgin í því fyrir þolandann að gerandinn geri sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna. Þessi leið hefur verið notuð í fjölda ára, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu, með mjög góðum árangri. Þetta er vissulega tæki sem menn eiga að horfa til þó að aðstæður geti á ýmsan hátt verið aðrar hér," segir Helgi.

FJÖLDI SKRÁÐRA MEÐLIMA Í KROSSINUM



SAGA KROSSINS

1971 **Gunnar Þorsteinsson** tekur skírn hjá Fíladelfíusöfnuðinum og giftist Ingibjörgu Guðnadóttur.

1978 **Gunnar og Ingibjörg** segja sig úr Fíladelfíu eftir að forstöðumaðurinn, Einar J. Gíslason, gefur sig á tal við hann og krefst úrsagnar hans. Ástæðan var villa gagnvart skírninni, en Gunnar hafði aðrar hugmyndir en Einar um það hvernig hún ætti að fara fram. Förinni er heitið í nám í Illinois-ríki í Bandaríkjunum hjá Christ Gospel Church.

1979 **Gunnar og fjölskylda** snúa heim til Íslands og hefja vikulegar samkomur í heimahúsi. Hópurinn vex hratt. „Flestir sem bættust í hópinn voru vinir og trúfélagar. Margir þeirra voru úr Fíladelfíusöfnuðinum í Reykjavík. Mikil ólga var í samskiptum okkar við Fíladelfíusöfnuðinn. Það sem við vorum að gera var að sjálfsögðu litið hornauga, og mikið sár var vegna brotthvarfs okkar þaðan eins og nærri má geta. Bæði sár hjá okkur og einnig hjá fjölmörgum vinum og trúarsystkinum. Við fengum pílur úr ýmsum áttum, en við héldum ótrauð áfram," segir Gunnar í sögu Krossins sem er birt á heimasíðu safnaðarins. Hópurinn kom sér fyrir í húsnæði í Kópavoginum, Auðbrekku 34 (nú 21). Fyrsta opinbera samkoma Krossins var haldin sunnudaginn 12. ágúst 1979. Fyrsti stjórnarfundur Krossins var haldinn 28. ágúst. Gunnar valdi stjórnarmeðlimi, sem voru sjö karlmenn, auk hans sjálfs.

1980 **Samskiptum við Fíladelfíusöfnuðinn** slitið að fullu. Fyrsta mót Krossins haldið.

1981 **Gunnar fer reglulega til Færeyja** til að miðla boðskapnum. Undirbúning vegna skráningar safnaðarins hefst. Bygging einbýlishúss Gunnars og fjölskyldu hefst.

1982 **Húsnæði stækkað** og flutt inn við Álfhólsveg í Kópavogi. Krossinn skráður sem trúfélag hjá Hagstofunni.

1992

1994

13 ára stúlka kærir nauðgun á áfangaheimili Krossgatna við Álfhólsveg. Gunnar segir í samtali við vikublaðið Pressuna 8. september 1994 að málið sé allt saman orðum aukið og það sé alvarlegt brot á reglum Krossgatna ef stúlkur komi þangað inn.

1995 **Húsnæði Krossins** og áfangaheimilisins Krossgatna við Hlíðarsmára 5-7 byggt.

2000 **Krossinn klofnar.** Gunnar segir skilið við samstarf Christ Gospel Church í Bandaríkjunum og á annað hundrað manns segja sig úr söfnuðinum til að ganga til liðs við Bethaníu, ásamt Kristjáni Rósinkranssyni sem varð þar forstöðumaður. Christ Gospel Church gekk þá til liðs við Bethaníu.

2009 **Gunnar Þorsteinsson** og Ingibjörg Guðnadóttir skilja.

2010 **Mars:** Gunnar Þorsteinsson og Jónína Benediktsdóttir ganga í hjónaband.
Nóvember: Átta konur saka Gunnar um kynferðislega áreitni. Gunnar neitar sök.
Desember: Gunnar víkur úr sæti tímabundið sem forstöðumaður Krossins. Dóttir hans, Sigurbjörg Gunnarsdóttir, tekur við sem safnaðarhirðir.

kostur
Vöruhús - Dalvegi 10-14

JÓLAHREINGERNINGIN ÞÍN
..hefst í Kosti um helgina!

Opið alla daga frá 10-20

Fljótandi þvottaefni
Kirkland
3.689 kr/pk
5,05 lítrar

Glerhreinsir
Great Value
399 kr/stk

Blautþurrkur
Kirkland
848 kr/pk

Risa eldhúsrúllur
Member's Mark
389 kr/stk

Hreingerningarlögur
Lysol
1.998 kr/stk
4,26 lítrar

VIÐ ERUM MEÐ FULLT AF TÓNLIST Á FRÁBÆRU VERÐI!

14:00 - 15:00
Laugardagur 11. desember

PÁLL RÓSINKRANZ

Áritar diskinn sinn *"Ó hvílík elska"*

kostur

Jólamerkimiðar (60 stk)
Kirkland
3.698 kr/pk
Handgerðir gæðamiðar

Jólagjafapokar (20 stk)
Kirkland
3.998 kr/pk

Jólaborðar (45,7 metrar)
Kirkland
verð frá 2.490 kr/pk

Sterkur jólapappír
Kirkland
2.990 kr/pk
Tvær rúllur saman í pakka
Prentað á báðar hliðar

kostur

Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogur
Kostur.is | Sími 560 2500

facebook

VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR Segir yfirvöld heilbrigðismála verða að setja sér stefnu í líknarmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Bæta lífsgæði sjúklinga

Nýleg rannsókn sýnir að sjúklingar sem hljóta líknarmeðferð samhliða hefðbundinni meðferð lifa lengur en þeir sem ekki fá slíka meðferðarnálgun. **Valgerður Sigurðardóttir**, yfirlæknir líknardeildar Landspítalans, sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttur* frá breyttum áherslum í líknarmeðferð, árangri hennar og nauðsyn þess að heilbrigðisyfirvöld móti stefnu í málaflokknum.

Líknarmeðferð fjallar ekki bara um dauðann. Við erum ekki bara að sinna dauðvona sjúklingum heldur að bæta lífsgæði sjúklinga sem eru með lífshættulega langt gengna sjúkdóma, á þessu er mikill munur," segir Valgerður Sigurðardóttir, yfirlæknir líknardeildar Landspítalans. Hún tekur á móti blaðamanni á líknardeildinni í Kópavogi, sem opnuð var árið 1999. Síðan þá hefur deildin stækkað, auk legudeildar eru þar bæði dagdeild, fimm daga deild og göngudeild. Deildin er á fallegum stað við Kópavoginn, sem skiptir máli að sögn Valgerðar, gönguleiðir í nágrenninu eru margar og verönd við suðurhlið hússins er notaleg á sumrin. Inni við er sömuleiðis ekki hefðbundið spítalaumhverfi eins og flestir þekkja það, heldur er reynt að hafa notalegt umhverfi sem sjúklingar og aðstandendur þeirra geta látið sér líða vel í.

Hreyfing sem hófst á sjöunda áratugnum

Nútíma líknarmeðferð þróaðist á seinni hluta sjöunda áratugarins, þá voru opnuð fyrstu líknarheimilin (e. hospice) sem sinntu deyjandi sjúklingum. „Hugmyndafræðin um líknarmeðferð þróaðist þegar þær miklu framfarir í læknavísindum sem áttu sér stað eftir heimsstyrjöldina síðari höfðu orðið til þess að áhugi, ef svo má segja, á sjúklingum með ólæknandi sjúkdóma hafði minnkað. Hin mikla áhersla sem var á tækninýjungar varð til þess að þeir sem ekki var hægt að lækna gleymdust svolítið. Í þessari hringiðu stigu fram einstaklingar sem fóru að tala máli þess að það þurfi að sinna hinum deyjandi."

Í kjölfarið hófst hin breska hospice-hreyfing. Hún hampaði þeirri hugmyndafræði að sérhæft teymi þyrfti til að sinna deyjandi einstaklingum, markmið meðferðarinnar ætti að vera að bæta líðan og draga úr sjúkdómseinkennum en í raun ekki að lækna eða beinast að hinum undirliggjandi sjúkdómi. Og virða dauðann þegar hann bankaði á dyrnar.

„Það er vitaskuld ekki þannig að eitthvað sé gert til þess að flýta dauðanum í líknarmeðferð, heldur er verið að lina þjáningar í aðdraganda hans," segir Valgerður og bendir jafnframt á að þó svo að líknarmeðferð, eins og við þekkjum hana í dag, hafi í raun orðið til vegna aðstæðna sem spretta af framförum í læknisfræði þá hafi framfarirnar vissulega komið að notum í líknarmeðferð – þekking á verkjastillandi lyfjum hafi aukist mikið svo dæmi séu tekin.

Lykilhlutverk grasrótarinnar

Á Íslandi nær saga líknarmeðferðar aftur til seinni hluta níunda áratugarins, en þá byrjaði Krabbameinsfélagið með Heimahlynningu, sem síðar fluttist til Landspítala 2006. Nokkrum árum síðar var hjúkrunarþjónustan Karítas stofnuð og Heimahlynning Akureyrar. Árið 1997 var svo líknarráðgjafateymi Landspítalans stofnað, tveimur árum síðar líknardeildin í Kópavogi og skömmu síðar líknardeildin á Landakoti sem þjónar öldruðum sjúklingum. Yfirstjórn spítalans hefur því stutt vel við uppbyggingu líknarþjónustunnar. Sama á því við hér á landi eins og erlendis að frumkvæði að líknarmeðferð sprettur úr grasrótinni og þess má geta að Oddfellow-hreyfingin lagði endurtekið til fé og ómælda vinnu við endurgerð húsnæðis líknardeildarinnar í Kópavogi.

Þegar líknarmeðferð fór að festa sig í sessi segir Valgerður að áhugi á að líkna hafi kviknað á nýjan leik innan heilbrigðiskerfisins, starfsfólk hafi farið að gera sér grein fyrir að sú nálgun sem notuð var í líknarmeðferð gagnaðist stærri hópi sjúklinga. Þá er meðal annars átt við meðferð erfiðra einkenna, samtöl um meðferðarmarkmið, sálgæslu og fleira þess háttar.

„Því hafði alltaf verið haldið fram að krabbameinssjúklingar væru þeir sem væru með mestu og verstu einkennin við lok lífsins og þjáðust mest allra sjúklinga. Í ljós hefur komið að það er ekki alveg svo einfalt, sjúklingar með hjartabilun á lokastigi, lungnabilun og taugasjúkdóma ýmiss konar eru með mörg sömu einkenni en það hafði bara aldrei verið skrifað um það."

Í kjölfar þessarar þróunar og þeirrar reynslu að nálgunin sem beitt er í líknarmeðferð gagnist sjúklingum fyrr í sjúkdómsferlinu endurskoðaði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, skilgreiningu sína á líknarmeðferð. Stofnunin hafði gefið út skilgreiningu árið 1990 en árið 2002 kom út ný og í henni felst að líknarmeðferð miðist að því að bæta lífsgæði sjúklinga með lífshættulega sjúkdóma. Lækning og líkn eru ekki andstæður, líknarmeðferð nýtist sjúklingum samhliða læknandi meðferð en áherslur líknarinnar aukast við versnandi sjúkdómsástand. Sjúklingar geta læknast af lífshættulegum sjúkdómum og um leið dregur úr áherslum líknarinnar.

Breyttar áherslur

Hin nýja og endurskoðaða skilgreining varð Landspítalanum hvati til að setja saman nýjar leiðbeiningar um líknarmeðferð og var það gert á síðasta ári.

„Við höfum verið að innleiða þessar leiðbeiningar með mjög skipulögðum hætti á þessu ári," segir Valgerður sem er ánægð með hvernig hefur tekist til. „Hinar nýju leiðbeiningar eru miklu nákvæmari og umfangsmeiri en þær fyrri, og leggja áherslu á líknarmeðferð í víðum skilningi, að auka umræðuna um meðferðarmarkmið, mat á þörfum og lífsgildum sjúklinga svo sem sjúkdómseinkennum, atriðum sem tengjast menningarlegum, sálrænum, félagslegum, andlegum, trúarlegum og tilvistarlegum þáttum, auk siðferðilegra og lagalegra þátta sem hafa ber í huga. Jafnframt er mikil áhersla lögð á gildi samtalsins við sjúklinga og aðstandendur og að vinna markvisst að bættum samskiptum almennt. Líknin hefur sömu markmið og önnur lækning – að bæta líðan –, nálgunin er bara önnur."

Þó að krabbameinssjúklingar hafi verið stærsti hluti þeirra sem fær líknarmeðferð segir Valgerður fleiri sjúklinga nýta sér líknarþjónustu, til að mynda MND-sjúklingar og sjúklingar með lokastig hjarta- og lungnabilunar. Þeir sjúklingar eigi eins og fram er komið fullt erindi í líknarmeðferð – en vegna tengingar sem er í hugum margra á milli líknarmeðferðar og dauða þurfi að kynna líknarmeðferð betur til að fólk bregðist ekki illa við sé þeim boðin sú þjónusta og það sem í henni felst.

Stefnuleysi yfirvalda

Valgerður segir líka afar brýnt að heilbrigðisyfirvöld móti stefnu á sviði líknarmeðferðar, hún sé ekki til staðar eins og til dæmis á hinum Norðurlöndunum. „Hvað ætla heilbrigðisyfirvöld að leggja áherslu á í framtíðinni, heimaþjónustu eða meiri þjónustu á líknardeildum, þessum spurningum hefur ekki verið svarað," bendir Valgerður á og segir ekki réttlátt að treysta á grasrótina til að sjá um frumkvæði í líknarmeðferð. Sú aðferð treysti um of á drifkraft einstaklinga og verði því um of tilviljunum háð.

Stefnumótun í líknarmeðferð sé ekki síst mikilvæg þegar haft sé í huga að íslenska þjóðin er að eldast og samhliða eykst tíðni langvinnra ólæknandi sjúkdóma. Þessi hópur sjúklinga lifir lengi og mun í auknum mæli þurfa á víðtækri þverfaglegri heilbrigðisþjónustu að halda en ekki hátækni- og bráðaþjónustu.

ÞÖRFIN FYRIR LÍKNARMEÐFERÐ MUN AUKAST MIKIÐ Á NÆSTU ÁRATUGUM

Líknarmeðferð lengdi líf

Í haust var kynnt bandarísk rannsókn sem vakti töluverða athygli. Hún sýndi fram á að sjúklingar sem fengu líknandi meðferð við lungnakrabbameini samhliða venjulegri krabbameinsmeðferð mátu lífsgæði sín betri, þeir höfðu færri erfið sjúkdómseinkenni og leið þar af leiðandi betur. Það sem kom á óvart var að þeir lifðu að meðaltali þremur mánuðum lengur. Rannsóknin er sú fyrsta sem sýnir að líknarmeðferð geti í raun haft lífslengjandi áhrif. Hóparnir sem voru bornir saman fengu alveg sams konar meðferð við krabbameininu en annar hópurinn fékk þar að auki líknarmeðferð með öllu sem henni tilheyrir, samtali um meðferðarmarkmið, áherslu á meðferð líkamlegra og sálrænna einkenna, aðstoð við að takast á við erfiðar aðstæður, líðan og svo framvegis. Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var að skoða hvort líknarmeðferð gæti gagnast sjúklingum fyrr í sjúkdómsferlinu og niðurstaðan bendir ótvírætt til þess.

FRÁ LÍKNARDEILDINNI Í KÓPAVOGI Umhverfið er heimilislegra en á venjulegum spítala.

Mikil fjölgun eldri borgara



Þegar mannfjöldaspá Hagstofunnar er skoðuð fyrir næstu 20 ár má sjá að gangi hún eftir mun Íslendingum sem eru eldri en 60 ára fjölgar um 36 prósent á næstu 10 árum og 72 prósent ef litið er 20 ár fram í tímann. Íslendingar eldri en 60 ára verða þá rúm 90.000 í stað tæplega 60.000 eins og í dag. Meirihluti þeirra sjúklinga sem fær sjúkdóma þar sem líknarmeðferð á mjög vel við eru eldri en 60 ára og því ljóst að þörfin fyrir hana mun aukast mjög á næstu árum.

Tvær nýjar bækur



GJAFABÆKUR

Akureyri og nágrenni í Eyjafirði

„Sú stóra“ veglega er 240 síður, stærð 20x24,5 sm
með yfir 500 ljósmyndir.
400 myndir eru frá Akureyri og yfir 100 frá nágrannasvæðum í Eyjafirði.

Ítarlegir myndatextar eru á íslensku og ensku.

Inngangsorð skrifar Hjalti Jón Sveinsson og sögulegan kafla Pétur Halldórsson. Um enska þýðingu sá Michael Jón Clarke.

Kort af Akureyri og Eyjafirði eru innan á kápu.

Sjáið Akureyri

„Sú litla“ handhæga er 72 síður með 120 myndir frá Akureyri.

Stærð bókarinnar er 19x21,5 sm.

Myndatextar eru á íslensku og ensku.

Inngangur: Pétur Halldórsson og ensk þýðing: Michael Jón Clarke.

Höfundar ljósmynda eru Anna Fjóla Gísladóttir og Gísli B. Björnsson

Bækurnar eru afrakstur margra ára vinnu.

Myndirnar eru teknar af sjó, á landi og úr lofti frá öllum árstíðum.

Sölustaðir Akureyri:
Eymundsson, Hrím – Menningarhúsinu Hofi, Hagkaup, Bónus, Íslandspóstur og Víkingur ferðamannaverslun.

Sölustaðir Reykjavík:
Iða Lækjargötu og Eymundsson Skólavörðustíg.

Dreifing:
Litróf Reykjavík,
sími 563 6000, litrof@litrof.is.

Óskabækur veiðimannsins

Vötn og veiði
Skemmtileg bók um stangveiði. Veiðisögur, fréttir og fjöldi mynda frá liðnu sumri.

Skotveiði í máli og myndum
Stórglæsileg bók um skotveiði í máli og myndum

Dreifing: Litróf Reykjavík, sími 563 6000, litrof@litrof.is.

FRÁBÆRAR JÓLA

Etanól veggarinn
Flottur etanól veggarinn.
Stærð: 45 x 54 x 12 sm.
Flott jólagjöf á frábæru verði!

SPARIÐ 5.000 KRÓNUR

VERÐ ÁÐUR: 16.950,-
11.950,-

Hljómborð
Hljómborð með 100 töktum og hljóðnema á frábæru verði! Tilvalin jólagjöf!

VERÐ ÁÐUR: 14.950,-
9.950,-

SPARIÐ 5.000 KRÓNUR

33% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 595.-
399,-

Púsl
Flott púsl fyrir yngstu kynslóðina á frábæru verði!

KAFFIVÉL
3.995,-

Kaffivél
Svört kaffivél á frábæru verði!

25% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 1.995,-
1.495,-

Þroskaleikfang
Skemmtilegt þroskaleikfang með dýrahljóðum.

1 PAR
349,-

Soft barnasokkar
Mjúkir og góðir sokkar. Stærðir: 23-38.

40% AFSLÁTTUR

KLAUDIA sængurveraSett
Efni: 100% polyestersatín.
140 x 200 sm. / 50 x 70 sm.

ÁÐUR: 1.695.-
995,-

VERÐ FRÁ:
499,-

Svartir myndarammar
Flottir, svartir myndarammar á frábæru verði. Nokkrar stærðir fáanlegar.

GJAFASETT
695,-

MAKE-UP gjafasett
Flott MAKE-UP gjafasett. 4 tegundir. Frábært í jólapakkann!

1 STK.
995,-

Kertalukt
Fallegar kertaluktir á góðu verði. Nokkrar mismunandi gerðir.

50% AFSLÁTTUR

STEPHEN hægindastóll
Góður hægindastóll með innbyggðum fótskemli. Fæst í svörtu og brúnu PU efni og í sandlit í míkrófiberefni.

ÁÐUR: 39.950,-
19.950,-

Kertastjaki
Krómlitaður, hár kertastjaki. Hægt að nota undir kubbakerti, löng kerti og kúlukerti. Hæð: 20,5 sm.

20% AFSLÁTTUR

1 STK. ÁÐUR: 1.995,-
1.595,-

30% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 1.995.-
1.395,-

KORAL baðsloppar
Mjúkir og mjög þægilegir baðsloppar úr míkrófiber. Efni: 100% polyester. Stærðir S-XL. Fáanlegir í svörtu, beige og rauðu.

20% AFSLÁTTUR

GJAFAPAKKNING ÁÐUR: 10.990,-

8.790,-

ROSALYNN sængurverasett
Flott gjafapakkning með mjúkum og vönduðum sængurverasettum sem eru með jaquard vefnaði. Gjafasettið inniheldur 2 sængurver og 2 koddaver. Litir: Hvítt og kremað. Efni: 100% hágæða bómullarsatín. Stærð: 140 x 200 sm. / 50 x 70 sm. Auka koddaver **995,-**

SPARIÐ 4.000 KRÓNUR

VERÐ ÁÐUR: 28.950,-

24.950,-

TEMPRAKON andadúnssæng
Frábær sæng sem heldur stöðugum og réttum líkamshita yfir alla nóttina. Þegar líkaminn hitnar draga þúsundir Thermocules (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þar með réttu hitastigi. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losnar hitinn aftur tilbaka til líkamans. Stærð: 135 x 200 sm.

GJAFAHUGMYNDIR!

TILBOÐIN GILDA 11.12 - 12.12

1 STK.

1.995,-

Skál á fæti
Falleg skál á fæti með upphleyptu blómamynstri. Hæð: 14 sm.

STÆRÐ: 30 X 30 SM.

129,-

KRONBORG LUX handklæði
Einstaklega vönduð og góð handklæði úr 100% bómullarfrotté. Nokkrir mismunandi litir og stærðir fáanlegar á frábæru verði!

20% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 2.495,-

1.995,-

Gjafasett
Sturtusápa, body lotion, baðsalt, baðbombur og sápa með kókosilmi.

VERÐ FRÁ:

199,-

Myndarammar
Fallegir, silfraðir myndarammar. Stærðir: 10 x 15 **199,-** 13 x 18 **299,-** 20 x 25 **399,-**

VÖFFLUJÁRN

4.595,-

WAVES vöfflujárn
Gott vöfflujárn.

1 STK.

595,-

Jólahandklæði
Falleg jólahandklæði með ísaumuðu jólamynstri. Þrjár mismunandi gerðir fáanlegar. Stærð: 40 x 71 sm. Frábært verð.

25% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 3.995,-

2.995,-

Hesthaus
Fallegur hesthaus. Flottur í jólapakkann! Hæð: 35 sm.

1 STK.

895,-

CAROLA flísteppi
Sæt flísteppi í skemmtilegum litum. Stærð: 130 x 180 sm. Góð jólagjöf á frábæru verði!

1 STK.

995,-

Skrautkrukka
Flott, krómlituð skrautkrukka með loki. Tvær tegundir fáanlegar.

20% AFSLÁTTUR

1 STK. ÁÐUR: 2.495,-

1.995,-

Bangsímon og félagar
Mjúkir og þægilegir.

ÁÐUR: 19.950,-

9.950,-

50% AFSLÁTTUR

JOHN MESH skrifborðsstóll
Mjög flottur og góður skrifborðsstóll á frábæru jólatilboði! Hægt að hækka og lækka setu og halla baki. Einnig hægt að fá parkethjól 5 stk. í pakka **990,-**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Roman má endilega hringja

Siggi Eggertsson hefur vakið athygli fyrir myndskreytingar sínar og hönnun undanfarin ár, nú síðast fyrir plötuumslag Orgelkvartettsins Apparat sem var valið besta umslag ársins í Fréttablaðinu. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við Sigga um störf hans og draumaverkefni.

Í MIÐBÆNUM Siggi Eggertsson hefur verið á töluverðu flakki undanfarin ár en býr nú í Berlín, þótt störf hans fari í gegnum umboðsmann í London. „Það er eitthvað við Berlín sem heillar mig, ég er hrifinn af sögunni og svo er allt svo vítt og breitt þar. Þar fær maður líka meira fyrir peningana sína en í flestum öðrum stórborgum í Evrópu," segir Siggi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er fremur lítið fyrir að gera áætlanir fram í tímann. Ég kýs frekar að halda áfram að vinna mikið, vera duglegur og sýnilegur, og sjá svo bara hvað gerist. Ætli það sé ekki rétta leiðin til að fara í þessum bransa," segir Sigurður Eggertsson, eða Siggi Eggertsson eins og hann er jafnan kallaður, sem hefur vakið athygli víða um heim fyrir myndskreytingar sínar og hönnun undanfarin ár.

Nú síðast sá Siggi um umslag og hönnun plötunnar Pólýfóníu með Orgelkvartettinum Apparat, en mikill meirihluti álitsgjafa Fréttablaðsins taldi umslagið hið besta sem gert hefur verið á Íslandi á þessu ári í könnun sem birt var um síðustu helgi. Þótti umslagið bera sterkum höfundareinkennum Sigga vitni.

„Það var mjög gaman að vinna með Apparat, enda er hún ein af mínum uppáhaldshljómsveitum íslenskum. Fyrir plötuna bjó ég til skjaldarmerki fyrir hvern meðlim í bandinu, sem allir standa fyrir vissar þjóðfélagsstéttir, og líka skjaldarmerki fyrir öll lögin á plötunni. Á sjálfu umslaginu eru svo öll þessi skjaldarmerki sett saman í eitt, eins konar sameiningarskjaldarmerki. Þetta gerði ég í miklu samstarfi við meðlimi hljómsveitarinnar og fékk frá þeim góðar útskýringar á því um hvað málið snerist. Allt í gegnum internetið, milli landa," segir Siggi.

Einfaldar hlutina

„Það hefur verið svolítið mikið flakk á mér í gegnum tíðina," segir Siggi, sem býr þessa stundina í Berlín en hefur þó umboðsmann í London. „Öll vinnan mín fer í gegnum London og engir af mínum kúnnum eru í Þýskalandi. Ég er með stúdíó heima hjá mér og þarf ekki meira pláss en það, því þetta er mjög fyrirferðarlítið starf. Í rauninni get ég unnið hvar sem er í heiminum," bætir hann við og það eru orð að sönnu, því á ferlinum hefur hann meðal annars búið í London, New York og á Tálknafirði, auk Berlínar og Reykjavíkur.

Hann er þó fæddur og uppalinn á Akureyri, þar sem aðaláhugamál hans sem barn og unglingur voru að teikna og leika sér í tölvum. „Mig minnir að ég hafi verið fjórtán ára þegar ég áttaði mig á því að eitt ákveðið fag sameinaði þessi tvö áhugamál, en það var grafísk hönnun, og þá ákvað ég að þetta væri það sem ég vildi gera í lífinu," rifjar Siggi upp.

Hann komst inn í Listaháskóla Íslands einungis átján ára gamall og flutti þá til Reykjavíkur, þaðan sem hann lauk námi í grafískri hönnun árið 2006. Hann segist þó fljótlega hafa uppgötvað að honum þyki skemmtilegast að teikna og hefur því sérhæft sig nokkuð, aðallega í myndskreytingum af flestu tagi, til að mynda fyrir tímarit, á fatnað, plaköt, plötuumslög, stóra veggi og í raun allt milli himins og jarðar, en einnig týpógrafíu eða prentlist.

Aðspurður segist Siggi eiga í erfiðleikum með að lýsa sínum eigin stíl og aðferðum með góðu móti, en hallast helst að því að einföldun leiki þar lykilhlutverk.

„Ég er mikið í því að taka raunverulega hluti og einfalda niður í geómetrísk form. Myndskreyting þekkist varla sem fag hérna á Íslandi og það er borin frekar lítil virðing fyrir greininni. Vegna smæðar markaðarins er alls ekki hægt að lifa á slíku hér. Til dæmis er það mjög greinilegt í íslenskum auglýsingaherferðum, en þar eru nánast alltaf á ferð ljósmyndir af fólki eða eitthvað í þeim dúr. Því má segja að ferillinn hafi í raun ekki farið almennilega í gang fyrr en ég flutti til útlanda. Það var nauðsynlegt fyrir mig og líklega flesta þá sem vilja ná langt í því sem þeir gera. Samt kem ég alltaf til Íslands inn á milli."

Spái lítið í umfjöllun

Siggi hefur ávallt kosið að starfa sjálfstætt og segir það til að mynda aldrei hafa átt við sig að vinna á auglýsingastofu, níu til fimm vinna henti honum illa.

Meðal þekktra fyrirtækja sem hann hefur unnið verkefni fyrir má nefna fatamerkin H&M og Stüssy, Microsoft og Nike, en fyrir það síðastnefnda vann Siggi risavaxna mósaík-veggskreytingu af körfuknattleiksmanninum Patrick Ewing fyrir verslun í Harlem í New York. Árið 2008 hannaði hann svo umslagið fyrir breiðskífu hinnar heimsfrægu hljómsveitar Gnarls Barkley, sem víða vakti töluverða athygli. Raunar hefur verið fjallað mikið um Sigga í hinum ýmsu tímaritum og bókum síðustu árin.

„Þessi verkefni sem flestir hafa séð eru samt ekkert endilega þau sem mér þykir vænst um," segir Siggi, „heldur miklu frekar þau sem ég ákveð að gera fyrir sjálfan mig, þar sem ég sem persóna og listamaður fæ að skína betur í gegn. Ég hef líka fengið mun fleiri verkefni út á það sem ég hef gert fyrir sjálfan mig en þessi stóru fyrirtæki. Svona stór verkefni gera mann auðvitað sýnilegri og auðvitað er áhugi og umfjöllun góð fyrir egóið af og til, en ég reyni að spá ekki of mikið í þess háttar hluti. Það er bara óhollt að hugsa of mikið um slíkt."

Langar að vinna með LeBron

Eins og áður sagði er Siggi lítið fyrir að gera miklar áætlanir fyrir framtíðina. Hann segist aldrei hafa þurft að eltast við ákveðin verkefni heldur alltaf verið í þeirri stöðu að þau hafi rekið á fjörur hans.

„En auðvitað eru alltaf einhver verkefni sem mig dreymir um að vinna," segir hann og nefnir meðal annars að hanna peninga, plötuumslag fyrir Björk og vinna með körfuboltamanninum LeBron James sem dæmi um draumaverkefni sín.

„Svo væri örugglega rosalega gaman að hanna treyjur fyrir Chelsea. Ég hef gert einhverjar skissur sem eru faldar í tölvunni minni og enginn annar hefur séð, en ætli ég myndi ekki einfalda hönnunina á treyjunni aðeins. Ég er tilbúinn í verkefnið og Roman Abramovich má endilega hringja í mig," segir Siggi og hlær að lokum.

GERIR UPP ÆSKUNA



Útskriftarverkefni Sigga úr Listaháskólanum var bútasaumsteppi, en myndefnið byggði hann á hlutum sem mótuðu hann í æsku eins og körfuboltahetjunni Michael Jordan, legókubbum og flugvélamódelum. Teppið er 2x2,5 metrar að stærð og er samansett úr 10.000 bútum. Siggi hefur einnig haldið sýningu á portrettum af eftirlætisíþróttamönnum sínum og aðra þar sem hann raðaði körfuboltaspjöldum, sem hann safnaði í æsku, upp í mósaíkverk.

„Ég er lúmskur íþróttaáhugamaður, horfði mikið á körfubolta í æsku og hef gaman af honum, fótbolta og bardagaíþróttum, en það er dálítið fyndið að um leið og ég vann eitt eða tvö íþróttatengd verkefni vildi allt í einu her fólks fá mig til að gera eitthvað svipað fyrir sig, sem kom mér svolítið á óvart. Í þessum verkefnum var ég líklega að gera upp æskuna á vissan hátt. Æskan mótaði mig, hún er þarna og mér finnst mjög gott að vinna með hana."

BERLÍN OG AFRÍKA

Mynd frá Berlín sem Siggi gerði fyrir alþjóðlega hönnunartímaritið Eye Magazine og eitt af sex plakötum sem Siggi vann fyrir íþróttavörufyrirtækið Nike í tengslum við HM í knattspyrnu í sumar.

Styrktar- og menningarsjóður
Norvíkur óskar landsmönnum
gleðilegra jóla.

EXPO • www.expo.is

Jólakveðja
2010

Sjóðurinn styrkir árlega fjölda aðila og meðal styrkþega í ár voru:

Afreksmannaakademía Handknattleiksd. ÍR
Alanoklúbburinn
Athvarfið Baklandið
Barna- og unglingabókmenntahátíðin Mýrin
Barna- og unglingast. knattspyrnud. UMFS
Barnastarf handknattleiksdeildar Stjörnunnar
Barnabókin Þankaganga
Barnaleiksýningin Laxdæla
Björgunarsveitin Ársæll
Blúshátíð Reykjavíkur
Dansleikhúsið Raven
Elligleði
Félag heyrnarlausra
Foreldrafélag Drengjakórs Reykjavíkur
Foreldrafélag skólahljómsveitar Grafarvogs
Forvarnarfyrirlestrar Benna Kalla
Gaman saman með Karnivali dýranna
Hand-, körfu- og fótboltaskóli Vals
Hjálpræðisherinn
Íþróttasamband lögreglumanna
Jólaaðstoð 2010
Körfuboltaskóli Tindastóls
Landnámshænsnastofninn á Tjörn
List án landamæra
Ljósið
Lögreglukór Reykjavíkur
Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
Rjóðrið
Rótaryklúbbur Kópavogs
Skautasamband Íslands
Skógarmenn KFUM Vatnaskógi
Slysavarnadeildin Eykyndill
Straumhvörf, sambýli fyrir geðfatlaða
Styrktarfélagið Líf
Sumarbúðir á Hólavatni
Sumarbúðirnar í Vindáshlíð
Tónlistarfélagið ON&ON
Tónlistarskóli Maximúsar Músikúsar
Unglingabókin Á tali við tungl og stjörnur
Unglingadeild Knattspyrnudeildar ÍA
Unglingasmiðjurnar Stígur og Tröð
Þjóðlagahátíðin á Siglufirði

INTERSPORT · JELKO · KRÓNAN · BYKO · HÚSGAGNAHÖLLIN · NÓATÚN · KJARVAL

NORVIK
www.norvik.is

Sveinkarnir sem urðu útundan

Í þjóðsögum og þulum fyrri alda áttu jólasveinarnir þrettán **marga bræður og nokkrar systur** sem lítið fer fyrir í dag. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við *Jón Jónsson* þjóðfræðing um hina gleymdu sveina og *Halldór Baldursson* teiknaði nokkra þeirra.

Það hafa fundist í kringum áttatíu jólasveinanöfn í þjóðsögum og þulum fyrri alda, en yfirleitt eru þetta ekkert nema heitin og lítið fer fyrir frekari upplýsingum um hátterni þeirra," segir Jón Jónsson þjóðfræðingur, sem hefur reglulega haldið svokallaða skemmtilestra síðan Galdrasýningin á Ströndum var fyrst opnuð fyrir tíu árum. Meðal þess sem Jón hefur fjallað um í þessum lestrum er jólasveinahyskið, eins og hann kallar það, dekkri hliðar jólasveinanna og hvernig viðhorfið til sveinanna hefur breyst í um árin.

Almennt er talað um að jólasveinarnir séu þrettán talsins, en samkvæmt téðum þjóðsögum og þulum áttu þeir marga bræður og nokkrar systur sem lítið fer fyrir í dag.

„Árni Björnsson þjóðháttafræðingur hefur safnað mörgum þessum nöfnum saman og hef ég mest af mínum fróðleik frá honum," segir Jón. „Mörg af þessum nöfnum eru nokkuð gegnsæ en sum þarf að rýna dálítið í til að átta sig á þeim eiginleikum sem jólasveinarnir bjuggu yfir. Eins og til að mynda Lampaskuggi, sem slökkti á öllum ljósum svo myrkrið ríkti, og Bandaleysir sem leysti alla hnúta og gerði fólki þannig erfitt fyrir."

Hann segir jólasveinana lengi hafa verið óféti sem notaðir voru til að hræða börn, sem tíðkist ekki lengur frekar en með aðrar þjóðtrúarverur. Ein stærsta breytingin á viðhorfi í garð jólasveinanna varð þegar þeir fóru að gefa í skóinn upp úr 1950, og eins þegar klæðnaður þeirra breyttist að hollenskri fyrirmynd sem fór í gegnum Ameríku."

Jón segir nöfn hinna þrettán jólasveina hafa staðlast að miklu leyti þegar Þjóðsögur Jóns Árnasonar komu fyrst út árið 1862. „Þá urðu þeir þrettán talsins.

Jón leyfði reyndar Faldafeyki að vera með, en í kvæðinu Jólasveinar árið 1932 skipti Jóhannes úr Kötlum Faldafeyki út og gerði atvinnulausan. Jóhannes notaði þulu sem þekkt var á hans heimaslóðum, í Dölunum, og svo tóku þeir jólasveinar yfir allt landið."

Lungnaslettir

Samkvæmt þjóðsögum og þulum hafði Lungnaslettir lungun hangandi framan á sér og reyndi að lemja börn með þeim. Hann var vestan af Snæfjallaströnd.

Flotsokka og Flotnös

Flotsokka var úr Dýrafirði og Flotnös úr Önundarfirði. Báðar stálu þær floti fyrir jólin, sú fyrri til að klína í sokk sem einhver hafði ekki lokið við að prjóna, svipað og jólakötturinn, og hin til að troða í nösina á sér.

Reykjarsvelgur

Sá sat á húsmæni, gapti yfir elhússtrompinn, svalg í sig gufuna af hangiketinu og blés reyknum framan í fólkið í bæjunum. Hann var þekktur í Barðastrandarsýslum.

Faldafeykir

Faldafeykir hefur mesta ánægju af því að blása höfuðfalda kvenna af þeim, hamast í pilsunum og virðir siðferðismörk að vettugi.

Lækjarræsir

Hann hafði unun af því að stífla læki og leika sér í leysingum, til að gera fólki erfitt fyrir á einhvern máta.

FLEIRI GLEYMD JÓLASVEINANÖFN

Í bókinni Saga jólanna eftir Árna Björnsson þjóðháttafræðing eru talin upp nöfn margra jólasveina sem lítt eru þekktir í dag. Meðal þeirra eru:

- Klettaskora
- Flórsleikir
- Þorlákur
- Kleinusníkir
- Guttormur
- Moðbingur
- Tígull
- Litlipungur
- Baggalútur
- Hlöðustrangi

Hið eina sanna

Egils

Kommúnisti til skrifta í Moskvu

Í bókinni **Sovét-Ísland óskalandið** eftir **Þór Whitehead** birtist meðal annars frásögn Stefáns Pjeturssonar frá sóttkví hans í Moskvu sem ekki hefur birst áður á prenti. Hann leiddi hófsama fylkingu kommúnista í harðri baráttu innan flokksins á fjórða áratug síðustu aldar. Vegna þessa var hann kallaður til Moskvu til að hann gæti „þróast í rétta átt“. Hér er gripið niður í bókina.

Í apríl 1934 sendi Skúli Þórðarson, sagnfræðistúdent í Kaupmannahöfn, bréf til vinar síns, Stefáns Pjeturssonar, í Moskvu. Skúli var í hópi útskúfaðra í Kommúnistaflokki Íslands og réttlínumenn virðast hafa grunað hann um að vera villutrúarmann af hættulegasta tagi, trotskíisti. Skúli kvartaði sáran undan „vinstri terror“ í flokknum og hvatti Stefán til að játa syndir sínar sem fyrst til að „losna úr sóttkvínni“. Flokkurinn væri að breytast „í klíku, sem hefur engin áhrif í þjóðfélaginu, ef svona heldur áfram“.

Í Lenínskólanum var bréf Skúla ritskoðað, eins og öll önnur bréf til nemenda, og kom það viðtakandanum, Stefáni, í mikinn vanda. Bréfið var rætt á fundi íslenskra Lenínskólanema, sem töldu það hvatningu til Stefáns frá skítugri klíku tækifærissinna í Kaupmannahöfn um að halda heim „og taka upp klofningsbaráttu gegn flokknum og Komintern [Alþjóðasambandi Kommúnista]“. Stefán hefði sem fyrr neitað að gagnrýna sjálfan sig og tekið „flokksfjandsamlega afstöðu til miðstjórnar KFÍ og Kominterns“. Í ályktun nemendahópsins til skólayfirvalda sagði að gefa mætti Stefáni tækifæri til að leiðrétta villu sína. En nýtti hann sér það ekki „liggi leið hans út úr flokknum“. Um leið tók hópurinn afstöðu með útskrifuðum byltingarnemum á Íslandi og fordæmdi Brynjólf Bjarnason fyrir sáttfýsi við Einar Olgeirsson. Með skrifum sínum um fasisma hefði Brynjólfur auk þess sannað að hann ynni meðvitað í þágu fasismans og væri því „andbyltingarsinni“. Þannig höfðu öfgafyllstu réttlínumenn, sem nú réðu lögum og lofum í Kommúnistalokknum, úrskurðað þrjá helstu foringja flokksins drottinsvikara.

„Þá mélum við þig“

Enn virðist [Philipp] Dengel, skriftafaðir Stefáns, hafa kallað hann nokkrum sinnum fyrir sig í höfuðstöðvum Kominterns. Stefán segir að á einum fundinum hafi Dengel sagst greina að hann væri „að fjarlægjast Komintern“. Ef hann sneri baki við sambandinu, væri eitt víst: „þá mélum við þig“ („denn zermalen wir dich“).

Í fjórðu og síðustu greinargerð til Dengels sneri Stefán þó vörn í sókn og sakaði réttlínumenn um að lama Kommúnistalokkinn með sértrúarofstæki gegn línu Kominterns! Bréfið frá Skúla Þórðarsyni væri engin sönnun um klíkustarfsemi, heldur aðeins vottur um andúð meirihluta flokksmanna á ráðandi öflum.

Þessi greinargerð var mikil ögrun við Norðurlandaskrifstofu Kominterns, sem samþykkti 3. júní 1934 að gefa „fél. Pjeturssyni stranga viðvörun“. Hann hefði aðeins losað sig að hálfu við tækifærissinnaða afstöðu sína til jafnaðarmanna. Gagnrýni hans á Kommúnistalokk Íslands væri ekki í anda flokksins heldur „klíkufjandskapur“ og því alvarlegt brot á flokksaga. Stefán fengi þriggja mánaða umhugsunarfrest „til að leiðrétta afstöðu sína“, en því næst yrði „mál hans tekið til endanlegrar ákvörðunar“.

Stefán var nú „kominn fram á brún hengiflugsins“, eins og Arnór Hannibalsson orðaði það. Leiðin „til sátta við flokkinn var nánast lokuð – nema hann legði sig í líma að þjóna öllum skipunum, sem hann fékk að ofan“. Landar Stefáns í Lenínskólanum vildu engin samskipti eiga við hann lengur, nema einn maður, Steingrímur Aðalsteinsson. Í Sovétríkjunum var slík einangrun merki um að handtaka vofði yfir og hættulegt væri að blanda geði við „sökudólginn“.

ÚTIFUNDUR KOMMÚNISTA Íslenskir kommúnistar funda í Templarasundi í Reykjavík einhvern tíma á árabilinu 1930 til 1937. Sennilega má hér sjá Einar Olgeirsson halda ræðu, en hann var höfuðandstæðingur Stefáns Pjeturssonar í Kommúnistaflokknum. MYND/MAGNÚS ÓLAFSSON

BYLTINGIN SEM ALDREI VARÐ

Þór Whitehead sagnfræðiprófessor er höfundur bókarinnar Sovét-Ísland óskalandið - Aðdragandi byltingar sem aldrei varð. Þór nam sagnfræði á Íslandi, í Bretlandi og í Bandaríkjunum. Hann er trúlega þekktastur fyrir að hafa skrifað ritröðina Ísland í síðari heimsstyrjöld, sem telur fjórar bækur, og um Ísland á árum kalda stríðsins.

• • •

Í júní 1934 leið að sumarleyfi í Lenínskólanum. Þá var nemendum boðið í ferðalög til að sjá stórbrotna nýsköpun Sovétríkjanna og vinna sjálfir að „uppbyggingu sósíalismans“. Stefán vissi að hann væri nú í meiri hættu en nokkru sinni fyrr. Honum brá því í brún, þegar skólayfirvöld sögðu honum 6. júní 1934, að hann ætti að fara í leyfi út á land með „rússnesku félögunum“, en ekki skorarfélögum sínum frá Norðurlöndum. „Þá er lítill tími til stefnu,“ hugsaði Stefán með sér, og hótun Dengels um að hann yrði „mélaður“ sótti ákaft á hann. Nú voru góð ráð dýr. Aftur minntist Stefán þýsku kommúnistanna, sem sovétstjórnin hafði meinað brottferð, eins og þeir Einar Olgeirsson höfðu frétt. Einn þessara Þjóðverja hafði sloppið úr landi með því að leita eftir hjálp í sendiráði Austurríkis, sem var fasistaríki að mati kommúnista. Stefáni sýndist, að eina bjargarvon sín gæti verið að fylgja að nokkru dæmi þessa manns: Fara í sendiráð Danmerkur, sem hafði fyrirsvar fyrir Íslendinga, og biðja þar um hjálp til að komast úr landi. Nú fann Stefán fyrir því, hve illa hann var staddur, vegabréfslaus maður með eitt sovéskt skírteini upp á vasann um að hann héti Jón Helgason. Á fundi með Dengel, líklega eftir síðustu viðvörun frá Komintern, hafði hann beðið skriftaföður sinn um að skila sér vegabréfi sínu. Hann ætlaði sér ekki að falla frá skoðunum sínum og hefði því ekkert lengur að gera í Sovétríkjunum. Dengel hafði engu svarað ósk hans og verið fámáll. Það var eftir engu að bíða, í danska sendiráðið yrði hann að fara án tafar.

Njósnari í gerfi betlara

Þegar Stefán var kominn smáspöl frá heimavist Lenínskólans á leið í danska sendiráðið, tók hann eftir betlara einum. Maður þessi hafði sníkt þarna fé frá því um veturinn og leit kunnuglega út. Stefán hraðaði sér sína leið og kvaddi brátt dyra í sendiráði konungs Danmerkur og Íslands. Bað hann um að fá að tala við sendiherrann, en hann reyndist vera á ferðalagi um Vestur-Asíuhéruð Sovétríkjanna. Staðgengill sendiherrans, ungur og vingjarnlegur sendiráðsritari, var hins vegar fús að ræða við hann. Stefán sagði honum undan og ofan af dvöl sinni í Moskvu og þurfti ekki að hafa mörg orð um það, að hann væri í hættu staddur. Stefán segir að sendiráðsritarinn hafi umsvifalaust gefið sér þetta ráð: „Þú verður að heimta passann, þá fyrst getum við konstaterað að þér sé haldið hér gegn vilja þínum.“ Um leið hafi ritarinn tekið að sér að biðja sovéska utanríkisráðuneytið um að sjá til þess að Komintern skilaði vegabréfinu.

Þegar Stefán kom út úr sendiráðinu, rak hann allt í einu augun í betlarann, sem hann hafði tekið eftir á leiðinni úr heimavistinni. Hann stóð þar álengdar og hafði augljóslega elt hann í sendiráðið. Beyg setti að Stefáni, því að hann þóttist strax viss um, að þetta væri njósnari leynilögreglunnar og ætti að fylgjast með Lenínskólanemum. Ef til vill hafði honum verið falið að fylgjast sérstaklega með ferðum Stefáns.

Nú liðu nokkrir dagar í spennu og óvissu. Síðan fór Stefán öðru sinni í danska sendiráðið. Þá var honum sagt að sendiráðið hefði tekið mál hans upp við sovéska utanríkisráðuneytið. Vonir stæðu til að hann fengi vegabréf sitt aftur og gæti haldið heim. Þegar hann kæmi til Helsinki á heimleiðinni, ætti hann að staðfesta komu sína þangað með símskeyti til sendiráðsins. Komintern glímdi ekki lengur við einangraðan útlending undir dulnefni. Leynilögreglan gat að sjálfsögðu enn handtekið þennan þegn Danakonungs, en ljóst var að úr því yrði óþægilegt milliríkjamál.

Vitnisburður herbergisfélaga

Í júnílok 1934 dró skyndilega til uppgjörs á milli Stefáns og Kominterns. Stefán og sænskur herbergisfélagi hans, Tage Larsson (dulnefni Tore Oman), voru kærðir til starfsmannadeildar Lenínskólans, útibús leynilögreglunnar, fyrir skammarlegan drykkjuskap á heimavistinni. Eins og Arnór Hannibalsson rekur í bókinni Moskvulínan, virðist Larsson hafa verið kallaður fyrir starfsmannadeildina, þar sem hann hafði ótrúlegustu ummæli eftir Stefáni frá nætursvallinu: „Ég berst fyrir verkalýðshreyfinguna, og það er ekki endilega það sama og að berjast fyrir Komintern.“ „Komintern er að eyðileggja flokkinn.“ „Ég fer heim til að berjast opinskátt gegn Komintern.“ Larsson kvaðst hafa sagt Stefáni, að sér fyndist „heimskulegt“ að senda mann, sem þannig talaði, heim til sín. En Stefán hefði svarað því svo, „að það væri ekki hægt að koma í veg fyrir för manns, sem vill fara burt“. „Mér skildist,“ sagði Larson að lokum, „að hann ætti við sendiráðið [danska]“.

Stefán hafði nú verið staðinn að drottinsvikum við Komintern og flokk sinn í augum Lenínskólamanna. Bersögli hans stafaði líklega af því, að danska sendiráðið hafði gefið honum vonir um að hann fengi aftur vegabréf sitt og heimfararleyfi.

Starfsmannadeild Lenínskólans brá hins vegar skjótt við og kærði Stefán fyrir framkvæmdanefnd (yfirstjórn) Kominterns með bréfi til Ottos Kuusinens, „stórmeistara“ norrænna kommúnista. Stefán viðurkenndi augljóslega ekki „tækifærissinnaðar villur sínar“ og væri „reiðubúinn að berjast gegn línu Kominterns“. Skólinn þyrfti fyrirmæli um, hvað gera skyldi við þennan villuráfandi sauð: „Ef til vill ætti að senda hann til framleiðslustarfa í Sovétríkjunum.“ Þetta var annaðhvort tillaga um að varpa Stefáni í þrælabúðir (gúlagið) eða setja hann í erfiðisvinnu einhvers staðar í hinu víðlenda „verkalýðsríki“. Þrældómur sýnist þó mun líklegri af samhenginu að ráða. Jafnvel þótt svo hafi ekki verið, lá refsibraut „flokkssvikara“ af vinnustað í þrælabúðir, eftir að hreinsanir Stalíns komust í algleyming.

Afskipti sendiráðsins skiptu öllu

Atburðarásin á þessum síðustu vikum Stefáns í Moskvu er annars nokkuð óljós. Þannig segist Jón Ólafsson hafa fundið heimildir fyrir því í skjalasafni Kominterns, að Stefáni hafi verið veitt heimfararleyfi frá Moskvu í júnímánuði 1934. En þetta leyfi hafi aðeins verið til að sýnast. Komintern hefði gert „sérstakar ráðstafanir“ til að láta stöðva Stefán á landamærum Sovétríkjanna og beðið leynilögregluna um að gera leit í farangri hans. „Þessi beiðni bendir til að ætlunin hafi verið að handtaka Stefán.“ Jón gerir ráð fyrir því að þetta heimfararleyfi hafi verið veitt, áður en Stefán leitaði til danska sendiráðsins um hjálp. Ef svo er, virðist alþjóðasambandið hvorki hafa afhent Stefáni leyfið né sagt honum frá því. Ella hefði hann ekki snúið sér til Dana. Því er hugsanlegt að hér sé um að ræða leyfið, sem Stefán fékk að lokum með hjálp Dana, en í beiðninni um sérstaka leit í farangri hans hafi ekki falist ósk um handtöku. Hitt kemur þó einnig til greina, að Komintern hafi áður ráðgert handtöku hans, eins og Jón Ólafsson ályktar, en íhlutun Dana orðið til þess að hætt var við þá ráðagerð.

Ef ætlunin var sú að hneppa Stefán í þrælabúðir eða fangelsi, hefði verið klókt að láta hann halda á brott frá Moskvu með heimfararleyfi, en handtaka hann síðan í kyrrþey á landamærunum. Þá var auðveldara að fullyrða að hann hefði farið úr landi frjáls maður, þegar spurst hefði verið fyrir um hann frá Íslandi. Alla vega eru yfirgnæfandi líkur á því, að Stefán hefði ekki átt afturkvæmt til Íslands, ef hann hefði ekki blandað sendiráðinu í mál sitt.

Þremur dögum eftir að stjórnmálanefnd framkvæmdanefndar Kominterns barst kæra Lenínskólans á hendur Stefáni, 4. júlí 1934, samþykkti nefndin (í raun æðsta stjórn sambandsins) að reka hann úr Kommúnistaflokki Íslands að tillögu Norðurlandaskrifstofu Dengels. Stefán hefði óhlýðnast fyrri ákvörðun nefndarinnar um að leiðrétta hentistefnu sína innan þriggja mánaða. Vitnisburðurinn frá sænskum herbergisfélaga Stefáns var kornið sem fyllt hafði mælinn. Lenínskólinn hafði jafnframt krafist þess að hann yrði rekinn úr framhaldsdeild sinni.

En „mélaður“ varð hann ekki úr þessu vandræðalaust, þökk sé sendiráði Danakonungs.

Rekinn úr flokknum

Komintern rak Stefán úr KFÍ sama dag og einn af rússneskum yfirmönnum Lenínskólans færði honum þessi tíðindi: „Þú ferð út úr landinu í kvöld og færð passann.“ Stefán fann ekki fyrir fjandskap frá þessum gamla bolsévíka, sem honum þótti um margt geðþekkur maður. Brottförin frá Moskvu var líka tíðindalaus, þótt Stefáni væri ekki rótt. Tvær konur fylgdu honum á járnbrautarstöðina og gáfu honum nesti fyrir ferðalagið. Aðalfréttin í blöðum og útvarpi Moskvu þennan dag var um „nótt hinna löngu hnífa“, morð og fangelsanir Hitlers á andstæðingum innan og utan Nasistalokksins. „Af þessu lærir Stalín,“ hugsaði Stefán með sér. Honum varð ekki svefnsamt í járnbrautinni frá Leníngrad á leiðinni að landamærunum Sovétríkjanna og Finnlands, en vopnaðir verðir gerðu enga tilraun til að hefta för hans. Þegar til Helsinki kom sendi Stefán danska sendiráðinu símskeyti um að allt hefði gengið að óskum.

Nikon D3100

FRÁBÆR FJÖLSKYLDUMYNDAVÉL

– auðveld í notkun með Guide mode, tekur frábærar myndir og kvikmyndir í háskerpuupplausn

Nikon

At the heart of the image

Nú fylgir með D3100 aukahlutapakki sem inniheldur vandaða ljósmyndabók, 4 GB minniskort og Acme Made tösku að verðmæti 14.995.-

D3100 18-55VR kit Verð 129.995.-

Nikon SCHOOL INTRO

Nýjung á Íslandi!

Nikon skólinn
Innifalið í kaupum er
2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR
(verðmæti: 12.000 kr.)

I AM YOUR BEST WINTER DEAL

MEÐ **COOLPIX S3000**
TEKUR ÞÚ BETRI MYNDIR

Nú fylgir með Nikon COOLPIX S3000 aukahlutapakki sem inniheldur 4 GB minniskort og Golla tösku að verðmæti 8.995.-

S3000 Verð 26.995.-

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI

Samkaup – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ.

markhonnun.is

netto
gleðjumst saman um jólin

HAMBORGARHRYGGUR

KJÖTSEL

31% afsláttur

898kr/kg
áður 1.298 kr/kg

Allt fyrir jólahlaðborðið

HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR

26% afsláttur

1.997kr/kg
áður 2.698 kr/kg

KEA

HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ

26% afsláttur

2.441kr/kg
áður 3.298 kr/kg

KEA

SVÍNASÍÐA
PURUSTEIK

38% afsláttur

557kr/kg
áður 898 kr/kg

KJÖTSEL

KALKÚNASTEIK
REYKT, FULLELDUÐ

30% afsláttur

1.665kr/kg
áður 2.379 kr/kg

ESPUGL

HUMAR
2 KG ASKJA

29% afsláttur

3.975kr/pk.
áður 5.598 kr/pk.

RAUÐKÁL
FERSKT

238kr/kg
Frábært verð!

HANGILÆRI
ÚRBEINAÐ

30% afsláttur

2.099kr/kg
áður 2.998 kr/kg

KJÖTSEL

HANGIFRAMPARTUR
ÚRBEINAÐUR

30% afsláttur

1.679kr/kg
áður 2.398 kr/kg

REYKTUR EÐA GRAFINN LAX
OPAL SEAFOOD

34% afsláttur

1.979kr/kg
áður 2.998 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

HUMAR
SKELFLETTUR
500G

25% afsláttur

1.499kr/pk.
áður 1.998 kr/pk.

ANTHON BERG GULL
400 G

1.998kr/pk.
áður 2.998 kr/pk.

GJAFAKORT NETTÓ
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA

og jólaundirbúninginn

BASSETT'S ALL SORTS
800 G

878kr/pk.
Tilboðsverð!

TOBLERONE TINYS
330 G



699kr/pk.
Tilboðsverð!

LINDT LINDOR
200 G BLANDAÐ

695kr/pk.
Tilboðsverð!

CADBURY'S HEROES
950 G

1.989kr/stk.

CELEBRATIONS
855 G

1.999kr/pk.

SMÁAR KLEMENTÍNUR
2,3 KG KASSI

495kr/pk.
áður 598 kr/pk.

SMARTIES
PENGUIN

359kr/stk.
Tilvalið fyrir Stekkjastaur

ALLT TIL INNPÖKKUNAR Á GÓÐU VERÐI
GJAFAPAPPÍR, GJAFAPOKAR & JÓLAKORT

Birtist með fyrirvara um prentvillur.

Tilboðin gilda **9. - 12.** desember
eða meðan birgðir endast

Sendiráðsskjöl um Ísland og ESB

Stór hluti skjala **Wikileaks** úr bandarískra sendiráðinu á Íslandi fjallar á einhvern hátt um samband Íslands og Evrópusambandsins. *Klemens Ólafur Þrastarson* ritar hér í tímaröð upp úr á sjötta tug skjalanna, sem flest eru frá 2006 til 2009.

2006

FEBRÚAR Carol van Voorst sendiherra segir að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um menningarlegan fjölbreytileika sé ekki á dagskrá Alþingis, né hafi hann vakið mikla athygli hér á landi. Ísland hafi fylgt fordæmi ESB við að undirrita hann, en „varfærnislega viðurkennt“ að gagnrýni BNA á sáttmálann ætti við rök að styðjast. Sendiherrann segir að miðað við þessa tvíbendni stjórnvalda Íslands megi búast við „venjubundnu átakanlega hægfara“ ferli Íslands við að setja alþjóðasáttmála í lög.

Sendiherrann segir að Ísland hafi ákveðið að taka þátt í yfirlýsingu ESB sem fordæmdi sprengjuárás andspyrnuafla í Írak á Al-Askari moskuna. Nikulás Hannigan í utanríkisráðuneytinu hafi tjáð sendiráðinu að Ísland myndi ekki gefa út aðra yfirlýsingu, en tæki mið af sjónarmiðum BNA þegar hugleidd yrðu frekari viðbrögð.

MARS Sendiherrann segir að sendiráðið hafi beðið ríkisstjórn Íslands um að fara fram á það opinberlega að Íranir sleppi úr haldi blaðamanninum Akbar Ganji. Nikulás Hannigan í utanríkisráðuneytinu hafi svarað því til að ekki sé hefð fyrir því að Ísland sendi frá sér yfirlýsingar um einstök atriði í utanríkismálum. Allajafna fylgi landið yfirlýsingum ESB. Hann hafi beðið samstarfsmenn sína í Brussel að hafa augun opin fyrir hugsanlegri beiðni ESB um að taka þátt í yfirlýsingu um Ganji. Ísland muni líklega vera með í henni, verði hún gefin út.

Sendiherrann segir að stjórnvöld teygi sig nú í átt að Evrópu. Þetta séu viðbrögð við því sem margir túlki sem höfnun BNA, og vísar sendiherrann þar til brottfarar hersins. Vitnað er í Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra, sem sagði: „Ég held að það sé ljóst að í framtíðinni mun Ísland færa sig nær Evrópu og fjær Bandaríkjunum.“ Einnig er greint frá því að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, hafi sagt eðlilegt að Ísland treysti á lönd eins og Bretland, Danmörku og Noreg.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra er að byggja brýr til Evrópu án þess að brenna brýrnar til BNA, segir sendiherrann. Geir sé nógu raunsær til að vita að evrópskar ríkisstjórnir séu ólíklegar til að bjóða neitt meira en „samúðarhljóð“ og að öll evrópsk tilboð um varnarbúnað séu líkleg til að vera eingöngu viðskiptalegs eðlis. Í lokin segir sendiherrann að „við ættum ekki að láta ákallið um nánari samvinnu Íslands og Evrópu koma okkur úr jafnvægi, heldur koma því á hreint að BNA telji ekki að sér vegið með íslensku ákalli um nánari öryggistengsl við Evrópu. Raunar myndum við taka því vel ef deila mætti byrðunum“.

APRÍL Sendiherrann greinir frá því að gagnrýnendur Geirs H. Haarde utanríkisráðherra nýti sér brotthvarf hersins til að halda því fram að Sjálfstæðisflokkurinn undir hans stjórn sé ekki lengur flokkur sem tryggi þjóðaröryggi, eins og flokkurinn hafi lengi sagst vera. Þeir segi stjórnina sofa við stýrið og að Ísland eigi að ganga í ESB. Sendiherrann nefnir mögulega leið til að verðlauna Geir fyrir „þrjóska Atlantshafs/NATO stefnu“ hans [*dogged Atlanticism*]. Seinna í skýrslunni tekur sendiherrann undir með Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur úr Samfylkingu um að tvenns konar stefnuáherslur ríki meðal stjórnarflokkanna: Sjálfstæðisflokkur vilji samstarf við BNA en Framsókn við Evrópu. Ingibjörg hafi sagt að Samfylkingin ynni að því að gera Evrópu að „öryggissamfélagi okkar í framtíðinni“. Þess má geta að í skýrslu frá 2005 var sérstaklega tekið fram af sendiráðsstarfsmanni að Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson væru sammála í ákveðnu utanríkismáli.

MAÍ Sendiherrann segir að sendiráðið hafi rætt Cartagena-bókunina um líffræðilegt öryggi við Sigurð Þráinsson í umhverfisráðuneytinu. Hann hafi sagt að íslensk stjórnvöld hafi ekki tekið nein skref til að framfylgja ákvörðunum, ákveðnum á fundi aðildarríkja að bókuninni. Ísland, sem aðili að EES-samningnum, sé að bíða eftir evrópskri rammalöggjöf um hvernig eigi að fylgja málinu eftir.

JÚNÍ Sendiherrann ræðir um væntanlega alþjóðaráðstefnu Rauða krossins í Genf og segir að Ingibjörg Davíðsdóttir úr utanríkisráðuneytinu hafi tjáð sér að íslenskir fulltrúar þar muni vera með yfirlýsingu í samræmi við línu BNA, að því gefnu að nágrannar Íslands í Evrópu geri slíkt hið sama. Sendiherrann segir Ísland „örugglega í okkar horni“ en það muni ekki vera með opinskáar meiningar [*strike direct blows*] án evrópsks/norræns skjóls. Þetta sé dæmigert fyrir Ísland alþjóðlega og komi alls ekki á óvart frá Valgerði Sverrisdóttur, nýjum utanríkisráðherra.

ÁGÚST Sendiherrann hefur eftir starfsmönnum utanríkisráðuneytis að Ísland ætli að halda í, og jafnvel auka við, starfsemi sína á Srí Lanka, eftir að friðargæsluliðar ESB þurftu að hverfa þaðan.

2007

MARS Sendiherrann segir í skýrslu um mansal á Íslandi að frjáls för launafólks samkvæmt EES þýði aukið gegnumstreymi fólks frá nýjum aðildarríkjum í Austur-Evrópu. Íslensk stjórnvöld hafi kynnt breytingar á vinnulöggjöf í ljósi þessa. Yfirmenn á Keflavíkurflugvelli séu þjálfaðir í Evrópska lögregluskólanum og að dómsmálaráðherra sé að yfirfara bókun Evrópuráðs um aðgerðir gegn mansali, hvaða breytingar á íslensk lög hún hafi í för með sér þegar hún verður fullgild.

Minnst er á Frjálslynda flokkinn og gagnrýni hans á frjálsa för launafólks innan EES og á stefnu stjórnvalda til að samræma fólkið íslensku samfélagi. Þá segir að íslensk stjórnvöld hafi snögglega brugðist við þessu, svo sem með því að hindra að vinnuafl frá Rúmeníu og Búlgaríu geti komið til Íslands fyrr en 2009.

APRÍL Í greinargerð um komandi alþingiskosningar segir sendiherrann að Framsókn hafi daðrað við að líta til Evrópu í stað Bandaríkjanna einna. Valgerður Sverrisdóttir hafi talað um að það sé óhjákvæmilegt að skoða spurninguna um aðild að ESB. Sagt er að Framsókn sé hins vegar allajafna fylgjandi Ameríku og NATO og hafi tekið vel í fjárfestingar bandarískra fyrirtækja í orkufrekum iðnaði. Samfylkingin sé eini flokkurinn með ESB-aðild á dagskrá. Rætt er um að frjálslyndir hafi verið gagnrýndir fyrir (EES) rasisma.

2008

APRÍL Klopfenstein sendiráðsstarfsmaður segir frá „pepp-ræðu“ Geirs Haarde forsætisráðherra á fundi Samtaka atvinnulífsins þar sem Geir hafi rætt árangur Íslands á síðustu árum, og rætt þátttöku landsins í EES í því sambandi. Geir hafi hafnað því umbúðalaust að Ísland taki upp erlendan gjaldmiðil einhliða. Valkostirnir séu að vera fyrir utan ESB og halda í krónuna, eða að ganga í ESB og fá evru. Hið síðarnefnda sé verri kostur, að mati Geirs, enda þýði það skert fullveldi til að gera tvíhliða fríverslunarsamninga, í fjárhagsstjórnun og sjávarútvegi. Geir hafi sett á laggirnar nefnd til að skoða hvernig hagsmunum Íslands gæti verið borgið innan ESB og segi það „fáránlegt“ að tala um að ESB-aðild sé ekki rædd í ríkisstjórninni.

ÁGÚST Sendiherra segir Grétu Gunnarsdóttur úr utanríkisráðuneyti hafa sagt að Ísland fylgi ályktunum OSCE (Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu) og ESB um að krefjast þess að bardögum linni og sest verði að samningaborði í Georgíu.

SEPTEMBER Klopfenstein segir að í ljósi hruns krónu hafi framámenn í Framsókn stungið upp á að kosið verði um að ganga í ESB. Geir Haarde haldi áfram með það sem hann kalli pragmatíska nálgun á gjaldeyrismál og trúi því að kostir krónu séu meiri en evru á þessum tímapunkti. Sendiherrann greinir frá því að Davíð Oddsson seðlabankastjóri hafi sagt á fundi með fulltrúa frá bandaríska fjármálaráðuneytinu og öðrum frá AGS að rammalög ESB um bankamál kveði á um að bankar setji á stofn sjóð til að tryggja innistæður, sem virki vel í kerfi þar sem hundruð banka leggi sitt að mörkum, en sé augljóslega ekki gott kerfi þar sem einungis þrír bankar séu fyrir.

Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hafi (að líkindum á fundi með fulltrúa bandaríska fjármálaráðuneytisins) sagt að hann hafi rætt við franska fjármálaráðherrann Lagarde, þegar Árni var spurður hvort íslensk stjórnvöld hefðu leitað til ESB. Svo virðist sem ESB hafi ekki kerfi til að takast á við svona fjármálavandræði og að aðstoð þaðan yrði líklega í formi eftiráhjálpar, mun Árni hafa sagt.

NÓVEMBER Sendiherrann kveður að búið sé að semja um Icesave og að ESB láni Íslandi fé til að borga skuldina. Viðræðurnar hafi byrjað að frumkvæði Frakka í forsæti ESB. Að ESB muni halda áfram að taka þátt í að finna lausnir sem geri Íslandi kleift að endurreisa fjárhagskerfi sitt og efnahag og einnig styðja við bakið á Íslandi hjá AGS. Geir Haarde hafi sagt að stjórnvöldum hafi verið tilkynnt að enginn myndi lána þeim fé nema málið yrði leyst. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hafi einnig sagt stjórnina hafa fengið „skýr skilaboð“ frá ekki bara Bretlandi og Hollandi heldur einnig frá ESB og Norðurlöndum. Sendiherra hefur eftir heimildum í Sjálfstæðisflokki að Bjarni Benediktsson telji að „gamla klíkan“ (e. old guard) í flokki sínum standi í vegi fyrir ESB-aðild og því að hann verði ráðherra.

DESEMBER Sendiherrann segir að Ingibjörg Sólrún hafi sagt í hádegisverði hjá danska sendiherranum að flokkur hennar styðji mjög að sótt verði um aðild að ESB sem fyrst og að fundur Sjálfstæðisflokks í lok janúar geti orðið örlagamikill til að marka framtíðarstefnu Íslands. Sjálfstæðisflokkur gæti vel samþykkt aðildarumsókn þótt einnig sé mögulegt að hann myndi klofna. Hún telji að Framsókn muni einnig samþykkja ESB-umsókn á fundi sínum á sama tíma. Einnig séu félagar í VG sem gætu verið viljugir til að landið fari í þessa átt, en hún sé ekki viss um að flokkurinn sjálfur breyti um stefnu í fyrirsjáanlegri framtíð. Ingibjörg útilokaði ekki að gamalreyndir andstæðingar aðildar innan Sjálfstæðisflokks myndu sameinast skoðanabræðrum í VG og Framsókn og stofna nýja stjórnmálahreyfingu. Ef Sjálfstæðisflokkur ákvæði að aðhafast myndi opinberri umsókn fylgja skjót og átakalaus afgreiðsla í Brussel og Alþingi gerði nauðsynlegar breytingar á tungutaki stjórnarskrár um fullveldismál. Þjóðaratkvæðagreiðsla yrði um samninginn. Ingibjörg búist ekki við kosningu um umsóknina sjálfa, og telji að skoðanakannanir, sem sýni meirihluta almennings fylgjandi umsókn, dugi til að koma ferlinu í gang. Framsókn og VG muni þó líklega vilja kosningar um umsóknina.

Seinna ræðir sendiherrann um róttækar breytingar í umræðunni um hvort sækja eigi um ESB-aðild, sem flokkar landsins basli nú við að laga sig að. Í skoðanakönnunum sé nú meirihluti fylgjandi aðild og nær 70 prósent vilji taka upp evru, um leið og minnihluti styðji ríkisstjórnina. Fyrir utan Samfylkingu séu allir flokkar að ræðu hvort og hvernig eigi að setja aðild á dagskrá. Innan Sjálfstæðisflokks óttist menn klofning vegna þessa og formaður Framsóknar hafi sagt af sér vegna málsins. Jafnvel „dyggu þjóðernissinnarnir“ í VG séu farnir að endurskoða stöðuna til að halda í stuðning unga fólksins. Afgerandi flokksfundir Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks séu framundan svo jafnvel þótt nýir and-ESB flokkar birtist ekki

FRAMHALD Á SÍÐU 50

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

Nýtt!

PHILIPS
PIXEL PLUS HD
32 TOMMUR

Philips 32PFL3805H
32" Full HD LCD SJÓNVARP með 1920x 1080p upplausn, Pixel Plus HD, HD natural motion, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

VERÐ 99.995
JÓLATILBOÐ

Pixel Plus HD · HD Natural Motion · Full HD 1080p · 40W 2.1 VIRTUAL · Clear Sound · HDMI x3 with easy LINK · USB · TV PC-IN · DVB T C TERRESTRIAL/CABLE

Hágæða Kenwood Chef Titanium

60 YEARS of the CHEF KENWOOD 1950 2010

KENWOOD

Kenwood KM001
1000w Titanium Chef HRÆRIVÉL með 4,6l stálskál, þeytara, hnoðara, hrærara, gler blandara, K-járni, sjálfvirkum stafrænum hraðastilli með púls ofl. Silfurlit.

TILBOÐ 69.995
FULLT VERÐ 89.995

DeLonghi

DeLonghi ESAM4000
1,8l Espresso KAFFIVÉL með kaffikvörn með grófleikastillingu. Býr til gufu fyrir flóaða mjólk og heita drykki. Með Cappucino System sem blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært Cappucino.

VERÐ 79.995
FRÁBÆRT VERÐ

Rúbín kaffi-baunir fylgja

PHILIPS

Philips HD7740
Kaffivél sem tekur kaffibaunir og skilar 2-12 bollum af kaffi. Með styrkstilli til að stilla kaffistyrk, LCD skjá, innbyggðum malara. Heldur heitu í 30 mín. Tekur baunir eða malað kaffi.

Malar baunir!

VERÐ 29.995
FRÁBÆRT VERÐ

FLOTT HEIMILISTÆKI Á GÓÐU VERÐI

KENWOOD

Kenwood FP180
450w MATVINNSLUVÉL með 1,0l blandara, Dual Drive System, 1 hraða og púls, 0,8L skál, stálhníf ofl.

TILBOÐ 9.995
FULLT VERÐ 12.995

PHILIPS

Philips HR1368
Þráðlaus töfrasproti með 1 lítra skál, þeytara, hakkara og 7.2v Li-ion rafhlöðu sem endist í allt að 20 mín. Hleðslustöð fylgir.

TILBOÐ 12.995
FULLT VERÐ 21.995

Ariete

Ariete DC090300AR0
1000w PIZZUOFN með stein snúnings-platta. 4 stillingar. Gluggi á loki.

VERÐ 17.995
FRÁBÆRT VERÐ

KENWOOD

Kenwood FP250
750w MATVINNSLUVÉL með Dual Drive System,2 hröðum, púls, 2,1l skál, 1,2l blandara, stál hníf ofl.

TILBOÐ 18.995
FULLT VERÐ 24.995

KENWOOD

Kenwood TT940
Sterkbyggð 2200w Semi Professional BRAUÐRIST fyrir 4 sneiðar með mylsnubakka úr málmi. Val milli 2 eða 4 raufa með rofa. Burstað stál.

TILBOÐ 19.995
FULLT VERÐ 24.995

Ný sending af Elna Overlock saumavélum komin!

Heimilistæki ht.is

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

FRAMHALD AF SÍÐU 48

muni pólitíska landslagið hafa breyst mjög næsta vor. Stuðningur við aðild hafi aukist um 15 til 20 prósent og nær allir í viðskiptalífi sjái Brussel og evru sem björgunarhring Íslands.

Rætt er um jákvæð orð Olli Rehn, stækkunarstjóra ESB, um hugsanlega aðild Íslands, að fjölmiðlar hafi gert meira úr þeim eftir hrun. Fyrir Sjálfstæðisflokk og VG þýði þetta „grundvallarbreytingu í rétttrúnaði“ en staðfesti stefnu Samfylkingar. Í Sjálfstæðisflokki, sem hafi nánast verið einráður um utanríkisstefnu landsins síðan 1944, hafi tveir ráðherrar lýst því yfir að flokkurinn ætti að endurskoða stefnu sína. Jafnvel Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hafi sagt að skoða ætti alla möguleika. Þetta endurspegli bakgrunn flokksins í viðskiptalífinu. Minnst er á að Davíð Oddsson hafi ýtt undir ótta við klofning með því að ræða endurkomu í pólitík. Sendiherrann kveður Samfylkingu best undirbúna fyrir umræðuna og fari ekki leynt með það. Þá segir að (Katrín Jakobsdóttir) varaformaður VG hafi sagt sendiráðinu vorið 2008 að margir flokksmenn væru að komast á þá skoðun að ESB-aðild væri eini raunhæfi kosturinn. Steingrímur J. Sigfússon gæti því verið að einangrast, jafnvel „langtíma hugmyndafræðilegur bandamaður“ hans, Ögmundur Jónasson, hafi rætt þann möguleika að setja aðild á dagskrá, þótt sjálfur sé hann aðildarandstæðingur. Seinna er það orðað svo að varaformaður VG hafi sagt að VG myndi líklega endurmeta ESB-stefnuna og að hún hefði skilning á því.

Um Framsókn segir frá stefnuágreiningi síðustu formanna, Halldórs og Guðna Ágústssonar, og hvernig sá síðarnefndi hafi þurft að lúta í lægra haldi fyrir yngri flokksmönnum sem kröfðust þess meðal annars að ESB-aðild yrði sett á dagskrá. Með afsögn hans sé helsta hindrun Framsóknar í þessu máli úr vegi. Evrópusinnuð ESB-Framsókn gæti orðið eftirsóknarverðari samstarfsaðili í ríkisstjórn fyrir Samfylkinguna.

Í lokin segir sendiherra að þrátt fyrir allt þetta sé stjórn yfir miðunum séð sem nauðsynlegur hluti sjálfstæðisbaráttu Íslands og efnahagslegu fullveldi. Sjálfstæðisflokkur og Framsókn virðist hafa áttað sig á því að það að fórna þessari helgu kýr, sem og landbúnaði, sé illnauðsynlegt til að ná jafnvægi í efnahagi. „Gamla klíkan“ í VG gæti orðið eini and-ESB flokkurinn og náð til sín nýjum stuðningsmönnum aðildarandstæðinga. Sendiherrann telur þó líklegra að nýr miðju- eða mið-hægri flokkur verði til, andsnúinn aðild.

2009

JANÚAR Sendiherrann ræðir um glímu flokkanna við ESB-áhuga Íslendinga í ljósi efnahagshrunsins. Þetta sé orðið mikilvægasta mál íslenskra stjórnmála. Framsókn hafi sett aðild á dagskrá að uppfylltum ýmsum skilyrðum og líklegt sé að Sjálfstæðisflokkur geri það einnig. VG verði líklega áfram andsnúin aðild en spurning sé með Frjálslynda flokkinn, sem sé við það að þurrkast út. Nýgræðingurinn Sigmundur Davíð Gunnlaugsson hafi tekið við Framsókn. Óvíst sé hvað hugsanleg stefnubreyting flokksins hefði í för með sér, en nýir leiðtogar muni ef til vill endurlífga flokkinn og auka kjörþokka hans.

Mögulegt sé að á fundi Sjálfstæðisflokks verði aðildarviðræður samþykktar og flokkurinn haldi áfram í ríkisstjórn, en ESB-andstæðingar hverfi til VG. Einnig gæti flokkurinn hafnað aðildarviðræðum og ekki klofnað. Þá myndi hann missa mikið fylgi til Samfylkingar eða Framsóknar. Hugsanlegt sé því að ESB-aðildarflokkarnir verði þrír í stað eins fyrir næstu kosningar. Sendiherrann lýsir svo í nokkru máli hvernig ferill umsóknar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar gæti orðið, með stjórnarskrárbreytingum og þess háttar. Á þingi gæti Framsókn svo stutt flokkana og viðræðum verið lokið fyrir árslok, en tekið er fram að tímasetningarnar séu mjög háðar óvissuþáttum, svo sem Icesave og stækkunartregðu ESB í ljósi skuldastöðu Íslands. Seinna segir frá brotthvarfi Geirs Haarde, sem geti gefið Sjálfstæðisflokki tækifæri til að sameinast um ESB, takast á við raunveruleikann, eins og sumir orði það, og samþykkja Evrópusinnaða stefnu. Í þriðja skeytinu segir frá ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar um að heimila hvalveiðar, en til að komast í ESB þurfi Íslendingar að hætta þeim. Á öðrum stað er Martin Eyjólfsson úr utanríkisráðuneyti sagður hafa sagt að umbeðnir 6,7 prósenta vextir Breta á Icesave gætu þýtt að Ísland næði ekki Maastricht-skilyrðunum og gæti því ekki tekið upp evru.

FEBRÚAR Sendiherrann segir frá lögum um erlenda fjárfestingu á Íslandi. Að þau séu, með undantekningum, í samræmi við lög ESB og að flestar slíkar reglur ESB taki gildi á Íslandi. Í gegnum EES hafi Ísland aðgang að rannsóknar- og þróunarsjóðum ESB. Rætt er um stöðu kvikmyndafyrirtækja og fasteignakaup í ljósi EES. Að íslensk lög um viðskipti séu æ meir byggð á lögum ESB. Frjálsri för launafólks hafi verið tekið vel af fyrirtækjum sem lausn á skorti á vinnuafli. Í öðru skeyti um hvalveiðar segir sendiherrann að Árni Finnsson úr Náttúruverndarsamtökunum telji að nálgast skuli fleiri ríki ESB og félaga í Alþjóðahvalveiðiráðinu um að skrifa undir yfirlýsingu gegn hvalveiðum.

MARS Í skýrslu um mansal segir sendiherrann að ferðaleyfi borgara í EES ríkjum sé talið nýtt til að flytja vændiskonur til landsins. Að yfirmenn lögreglu hafi sagt sendiráðinu að þeir hafi takmarkaðar heimildir til að grennslast fyrir um för fólks nema það sé grunað um vímuefnasmygl. Í sama mánuði segir sendiherrann að prófkjör flokkanna hafi ekki skilað mikilli endurnýjun og að Sjálfstæðisflokkur sé líklegur til að viðhalda „Atlantshafssýn“ sinni, leggja mesta áherslu á samskipti við BNA. Þó séu bæði Bjarni Benediktsson og Þorgerður Katrín varaformaður miklir stuðningsmenn aðildar að ESB. Í skýrslu um Framsókn rifjar sendiherrann upp orð Halldórs Ásgrímssonar um að landið verði gengið í ESB fyrir 2015 og sagt að allir formenn flokksins eftir hans daga, utan Guðna Ágústsson, hafi verið hlynntir aðild. Stefnu Sigmundar Davíðs virðist frekar hægt að lýsa sem „opinni“ fyrir aðild en sem aðildarsinnaðri. Hann sé óskrifað blað.



APRÍL Sendiherrann segir frá því að aðildarandstæðingurinn Steingrímur J. Sigfússon hafi sagt sér að hann telji ólíklegt að Ísland sæki um aðild að ESB í nánustu framtíð og að burtséð frá hver verði sigurvegari kosninganna verði Alþingi líklega að stórum hluta andsnúið aðild. Að Sjálfstæðismenn hafi líkt eftir stefnu VG og séu ekki aðildarsinnar, en muni leyfa almenningi að ákveða þetta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Seinna í mánuðinum segir sendiherrann að það að Samfylkingin hafi ekki útilokað samstarf við aðra flokka en VG sé talinn liður í að neyða VG að ESB-borðinu. Afar líklegt sé að áframhaldandi ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur muni tækla málið fyrr en síðar.

Að loknum kosningum segir sendiherrann að vegna óvæntrar velgengni ESB-sinnaðra flokka geti Samfylking slitið ríkisstjórnarsamstarfinu í þágu „ESB-stjórnar“. VG verði líklega neytt til Brussel. Velgengni Framsóknar megi kannski rekja til jákvæðrar ESB-afstöðu, en flokkurinn og Borgarahreyfingin líti á aðild sem lausn á efnahagsvandanum. Þessir tveir hafi því ef til vill hagnast á andstöðu VG í kosningunum. ESB-meirihluti hafi náðst á þingi og ný ríkisstjórn þurfi að endurspegla þetta. Steingrímur J. hafi reynt að „spinna“ útkomu kosninganna og meðal annars gengið svo langt að segja að einungis elítan vilji ganga í ESB. Hann og Jóhanna Sigurðardóttir hafi viðurkennt að þetta yrði erfiðasta mál stjórnarmyndunarviðræðna. Löngun VG til að stofna fyrstu meirihluta vinstristjórnina þýði mikla pressu um að láta undan Samfylkingu í þessum efnum. Innanbúðarmenn í VG hafi viðurkennt að utanríkisstefna VG risti ekki djúpt.

MAÍ Klopfenstein reifar að ný ríkisstjórn hafi ákveðið að leggja aðildarumsókn fyrir Alþingi en að ESB slepptu segi stefna hennar frekar lítið um utanríkismál. Það sem komi mest á óvart sé að Samfylking virðist hafa þurft að hörfa úr því sem virtist mjög sterk ESB-staða, því ákveðið hafi verið að þingmenn flokkanna mættu kjósa að vild um ESB. Jóhanna Sigurðardóttir voni að sænsk formennska ESB taki umsókninni vel. Leiðtogar stjórnarandstöðu hafi lýst áhyggjum af því að Samfylkingin fái frítt spil til að semja við ESB. Tapist kosningin um ESB verði það mikill ósigur fyrir Samfylkingu en samþykkt umsókn gæfi henni góða stöðu til að leiða Ísland til Brussel og aukið vogarafl gagnvart VG.

JÚNÍ Klopfenstein kveður að Steingrímur J. Sigfússon hafi sagt sendiráðinu að Ísland muni standa við skuldbindingar sínar og endurgreiða Icesave-sparifjáreigendum eins og ESB-reglur segi til um. Að Steingrímur telji að aðildarviðræður verði naumlega samþykktar á Alþingi, enda mjólki stjórnarandstæðingar þetta mál sér í hag. Steingrímur telji að Samfylking og fleiri líti á ESB-aðild sem töfralausn, en hann sjálfur telji að kostir aðildar komi ekki í ljós fyrr en eftir áratug í fyrsta lagi. Seinna greinir Klopfenstein frá því að búið sé að leysa Icesave-deiluna og þar með losna við stóran ásteytingarstein í samskiptum við aðildarríki ESB. Þetta eigi meðal annars að þýða að aðildarumsókn verði betur tekið en ella í Brussel. Það að neita að borga hafi ekki verið raunverulegur valkostur fyrir litla eyþjóð með Evrópumetnað.

JÚLÍ Klopfenstein segir að ríkisstjórnin sé upptekin af endurreisn efnahagsins og ESB-umsókn og hafi ekki mikinn tíma aflögu til að fjalla um hvalveiðarnar (sem BNA vill stöðva). Hann segir að umsókn hafi verið samþykkt á Alþingi eftir átök, með stærri meirihluta en við var búist. Hann greinir frá á stundum „kaótísku“ ferlinu á þingi, svo sem gagntillögu Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. Sumir þingmenn hafi líkt ESB við Sovétríkin og Borgarahreyfingin hafi reynt að manga með atkvæði sín. Útkoman hafi verið stórsigur fyrir Jóhönnu Sigurðardóttur og Samfylkingu en skoðanakannanir sýni að þjóðin sé ekki endilega jafn hrifin, því samkvæmt þeim yrði aðildarsamningi hafnað. Staða þjóðarbúskapar eftir tvö til þrjú ár muni greinilega hafa mikil áhrif á lokaniðurstöðuna.

Seinna er talað um að aðildarferlið taki líklega minna en þrjú ár þar sem Ísland hafi þegar tekið yfir mikið af lögum ESB. Nú séu um 40 prósent annars vegar með og hins vegar á móti aðild en fimmtungur óákveðinn. Félagar úr „Evrópuhreyfingunni“ hafi sagt sendiráðinu að í þeirra hópi væru helst menntaðir fagmenn með tekjur yfir meðallagi. Segir að ungt fólk, sem allajafna hafi stutt aðild, virðist vera að færast á öndverða skoðun. Þetta valdi Evrópusinnum miklum vonbrigðum og undrun og telji þeir að ef til vill beiti aðildarandstæðingar áhrifaríkari tækni. Auðveldara sé að sjóða boðskap aðildarandstæðinga niður í stutt hnitmiðuð skilaboð. Evrópusinnar ætli að breyta um taktík og gera unga fólkið að helsta markhópi sínum. Einnig telji þeir, þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnmálamanna, að tengsl séu milli Icesave og aðildarferlisins.

Sendiráðið ræddi einnig við ónefndan talsmann Heimssýnar, sem mun hafa sagt að helstu gallar hugsanlegrar aðildar væru glatað fullveldi og sjálfstæði. Að ESB myndi líklega afnema 200 mílna efnahagslögsögu og leyfa öðrum ríkjum að veiða í henni. Einnig að aðild þýði dauðadóm yfir landbúnaði. Þessi talsmaður hafi talið að niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslu yrði eins og hún var í Noregi, þar sem aðild að ESB var felld, og að viðræður yrðu hægar og almenningur loks þreyttur á ESB. Klopfenstein segir baráttuna um ESB rétt að hefjast. Síðar segir hann að VG hafi glatað miklum trúverðugleika vegna umsóknarinnar og hefur eftir breska sendiherranum að Icesave og ESB-umsókn tengist ekki.

SEPTEMBER Sendiráðsstarfsmaðurinn Watson hefur eftir Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra að hann telji að ESB hafi með ráðum gert 16. nóvember að skilafresti Íslands til að svara fyrirspurnum ESB vegna aðildarferlisins. Þetta hafi verið gert svo ekki væri hægt að taka fyrir möguleika Íslands á fundi leiðtogaráðs ESB í desember. Tafirnar dragi úr þeirri ásýnd að Ísland komist á hraðferð inn, á kostnað annarra umsóknarríkja. Seinna á Össur að hafa sagt að framtíð Íslands, erlend lán og ESB-innganga séu háð því að vel takist að ljúka Icesave.

NÓVEMBER Watson greinir frá því að Bjarni Benediktsson segi sendiráðinu frá bréfi sem hann hafi sent Þjóðaröryggisráði BNA. Hann vilji fá fund í Hvíta húsinu og stuðla að auknum samskiptum ríkjanna. Brottför hersins hafi ýtt undir þá skoðun almennings að sambandi BNA og Íslands fari hrakandi. Umsókn um aðild að ESB ýti enn undir þetta. Bjarni hafi sagt að engin löggjöf ESB skyldi landið til að taka á sig skuldbindingar vegna Icesave. Watson segir að flokkur Bjarna sé eindreginn í andstöðu sinni við ESB og að Icesavenálgun Bjarna virðist pólitísk frekar en efnahagsleg.

DESEMBER Watson segir að (Ellisif) Tinna Víðisdóttir, forstjóri Varnarmálastofnunar, hafi sagt sendiráðinu að hún efist um að stofnunin verði leyst upp á ábyrgan hátt. Ákvörðunin sé einungis tekin til að sefa VG. Þetta séu verðlaunin fyrir stuðning við umdeild mál eins og ESB-aðild.

2010

JANÚAR Sendiráðsstarfsmaðurinn Eagen segir að einn helsti sérfræðingur Íslands um Evrópuför landsins, Baldur Þórhallsson, telji næsta víst að Bretland og Holland muni hindra viðleitni landsins til að ganga í ESB nema gengið verði frá Icesave. Utanríkisráðuneytið haldi öðru fram og leggi áherslu á að ESB og Icesave séu ekki og eigi ekki að vera tengd mál. Eagen segir í lokin að í ljósi höfnunar forsetans á Icesve séu efasemdir um lífvænleika stjórnarinnar, aðildarumsóknina og um endurreisn efnahagsins, réttmætar.

Gleðileg jól

Jólahöllin

Húsgagnahöllin Bíldshöfða

Fullt hús af frábærum jólagjöfum

Tilboð í öllum verslunum

Lukkuflakk

í dag kl. 14-16 í Krónunni

Aðalvinningur er Playstation 3 leikjatölva.
Allir sem lenda í PS3 á lukkuhjólinu fara í pott sem dregið verður úr 18. desember næstkomandi.
Í pottinum eru fimm Playstation 3 leikjatölvur.
Allir sem snúa lukkuhjólinu fá vinning.

Jólasveinninn

gefur NAMMI

í dag frá kl. 12-14

KRÓNAN · INTERSPORT · Apótekarinn · fifa síðan 1978 · Húsgagnahöllin · Örninn golfverslun

ÚRVAL FALLEGRAR GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI

Þú finnur jólagjöfina

CASIO EX-H5

· 12,1 milljón punkta upplausn
· 10x aðdráttarlinsa (27-240mm)
· Super Clear 2,7" TFT LCD skjár
· 14 myndstillingar – Auto bestshot
· Hristivörn - CCD Shift stabilization
· Videoupptaka með hljóði 16:9
· Háskerpu upplausn(1280x780)
· Lithium rafhlaða endist allt að 1000 myndir
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

Verð: 35.900 kr.

OLYMPUS FE 4050

· 12 milljón pixlar
· 4x(wide) aðdráattur
· Linsa 27-108mm
· Skjár LCD 6,9cm (2.7")
· 14 handhægar tökustillingar
· Face Detection
· Videoupptaka með hljóði
· Lithium hleðslu rafhlaðahlaða í vél

Verð: 18.900 kr.

Nintendo SNERPA·SPENNA·SNILLD

Wii -LEIKJATÖLVAN
SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET

Verð frá kr. 39.900,-

Nintendo SNERPA·SPENNA·SNILLD

DS Lite - LEIKJATÖLVAN

EIN ALLRA VINSÆLASTA
LEIKJATÖLVA HEIMS

Verð kr. 24.900,-

Wii Fit Plus BOARD

Taktu
líkamsræktina
heima í stofu

Verð: 22.900,-

CASIO EX-Z350

· 12.1 milljón punkta upplausn
· 4x aðdráttarlinsa (27-108mm)
· Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
· 23 myndstillingar – Auto bestshot
· Videoupptaka með hljóði
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir

Verð: ~~27.900 kr.~~
TILBOÐ: 22.900 kr.

SANGEAN

GÖNGUÚTVÖRP
Mikið úrval af útvörpum fyrir útiveruna
Verð frá: 4.990,-

SCOTT RX19RD

VANDAÐ OG FLOTT ÚTVARP
TILBOÐ: 7.900 kr.
Verð: ~~9.900 kr.~~

CMX118
VEKJARAKLUKKA
Verð: 4.990,-

HEIMABÍÓKERFI

með öllu - þau gerast ekki betri!

5.1 rása með DVD spilara · HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið · Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX ·USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir af hörðum diskum, minniskubbum, MP3 spilurum o.fl. · Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surround-kerfi · Karaoke möguleiki · FM útvarp með RDS

Pioneer DCS-202K

Verð kr. 69.900,-



FLOTT ÞRÁÐLAUS
HEYRNATÓL
Verð frá: 10.900,-

OLYMPUS MJU TOUGH 3000

· 12 milljón pixlar · 3,6 x aðdraáttur
· Linsa 28-102mm · Skjár LCD (Hyper Crystal III)
· 19 handhægar tökustillingar
· Höggheld 1,5m · Vatnsheld 3m dypi · Frostþolin 10°
· Face Detection· Videoupptaka með hljóði
· Hristivörn · Macro stilling · Notar SD og SDHC minniskort · 1GB innra minni · Lithium hleðslurafhlaða

Verð: 29.900 kr.

CELESTRON

VEÐURSTÖÐVAR
Mikið úrval

Hitastig inni/úti í F° eða C°
Rakastig inni og úti ·Innbyggður rakamælir
Klukka og dagatal - sýnir mán og vikudag
Vekjari með "snooze"

Verð frá: 6.590,-

SCOTT

FRÁBÆR FERÐATÆKI
· CD-R/RW, Audio CD · FM útvarp
Verð frá: 10.900,-

Skullcandy

Mikið úrval af
heyrnatólum
Verð frá: 3.990,-

DMTECH LW19LE-HD/B

19" LCD-SJÓNVARP
með innbyggðum DVD spilara og DVB-T móttakara • FULL HD 1920x1080
TILBOÐ: 59.900 kr.
Verð: ~~69.900 kr.~~

SHARP LED SJÓNVÖRP

HÁSKERPU UPPLAUSN 1920 x 1080
100 Hz

FRAMÚRSKARANDI
MYND- OG HLJÓMGÆÐI

- *32" kr. 149.900,-*
- *37" kr. 199.900,-*
- *42" kr. 259.900,-*

Verbatim VE47512

FLAKKARI
· 1TB geymsluminni
· USB 2
· *Nero backup* hugbúnaður fylgir
TILBOÐ: 15.900 kr.
Verð: ~~18.900 kr.~~

Verbatim VE47540

SJÓNVARPSFLAKKARI
MEÐ UPPTÖKU · 1TB
TILBOÐ: 39.900 kr.
Verð: ~~69.900 kr.~~

SHARP XL-DH320

FRÁBÆR
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
TILBOÐ: 45.900,-

SAMSUNG R530-JA06SE

GLÆSILEG FARTÖLVA
15,6" LED glossy · 1366 x 768 · Celeron T3300 · Intel GMA 4500 dual core · Vinnslum: 2GB · Harðd: 250GB · DVD-RW · Windows 7 Home
Verð: 89.900,-

SAMSUNG ML-1660

LIPUR OG GÓÐUR
LASER-PRENTARI
TILBOÐ: 15.900 kr.
Verð: ~~23.900 kr.~~

hama

FARTÖLVUTÖSKUR
Mikið úrval af fartölvutöskum fyrir flestar stærðir fartölva.
Verð frá: 3.990,-

SJÓNAUKAR Í MIKLU ÚRVALI
Verð frá kr. 4.450,-

SAMSUNG FX-2490

24" LED SJÓNVARP
HD Háskerpa: 1920 x 1080 p · Skerpa dynamic: 5.000.000:1 · Mynd í mynd (1 tuner) · Afspilun úr USB; biómyndir, ljósmyndir, tónlist · Tengi: HDMI, CI slot, Comp, Scart, VGA
Verð: 89.900,-

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

NÝTT KORTATÍMABIL

ORMSSON KEFLAVÍK	ORMSSON MODEL-AKRANESI	ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	ORMSSON AKUREYRI	ORMSSON HÚSAVÍK	ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM	ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 421 1535	SÍMI 431 3333	SÍMI 456 4751	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160

ORMSSON

OPIÐ:
LAUGARDAG
FRÁ KL. 11-18
SUNNUDAG
FRÁ KL. 13-18

assistent®
AMK 6120

FJÖLDI FYLGIHLUTA
FÆST Í 5 LITUM

EFTIRLÆTI SÆNSKRA HÚSMÆÐRA Í ÁRATUGI – ***ALGJÖR KLASSI!***
– Loksins fáanleg aftur á Íslandi
Verð frá kr. 79.900,-

Fallegt úrval!

NÝ SENDING!
NÝIR LITIR!

FLAME LEIRPOTTARNIR *frá Emile Henry*
Alltaf glæsilegir og spennandi á matarborðinu.
Frönsk leirvara. Frönsk matarmenning. Betra bragð og meira næringargildi.

NÝR OFN Í ELDHÚSIÐ
Á TILBOÐSVERÐI

Mesta búbótin
og minnsta fyrirhöfnin
AÐEINS EITT HANDTAK

TILBOÐSVERÐ: 79.900,-
LISTAVERÐ: 116.900,-
ÞÚ SPARAR 37.000,- kr.

OBH NORDICA
2451

KAFFIVÉL – *Nett og öflug*
Verð kr. 29.900,-

Tefal

FRÁBÆRIR POTTAR OG PÖNNUR
Margar stærðir og gerðir

AEG SB 4400

· 600 W
· 1,5 L glerkanna
· 6 hraðastillingar (+hraðastilling fyrir klaka)
· Sérlega hljóðlátur

Frábært tæki!
BLANDARI
Verð kr. 14.990,-

OBH NORDICA
7130

STÓRSKEMMTILEGUR OG GÓÐUR PIZZAOFN
TILBOÐ: 17.900 kr.

OBH NORDICA
6398

POPP-MASKÍNAN GERIR ÞAÐ GOTT
TILBOÐ: 9.990 kr.

Þarf ekki að hreinsa ofninn fyrir jólin?

Við fullyrðum:

COLLO
ER
HEIMSINS
BESTI
OFNAHREINSIR

TILBOÐSVERÐ: 109.900,-
LISTAVERÐ: 157.900,-
ÞÚ SPARAR 48.000,- kr.

sinbo
SCO-5002

NÚTÍMA SPARNAÐARTÆKI VIÐ ELDAMENNSKUNA
Eldsnöggur og hörkuflottur
5 lítra blástursofn
Verð kr. 19.900,-

AEG ACE 4120

„FULLKOMIN!“
RYKSUGA
Verð kr. 19.900,-

· 2000 W
HLJÓÐLÁTUR
ORKUBOLTI

brabantia

BRAUÐBOX · FÖTUR
Heimsþekkt hönnun

AEG LAVATHERM T55460

ÞURRKARI · BARKALAUS
MEÐ RAKASKYNJARA

TILBOÐSVERÐ kr. 95.920,-
Verð ~~kr. 119.900,-~~

OBH NORDICA
NUDDSESSA

Komdu og prófaðu!

NUDDSESSA Á STÓLINN
Örvandi og endurnýjandi
– og um leið slakandi
TILBOÐ kr. 39.900.-
Verð ~~kr. 49.900.-~~

Solis
OF SWITZERLAND
SOLIS 921.16

SOLIS SAFAPRESSAN VINSÆLA

Ertu að hugsa um heilsuna?

Hollir ávaxta- og grænmetisdrykkir með safapressu frá SOLIS.
Verð kr. 29.900,-

AEG LAVAMAT 52840

ÞVOTTAVÉL · 1200 sn/mín
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-
Verð ~~kr. 129.900,-~~

Níu mánaða vaxtalausar raðgreiðslur í boði!

Doris Deyr besti bókartitillinn

Titlar bóka eru mikilvægir og telja margir að góðir slíkir þurfi að fela ýmislegt í sér, til að mynda að vera forvitnilegir, söluhvetjandi og lýsa umfjöllunarefni bókanna. *Fréttablaðið* leitaði álits valinkunns andans fólks á bestu og verstu **bókartitlum** ársins.

Fréttablaðið leitaði til álitsgjafa og voru þeir beðnir um að nefna bestu og verstu bókatitlana, með hliðsjón af því hvort þeir hitta í mark eður ei án tillits til gæða sjálfra verkanna.

Margir titlar voru nefndir til sögunnar og fengu nokkrar bækur hvorutveggja atkvæði fyrir besta og versta bókartitilinn. Sem dæmi má nefna að Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson eftir Braga Ólafsson, sem deildi öðru sætinu yfir bestu titlana með Blóðhófni Gerðar Kristnýjar, þótti einnig fráhrindandi og til þess fallið að vekja plottkvíða. Þá voru ekki allir jafn hrifnir af titlinum Hið dökka man, sögu Catalinu eftir Jakob Bjarnar Grétarsson og Þórarin Þórarinsson, sem varð í fjórða sæti yfir bestu titlana en þykir einnig vondur orðaleikur og vafasamt að tengja forsprakka vændishrings við kvenskörunginn Snæfríði Íslandssól.

En skiptar skoðanir um slík mál eru að sjálfsögðu engin ný tíðindi. Fréttablaðið stóð fyrir sams konar könnun á bókatitlum um jólin 2008 og þá þótti titill bókarinnar 10 ráð til að hætta að drepa fólk og fara að vaska upp eftir Hallgrím Helgason sá versti. Bókin var svo gefin út í Þýskalandi og hefur þar fengið verðlaun sem besti titill ársins. Misjafn er mannanna smekkur, eins og einn af téðum mönnum sagði.

VERSTI TITILLINN

Martröð millanna, titill fyrstu skáldsögu Óskars Hrafns Þorvaldssonar, á ekki upp á pallborðið hjá álitsgjöfum blaðsins, sem telja hann þann versta í ár.

„Er almennt frekar lítið fyrir stuðlaða bókatitla; mér finnst „milli“ alltaf ótrúlega hjákátlegt orð og þessi titill er einmitt það – hjákátlegur.“
- Halla Sverrisdóttir

„Kannski er titillinn réttnefni og útrásarvíkingar þessa lands skjálfa á beinunum af ótta við að lesa um sín eigin leyndarmál í bókinni hans Óskars. En þetta er samt vont. Klassískt dæmi um vonda stuðlun og ekki bætir slangrið úr skák. Óskar ku hafa notið leiðsagnar bestu manna við skrifin og gaf út hjá stærsta forlagi landsins. Það er með ólíkindum að á þeirri leið hafi enginn komið í veg fyrir að þessi martröð yrði að veruleika.“
- Stígur Helgason

„Eins og titill á teiknimyndasögu eftir níu ára ofurhetjunörd. „Hann var útsmoginn og snar. Hann lét þá ekki komast upp með neitt múður. Hann var....martröð millanna“.“
- Brynhildur Björnsdóttir

„Er þetta ekki örugglega saga í Andrésblaði?“
- Stefán Pálsson

ANNAÐ SÆTI

Loksins sexbomba á sextugsaldri e. Helgu Thorberg

„Það er bjánalegt að sniðganga hið ágæta orð kynbomba, bara til þess að ná fram einhversskonar vandræðalegri stuðlun orðanna sexbomba og sextugsaldri. Svo er þessi titill full hreinn og beinn, ekki nógu skáldlegur eða skemmtilegur.“
- Vigdís Þormóðsdóttir

„Djarfur - en skýtur hátt yfir öll mörk.“
- Örn Úlfar Sævarsson

„Hvað er hægt að segja?“
- Kolbeinn Óttarsson Proppé

ÞRIÐJA - FJÓRÐA SÆTI

Biðukollur út um allt eftir Kleópötru Kristbjörgu og Mörg eru ljónsins eyru eftir Þórunni Erlu Valdimarsdóttur eru jafnar í þriðja sæti yfir verstu bókatitlana.

Biðukollur út um allt:

„Maður hefur á tilfinningunni að höfundar bíði kollur út um allt. Maður fær sömu ónotatilfinningu og maður fær eftir að hafa innbyrt of mikið majónes í fermingarveislu.“
- Halldór Högurður

„Hvað get ég sagt? Barnalegt? Asnalegt? Vekur mér slæmar kenndir sem erfitt er að lýsa.“
- Ágúst Borgþór Sverrisson

Mörg eru ljónsins eyru:

„Nei, eyrun eru tvö. Nema að um ræði stökkbreytt eða vanskapað ljón. Skrítinn rugltitill. Kannski þarf maður að lesa bókina til þess að þetta skýrist.“
- Vigdís Þormóðsdóttir

„Hvað getur eitt ljón haft mörg eyru? Þessi titill kallar ósjálfrátt upp í hugann mynd af ljóni með ótal eyru og sú mynd er frekar kjánaleg.“
- Halla Sverrisdóttir

FIMMTA SÆTI

Á valdi örlaganna e. Þórunni Sigurðardóttur (um Kristján Jóhannsson óperusöngvara).

„Ævisögu óperusöngvara valinn titill sem hæfir 40 ára gömlum ástarróman. Þarf að segja meira? Passar þó kannski við melódramatík óperunnar en mér finnst þessi titill umfram allt lýsa skorti á frumleika.“
- Ágúst Borgþór Sverrisson

„Fyrir utan að vera öllum áhugamönnum um Rauðar ástarsögur að góðu kunnur hefur þessi titill þegar verið notaður á ævisögu óperusöngvara.“
- Ölvir Gíslason

BESTI TITILLINN

Doris Deyr, titillinn á fyrsta smásagnasafni Kristínar Eiríksdóttur, hittir í mark hjá álitsgjöfum og þykir sá besti þetta árið. Rætt er við Kristínu í menningarblaði Fréttablaðsins í dag.



„Skemmtilegur orðaleikur og tilvísun í magnaða manneskju. Titillinn er afar grípandi.“
- Freyr Eyjólfsson

„Orðaleikir í titlum eru yfirleitt kjánahrollvekjandi, en ekki þessi. Knappur, eftirminnilegur, stuðlaður en samt ekki tilgerðarlegur. Kvenmannsnafnið er framandi fyrir íslenska skáldsögu og maður spyr sig strax hvernig og hvers vegna í ósköpunum Doris deyr.“
- Stígur Helgason

„Þessi titill er dramatískur á snyrtilegan hátt. Miðað við innihaldslýsinguna á bókinni þá finnst mér líka tengingin við amerísku leik- og söngkonuna Doris Day vel við hæfi.“
- Lóa Hjálmtýsdóttir

„Svo lélegur brandari, en mjög svo góður titill á bók, einkum fyrst hann er ekki útskýrður.“
- Halldór Högurður

ANNAÐ - ÞRIÐJA SÆTI

Blóðhófnir, ljóðabók Gerðar Kristnýjar, og Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson, skáldsaga Braga Ólafssonar, fengu jafn mörg atkvæði og eru jafnar í öðru og þriðja sæti yfir bestu bókatitlana í ár.

Blóðhófnir:

„Sterkur, spennandi og meitlaður titill.“
- Halla Sverrisdóttir

„Magnaður og skotheldur titill sem vekur upp áleitna forvitni.“
- Viðar Eggertsson

„Fallegt orð í stíl við einstaklega fallega bókarkápu og að auki bein vísun í verkið. En orðið sjálft er bara eitthvað svo fallegt þó að blóðugir hófar séu það kannski ekki.“
- Brynhildur Björnsdóttir

Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson:



„Þetta er fyrir mína parta besti bókatitill ársins. Punktur. Það þarf að lesa hann tvisvar eða þrisvar í hvert sinn, og maður man hann samt ekki á milli herbergja. Einhvernveginn nær hann að gera mig forvitinn um bókina og fólkið í titlinum. En það er eins gott að bókin sé góð með svona góðan titil. Annars hefði hún betur bara heitið „Handritið“.
- Pétur S. Jónsson

„Ég hef ekki lesið bókin þar sem ég ætla að panta hana í jólagjöf en titillinn ber þess merki að ég muni eiga stórkostlegt jólafrí í góðum félagsskap. Titillinn er þurr og fyndinn eins og flasa á öxlum miðaldra manns í fínum jakkafötum.“
- Lóa Hjálmtýsdóttir

„Titillinn sem enginn man en allir muna eftir að er langur. Ákveðin snilld að koma þremur nöfnum inn í titil. Vekur áhuga á sögunni og er í takt við skáldskap Braga.“
- Kolbeinn Óttarsson Proppé

FJÓRÐA SÆTI

Hið dökka man - saga Catalinu e. Jakob Bjarnar Grétarsson og Þórarin Þórarinsson.

„Skemmtilega háðsk og glúrin tilvísun í íkoníska kvenpersónu íslenskra bókmennta.“
- Örn Úlfar Sævarsson

„Svalur titill sem fær mig til að langa að lesa um miðbaugs maddömuna.“
- Dögg Hjaltalín

FIMMTA SÆTI

Ég sé ekkert svona gleraugnalaus e. Óskar Magnússon

„Sérlega skemmtilegur bókartitill. Merkilegt að engum skuli hafa dottið í hug að nota hann áður.“
- Ölvir Gíslason

„Titillinn segir það sem segja þarf um hvers konar texta bókin inniheldur.“
- Dögg Hjaltalín

Álitsgjafar: **Ágúst Borgþór Sverrisson**, rithöfundur | **Brynhildur Björnsdóttir**, dagskrárgerðarmaður | **Dögg Hjaltalín**, verslunarstjóri Máls og Menningar við Laugaveg | **Freyr Eyjólfsson,** útvarpsmaður | **Halla Sverrisdóttir,** þýðandi | **Halldór E. Högurður** | **Kolbeinn Óttarsson Proppé**, kynningarfulltrúi BSRB | **Lóa Hjálmtýsdóttir**, listamaður | **Pétur S. Jónsson**, tónlistarframleiðandi | **Soffía Auður Birgisdóttir**, bókmenntafræðingur | **Stefán Pálsson**, sagnfræðingur | **Stígur Helgason** á Fréttablaðinu | **Viðar Eggertsson**, leikhússtjóri | **Vigdís Þormóðsdóttir**, fjölmiðlafræðingur | **Ölvir Gíslason**, þýðandi | **Örn Úlfar Sævarsson**, íslenskufræðingur

Neðansjávarbirta

Guðrún Eva Mínervudóttir skrifar um Bréfbátarigningu Gyrðis Elíassonar.

SÍÐA 4

Heillandi svipmyndir

Í andlitsmyndum sínum af listamönnum tekst Jónatan Grétarssyni að fanga það sem alla jafna er hulið, að mati Rögnu Sigurðardóttur.

SÍÐA 8

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI
OPIÐ Á LAUGARDÖGUM FRÁ KL. 11-16
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

KREISTIR EKKI FRAM KÆRLEIKSBIRNI

Kristín Eiríksdóttir hefur um skeið þótt eitt mesta efni íslenskra rithöfunda af yngri kynslóðinni. Nýútkomið smásagnasafn hennar, Doris deyr, hefur fengið góðar viðtökur gagnrýnenda sem segja að þar stígi fram fullþroskaður höfundur með einstæða sýn á eðli þess að vera manneskja. Og er hún þó enn ári innan við þrítugt.

VIÐTAL BERGSTEINN SIGURÐSSON

Nýja bókin er frábrugðin fyrri bókum Kristínar, Annars konar sælu, Kjötbænum og Húðlitaðrar auðnarinnar, sem eru tilraunakenndari verk þar sem myndlist og ljóðlist var fléttað saman. Kristín segist upplifa smásagnasafnið sem ákveðin hvörf á sínum ferli.

„Þetta er annað form en ég hef verið að vinna með hingað til; það er allt önnur listgrein að vinna með söguþráð og persónur. Til að byrja með vissi ég ekki hvað ég myndi gera, hvort ég myndi halda áfram að blanda saman myndlist og ljóðlist eða hvað, en síðan bara gerðist eitthvað. Mér fannst mjög spennandi að fara svona inn í

FRAMHALD Á SÍÐU 6

KitchenAid® JÓLATILBOÐ
Hrærivélarnar fást í mörgum litum! Verð frá kr. 79.990
KitchenAid FOR THE WAY IT'S MADE.
Öllum KitchenAid® hrærivélum fylgir vandað gjafasett að verðmæti 15.000 kr. ásamt hveitibraut og matreiðslubók á íslensku.
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

KÚLTÚRSJOKKIÐ
Bergsteinn Sigurðsson

Friðurinn órofinn

Það er óvenjuleg stemning í kringum tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Það eru allir eitthvað svo sáttir; í fyrsta sinn í ég veit ekki hvað mörg ár virðist það vera nokkurn veginn samdóma álit þeirra sem pæla í þessum hlutum að skáldverkin sem tilnefnd eru í ár séu vel lukkuð og vel að vegsemdinni komin. Það er ekkert hneyksli, Vissulega eru nokkrir titlar í viðbót sem eiga fullt erindi á listann, en kannski enginn sem beinlínis öskrar á tilnefningu umfram þær bækur sem hlutu náð fyrir augum dómnefndarinnar í ár. Sú hefur ekki alltaf verið raunin.

Eftir fjaðrafokið sem jafnan fylgir tilnefningunum er nánast eins dómnefndin hafi lagt upp með að leggja fram eins pottþéttan og óumdeildan tilnefningalista og mögulegt var. Það er engin óþarfa áhætta tekin.

Allt eru þetta „establíseraðir“ höfundar; reynsluboltar sem hafa verið tilnefndir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna áður fyrir verk í svipuðu formi og jafnvel anda: Handritið eftir Braga Ólafsson er nokkurs konar framhald af Sendiherranum, sem hann var líka tilnefndur fyrir; Mörg eru ljónsins eyru eftir Þórunni Valdimarsdóttur er nútímaglæpasaga sem byggir á Íslendingasögunum, rétt eins og Kalt er annars blóð, sem hún var líka tilnefnd fyrir; Bergsveinn Birgisson heldur sig innan sömu fagurfræði í Svari við bréfi Helgu og í Landslag er aldrei asnalegt, sem var líka tilnefnd; í Blóðhófni sýnir Gerður Kristný að hún er enn að vaxa sem ljóðskáld, rétt eins og hún gerði með Höggstað, sem var líka tilnefnd. (Um líkindi Ósýnilegu konunnar og Dýranna í Saigon eftir Sigurð Guðmundsson, get ég ekki sagt þar sem ég hef hvoruga lesið. Dómnefndin virðist sem sagt forðast að taka áhættu í ár.

Íslensku bókmenntaverðlaununum hefur stundum verið legið á hálsi fyrir að vera fyrst og fremst markaðsverðlaun; tilnefningarnar þjóni þeim tilgangi einum að setja límmiða á nokkra titla, sem eigi að auka sölu þeirra á hábjargræðistímanum. Einn forleggjari sagði mér að áhrif tilnefninga til Íslensku bókmenntaverðlaunanna á bóksölu hefðu farið þverrandi undanfarin fimm ár eða svo; tilnefningar til verðlauna bóksala hefðu talsvert meira að segja. Annar sagðist frekar hafa það á tilfinnningunni að tilnefningarnar hefðu meiri áhrif þegar deilt væri um þær. Stundum hefðu þær þau áhrif að bókin sem „öllum“ finnst að „hefði átt að vera með“ tekur sölukipp, eins og raunin varð til dæmis með Konur Steinars Braga.

Er kannski ástæðulaust að taka áhættu þegar kemur að vali á tilnefningum til Íslensku bókmenntaverðlaunanna? Útkoman í ár er að minnsta kosti óumdeildasti, jafnvel sterkasti, tilnefningalisti í áraraðir. Er hægt að draga einhvern lærdóm af því? Kannski ekki annan en þann, að tímanum sé betur varið í að lesa Samkvæmisleiki en að taka þátt í þeim.

Það er ákveðin þversögn í að auka virði verka með því að gengisfella þau, en það er nákvæmlega það sem Tolli vonast eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margir settu spurningamerki við að Tolli skyldi hefja samstarf við Bónus. Tolli sér hins vegar tækifæri þar sem aðrir sjá listrænt tabú.

MYNDLIST
TRYGGVI GUNNARSSON

NAKIÐ EINS OG FROSIN LIFRARPYLSA

Það verður að teljast harla óvenjulegt að listamaður sem nýtur jafn mikillar hylli og Tolli (og getur leyft sér að setja rausnarlega verðmiða á verk sín) skuli bjóða upp á eftirprentanir af verkum sínum. Enn óvenjulegra er að gera slíkt í samstarfi við lágvöruverslunarkeðju. Rúsínan í pylsuendanum er svo að gefa út bók með verkum sínum sem eingöngu fæst í þessum sömu verslunum.

„Mér finnst sjarmerandi að velja Bónus sem samstarfsaðila vegna þess að það er ákveðinn listpólitískur flótur á því að fara í aðra átt en átómatíska virknin er. Þessi átómatíska virkni í menningu og listum er að meðvitað og ómeðvitað stefnir allt í hús valdsins sem er ríkjandi á þeim tíma. Það er svo valdið sem velur og hafnar og sorterar hvað er hámenning og hvað er lágmenning. Það er ekkert rétt eða rangt við það, þetta er bara strúktúr,“ segir Tolli.

Listin til fólksins

Með því að hætta sér inn á leikvöll markaðshyggjunnar vill Tolli vinna gegn þessum strúktur og gera verk sín aðgengilegri fyrir þá sem að öðrum kosti gæfist ekki tækifæri til að njóta þeirra. Honum þótti mikið til Bónusljóða Andra Snæs Magnasonar koma, en þau voru samóma hans eigin hugmyndum um „listina til fólksins“. Þá kviknaði löngun Tolla til að gera sín eigin „Bónusverk“.

„Ég er svo heppinn að njóta hylli en telst frekar dýr listamaður miðað við það sem telst standard. Með því að bjóða upp á eftirprentanir þá geri ég fleirum sem vilja njóta sjónræns gildi verka minna kleift að gera það, án þess að þurfa að eiga frummyndir. Ég hafði lengi verið að hugsa um eftirprentanir og spyrja af hverju gerir þetta enginn? Í því góðæri sem hefur verið frá 1970 hefur grafíkin og plakatið hnigið til viðar, en þetta var auðvitað trademarkið í umhverfi stúdentsins, láglauna- og millistéttarfólks, kennara og opinberra starfsmanna. Svo hverfur þetta bara. En tækni til eftirprentunar á striga er orðin gríðarlega flott í dag og sjónræni munurinn er orðinn mun minni og þú færð heilmikið steríó úr eftirprentununum.“

Gæðin og markaðshyggjan

Eftirprentanir Tolla hafa fært hann upp í pontu á miðju markaðstorginu, torginu sem svo margir listamenn forðast eins og heitan eldinn. „Listamenn hafa mikla fóbíu gagnvart commercialisma,“ segir Tolli. Engan þarf að undra þar sem gæði og gróðahyggja markaðshyggjunnar fara ekki alltaf saman. Tolli viðurkennir það fúslega, en gefur um leið lítið fyrir þær áhyggjur (sem allir aðrir en hann sjálfur virðast hafa) að eftirprentanirnar dragi úr gildi verka hans.

„Það er ekkert sem segir að maður geti ekki notað samskiptaleiðir commercialismans til að færa fram gæði. Allt sem heitir að víkka út landamæri í samskiptum og listum er af hinu góða, sama í hvaða átt er farið. Að fara með listina inn á miðjuna þar sem samskiptareglur eru skýrar, vegna þess að hún er svo vel kortlögð af öllum markaðsöflunum, gefur tækifæri til að nota fullt af nýjum samskiptatorgum fyrir listir, menningu og gæðavöru, sem annars á að vera dýr og fyrir fáa bak við múra valdsins. Maður spyr sig líka hversu mikil alvara er í því þegar menn segjast vilja færa listina til fólksins og rífa niður menningarlandamæri en eru svo hræddir við að sjá sig á stöðum tengdum commercialisma, stöðum sem listamaður á eiginlega ekki að láta sjá sig.“

Gerir ekki fleiri eftirprentanir

Ekki ber á öðru en aðdáendur Tolla, og viðskiptavinir Bónuss, taki bæði bók og eftirprentunum Tolla vel. Salan er góð, bókin komin í nær 5.000 eintök, og síðari hluti eftirprentananna að seljast upp. Enn fremur segist Tolli ekki hafa orðið var við annað en jákvæðni í sinn garð frá kollegum sínum. En verður þetta fastur liður í framtíðinni. Kartöflurnar, frosnu pitsurnar og eftirprentanir Tolla í sátt og samlyndi undir sama Bónusþaki?

„Nei. Þessar átta myndir, hundrað eftirprentanir hver, eru endanlegt projekt. En aðrar eftirprentanir, eins og til dæmis fyrir ferðamenn, er náttúrulega bara sterk viðskiptahugmynd sem er búin að margsanna sig. Fyrir mér er stúdíóið og málverkið bara „basecamp“ sem svo bergmálar áfram yfir í aðra hluti. Ef maður telur innistæðu fyrir því í verkum sínum er um að gera að þróa þau áfram og nýta á ýmsan hátt. Til dæmis eru alvarlegar umræður í gangi um að ég skreyti ytra byrði Iceland Express-flugvélanna með verkum mínum.“

„Ég er ekki að gera neitt nýtt og held því ekki fram að ég sé að gera eitthvað rétt eða rangt. Ég er bara að gera eitthvað sem er eins nakið og frosin lifrarpylsa.“

menning kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Bergsteinn Sigurðsson **Hönnun:** Kristín Agnarsdóttir **Forsíðumynd:** Stefán Karlsson **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is

ego dekor

HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Vegghengdur skenkur
Breidd: 180cm
Verð: 149.900,-

Stækkanlegt borð 180(268)X100
Verð: 159.900,-



COMO
PIANO borð
Stærðir: 138X138
og 220X100
Verð:
119.000,-

HETTHI HNOTA
Skenkur
Breidd: 180cm
Verð:
169.000,-

Stækkanlegt borð
Stærð: 160(248)X100
Verð:
159.900,-

Stækkanlegt borð
Stærð: 200(288)X110
Verð:
179.900,-



COMO
ERIC TV skenkur
Breidd: 210cm
Verð: 129.900,-

FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI

AMBER TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 205.700,-

CANYON HORNTUNGUSÓFI
Stærð: 280X190cm
TILBOÐSVERÐ: 232.200,-

KINGSTON LEÐURSÓFASETT
3ja sæta 205cm
TILBOÐSVERÐ: 165.600,-

Stóll
TILBOÐSVERÐ:. 86.400,-

BIG NEW ENGLAND TUNGUSÓFI
Stærð: 290x165cm
TILBOÐSVERÐ: 211.500,-

ALEX
leðurstóll
Verð: 16.900,-

TRENT
leðurstóll
Verð: 12.800,-

MONET
stóll
Verð: 19.900,-

OLIVER
stóll
Verð: 18.900,-

TROY
stóll
Verð: 16.800,-

DAVOS
stóll
Verð: 24.500,-

Opið mán-fös: 10.00-18.00
Opið um helgina: lau: 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 544 4420 - www.egodekor.is

NEÐANSJÁVARBIRTA

Á dögunum kom út hjá Uppheimum ritgerðasafnið Okkurgulur sandur, þar sem tíu rithöfundar skrifa ritgerðir um skáldskap ***Gyrðis Elíassonar***. Menningarblað Fréttablaðsins birtir hér grein Guðrúnar Evu Mínervudóttur um Bréfbátarigninguna.

Guðrún Eva Mínervudóttir

Gyrðir Elíasson er göldróttur. Það hef ég vitað í tuttugu ár, eða frá því að ég las *Bréfbátarigninguna*[1] safn smásagna sem tengjast lauslega innbyrðis og lúta öðrum skáldskaparlögmálum en gengur og gerist.

Fyrir tuttugu árum var ég þrettán ára vinnukona í sveit hjá góðu fólki sem lagði ekki í vana sinn að heimta skýringar á sjálfsögðum hlutum. Hefðu þau spurt mig hvers vegna ég var svona hrifin af þessu litla, gula kveri, hefði ég líklega svarað að mér þættu sögurnar skrítnar og fallegar, en núna þegar ég er orðin fullorðin þykist ég vita meira um ástæður þess að ég lét heillast.

Fegurðin er ekki síst fólgin í því að láta liti, birtu, lykt, hluti og fólk spretta upp úr textanum eins og kanínur úr hatti. Þegar Gyrðir segir: *Nótt hlykkjaðist hjá utan timburþils, svartur snákur,*[2] þá hlýða skynfærin og lesandinn heyrir nóttina nuddast við þilið og sér fyrir sér gráðuga og þunglynda skepnu eða meinlausa, mjúka risaslöngu, allt eftir því hvort heimurinn virðist háskalegur eða vinveittur þá stundina. Eða þegar hann segir: *Skólinn; villugjarnt á göngum og neðansjávarbirta, börnin gráir fiskar, tifandi uggum og húsvörðurinn fór um rangala í kafarabúningi.*[3] Þá man maður að einmitt svona var að mæta í skólann eldsnemma morguns, ennþá með annan fótinn í undirvitundinni.

Sögurnar hans Gyrðis bjóða upp á hið óvænta, ekki með sniðugum snúningi í framvindunni heldur með því að fá sér snúning með ímyndunaraflinu.

Mamma sat hjá mér fram í dögun nótt eftir nótt og dottaði, en ég lá og starði upp í timburklætt loft og gætti þess að halda svefnverum frá augunum. Þær komu örsmáar sígandi niður úr ljósakrónunni á ósýnilegum þræði og lentu mjúklega á sænginni minni, ég bandaði þeim jafnóðum ofan á gólf og þaðan hrökkluðust þær undir rúmið og inn í glerkassa þar sem fuglsegg lágu á bómull.[4]

Og ég sem lesandi á ekki í neinum vandræðum með að leggja trúnað á þessi fögru ósköp. Ef drengurinn í sögunni upplifði þetta svona þá var þetta svona. Punktur og basta. Alveg eins og í veruleikanum.

Veruleikinn er dulúðugur og margfaldur í roðinu, ljóðrænn og einkennilegri en orð fá lýst. Úrvinnslan á honum, í formi skáldskapar og annarrar umfjöllunar er á hinn bóginn stundum mun þunglamalegri, einfaldari og fátæklegri.

Í skáldskap Gyrðis þekkti ég aftur þessa áhugaverðu afkima veruleikans sem ég hafði oft óljóst saknað í öðrum skáldskap. Gyrðir hafði rík áhrif á mig, bæði sem höfund og sem manneskju, með því að taka allt með í reikninginn. Líka allt þetta sem einhverjum gæti þótt ótrúlegt. Án þess þó að ég vilji beinlínis væna hann um töfraraunsæi. Einmitt ekki. Frekar myndi ég segja að nálgun hans væri eins konar ofur-raunsæi eða háraunsæi.

Og það er fleira sem *Bréfbátarigningin* og önnur verk Gyrðis eiga sameiginlegt með (há)veruleikanum frekar en með öðrum skáldskap:

Dauðinn er sínálægur en ekki endanlegur.

Ástin er sínálæg en þó ekki sýnileg berum augum.

Fólk er alltaf að segja eitthvað hálfskiljanlegt.

Illskan er oftast ámátleg örvænting, en ekki útreiknaður illvilji.

Orsaka- og afleiðingakeðjur eiga sér ekkert augljóst upphaf eða endi.

Kenndir og upplifanir eru fullgildur efniviður ævintýra. Það er að segja: Hvert einasta augnablik hefur í sér fólginn þann möguleika að vera magnþrungið.

Fyrsta sagan í *Bréfbátarigningunni* heitir „Tréfiskur“, gerist á litlum sveitabæ niðri við sjó og segir frá Heiðu litlu, gamla Axel og hundinum Tycho Brahe. Heiða tálgar, sendist, hjálpar til og leikur við hundinn. Axel heyjar, býr til bréfbáta og gerir það sem þarf að gera – sem felst meðal annars í því að skjóta ellihrjáðan hundinn.

Hver unir þannig við sitt og við lesturinn koma mér í hug orð viturrar frænku minnar: Það er best að hver hafi sitt því þá hefur Djöfullinn ekkert.

En. Eitthvað er að. Það skynjar maður frá fyrstu síðu. Þótt allt sé kannski eins og það á að vera er ekki þar með sagt að í því felist öryggi eða notalegheit.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hundurinn sefur með augun opin, eins og hann viti að hann eigi bráðum að deyja. Heiða er kannski aðeins of saklaus og Axel aðeins of praktískur. Hún gefur lítið fyrir skyldurnar og efnisheiminn eins og hann leggur sig. Hann tekur ekkert tillit til hinna fíngerðari þátta sálarlífsins, kennda og langana – eigin eða annarra.

> Í skáldskap Gyrðis þekkti ég aftur þessa áhugaverðu afkima veruleikans sem ég hafði oft óljóst saknað í öðrum skáldskap. Gyrðir hafði rík áhrif á mig, bæði sem höfund og sem manneskju, með því að taka allt með í reikninginn.

Svo þegar Axel bannar Heiðu að koma með í kaupstað af engri sérstakri ástæðu annarri en að það sé meira vit í að hún sé heima að taka til svíður lesandann undan ískrandi ójafnvæginu. Já, eða óréttlæti og vanskilningi heimsins.

Saga númer tvö, „Loftnet“, segir frá drengnum Friðriki sem býr með foreldrum sínum í borginni og á sér ímyndaðan bróður. Sumarið áður hafði hann farið með föður sínum í heimsókn til Axels og Heiðu og Heiða sýnt honum tjörnina þar sem hún síðan drukknaði síðar þetta sama sumar.

Friðrik lifir að mestu í eigin hugarheimi og ekki batnar það þegar illvíg skarlatssótt leggur hann í rúmið. Það er engu líkara en að hann ráfi um á hafsbotni, í blekkingarheimi sem ofinn er úr minningum hans og ímyndunum. Eins og hann hafi drukknað en ekki Heiða.

Heimur fullorðna fólksins er bjagaður og óskiljanlegur. Það segir eitt og meinar annað, klekkir hvert á öðru með hálfkveðnum vísum og hlær sig máttlaust að einhverju sem er ekkert fyndið. Það er ekki nema von að lítill drengur haldi sig að mestu í vatnsósa draumum sínum.

Sögumaður „Vængmanns“, þriðju sögunnar í bókinni, er Elvar Jónasson, framliðinn maður sem drengurinn Friðrik hafði vingast

TILVÍSANIR

1 Mál og menning, 1988.
2 Bls. 120.
3 Bls. 69 og 70.
4 Bls. 68.
5 Bls. 118
6 Bls. 119.

Skrif Gyrðis Elíassonar eru eins og klettar í tunglskini eða skýjaður himinn þar sem kynjamyndir birtast og umbreytast í aðrar kynjamyndir, skrifar Guðrún Eva.

við á meðan hann lá í skarlatssóttinni. Þótt Friðrik hafi að vísu ekki kannast við hann með nafni, heldur kallað hann Jacques.

Elvar flýgur um á vængjum sem hann bjó sér til sjálfur og geymir í leðurtösku þegar hann er ekki að nota þá. Hann gerir mikið af því að norpa fyrir utan húsið þar sem drengurinn býr og fylgjast með því sem þar fer fram. Og þegar Friðrik liggur milli heims og helju gefur Elvar honum vængina sína, með hjálmi, gleraugum og öllu saman. Um táknræna merkingu þess gjörnings er það að segja að hefði sagan um vængmanninn Elvar komið á undan „Loftneti“, sögunni um Friðrik litla, hlyti lesandinn að álykta sem svo að drengurinn væri feigur, úr því að honum voru gefnir vængirnir. En Friðriki batnar, hann deyr ekki. Tómleg og einmanaleg tilvera vængmannsins breytist hins vegar afar mikið eftir þessa fallegu fórn. Hann verður mennskari og ekki jafn utanveltu.

Í „Sumarhúsi“, fjórðu og síðustu sögunni, er Friðrik ungur maður í fríi í Danmörku ásamt Margréti unnustu sinni. Þau hjóla um í flatneskjunni og allt er gott. Nema hvað að alltaf er eitthvað við hina hversdagslegu atburði sem virðist ógna tilveru þeirra. Eins og lífið sjálft sé sífellt að steyta framan í þau hnefann og segja „Bíðiði bara“. Skuggalegur maður slæst í för með þeim eitt kvöldið áður en hann öslar út í sjó, *þennan dökka vökva sem nóttin gerði límkenndan*.[5]

„Fer hann sér að voða?“ sagði ég.

„Það kemur í ljós.“[6]

Friðrik virðist líka hafa gaman af því að hræða Margréti, notar náttborðslampann til að búa til óhugnanlegar skuggamyndir, kaupir sér byssusting í fornmunaverslun, henni til hrellingar, og lætur sig dreyma um að sýna henni gráðöddurnar sem allt iðar af í kringum ruslatunnuna fyrir utan sumarhúsið þar sem þau dvelja.

Gjáin milli þeirra fer breikkandi, Friðrik verður sífellt einrænni og undarlegri og Margrét dansar og duflar við annan mann á sveitaballi.

Sagan endar á því að Friðrik verður kófdrukkinn með hjólið sitt út í sjó og flest bendir til þess að hann nái ekki aftur landi, í einhverjum skilningi – kannski bókstaflegum.

Þótt ég hafi virst rekja þræðina í sögunum fjórum hér að ofan er það ekki rétt nema í mjög svo takmörkuðum skilningi. Ég tíndi til eitt og annað atriði sem mér þótti eftirminnilegt, en færi sjálfsagt létt með að lesa bókina aftur og gefa allt aðra lýsingu á henni sem væri þó ekki síður kórrétt og nákvæm.

Skrif Gyrðis eru eins og klettar í tunglskini eða skýjaður himinn þar sem kynjamyndir birtast og umbreytast í aðrar kynjamyndir. Mér leiddist því ekki að lesa Bréfbátarigninguna öðru sinni. Á tuttugu árum hafði hún breyst umtalsvert og þroskast með mér, auk þess sem ýmis smáatriði komu upp úr kafinu sem ég missti af á sínum tíma eða var búin að gleyma.

Takk fyrir mig.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Nýhil var heilmikill skóli

Kristín var ein af upphafsmann-eskjum Nýhil-skáldahópsins, sem braust fram með látum um miðjan þennan áratug. Hún segir gaman að hafa verið ungskáld þegar Nýhil var að komast í gang.

„Það var ákveðin samstaða þar, sem ég held að kynslóðirnar á undan hafi saknað. Það er erfitt að vera ungskáld; það bara býr í orðinu að vera ströggl og fyrir marga alls ekki auðveld ákvörðun að taka þessa stefnu í lífinu. Það er því afskaplega fallegt að geta gengið inn í félagsskap, þar sem maður lærir að taka gagnrýni, lærir að lesa yfir fyrir aðra og svo framvegis. Þetta var heilmikill skóli fyrir okkur sem tókum þátt í þessu. Ég er mjög ánægð með þróunina hjá Nýhil. Það er enn í fullu fjöri en það hafa orðið kynslóðaskipti og endurnýjun, sem er gott því þetta er félagsskapur sem á að tilheyra ungskáldum og ég vona að fái að vera áfram til.“

Kristín Eiríksdóttir Flestar sögurnar eru af ungu fólki á ákveðnum átakapunktum í lífi þeirra. Það á í erfiðleikum en það eru erfiðleikarnir sem við lærum að meta lífið í gegnum. Öllu jákvæðu fylgir eitthvað neikvætt og öfugt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

> En ég veit satt best að segja ekki hvernig ég ætti að svo stöddu að skrifa bók sem er ekki morbid. Það stafar sjálfsagt af því hvernig ég sé heiminn, það væri ekki heiðarlegt af mér að reyna að kreista fram brosandi kærleiksbirni.

aðra grein og er mjög fegin að hafa gert það.“

Betra að skrifa á ferðalögum

Sögusvið bókarinnar dreifist um hálfa heimsbyggðina; frá Kanada til Íslands til Kólumbíu til Istanbúl með viðkomu við Niagrafossa, á Gíbraltar, Spáni og víðar og byggist allt á flakki Kristínar undanfarin misseri.

„Ég hef verið á öllum stöðunum sem koma við sögu í bókinni, sumar sögurnar skrifaði ég jafnvel á viðkomandi stað. Mér finnst mjög auðvelt að skrifa þegar ég ferðast. Það er eins og athyglisgáfan skerpist þegar maður kemur á nýjan stað og er ekki eins blindur á menninguna og heima. Það er meira álag fyrir mig að skrifa um Ísland þegar ég er á Íslandi; maður er svo fljótur að verða innilokaður í menningunni og samdauna henni; maður fær aldrei þessa sömu skörpu sýn eins og ferðalangar sem koma hingað eða fólk sem flytur hingað og þarf að aðlagast. Í útlöndum öðlast maður þessa sýn og fær að upplifa samfélagið upp á nýtt.“

Erfiðleikar kenna okkur að meta lífið

Tónn bókarinnar er myrkur. Sögurnar tengjast ekki innbyrðis en umfjöllunarefnið er einatt hið sama: einmanaleiki, leitin að lífsfyllingu og tengslum við annað fólk.

„Merkilegt að þér skuli finnast tónninn myrkur því ég tók fimm sögur úr bókinni og skrifaði fimm nýjar til að létta hana,“ segir Kristín og hlær. „En sumar sögurnar fjalla beinlínis um þunglyndi og vanlíðan; að ná ekki sambandi við annað fólk, sökkva dýpra og dýpra inn í sjálfan sig og hvernig það bjagar sýn manns á annað fólk og umhverfið.

Auðvitað er margt gott í heiminum og að sama skapi held ég að það sé margt gott í bókinni. Flestar sögurnar eru af ungu fólki á ákveðnum átakapunktum í lífi þeirra. Það á í erfiðleikum en það eru erfiðleikarnir sem við lærum að meta lífið í gegnum. Öllu jákvæðu fylgir eitthvað neikvætt og öfugt. En ég veit satt best að segja ekki hvernig ég ætti að svo stöddu að skrifa bók sem er ekki *morbid*. Það stafar sjálfsagt af því hvernig ég sé heiminn, það væri ekki heiðarlegt af mér að reyna að kreista fram brosandi kærleiksbirni.“

Kláraði ekki grunnskólann

Undanfarin tvö og hálft ár hefur Kristín verið í MA-námi í myndlist í Montréal í Kanada. Skólaganga hennar hefur þó fjarri því verið hefðbundin. „Ég er með athyglisbrest og fannst óendanlega leiðinlegt í skóla. Ég hætti enda mjög snemma og lauk ekki einu sinni grunnskóla. Það stuðlaði aftur á móti enn frekar að því að ég leitaði í listirnar; ég hafði vissulega þessa innri hvöt, var listhneigð og svona, en á þessum tíma sótti ég í listirnar vegna þess að þær voru athvarf fyrir mig. Ég fann mér hjáleið inn í myndlistina, fór í listlýðháskóla í Svíþjóð og Danmörku og fékk sambærilega menntun og í menntaskóla, nema á sviði myndlistar. Þaðan lá leiðin síðan í Listaháskóla Íslands.“

Þótt hún hafi numið myndlist, segist Kristín alltaf hafa haft hvöt til að skrifa, þótt hún hafi ef til vill ekki alltaf gert sér grein fyrir því.

„Um daginn var ég að fara í gegnum gamlar teikningar frá því ég var barn og tók meðal annars eftir að á öllum myndunum voru talblöðrur. Teikningarnar voru ekki endilega upp á marga fiska en fólk var alltaf að tala saman á þeim, sem mögulega endurspeglaði kannski þörf mína til að segja sögur. Myndlistarmenntunin hefur hins vegar reynst mér afar dýrmæt við skriftirnar.“

Skólakerfið getur verið sálarmeiðandi

Spurð hvort hún sjái stundum eftir að hafa ekki gengið hinn hefðbundna menntaveg, svarar hún þvert nei.

„Ég hefði ekki getað það. Ég hafði ekki nægilegan áhuga á til dæmis raungreinum til að geta komið mér í gegnum þetta kerfi. Þegar ég var að alast upp voru þeir sem voru með athyglisbrest í svipaðri stöðu og lesblindir fyrir tuttugu til þrjátíu árum. Ef maður er með athyglisbrest getur maður ekki gert það sem maður hefur ekki áhuga á, það er hreinlega ekki hægt.

Ég leit alltaf á mig sem hálfgert fórnarlamb skólakerfisins, að það hafi hafnað mér með því að horfa ekki á það sem ég gat gert heldur einblína á það sem ég gat ekki. Síðan benti einhver mér á að þessu væri eiginlega öfugt farið; ég væri ekki fórnarlamb skólakerfisins heldur þeir sem þurftu að fylgja því alla leið til enda og hlýða því sem þeim var sagt að gera. Það getur verið svo sálarmeiðandi að þurfa alltaf að fara eftir settum reglum; að hafa einhverja hæfileika sem maður fær ekki að rækta því maður þarf alltaf að beygja sig undir eitthvað utanaðkomandi kerfi sem hvorki sér þig fyrir hvað þú ert né metur þig að verðleikum.“

Flakkið getur verið slítandi

Kristín er byrjuð á nýju ljóðahandriti og skrifar sögur sem enn er eftir að ákveða í hvers konar formi þær verða. Hún er flutt heim tímabundið en á von á því að vera farin af landi brott áður en um of langt líður og þráir ekki rótfestu.

„Rætur eru nauðsynlegar og ég á þær alveg hér. En ég held líka að þær séu eitthvað sem ber að varast. Maður getur svo auðveldlega orðið svo innilokaður og fátækur að innan í menningu sem maður þekkir jafn vel og sjálfan sig. Þegar maður finnur að það er byrjað að gerast er nauðsynlegt að breyta því. Og það er ekkert endilega gaman; það getur verið virkilegt púl og slítandi að vera alltaf á flakki. En það er samt þess virði að leggja það á sig.“

Strætókórinn, Borgarkórinn og Lúðrasveit Reykjavíkur taka höndum saman og halda aðventutónleika í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í dag klukkan 15. Kórarnir munu syngja ljúfa jólatónlist við léttan undirleik og er aðgangur ókeypis.

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Eirberg

Fjölnota nuddpúði

- Shiatsu nudd
- Infrarauður hiti
- Titringur
- Fjarstýring

Opið virka daga kl. 9 - 18
og á **laugardögum** kl. 11 - 16

Verð aðeins 17.950 krónur

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is



Sigga & Timo

GULLSMÍÐI

LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA AF FRÆGA FÓLKINU

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

visir.is

Eyþóri Inga reynist afar erfitt að hlusta á upptökur af sjálfum sér.

Desemberljóð



Eyþór Ingi fer beint úr jólabakstrinum á Dalvík til Siglufjarðar að skemmta á Allanum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ÖLLI

Síðan ég flutti suður hefur verið brjálað að gera fyrir norðan og ég er endalaust að fljúga,“ segir Eyþór Ingi Gunnlaugsson, sem hefur verið á stöðugum þeytingi milli landshluta í haust. Í gær kom hins vegar loks að því að hann sneri aftur á heimahagana á Dalvík með gítarinn og spilaði á veitingastaðnum Við höfnina. „Ég og bassafanturinn Beggi Kára komum fram og það var hörkustuð. Ég hef verið duglegur að fara heim til Dalvíkur milli sýninga á Rocky Horror með LA en þetta er í fyrsta skipti í langan tíma sem ég kem heim til að spila.“

Í kvöld heldur Eyþór svo til Siglufjarðar í sömu erindagjörðum, þar sem hann kemur fram á Allanum, en þess á milli ætlar hann að nýta helgina í að slappa af með fjölskyldunni. „Á Dalvík búa mamma og pabbi, afi og amma og bara allur pakkinn, nánast allir í sömu götunni. Þetta verður alveg jóla, jóla, förum í hinn fræga verslunarleiðangur, bökum jólasmákökurnar og slöppum svo af.“

Eyþór hefur nýlokið við gerð jólaplötu, Jólastjörnur, þar sem ýmsir tónlistamenn leiða saman hesta sína. „Þetta er samansafn af listamönnum sem flestir eru norðlenskir. Kata Árnadóttir, sem er frá Dalvík og er reyndar frænka mín, Bryndís Ásmunds, Rúnar F., Jana María sem hefur verið á Akureyri svo lengi að hún telur, Hvanndalsbræður og Andrea Gylfa syngur með líka.“

Eitt af lögum breiðskífunnar samdi Eyþór sjálfur, Desemberljóð, svo spurningin er hvort stolt móðir setji ekki plötuna á fóninn við smákökugerðina. „Það er ekkert sem kemur manni jafn mikið í jólagírinn og að skella plötu með sjálfum sér á,“ segir Eyþór kankvís og játar fúslega að honum reynist erfitt að hlusta á sjálfan sig. „Það hefur bara þau áhrif að ég fer að hlusta svo mikið, fer í vinnuna, og heyri kannski eitthvað sem enginn annar heyrir, sem fer ískyggilega í taugarnar á mér og þá er frekar ómögulegt að slappa af, þannig ég vona að mamma sleppi því.“ *tryggvi@frettabladid.is*

25% afsláttur af öllum jólavörum
aðeins í dag, laugardag!

Jólagjöfin fyrir þá sem þér þykir vænt um

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is

Dansleikhúsgjörningur fjöllistahópsins Skyr Lee Bob, Square Wunder Globe, fer fram í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, um helgina. Verkið er samstarfsverkefni Ernu Ómarsdóttur dansara, Guðna Gunnarssonar myndlistarmanns og Lieven Dousselaere tónlistarmanns. Það var nýverið frumsýnt á listahátíð í Frakklandi við góðar undirtektir.



„Allir sem koma hingað tala um að þetta sé bara eins og að vera kominn til útlanda, segir Sædís Bauer Halldórsdóttir," gullsmiður í verbúð 6.

Polaris indy xc 600, árg.99. Vel með farinn og í toppstandi. Staðsettur á austurlandi. Verð 375.000 kr. Uppl.í síma: 615 1023.

Bílar óskast

Óska eftir að kaupa Nissan Almera, sjsk., árg. ,01-'02. S. 564 2099 & 892 8290.

Óska eftir vel með förnum Suzuki Grand Vitara ,06-07. Óska einnig eftir CombiCamp tjaldvagni með fortj. Uppl. í S. 892 9662

ó/e toyota touring, skoða allt. verðhugmynd 100-150þús 7722358, 8205907

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

600þ. í pen. + VW polo ,99. Óska eftir Toyota Corolla eða samb.legum bíl. Uppl. í S. 897 1995

Óska eftir sparneytnum bíl á góðu verði, 200-900 þús. Má þarfnast lagfæringar. Stgr. í boði fyrir réttann bíl. S. 840 2611.

óska eftir sparneytnum þýskum eða japönskum fólksbíl, á ca. 200-500Þkr. S. 844 0478.

M.Benz C-180 Sport 11/2006 Ek.84 þkm. Leður, lúga, álf. Verð 3.350.- Skoðar skipti

Diesel.is
Kletthálsi 15, 110 Reykjavík
Sími: 578 5252
http://www.diesel.is

Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala í hjólum. Komdu við, láttu okkur ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

Harley-Davidson umboðið
Grensásvegi 16, 108 Reykjavík
Sími: 510 9090
http://www.harley-davidson.is

Lynx Rave ,06 ekinn 2.800 km. 144"belti verð kr. 1.090.00 raðnr. 130148

Arctic Cat M-8 árg. 2007. 141" Allur nýyfirfarinn. Tilboðsverð 1.190.000 kr. raðnr. 130150

K2M
Gleráreyrar 2, 600 Akureyri
Sími: 464 7960
Vantar vélsleða á skrá, mikil eftirspurn og sala.
http://www.k2m.is

SUZUKI BALENO WAGON 4WD GLX. Árgerð 1997, ekinn 210 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 350.000. Rnr.152564 Er á staðnum.

Höfðabílar
Fosshals 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
Óskum eftir bílum á staðinn og á skrá.
www.hofdabilar.is

Hummer H3 SUV, árg. 2006, ek. 16þús. km, sjálfsk, 33" dekk, 2x felgugangar, Off road pakki, Þetta er sá flottasti, einn með öllu og lítur út sem nýr!, Ásett verð aðeins 4990þús,kr, er á staðnum,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Jeppar

1.490.þ stgr
Til sölu TOYOTA LAND CRUISER VX 100 árg 07/2000 ek ca 230.þ v8 bensín ný skoðaður og ný smurður topp smurbók ásett verð 2.290.þ fæst á 1.490.þ stgr. Uppl í síma 896-5290

VOLVO XC90 2.990.þ
Til Sölu VOLVO XC90 T6 AWD árg 2003 ek 99.þ km einn með öllu topp eintak skoða skipti á ódýrari ásett verð aðeins 2.990.þ uppl. Í síma 896-5290

,92 módel. 38" breyttur. ekin 270 þús. hlutföll, læsingar ofl. Milljón stgr. Uppl. í s. 895 6076.

Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Til sölu Benz Atigo 815 Árg. ,05 Ek 220 þ. í góðu standi, stöðvaleyfi fylgir. möguleiki að yfirtaka lán. Uppl. í s. 899 6350.

Vörubílar

Óskar eftir vörubíl til kaups
Óska eftir 4öxla vörubíl, allt að 5milljónir, greiðist með bíl uppá 1400þús. og milligjöf stgr. Uppl. s. 772 2229 og 696 6676.

Húsbílar

Mótorhjól

Traillech mótorhjóla ljós Hjálmaljós, Tölvur og standarar.

AMG Aukaraf ehf, Dalbrekku 16, Kópavogi s: 585-0000, www.aukaraf.is

Óska eftir götu eða enduro hjóli (hvít númer) í skiptum fyrir kerru frá Víkurvögnum.Kína hjól afþökkuð. Uppl í s-822 8808 til kl 20.

Vespur

Rafvespurnar komnar!
Ný sending af rafvespum komnar. Sama verð og síðast. Verð 139.900kr.

City Runner ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum

Fjórhjól

Fjórhjólatöskur í miklu úrvali. Frábært verð og gæði í gegn. Hagkaup Garðabæ 563 5412.

Til sölu

Mercedes Bens E 200 Kompressor

Skráður 11.2006, ekinn 70 þús km.
Topplúga, 16 tommu álfelgur, rafmagn í rúðum, heilsársdekk, aðgerðastýri, viðarinnrétting, sjálfskiptur, o.fl.

Verð 3.950.000

Bílabúð Benna Notaðir bílar

Bílabúð Benna notaðir bílar - Bíldshöfða 10 - www.benni.is
S: 587 1000 - Opið í dag frá kl. 12 - 16

Uppboð

Fassi 235 XP árg.´05.

Þessi krani verður á bilauppbod.is til 13/12/10 Kraninn er staðsettur fyrir utan Krók, Suðurhrauni 3. Nánari upplýsingar á www.bilauppboð.is

Eigum til að á lagi reimar í flestar gerðir vélsleða og fjórhjóla. Einnig mikið úrval af aukahlutum. www.msport.is. Opið frá kl 17:30 - 20:00

Kerrur

Vinnsælu netakerrurnar komnar aftur á frábæru verði stutt kr 179,999 löng kr 229,999

Hagkaup, sími 563-5000.

HESTAKERRUR.
Nýjar og notaðar 3, 4 og 5 hesta kerrur. Íslensk framleiðsla Upplýsingar: 8941236 mosblikk@mosblikk.is

Pallhýsi

Fis Pallhýsi árgerð 2005 Verð 1500,000 Upplýsingar í síma 8221920

Tjaldvagnar

Óska eftir tjaldvagni með fortjaldi. Uppl í s. 860 7073

Bátar

Bílaþjónusta

PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-Lausnir ehf. 561-8373 www.dslausnir.is

Hjólbarðar

Erum með mikið úrval af notuðum dekkjum. Einnig ný dekk á góðum verðum. VAKA Sími: 567 6700.

Aukahlutir í bíla

Er með mjög fullkomnar nýjar tölvur til sölu til að bilanagreina bíla og þurrka villukóða út, mjög einfaldar í notkun og lesa yfir 124 kerfi. Tölvurnar greina allar gerðir bíla (japanska, evrópska, amerísk ofl.) þar á meðal VW, AUDI, skoda. Les og þurrkar út Airbak, Abs,Service ljós o.fl. sem aðrar tölvur gera ekki og er það ekki að ástæðulausu sem fyrirtæki og bílaumboð eru að versla þessar vélar. Einnig eru allar uppfærslur fríar frá framleiðanda eftir því hvaða tegundir koma á markað. Verð 52.000 m/Vsk, fleiri vörur er hægt að skoða inná http://www.bilaskannar.is Nánari upplýsingar í síma 867 2076 Gunnar

Varahlutir

Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Hringbraut.is Varahlutasala
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

Partabilar.is 770-6400 Lónsbraut 6 Haf.
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

ÞJÓNUSTA

Veitingastaðir

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

Pípulagnir

Faglærðir Píparar
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Sendibílaþjónusta

Alhliða flutningar: Búslóðir Húsgögn Píanó Raftæki Hljóðfæri Sorp. Erum alltaf við síman 561 3333

Hreingerningar

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

Tek að mér þrif í heimahúsum. Á allt til að þrífa. S. 696 8173.

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málingarþjónusta getur bætt við sig verkefnum. Tilboð eða tímavinna. A1 Málun S. 660 1787.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

Viðhalds Verk ehf

Húsaviðgerðir

Múrarar, málarar og smiðir með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

K2 NÁTTÚRUVÆN LOFTSTOKKAHREINSUN

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Jólatilboð

Gefðu þér og baðherberginu jólagjöf

Ódýr endurnýjun á baðherbergi með öllu allt að 6m². gólfflefti

Nýjum flísum á gólf og veggi, innréttingu,spegli með ljósi, wc og sturtubotni, sturtuklefa,blöndunartækjum og full máluð loft.

Allt innifalið rif og förgun á gamla baðherberginu

Aðeins kr. 500,000. og 60.000 kr. endurgreiðsla frá skatti samtals 440.000 kr. nýtt bað 6 dagar í vinnslu.

Fáðu uppl. S. 567 6699
kristjan@vidhald.is

Verklist

Smíðavinna – Pakviðgerðir
Pípulagnir – Stíflulosun
Múrviðgerðir – Flísalagnir
Málingavinna – Sprunguviðgerðir
Jarðvegsvinna – Hellulagnir
Trjáfellingar – Lóðavinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Upplýsingar í s. 820 8888

PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Selhellu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

Ég og Jói ehf. Getum bætt við okkur verkum. Öll almenn smíði, lítil sem stór verk. Tilboð eða tímavinna. 37 ára reynsla. Öll réttindi til staðar. Jóhannes Þ. Guðbjartsson. Byggingameistari GSM: 848-4031

Tölvur

ÓDÝRAR TÖLVUVIÐGERÐIR
start TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

tölvuhjálp!
Eitt ódýrasta tölvuverkstæði bæjarins
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr! án VSK
Windows lagfæringar, virushreinsanir, Mac/iPod viðgerðir
Ókeypis vírusvörn
Sími 588-9590/860-9970
www.tolvuhjalp.is
Vesturvör 32a Kópavogi
- Yfir 40 alþjóðlegar vottanir Frá Microsoft, Cisco, VMware, EMC, Dell ofl.
Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

Nudd

super women massage with two or four hands 6937597, Marja

EKKERT SEX NUDD / NO SEX MASSAGE

En skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Til sölu

Samasem
Blómaheildsala

Allar vörur til innpökkunar og skreytinga í miklu úrvali.

Eingöngu sala til fyrirtækja.
Grensásvegur 22-24 108 Reykjavik
S. 530 3500 samasem@samasem.is

Nudd í boði. S. 844 0253.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

THE BEST!!! TANTRIC LUXURY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME!! 8698602

THE BEST TANTRIC WHOLE BODY MESSAGE ON DOWN TOWN ANYTIME 24/7. S. 869 8602.

Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send af stað samdægurs sjá nánar á Blekhylki.is S. 517-0150 Fjarðargötu 11.

Partýbúðin, best geymda leyndarmál jólanna!

Frábært úrval JÓLAvara, margar gerðir af öllu eftirfarandi: Búningar fyrir börn og fullorðna, húfur, skegg, gleraugu, eyru, hanskar, skógjafir, hreindýrahorn, gervisnjór, gasblöðrur, veggskraut, loftskraut, hurðahengi, gluggaskreytingar, límmiðar, pokar, pakkakort, diskar, glös, servíettur, dúkar, skálar, bakkar, krúsir, borðskraut, bökunaráhöld, bökunarvörur, skrautkerti (200 gerðir), kertastjakar, reykelsi, o.fl. o.fl. Og að sjálfsögðu ALLT til áramótanna! Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534, opið alla daga.

Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Símaspá 859 9119
Bein miðlun frá þeim sem farnir eru.

Tarot og draumar.

Löng reynsla. Laufey miðill.
Opið frá kl. 20.00 - 24.00
visa/euro.

Spásími 908 6060
Tarot, miðlun, trúnaður, draumar.

Hvað viltu vita.
Opið frá 12-23 S. 894 9228
Steinunn visa/euro

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spái: í spil, bolla, lófa og rúnir. Kr. 4500. Tímapantanir í síma 845 8896.

KEYPT & SELT

Til sölu

Glæsilegt Bohemia kristall ljósakrónur, skartgripir og glös til sölu. Bohemia Kristall, Glæsibær s. 571 2300.

Ljósakrossar á leiði til sölu 12v-24v-32v og Rafhlöðukrossar. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.

Þjónusta

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og lau 10-16.

Eftir Valdimar Leifsson: Kvikmynd á DVD um gosið í Eyjafjallajökli Seld hjá Hagkaupum, pósthúsum í Cinema No 2 og á www.shopicelandic.com

Þjóðlagagítarpakki: kr:19.900,- Gítar,poki,ól,auka strengjasett,stilliflauta og kennsluforrit. Gítarinn ehf,Stórhöfði 27,S:552 2125 www.gitarinn.is,gitarinn@gitarinn.is

Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is

Fiskbúðir/mötuneyti

Til sölu vel kæst tindaskata roðflett og snyrt. Upplýsingar gefur Steinar S: 893-1802

Eins árs ónotuð GoChair rafskutla. Verð 250 þús. Uppl. í síma 615 1023.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Kaupi gull !

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

!!!Óskast keypt!!!

Hrærivél, þurrkari Óska eftir að kaupa notaða hrærivél og þurrkara, þurfa að vera í góðu lagi. Upplýsingar í síma 8225062

Kaupi gamla mynt, ísl. & erlenda brons, silfur og gullpeninga. Peningaseðla frímerki póstkort. Verðmet heil söfn. S. 615 2715.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Tónlist

Nýr geisladiskur með óperusöngkonunni Xu Wen kominn í verslanir. Tek einnig að mér söngkennslu. S. 690 8388. xuwen5168@yahoo.com

Tilboð

Fiska.is - Tangi
KOLAPORTINU
JÓLATILBOÐ

Risahörpudiskur frá 2890 kr/kg
Hörpudiskur – 2950 kr/kg
Tígrisrækjur frá 1890 kr/kg

Humar skelflettur – 3750 kr/kg
Humar skelbrot frá 1890 kr/kg
Saltsíld og kryddsöltuð síld – 699 kr/kg

Einfrystar stórar rækjur

Opið laugardag og sunnudag frá 11-17

Tölvur

Til sölu tölvuskápur (rack) á hjólum. Hæð 200 cm, dýpt 100 cm. Uppl. s. 772-2990

Vélar og verkfæri

Handlyftivagnar HYTSU 2500kg m/ hraðlyftu Verð:49.900 kr með VSK~~Sími: 5520110 www.pon.is~~

Verktakar vélamenn
Ég er að leita af fleyg á 9-10 tonna hjólavél Kommatsu. Nýlegum vel með farinn. Stgr. Uppl. í s. 895 6422.

Hitamyndavélar Laser hitamælar Röramyndavélar plastlagnaverkfæri Plastsuðuvélar www.stor.is

Til bygginga

PLANKA PARKET
Aðeins kr. 6.930
PARKET VERKSMIÐJAN
Síðumúla 31, Reykjavík
Símar: 581 2220 - 840 0470

Verslun

Í Gula Húsinu, vönduð og flott Saiko dömuúlpa á aðeins 7.990 krónur. Gula Húsið, Faxafeni 8.

Skemmtanir

IRISH PUB
UL Reykjavíkuvegur 60, Hafnfj. S. 555 0022
Irish pub w Hafnarfjordur zaprasza na polska zabawe w kazda sobote przy polskim zespole muzycznym "MAIC BAND"
Zaczynamy od 22:00 wstep wonly!!!
Promocja OD 22:00 DO 24:00
Piwo tylko po 650 iskr.
OD-22:00—DO-03:00

HEILSA

Heilsuvörur

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Perfekt whole body massage with two or four hands 693 7597.

Nudd
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

HEIMILIÐ

Barnagæsla

Barnagæsla í Garðabæ
Fjölskylda í Garðabæ óskar eftir aðstoð við barnagæslu (1.árs og 7.ára) og heimili minnsta kosti 3.daga í viku í janúar - maí. Viðkomandi þarf að vera barngóð og samviskusöm. Meðmæli óskast. Vinsamlegast sendið upplýsingar og ferilskrá á netfangið barnagaeslagbae@gmail.com

Dýrahald

Weimaraner tíkarhvolpur til sölu. Sérlega efnileg tík undan influttum meisturum. Verð 250þ. Nánari upplýsingar á www. weimaraner.is eða í síma 894 0067.

Hundagalleríið auglýsir
Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is
Hundaræktun með starfsleyfi.
S. 566 8417 Tökum visa/euro

Þessi dásamlegi Golden rakki er til sölu. Ættb. frá HRFÍ, örm. og bólus. Tilb. til afh. Uppl. í s. 692 4813.

Yndislegur dvergschnauzer hvolpur til sölu, HRFI ættbók. www.schnauzer.is 846 8171

Tvær gullfallegar svartar standard schnauzer tíkur með HRFÍ ættb. til sölu. Sprautaðar og m/líf-og sjúkd.trygg. Upplýs.: 862-6969.

Vantar þig pössun fyrir hundinn eða láta taka hann í göngutúr, hafðu þá samband í s. 777 5558

Maine coon kettlingur til sölu uppl sími 567 3304.

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Meðleigjandi að einbýlishúsi óskast frá áramótum! Hvannalundur 10 í Garðabæ. Uppl. síma: 8482023

Til leigu

Til Leigu.
Skrifstofuhúsnæði Síðumúli 23

Til leigu, verslunarhúsnæði, skrifstofuhúsnæði og iðnaðarhúsnæði alls 1.689 fm. Húsnæðið er laust til afhendingar frá og með júlí 2011. Upplýsingar í síma 696 1001.

Húsnæði í boði

GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM
Dags, viku og mánaðarleiga.
GISTIHÚSIÐ EGILSBORG
sími 896 4661

www.leiguherbergi.is
1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðgangur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.
Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Stór 4 herb. íb. í mosó, á annari hæð laus til langtíma leigu v.140þ.á mán uppl. 862 9670.

Góð 2.herb risíbúð í hverfi 108, laus nú þegar. Upplýsingar á opp@simnet.is

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Þvottav., internet ofl. Uppl. s. 695 1918

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Björt og rúmgóð 80 fm íbúð á sv. 220 til leigu. Laus nú þegar. Uppl. í s. 698 9485.

Herb. miðb. rvk, húsg. fylgja. Verð 40 þús. S. 895 0482.

2 herb. björt og falleg íb. til leigu í jan. og feb. m/ húsgögnum. Sv. 108. Uppl. á aslaug@internet.is og 694 8475

Til leigu 2ja herb. ný uppgerð í norðurbæ Hfj. Neðri hæð í einbýli. Leigist reglusömum einstakling eða pari. S. 840 2611.

Nýleg 100 fm. íbúð í 105 Rvk. Laus 1. feb. Leigist með eða án húsgagna. kristinn@krark.is

Dags eða vikuleiga. Fullbúin 2ja herb. íbúð, sv. 225. V. 50 þús. vikan eða 8.500 kr. dagurinn. S. 690 9067.

Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð í Vallarhverfinu í Hfj. S. 895 2220.

Reglusamt par utan af landi óskar eftir leiguíbúð nálægt HÍ frá og með jan. Jónas 8662038

Reglusöm fjölskylda (hjón með barn) óska eftir 3ja.herb íbúð í 105 Rvk til langtímaleigu. Uppl í s. 864 6576

Einstæð móðir m. 4 ára dóttur óskar eftir 2 - 3 herb. íb í RVK er í námi og vinnu. Reyklaus og skilvísar greiðslur uppl: 8473558

Óska eftir 4 herb leiguíb í 200 Kóp. Uppl. í 858 8265

Vantar iðnaðarhúsn., 60-100 fm. Nauðsl. að hafa innkeyrsludyr. Sími 868 4029 & 898 4110.

Sumarbústaðir

150fm sumarhús til leigu í Grímsnesi!
Heitur pottur og sauna. 3500kr nóttinn á mann miðað við 10manns. Laust næstu helgar og um jól og áramót. Uppl. í s. 898 1598.

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymsluhús.is
Innri Njarðvík,fellih,tjaldv,bílar ofl. ATH!gott verð!! Ekki seinna vænna en koma verðmætum í skjól!! Ennþá nokkur pláss laus. 770-5144 og 857-3609

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Gisting

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta

ATVINNA

Atvinna í boði

hár expo

Hársnyrtir sveinn/meistari óskast á Hár Expo núna eða á nýju ári, áhugasamir hafi samband við Gústu í síma 8918922 www.harexpo.is

Börn og unglinga vantar til sölustarfa fram að jólum. Uppl. í s. 867 6535 & 892 9103, Bókakjallarinn í Brynjuportinu.

Stella - Bankastræti
Óskar eftir starfskrafti til jóla, lágmarksaldur 18 ár. Umsóknir ásamt mynd sendist á stella@stella.is

Stella - Bankastræti
Óskar eftir starfskrafti til jóla, lágmarksaldur 18 ár. Umsóknir ásamt mynd sendist á stella@stella.is

Atvinna óskast

Vantar þig aðstoð við heimilið kannski þrif fyrir jólin. Uppl í s. 777 5558

TILKYNNINGAR

Einkamál

Stefnumót.is Vandaður gjaldfrjáls vefur fyrir einhleypt fólk. Frítt textaspjall, frítt vídeóspjall.

Spjalldömur 908 5500
Erum við meira enn áður.

Kona, leitar þú ævintýra? Nýttu þér ókeypis þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót til að kynnast karlmanni við hæfi. Þú auglýsir frítt í síma 555-4321.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir.is
Meiri Vísir.

Upplestur og ljúfir tónar í Laugardal

Guðrún Helgadóttir les upp úr nýjustu bók sinni, Lítil saga um latan unga.

Helgin verður viðburðarík í Café Flóru í Grasagarðinum í Laugardal, þar sem meðal annars verður boðið upp á ljúfa tóna og upplestur úr nýjum bókum.

Jólabasar verður á kaffihúsinu báða dagana milli klukkan 13 til 18 og alls kyns skemmtilegir gestir kíkja í heimsókn. Skólahljómsveit Austurbæjar leikur fyrir gesti í dag klukkan 14.30 og aftur klukkan 16 og rithöfundurinn Guðrún Helgadóttir les upp úr nýjustu bók sinni, Lítil saga um latan unga, klukkan 15.30.

Á morgun slær gítarleikarinn Enrique Canales Fuentes gítarleikari á strengi klukkan 16 og hálftíma síðar les Helga Thorberg upp úr bók sinni, Loksins sexbomba á sextugsaldri. Þá mun Nikulás Magnússon harmóníkuleikari þenja nikkuna.

Loks má geta að gestum og gangandi býðst að föndra origami-verk og skreyta tré til styrktar Umhyggju, félagi langveikra barna.

Lagersala á bókum í safnbúðinni

Safnbúð Listasafns Íslands er með fjölda listmuna, hönnunarvöru og bækur til sölu.

Listasafn Íslands hefur í gegnum tíðina gefið út fjölda bóka, tugi veggspjalda og um 200 listaverkakort af verkum úr safneign sem eru til sölu í safnbúð. Þar er líka til sölu íslensk hönnunarvara og listmunir og listræn gjafavara frá Metropolitan Museum of Art og MoMa í New York.

Þess má geta að um þessar mundir stendur yfir lagersala í safnbúðinni þar sem hægt er að kaupa listaverkabækur, gjafakort og plaköt á afslætti. Verslunin er á jarðhæð safnsins við Fríkirkjuveg. Hún er opin alla daga

Í Listasafni Íslands er að finna safnbúð með listmuni, listaverkabækur og fleira.

milli klukkan 11 til 17, nema á mánudögum. Nánari upplýsingar er að finna á www.listasafn.is

BUBBI MORTHENS
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR 2010
Í HÁSKÓLABÍÓI
MIÐASALA ER HAFIN Á MIDI.IS.
prime BYLGJAN 989

20% jólaafsláttur
af öllum vörum laugardag og sunnudag
Lugtir nú frá kr. 3190,-

Vindhanar kr . 7920,-
Ávaxtaskálar kr. 2390,-
Parakönnur kr. 2150,-

Fyrir bústaðinn og heimilið
Opið: má-fö. 12:30 -18:00, lau. 11-16 og sunnudag 12. des. 13-16
Dalvegi 16a, Rauðu mársteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland
Nóra

KINAHOFID
Tilboð
Núðlur með grænmeti
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu
Nautakjöt með grænmeti í ostrusósu
Kjúklingur og grænmeti í sataysósu
Allt þetta fyrir 1.590 kr á mann
Tekið heim 1.450 kr á mann
www.kinahofid.is
NYBYLAVEGUR 20 200 KOPAVOGUR SIMI 554 5022

MABEF
Ný sending af trönum - mikið úrval.
20% afsláttur af öllum trönum til jóla.

M13
* kr. 15.752,-

M20
* kr. 12.121,-

M04
* kr. 108.529,-

M11
* kr. 19.080,-

M09
* kr. .27.364,-

M14
* kr. 7.240,-

M24
* kr. 18.324,-

* verð með 20% afslætti
JÁRN&GLER
LISTALAGERINN
Skútuvogur 1h (Barkarvogsmegin) - 104 Rvk.
S: 5858908 - egill@jarngler.is - www.jarngler.is

Einbýli óskast

Fyrirtæki á höfðuborgarsvæðinu óskar eftir því að leigja einbýlishús fyrir erlendan starfsmann og fjölskyldu hans í tvö ár. Leitað er eftir einbýlishúsum með garði og í barnvænu umhverfi.

Nánari upplýsingar veitir Guðný í 864-1790.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir.is

Meiri Vísir.

MIKLABORG - *ÖRUGG SALA* - MIKLABORG - *ÖRUGG SALA*

FASTEIGNASALAN

MIKLABORG

569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

Einbýlishús óskast til leigu!

Starfsmaður alþjóðastofnunnar og fjölskylda leitar að einbýli eða stórri hæð

Leigutími er eitt ár frá og með byrjun árs 2011. 4-5 svefnherbergi. Staðsetning á svæði 101, 107 og 170.

Skilyrði er um gott aðgengi á jarðhæð með a.m.k. 1 svefnherbergi.

Leigufjárhæð allt að kr. 450.000.-

Nánari upplýsingar veitir Óskar R. Harðarson löggiltur fasteignasali í síma 661-2100.

Verslunarhúsnæði / byggingartækifæri á Laugavegi 12b

Ísar Nói ehf. hefur falið Atvinnueignum að leita eftir tilboðum í fasteignina Laugavegur 12b.

Laugavegur 12b – Samþykkt deiliskipulag
Samþykkt deiliskipulag frá fyrir reitinn gerir ráð fyrir auknu byggingarmagni frá því sem nú er. Deiliskipulag gerir ráð fyrir að Laugavegur 12b víki, bæði fram- og bakhús. Þess í stað rísi á lóðinni þriggja hæða bygging með kjallara og risi/valma. Leyfilegt byggingarmagn er 708 fm. Hægt er að skoða samþykkt deiliskipulag með því að hala niður skv. neðangreindu: http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skipbygg/skipulagsm_l/samthykkt_2003/Reitur_1.171.4.pdf

Laugavegur 12b – Núverandi húsnæði
Húsnæðið er skráð 280,2 fm. Húsnæðið skiptist í tvær verslanir á jarðhæð, um 60 fm. og 80 fm., íbúð á 2. hæð 94 fm. og geymslu á lóð um 25 fm. Húsið er allt í útleigu í dag.

Lóðin er eignarlóð.

Laugavegur 12b – Félag eða fasteign
Seljandinn býðst til að selja félagið Laugaveg 12b ehf. en eina eign þess er fasteignin að Laugavegi 12b. Félagið er þá til sölu með áhvílandi lánum. Seljandi getur einnig selt fasteignina Laugaveg 12b beint.

Söluferlið
Söluferlið er opið öllum áhugsömum fjárfestum. Gert er ráð fyrir að eigið fé sé að lágmarki 20% af heildarfjárfestingunni. Seljandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum tilboðum. Eignin verður sýnd í samráði við Magnús Kristinsson, löggiltan fasteignasala á tímabilinu 13. til 16. desember 2010. Tilboðum skal skilað eigi síðar en föstudaginn 17. desember kl 16:00. Öll tilboð skulu gilda til 20. desember 2010 kl 12:00.

Frekari upplýsingar um eignina og söluferlið veita starfsmenn Atvinnueigna í síma 534-1020.

Magnús Kristinsson
verkfræðingur
löggiltur leigumiðlari
löggiltur fasteigna- og fyrirtækjasali
s.534-1025 gsm. 861-0511
magnus@atvinnueignir.is

Helgi Bjarnason
viðskiptafræðingur, MBA
löggiltur leigumiðlari
löggiltur fasteigna- og fyrirtækjasali
s.534-1022
helgi@atvinnueignir.is

Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

ASBYRGI ehf
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Sími 568 2444
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík

OPIÐ HÚS Á MORGUN SUNNUDAG FRÁ KL. 13.30 TIL 15.00 AÐ

BÓLSTAÐARHLÍÐ 45, RVK, ÍBÚÐ 0702

Vorum að fá í einkasölu 3ja herb. 85,4 fm.mjög góða þjónustuíbúð á efstu hæð í húsi Aldraðra við Bólstaðarhlíð. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, eldhús, baðherbergi og góða stofa. Stórar svalir. Geymsla innan íbúðar. Frábært útsýni er úr íbúðinn til norðurs, austurs og suðurs. Á jarðhæð er þjónustusel á vegur Reykjavíkurborgar. Kvöð eru um að íbúðar séu 60 ára og eldri. Íbúðin er laus strax.

Allar uppl. veitir Ingileifur Einarsson lögg. fasteignasali s. 8941448

BÚSETI™
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

Búseti hsf. • Skeifan 19, 108 Reykjavík • Sími: 520 5788 • Fax: 533 5749 • www.buseti.is

Íbúðir í fyrstu auglýsingu - umsóknarfrestur til og með 14. desember og úthlutun þann 15. desember nk.

Breiðavík 7-9

Garðhús 6

Miðholt 5

Trönuhjalli 17

Lerkigrund 5-7 - Akranesi

Staður	Íbúð nr.	Fm	Fj.herb	Búseturéttur hámark	Búseturéttur lágmark	Búsetugjald	Tegund láns	Afhending/losnar að ósk eiganda
Reykjavík								
Breiðavík 7	204	61,3	2	1.458.247	947.681	78.077	Almenn lán	í janúar 2011
Laugavegur 135	102	51,0	2	1.857.265	1.133.272	74.342	Almenn lán	Sem fyrst
Garðhús 6	302	115,2	4	2.862.954	2.862.954	97.472	Lán með tekjumarki	Byrjun mars 2011
Hafnarfjörður								
Miðholt 5	301	102,3	4	2.082.215	1.245.345	85.288	Lán með tekjumarki	Lok janúar 2011
Kópavogur								
Trönuhjalli 17	102	87,0	3	2.749.842	2.749.842	75.454	Lán með tekjumarki	Byrjun janúar 2011
Akranes								
Lerkigrund 5	201	80,0	3	1.901.841	1.186.503	67.068	Lán með tekjumarki	Sem fyrst
Lerkigrund 5	302	94,0	4	2.185.678	1.403.669	76.558	Lán með tekjumarki	Sem fyrst

- Valkostur á húsnæðismarkaði opinn fyrir alla
- Möguleiki á láni fyrir allt að helmingi lágmarks búseturéttar
- Veitir ýmist rétt til vaxtabóta eða húsaleigubóta
- Mánaðarlegt búsetugjald innifelur heildarhúsnæðiskostnað fyrir utan eigin rafmagnsnotkun

Búseti býður uppá rúmlega 700 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu þar sem áhersla er lögð á þjónustu og öryggi. Félagið er sjálfstætt, óháð og opið öllum. Félagið er rekið án hagnaðarsjónarmiða í þágu félagsmanna og íbúa með langtíma-sjónarmið að leiðarljósi.

Bjóðum bæði uppá búsetu-réttaríbúðir og almennar leiguíbúðir

Fasteignaeigendur ! höfum áhuga á að kaupa heilu fjölbýlishúsin, ekki stakar íbúðir.



Samkvæmt þjónustukönnun Capacent mæla 94% íbúa með félaginu við vini og fjölskyldumeðlimi.

www.búseti.is

Fyrirvari um mögulegar prentvillur og breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum félagsins og reglum.

Cucu 70x35 cm í lökkuðu stáli: 24.900 kr.

Bjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

Opið alla virka daga frá 11–18 og laugardaga 11–16.

PIPAR/TBWA • SÍA • 103042

Engin áhöld um það!

Undir 3.000,-

2.450,-

Undir 5.000,-

4.990,-

Undir 10.000,-

6.950,-

» Í vefversluninni okkar, kokka.is, getur þú skoðað og keypt gjafir fyrir alla – hvort sem þeir eru nýbyrjaðir að búa eða eiga allt. Gjafirnar eru flokkaðar eftir þema og verði og einnig er hægt að kaupa gjafabréf. Ef þú átt góðan sófa er upplagt að nota hann til að kaupa jólagjafirnar! www.kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 | opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.is • SÍA

Ferðalag inn í hliðarveruleika

HYMNODIA SACRA

Kammerkórinn Carmina undir stjórn Árna Heimis Ingólfssonar

★★★★

Ég fékk einu sinni martröð eftir að hafa farið í Þjóðminjasafnið. Það var þegar ég var lítill, en þá var stemningin á safninu drungalegri en nú. Gamla Ísland var virkilega óhugnanlegt.

Annað andrúmsloft ríkir þar nú. Léttleiki og birta er hvarvetna. Ömurleg fortíðin er orðin spennandi. Safnið fór í andlitslyftingu fyrir nokkrum árum. Sumum fannst gengið of langt í að sveipa fortíðina ævintýraljóma og að poppa hana upp. Ég man ekki betur en að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, hafi verið gagnrýnd fyrir að vera í þjóðbúningi án skotthúfu á opnunardegi safnsins. Annar starfsmaður var líka snupraður fyrir að vera í upphlut yfir nútímalegum kjól.

Kannski má túlka nýja geislaplötu kammerkórsins Carminu sem ámóta tilraun til að draga úr því hallærislega í fortíð þjóðarinnar. Geislaplatan ber heitið Hymnodia sacra. Á honum hljómar stór hluti söngbókar frá 18. öld. Bókin var tekin saman af séra Guðmundi Högnasyni. Hún inniheldur sálma sem lengi hafa fylgt Íslendingum í gegnum aldirnar, en eru að mestu gleymdir í dag. Söngurinn er ekkert baðstofugaul, spileríið ekkert langspilsglamur. Þarna er hámenntaður kór og fingrafimir hljóðfæraleikarar. Rétt eins og eftir andlitslyftingu Þjóðminjasafnsins er kórinn í upphlut. Kjólarnir undir upphlutnum eru hinsvegar beint úr Vogue – í óeiginlegri merkingu.

Í ákveðnum skilningi er söngurinn á geislaplötunni alltof agaður og blæbrigðaríkur, hljóðfæraleikurinn alveg fáránlega glæsilegur. Jafnvel í margradda útfærslum. Varla eins og hann tíðkaðist á Íslandi í fyrndinni.

Ef til vill hefði verið heppilegra að sleppa hljóðfæraleiknum. Syngja bara, helst eins og í gamla daga. Ég er þó hálfhræddur um að útkoman hefði orðið býsna einsleit. Hljóðfæraleikurinn kryddar tónlistina og gefur henni betri fókus. Hann afmarkar raddirnar á skemmtilegan hátt og setur sönginn í stærra samhengi evrópskrar tónlistarhefðar. Íslenskur söngarfur er mátaður við tónlistarsögu meginlandsins og það kemur fallega út, burtséð frá því hvað er sagnfræðilega rétt. Maður ferðast ekki til fortíðarinnar í tímavél hér, þetta er ferðalag í aðra vídd, hliðarveruleika, Ísland eins og það hefði getað verið ef aðstæður hefðu verið betri.

Hvort sem manni finnst svona framsetning á gömlum íslenskum lögum spennandi eða ekki þá er ljóst að þetta er áhugaverð plata. Útsetningarnar, m.a. eftir kórstjórann, Árna Heimi Ingólfsson, eru smekklegar og fullar af músíklegu innsæi. Þær gefa manni nýja sýn á íslenska sönghefð. Og hún var a.m.k. lífleg í hundruð ára, þótt hljóðfæraleikurinn hafi varla verið fyrir hendi.

Kápan, sem var hönnuð af Brynju Baldursdóttur, er í stíl við þetta allt saman. Framan á plötunni er látlaus nærmynd af gamalli skrautermi. Það er táknrænt. Þrátt fyrir fiðluleysi var fegurðin til staðar á Íslandi í fyrndinni – og hún er til staðar hér.

Jónas Sen

Niðurstaða: Áhugaverð tilraun til að máta íslenskan söngarf við evrópska tónlistarhefð. Glæsilegur söngur og hljóðfæraleikur.

Eitthvað sem við vissum ekki

ANDLIT

Ljósmyndari: Jónatan Grétarsson. Höfundur ljóða: Guðmundur Andri Thorsson. Umbrot: Ámundi.

★★★★

Út er komin bókin *Andlit* með ljósmyndum eftir Jónatan Grétarsson, ljóðum eftir Guðmund Andra Thorsson og um hönnun sér Ámundi, en óhætt er að segja að bókin sé sameiginlegt sköpunarverk þeirra þriggja.

Andlit geymir fjölda mynda af mörgum helstu listamönnum landsins úr öllum listgreinum. Myndirnar eru flestar svarthvítar eða á brúntónaskala, en inn á milli er brotið upp með litríkum myndum af leikurum í hlutverki, stundum ófrýnilegum. Að því að mér telst til eru 24 ljóð eftir Guðmund Andra í bókinni. Þar er aftur varpað upp mynd, í orðum. Hönnun Ámunda setur síðan myndirnar fram án kynningar, myndir fylla út í síður og andlit fylla út í myndir. Aftast eru handhægar opnur þar sem á fljótlegan máta er hægt að glöggva sig á hver er hver. Á þennan hátt hefur ljósmyndin yfirhöndina, en á móti kemur að það er dálítið ergilegt þegar maður kemur viðkomandi ekki fyrir sig og þarf að kíkja aftast til að átta sig.

Portrettljósmyndir eiga sér langa og mikla hefð. Svarthvít portrett ekki síst, og portrett af eldri, rúnum ristum listamönnum eru þar ekki ný af nálinni. Nefna má frægar ljósmyndir eins þekktasta portrettljósmyndara sögunnar, Yousuf Karsh, sem m.a. myndaði Ernest Hemingway og Albert Einstein. Á níunda áratugnum gerði Jim Smart flottar myndir af íslenskum listamönnum, einnig svarthvítar. En Jónatan er ekki að reyna að finna upp hjólið eða vera frumlegur, heldur gengur meðvitað inn í þessa hefð og vinnur með möguleikana sem hún býður upp á.

Það tekst bara býsna vel. Þegar fljótt er á litið er helsta hætta bókarinnar þó sú að aðferðin og lýsingin beri myndirnar kannski svolítið ofurliði. Dramað í nálguninni er þó nokkuð og við fyrstu sýn virðist ímynd listamannsins birtast á nær klisjukenndan hátt: listamaðurinn sem eldri karlmaður og lífsreyndur, rúnum ristur eftir átök sköpunarinnar.

En bíðum við. Vissulega eru karlmenn hér í meirihluta og myndheimurinn er allur svolítið dimmur og drungalegur, en hér eru líka margir á unga aldri. Konurnar meira að segja þó nokkrar og einnig bæði ungar og gamlar. Þegar nánar er að gáð birtist síðan á nokkuð óvæntan hátt persóna listamannanna, en Jónatan nær á mörgum mynda sinna að fanga eitthvað sem alla jafna er hulið. Hann fangar einhvern kjarna, eitthvað í fikti handanna, stellingunni, munnsvip eða augnaráði og afhjúpar viðfangsefni sitt á óvæntan hátt, alltaf af virðingu. Það er vel gert.

Og ekki síst er það framlag Guðmundar Andra sem grípur lesandann. Andri fangar persónur með glæsibrag, af þeim léttleika og hlýju sem honum einum er lagið. Ljóð hans um föður sinn Thor segir meira en þúsund myndir. Ekki bara um Thor, heldur líka um skáldskapinn, lífið og listina að lifa og vera. Ljóð Guðmundar Andra ljá bókinni aðra vídd, opna myndheiminn, segja okkur eitthvað meira, eitthvað sem við vissum ekki.

Ragna Sigurðardóttir

Hnotskurn: Ljósmyndir og ljóð draga upp óvæntar og heillandi svipmyndir af þekktum listamönnum og persónum í samfélaginu. Forvitnileg bók sem maður sækir í aftur og aftur.

Veljum íslenskt

HÖFUM FRAMLEITT SPRINGDÝNUR SAMFLEYTT, LENGUR EN NOKKUR ANNAR Á ÍSLANDI.

RÚM

Stofnað 1943

Opið virka daga 9–18. Laugardaga 10–16. Sunnudaga 13–16.

RB-rúm | Dalshrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími 555 0397 | rbrum@rbrum.is | www.rbrum.is

LEIKSTJÓRARNIR

LÉR: Leikstjóri sýningar Þjóðleikhússins á Lé konungi, Benedict Andrews, er einn eftirsóttasti leikstjóri sinnar kynslóðar í heiminum í dag og hefur leikstýrt í mörgum virtum leikhúsum, bæði í heimalandi sínu Ástralíu og í Evrópu. Hann hefur meðal annars leikstýrt fjölda sýninga hjá hinu rómaða leikhúsi Schaubühne í Berlín. Hann hlaut fyrr á þessu ári helstu leiklistarverðlaun Ástralíu fyrir sýningu byggða á leikritum Shakespeares um Rósastríðin, með Cate Blanchett í aðalhlutverki.

OFVIÐRIÐ: Litháinn Oskaras Koršunovas, leikstjóri Ofviðrisins, hefur verið í hópi fremstu leikstjóra Evrópu síðustu ár og er auk þess leikhússtjóri Borgarleikhússins í Vilníus. Hann hefur sett upp kraftmiklar sýningar klassískra verka og eftirtektarverðar uppsetningar á nútímaverkum. Koršunovas hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín, meðal annars evrópsku leiklistarverðlaunin. Uppfærsla Koršunovas á Rómeó og Júlíu var á dagskrá Listahátíðar í vor og vakti mikla hrifningu.

Ingvar E. Sigurðsson í hlutverki Prosperos í Ofviðrinu.

SHAKESPEARE í gleði og harmi

Jólasýningar stóru leikhúsanna eru báðar sóttar í smiðju Williams Shakespeare. Borgarleikhúsið sýnir gleðileikinn Ofviðrið og Þjóðleikhúsið harmleikinn Lé konung. Bæði verkin eru í nýjum þýðingum og leikstýrt af erlendum leikstjórum.

LEIKLIST FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR

Borgarleikhúsið sýnir gleðileikinn Ofviðrið og Þjóðleikhúsið harmleikinn Lé konung. Bæði verkin eru í nýjum þýðingum og leikstýrt af erlendum leikstjórum. Ingvar E. Sigurðsson leikur Prospero í Ofviðrinu og Arnar Jónsson leikur Lé konung. Frumsamin tónlist eftir ungt tónlistarfólk er í báðum sýningunum.

Jólasýning Borgarleikhússins, Ofviðrið, verður frumsýnd á Stóra sviðinu miðvikudaginn 29. desember. Verkið er síðasta leikrit Shakespeares, gleðileikur uppfullur af húmor, ást og krafti. Leikrit sem fjallar um fegurðina í dyggðinni og hina nauðsynlegu fyrirgefningu eftir áföll.

Uppfærslan státar af mörgum ástsælustu leikurum þjóðarinnar, Íslenska dansflokknum og einum fremsta leikstjóra heims Oskaras Koršunovas. Ingvar E. Sigurðsson leikur hinn aldna Prospero, Lára Jóhanna Jónsdóttir leikur dóttur hans, Kaliban er leikinn af Hilmi Snæ Guðnasyni og Kristín Þóra Haraldsdóttir leikur Ariel. Leikmynd hannar Vytautas Narbutas, Filippía I. Elísdóttir sér um búninga og Björn Bergsteinn lýsingu. Tónlistina semur Högni Egilsson og danshöfundur er Katrín Hall. Alls taka tólf leikarar og átta dansarar þátt í sýningunni. Þýðinguna gerði Sölvi Björn Sigurðsson.

Lér konungur er jólasýning Þjóðleikhússins og verður frumsýningin 26. desember.

Lér er sígildur harmleikur sem veitir innsýn í heim hinna valdaþyrstu, blekkingar þeirra og klæki. Verk sem tekur á viðkvæmum málum eins og átökum kynslóðanna, drambinu, blindunni, brjálseminni og því að missa allt.

Leikstjóri verksins er Benedict Andrews, einn eftirsóttasti leikstjórinn af yngri kynslóðinni í leikhúsheiminum í dag. Það er Arnar Jónsson sem leikur titilhlutverkið en Álfrún Helga Örnólfsdóttir leikur Kordelíu, dóttur hans. Aðrir leikarar eru Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Eggert Þorleifsson, Hannes Óli Ágústsson, Hilmir Jensson, Margrét Vilhjálmsdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Ólafur Egill Egilsson, Pálmi Gestsson, Stefán Hallur Stefánsson og Vigdís Hrefna Pálsdóttir. Tónlistina semur Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir og BJ Nielsen, leikmynd gerir Börkur Jónsson, Helga I. Stefánsdóttir hannar búninga og Halldór Örn Óskarsson sér um lýsingu.

UNGSTIRNI SEMJA TÓNLISTINA

Hildur Ingveldardóttir Guðnadóttir, sellóleikari sem meðal annars var í Múm, semur tónlistina við Lé konung. Hildur er rísandi stjarna sem er að slá í gegn á alþjóðavettvangi og var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem besti flytjandinn og fyrir plötu ársins á síðasta ári.

Högna Egilsson, söngvara Hjaltalín, sem semur tónlistina við Ofviðrið, ætti að vera óþarfi að kynna. Hann hefur verið einn vinsælasti tónlistarmaður landsins undanfarin ár og plata hljómsveitarinnar, Terminal, fékk Íslensku tónlistarverðlaunin sem besta poppplata ársins 2009.



Arnar Jónsson er Lér konungur.

JS Watch co.
REYKJAVIK

www.jswatch.com / www.gilbert.is

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

AÐ TJALDABAKI

Sigrún Eldjárn er tilnefnd af Íslands hálfu til sænsku Alma-verðlaunanna í ár, en til þeirra var stofnað í minningu Astridar Lindgren árið 2002. Sigrún er tilnefnd fyrir höfundarverk sitt sem rithöfundur og myndskreytir. 175 aðilar frá 62 löndum eru tilnefndir til verðlaunanna í ár, þar á meðal heimsþekktir höfundar á borð við Bretana Neil Gaiman, höfund Kóralínu, og Mary Hoffman, höfund Stravaganza-bókanna, Tilkynnt verður hver hlýtur hnossið hinn 29. mars næstkomandi. Sigrún er með tvær bækur þessi bókajól; annars vegar Forngripasafnið og hins vegar Árstíðirnar sem hún sendir frá sér ásamt Þórarni bróður sínum.

Þriðja tölublað bókmenntatímaritsins Spássíunnar kom út í gær. Að þessu sinni er obbi blaðsins helgaður glæpasögunni og spurt hvort hún hafi stolið senunni á Íslandi. Ævar Örn Jósepsson blæs á það í viðtali við blaðið. „Krimmarnir eru aðeins brot af þeim skáldskap sem kemur út á hverju ári," segir hann. „Það er metútgáfa af skáldskap fyrir þessi jól en engin metútgáfa af krimmum. Ég hef aldrei skilið þetta væl. Hvar er glæpurinn?"

Himnaríki og helvíti, skáldsaga Jóns Kalmans Stefánssonar, fær góða dóma Noregi. Norska dagblaðið Dagbladet segir Himmelrike og helvete, eins og hún heitir upp á norsku, eina af bestu bókum ársins og líkir Jóni Kalman við höfunda á borð við Knut Hamsun og Herman Melville.

Jóladagskrá í IÐU

IÐA

kr. 1.990
~~2.495~~

- Ellen Kristjánsdóttir ásamt Pétri Hallgrímssyni kynna nýja diskinn sinn "Let me be there" laugard. 11. des. kl. 17 og sunnud. 12. des. kl. 17
- Kvennakór Reykjavíkur syngur nokkur lög laugard. 11. des. kl. 16
- Leikhópurinn VINIR sýnir leikritið "Strákurinn sem týndi jólunum" laugardaginn 11. des. milli kl. 14 og 16 og kynnir nýútkomnar jólabækur sem byggðar eru á samnefndu leikverki.

Allir velkomnir!

Alla daga fram að jólum munu Sólheimar vera með markað í IÐU frá kl. 13 til 18

Allar JÓLABÆKUR á kynningarverði í IÐU



kr. 4.390
~~5.990~~

kr. 3.990
~~5.690~~



kr. 3.990
~~5.690~~



kr. 3.990
~~5.690~~

kr. 3.990
~~5.490~~

kr. 3,995
~~5.690~~

kr. 2.390
~~3.290~~



kr. 2.990
~~3.990~~

kr. 2.495
nýjasta bókin frá Stephenie Meyer



kr. 3.995

kr. 2.099
~~2.870~~

★Gjafabréf frá IÐU á alltaf erindi★

Þessi kynningarverð gilda til 16. des.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

JÓLA SPRENGJA

NÝTT
VISATÍMABIL

50%
afsláttur

AF ÖLLU
jólaskrauti og seríum

Gildir aðeins 11. og 12. desember

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

ÞRENGSLI „Ég fæ alltaf innilokunarkennd þarna,“ segir Þórey Rut um Hitt húsið í Austurstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mannréttindamálið sem gleymist

Aðgengismál fatlaðra hafa verið að velkjast á milli manna árum saman og fátt hefur áunnist. Hugsunarleysi og framtaksleysi er um að kenna, segja þau sem til þekkja. Ein þeirra er **Þórey Rut Jóhannesdóttir,** fjölfötluð kona sem sættir sig engan veginn við þær aðstæður sem henni er boðið upp á. *Guðsteinn Bjarnason* ræddi við Þóreyju Rut og fleiri sem láta sig aðgengi í borginni varða.

Stundum gæti ég hreinlega öskrað,“ segir Þórey Rut Jóhannesdóttir, 34 ára fjölfötluð kona sem þrátt fyrir óbilandi dugnað kemst ekki alltaf þangað sem hugurinn girnist.

Einn versti óvinur hennar er þrengslin sem víða mæta henni í verslunum og öðrum þjónustustöðum í borginni. Eins og aðrir sem bundnir eru hjólastólum á hún erfitt með að komast leiðar sinnar þegar hvarvetna er stillt upp hlutum sem smeygja þarf hjá og smjúga á milli.

Annar erfiður óvinur er hvers kyns ójöfnur og hindranir á gangstéttum, gangstígum og götum borgarinnar. Þröskuldar og gangstéttarkantar eru stundum óyfirstíganlegir. Jafnvel svolítill halli getur valdið miklum vanda og skapar óöryggi, þótt ekki sé annað.

„Ég ætla ekki að fara að velta mér,“ segir Þórey Rut, sem getur ekki leyft sér að ana hugsunarlaust áfram yfir hindranir, þótt smáar séu. Hún gerir hins vegar kröfur til þess að geta komist hvert þangað sem hún ætlar sér að fara.

Gerir eigin könnun

Þórey Rut hefur unnið að könnun á aðgengi á ýmsum stöðum í borginni, og hefur þar beint sjónum sínum sérstaklega að nánasta umhverfi sínu, næsta nágrenni heimilis síns, vinnustaðar og skóla og annarra staða í borginni sem hún sækir reglulega.

Hún hefur verið í sambandi við Öryrkjabandalag Íslands og fengið til liðs við sig bæði fatlaða og ófatlaða. Þau hafa farið á staðina, kannað aðstæður og skráð niður athuganir sínar.

Þau hafa kynnt bæði borgaryfirvöldum og öðrum sem málið snertir könnun sína og helstu niðurstöður, en viðbrögð hafa verið lítil.

Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalags Íslands, segist fagna frumkvæði Þóreyjar Rutar eins og allra annarra sem láta sig þessi mál varða, „ekki síst þeirra sem þurfa eins og hún virkilega á almennilegu aðgengi að halda.“

Meira og minna í ólestri

„Það verður að segjast eins og er að þessi mál eru meira og minna í ólestri í landinu,“ segir Guðmundur, sem sjálfur þarf að fara allra ferða sinna í hjólastól og þekkir því þessi mál af eigin raun.

„Þetta eru í raun mannréttindi, sem hafa bara gleymst. Þetta hefur verið að velkjast á milli manna árum saman, en í raun er þetta bara hugsunarleysi. Fólk áttar sig hreinlega ekki á þessu,“ segir Guðmundur og tekur fram, eins og hann hefur reyndar áður bent á, að það sé til dæmis hinn mesti misskilningur þegar fólk talar um að hús með tröppum geti verið falleg.

„Ég get sagt þér að bygging sem er með tröppum er alveg forljót, því hún segir við okkur: Þú ert ekki velkominn hér. Byggingar sem vinna að því að sundra frekar en sameina eru ljótar.“

Önnum kafin borgarstjórn

„Þetta var rætt við nýja borgarstjórann í sumar,“ segir Guðríður Ólafsdóttir hjá Öryrkjabandalaginu, sem hefur verið í sambandi við Þóreyju Rut og fylgst með aðgengiskönnun hennar.

„Þá voru þau nýtekin við og höfðu í mörgu að snúast. Það var til dæmis ekki búið að skipa í ferlinefnd Reykjavíkurborgar, sem á að sjá um að aðgengismál séu í lagi í borginni. Við höfum verið að hinkra eftir því að þessi nefnd væri komin saman svo við gætum sýnt henni hvað þau hafa verið að gera. Þau eru búin að leggja töluvert á sig, og ekki veitir af.“

Undanfarnar vikur hefur borgarstjórnarmeirihluti Besta flokksins og Samfylkingar hins vegar verið önnum kafinn við gerð fjárhagsáætlunar borgarinnar, þannig að þessi mál hafa enn sem komið er setið á hakanum.

Átak eftir áramót

„Þetta er samt eitt af þeim verkefnum sem ég hef mikinn áhuga á að taka af fullum krafti þegar um hægist eftir áramótin,“ segir Páll Hjaltason borgarfulltrúi, sem er nýr formaður ferlinefndar.

Hann þekkir einnig vel til þessara mála, því hann á son í hjólastól og er staðráðinn í að láta til sín taka í þessum málaflokki.

„Hjá ferlinefnd er ramminn nokkuð skýr. Hún á að sjá um að tryggja gott aðgengi að mannvirkjum sem eru í eigu eða notkun borgarinnar. Byggingarfulltrúi borgarinnar hefur einnig mikilvægu hlutverki að gegna.“

Byggingarfulltrúi borgarinnar gerir úttektir á mannvirkjum í borginni, meðal annars til að tryggja að aðgengi sé í lagi, hvort sem byggingarnar eru í eigu borgarinnar eða annarra.

Margt hefur þokast

„Ferlinefnd Reykjavíkur hefur reyndar verið mjög virk undanfarin ár,“ segir Harpa Cilia Ingólfsdóttir byggingarfræðingur, „en

FRAMHALD Á SÍÐU 58

TRÖPPUR SUNDRA

Guðmundur Magnússon: Ég get sagt þér að bygging sem er með tröppum er alveg forljót, því hún segir við okkur: Þú ert ekki velkominn hér. Byggingar sem vinna að því að sundra frekar en sameina eru ljótar

ÞARFT VERK Í SKÓLUM

Harpa Cilia Ingólfsdóttir: Áherslan hefur mest verið á að gera úrbætur á húsnæði skóla og leikskóla og það er mjög þarft verk, því alltaf eru einhverjir fatlaðir nemendur og fatlaðir foreldrar og fatlað starfsfólk.

Á AÐ TRYGGJA GOTT AÐGENGI

Páll Hjaltason: Hjá ferlinefnd er ramminn nokkuð skýr. Hún á að sjá um að tryggja gott aðgengi að mannvirkjum sem eru í eigu eða notkun borgarinnar.

MANNVIRKJALÖG Í SMÍÐUM

Úr athugasemdum við frumvarp um mannvirkjalög:
Með aðgengi er átt við að fólk sem á við fötlun eða veikindi að stríða geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í bruna, en jafnframt að við hönnun og útfærslu mannvirkja séu hafðar í huga mismunandi þarfir og geta fólks með tilliti til sjónar og heyrnar, t.d. við efnisval og útfærslur, og gætt sé að hljóðvist og birtuskilyrðum innan og utan húss.

Úr breytingartillögu umhverfisnefndar:
Með aðgengi fyrir alla er átt við að fólki sé ekki mismunað um aðgengi og almenna notkun mannvirkja á grundvelli fötlunar, skerðinga eða veikinda og það geti með öruggum hætti komist inn og út úr mannvirkjum, jafnvel við óvenjulegar aðstæður, t.d. í eldsvoða. Jafnframt séu sjónarmið algildrar hönnunar höfð að leiðarljósi við hönnun bygginga og umhverfis þeirra.

Välj.

Eða **veldu** eins og sagt er á íslensku. Nýtt samstarf SAS og Icelandair þýðir að núna áttu möguleika á að velja á milli miklu fleiri áfangastaða en áður.
Við bjóðum nú uppá þann möguleika að bóka flug til Evrópu og lengra á frábæru verði á **www.flysas.is**

Berlín	Ósló	**Bergen**
München	**Kaupmannahöfn**	London
Hamborg	Stokkhólmur	**París**
Varsjá	**Helsinki**	Frankfurt
Zürich	Gautaborg	**Peking**
Mílanó	**Stafangur**	Tokyo
Vilnius	Þrándheimur	**Bangkok**

Ávallt með SAS
Engin dulin gjöld - innritun án endurgjalds - sætabókun án endurgjalds
Farangursheimild án endurgjalds - EuroBonus-punktar - 25% barnaafsláttur

flysas.is

ICELANDAIR

SAS
Scandinavian Airlines

A STAR ALLIANCE MEMBER

HINDRANIR

FRAMHALD AF SÍÐU 56

þetta er alltaf spurning um peninga og hve mikið er hægt að gera í einu. Áherslan hefur mest verið á að gera úrbætur á húsnæði skóla og leikskóla og það er mjög þarft verk, því alltaf eru einhverjir fatlaðir nemendur, fatlaðir foreldrar og fatlað starfsfólk.“

Hún segir ýmislegt hafa áunnist á seinni árum í aðgengismálum, en þessu miði öllu ákaflega hægt. Reykjavíkurborg hafi þó víða bætt mjög aðgengi á gatnamótum borgarinnar, þar sem kantar á gangstéttum hafi verið lagfærðir og settur halli sem hægt sé að komast um á hjólastólum.

Eins og Guðmundur segir Harpa oft hugsunarleysi og framtaksleysi um að kenna, að hlutirnir hafi ekki verið lagfærðir. Oft þurfi ekki að leggja út í mikinn kostnað, til dæmis við að setja hallandi plötur á þröskulda.

Þjónusta á netinu

Harpa er ein þeirra sem hafa látið sig aðgengismál fatlaðra miklu varða. Eins og aðrir viðmælendur blaðsins þekkir hún þessi mál af eigin raun, bæði vegna þess að hún er sjálf fötluð á hendi og svo var hún gift Jóhanni Pétri Sveinssyni lögfræðingi, sem sjálfur var fjölfatlaður og landsþekktur baráttumaður fyrir réttindum fatlaðra.

Harpa rekur fyrirtækið Aðgengi ehf., sem heldur úti upplýsingasíðu á netinu og býður fyrirtækjum og einstaklingum að gera úttekt á aðgengi fatlaðra að húsnæði þeirra. Í lok síðustu viku opnaði hún síðan nýja leitarvél á netinu, gottadgengi.is, þar sem fletta má upp í gagnagrunni um aðgengi staða. Gerð hefur verið úttekt á ýmsum mannvirkjum, ferðamannastöðum og ýmiss konar þjónustu og þau flokkuð niður eftir því hve gott eða slæmt aðgengi fatlaðra er að stöðunum.

Enn sem komið er á eftir að bæta miklu efni inn á síðuna, en þegar fram líða stundir á hún að geta gagnast fötluðum vel, því þá eiga þeir til dæmis ekki að þurfa alltaf að hringja á undan sér til að spyrja hvort hægt sé að komast um á hjólastól.

„Ég er orðin svo þreytt á þessum hringingum alltaf,“ segir Þórey Rut, sem þekkir þetta vandamál vel.

Beðið eftir lögum

Guðmundur segir reyndar að í nokkur ár hafi framfarir á þessu sviði einkum strandað á því að allir hafi verið að bíða eftir nýjum lögum um mannvirki, sem núna virðist loksins ætla að fá afgreiðslu á Alþingi.

Frumvarp var lagt fram 15. nóvember og fyrsta umræða á þingi um frumvarpið fór fram 20. nóvember. Stefnt er að því að lögin verði afgreidd frá þinginu strax á næstu vikum.

Sett verður á laggirnar ný stofnun, Byggingarstofnun, sem meðal annars hefur það hlutverk að annast aðgengismál. Stofnunin á að tryggja að gott aðgengi fyrir fatlaða sé í öllum nýjum byggingum, og hefur hún heimild til að beita viðurlögum, meðal annars að svipta hönnuð löggildingu og byggingarstjóra starfsleyfi.

„Þetta er vandamál sem við höfum kvartað undan frá fyrstu tíð, að það hafa engin viðurlög verið,“ segir Guðmundur. „Svo er líka hitt, að það hefur svo sem verið í lögum lengi að opinberar byggingar eigi að vera aðgengilegar, en þá hefur það verið skilið þannig að opinberar byggingar séu aðeins byggingar í eigu hins opinbera. Núna verður það þannig að allt húsnæði sem almenningur þarf að leita í á að vera aðgengilegt. Þetta verður ekki lengur bundið eignarhaldi.“

VÍTT TIL VEGGJA „Skólinn minn er til fyrirmyndar,“ segir Þórey Rut um nýtt húsnæði Fjölmenntar í Grafarholti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ

Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!

ÞÓREY RUT JÓHANNESDÓTTIR

Rekst víða á hindranir og torfærur

Ég er rosalega mikið á ferðinni, öll kvöld næstum því,“ segir Þórey Rut, sem hefur í mörgu að snúast flesta daga. Alla virka morgna mætir hún til vinnu í Iðjubergi, sem er vinnustaður í Breiðholti fyrir fjölbreyttan hóp fatlaðra einstaklinga. Hún sækir einnig skóla í Fjölmennt, sem er fullorðinsfræðslu fatlaðra. Þar hefur hún í nokkur ár stundað einsöngsnám hjá Ara Agnarssyni og hefur komið fram á skólatónleikum.

Einu sinni í viku mætir hún í félagsstarf Sérsveitarinnar í Hinu húsinu, en þar er ýmiss konar afþreying, fræðsla og menning í boði. Þá hefur hún æft og keppt í boccia af miklu kappi og kemur iðulega heim með verðlaunagripi úr keppnisferðalögum.

ÞÓREY RUT JÓHANNESDÓTTIR Stundar vinnu, nám og fjölbreytt félagsstarf víðs vegar um borgina en mætir alls kyns hindrunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Misjafnar aðstæður

Viðburðaríku lífi hennar fylgir að víða rekst hún á hindranir, sem torvelda flesta hluti. Verslunarferðir eru til dæmis ekki alltaf auðveldar.

Hún nefnir sérstaklega Eymundsson í Austurstræti, bókaverslun sem hún hefði gaman af að kíkja í ef ekki væri fyrir ótal tröppur og mikil þrengsli sem geri það ómögulegt. Byggt og búið í Kringlunni er sömuleiðis verslun sem alls ekki býður fólk í hjólastólum velkomið.

„Þangað kem ég aldrei nokkurn tímann inn fyrir dyr,“ segir Þórey Rut.

Aðstaðan í Hinu húsinu er sömuleiðis engan veginn fullnægjandi. „Aðkoman er skelfileg að framan og niðri í kjallaranum þar er allt svo þröngt. Ég fæ alltaf innilokunarkennd, sérstaklega í lyftunni,“ segir Þórey Rut.

„Skólinn minn er hins vegar til fyrirmyndar,“ segir hún um Fjölmennt, sem er nýflutt í afar hentugt húsnæði í Grafarholti, þar sem vítt er til veggja og allar leiðir greiðar.

Líf í hjólastól

Þórey Rut man ekki eftir sér öðru vísi en í hjólastól. Hún ólst upp í Grafarvogi og bjó heima hjá foreldrum sínum til tólf ára aldurs. „Þá flutti ég á sambýli. Ég var í sjálfstæðri búsetu um tíma en það gekk ekki upp. Ég var svo mikið ein.“

Nú býr hún á sambýli við Bleikargróf, en þótt það sé nýtt húsnæði sem hannað er sérstaklega fyrir búsetu fjölfatlaðra er ýmsu ábótavant. Til dæmis er erfitt að ferðast um á hjólastól í nánasta umhverfi hússins.

„Ég get ekki einu sinni farið í sjoppuna á Bústaðaveginum.“

Ellingsen
– FULLT HÚS JÓLAGJAFA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

Opnunartímar í desember:

Laugardagur 11. des.	10–18
Sunnudagur 12. des.	12–16
Föstudagur 17. des.	10–20
Laugardagur 18. des.	10–22
Sunnudagur 19. des.	12–22
Mánudagur 20. des.	10–22
Þriðjudagur 21. des.	10–22
Miðvikudagur 22. des.	10–22
Fimmtudagur 23. des.	10–22
Aðfangadagur 24. des.	10–12

JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS
FÆST Í ELLINGSEN

LOOP fluguveiðihjól. Létt og þægileg með góðri bremsu.
Verð frá 17.390 kr.

LOOP veiðivöðlur. Þægilegar og sterkar.
Verð frá 29.990 kr.

Veiðistangir fyrir byrjendur og lengra komna.
Verð frá 35.890 kr.

Mikið úrval af veiðitöskum.
Verð frá 2.990 kr.

Vatnsheldur Tatonka sjúkrapoki. Er með lágmarksútbúnað fyrir eina manneskju og hentar vel í dagsferð.
Verð frá 5.990 kr.

Veiðihattar og húfur.
Verð frá 1.690 kr.

DEVOLD MULTI SPORT nærbolur.
Verð 9.490 kr.

Veiðivesti eru mögnuð í fluguveiðina.
Verð frá 24.990 kr.

Vandaður bakpoki.
Verð frá 9.990 kr.

Coleman hitabrúsi.
Verð frá 3.590 kr.

LOOP ADVENTURE vöðluskór.
Verð frá 16.490 kr.

ABU
Veiðisett
JÓLAVERÐ
7.990 kr.

LOOP ADVENTURE 2
Veiðisett
JÓLAVERÐ
35.990 kr.

LOOP
Veiðitaska
JÓLAVERÐ
13.990 kr.

PIPAR\TBWA - SÍA

Listasmíð náttúrunnar

Vilhelm Gunnarsson ljósmyndari fangaði ævintýralega stemningu í **Elliðaárdal** í vikunni.

Úrval nýrra ljósa á betra verði

Bell



Apollo



Pagoda Luna Folia

Casanova

Pinto

Harley

Pinto

Mysinge

Picasso

Anastasia

Anastasia

Anastasia

Opið:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10 - 18
Laugardaga frá kl. 11 - 16
Sunnudag frá kl. 12 - 16

www.rafkaup.is

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL í BÓNUS

NORÐANFISKUR *Íslenskur lax* REYKTUR OG GRAFINN 1998 KR.KG

Danskar grísalundir

Þýskar kalkúnabringur

VÍKING JÓLABLANDA Malt og appelsín - Fjórar dósir 500ml = **2 ltr.**
COCA COLA KIPPA Coke eða Coke Light - Sex 1.5 ltr. flöskur = **9 ltr.**

FERSKUR KJÚKLINGUR **BRINGUR OG BITAR**

KJÖRFUGL FERSKAR
KJÚKLINGABRINGUR

KJÖRFUGL BLANDAÐIR **KJÚKLINGABITAR**
20% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 598 KR.KG

BÓNUS ÍS *SÚKKULAÐI & VANILLA* **298** 2.ltr.

BÓNUS ÍS *BRAGÐAREFUR* **398** 2.ltr.

MÖNDLUKAKA 420g
259 KR.

FJÖLKORNABRAUÐ
129 KR 385g

AMERÍSK **RAUÐ FERSK VÍNBER**

TE OG KAFFI JÓLAKAFFI
400g **BAUNIR & MALAÐ**

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL Í BÓNUS

Ali

Nýreyktur **Hamborgarhryggur** og 1.flokks **Bayonneskinka**

Enginn afsláttur, bara lágt verð alla daga

HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
1298 KR.KG.

BAYONNESKINKA 1.FL. ÚR LÆRI
998 KR.KG.

HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
1598 KR.KG.

Gillette

Gillette fusion rakblöð
4 stk **200 kr. lækkun**
Nú 1598 kr.

Gillette fusion power rakblöð
4 stk **200 kr. verðlækkun**
Nú 1798 kr.

Gillette

Gillette MACH3 rakblöð
4 stk **300 kr. verðlækkun**
Nú 998 kr.

Gillette Fusion Power rakvél
200 kr. verðlækkun
Nú 1798 kr.

Dömusokkabuxur 998 kr.
MULTICOLOR 50 & HIVER 70 den

THE
EXPENDABLES
2198 KR.
Þitt eigið herrakvöld heima !

ÞAÐ KOSTAR MINNA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

HANDY SMOKKAR
18 STK. Í PK./ ÞRJÁR GERÐIR
498 KR.PK/28 KR.STK
ATHUGIÐ: VERJURNAR ERU SELDAR VIÐ AFGREIÐSLUKASSA

AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

Óttinn var harður húsbóndi

Bókin **Í ríki óttans – Örlagasaga hjúkrunarkonunnar Þorbjargar Jónsdóttur Schweizer** er nýkomin út. Í henni segir Þorbjörg frá æsku sinni, starfsferli og upplifuninni af stríðsárunum. **Magnús Bjarnfreðsson** sjónvarps- og fréttamaður skráði söguna. Fréttablaðið grípur hér niður á tveimur stöðum í bókinni sem gefin er út af bókaútgáfunni Hólum.

Ætli fyrsta örugga bernskuminningin mín sé ekki frá því þegar Sveina systir fæddist. Ég var þá á fjórða árinu. Þá var ég drifin á fætur snemma morguns og sagt að leika mér í hálsinum fyrir ofan bæinn, en þar höfðum við krakkarnir leikvang og lékum okkur með leggi og kjálka og þvílík leikföng, sem börn á Íslandi höfðu leikið sér með frá örófi alda. Þetta var í áliðnum maí, svo það væsti ekkert um mig þarna. Ég sá hvar pabbi lagði á tvo hesta og fór mikinn frá bænum, og eftir drykklanga stund kom hann til baka með konu í söðlinum. Það var Guðríður Jónsdóttir, sem var þá á Breiðabólstað hjá Bjarna Jenssyni lækni, en fluttist síðar að Eystri-Tungu í Landbroti. Ég mátti ekki koma inn meðan á fæðingunni stóð, en fór inn til Guðríðar Sigurðardóttur, sem ég kallaði alltaf austurbæjarmömmu, en við börn þeirra Magnúsar lék ég mér jafnan.

Ég var á sjötta ári, þegar ég fór fyrst til kirkju. Það var á hvítasunnu. Það var eina kirkjuferðin sem við fórum allt árið. Hestarnir voru nú á stundum holdlitlir og háhryggjaðir á vorin. Ég reið á skinni og það var teymt undir mér. Ég man að ég var búin að fá alveg nóg af því að sitja á henni Bleikku minni, þegar heim kom. Erindið var raunar tvíþætt. Sigurður Sigurðsson, sem þá bjó í Hæðargarði í Landbroti með móður sinni, var að flytja úr sveitinni út í Biskupstungur, bjó reyndar lengst af í Efsta-Dal í Laugardal. Hann var hálfbróðir austurbæjarmömmu, samfeðra, og var mikill vinur pabba. Við fórum því í leiðinni að Hæðargarði til að kveðja hann. Þá þurftum við að fara yfir Skaftárbrúna. Það var í fyrsta skipti sem ég sá brú. Lifandis ósköp fannst mér hún mikið furðuverk.

Ég er búin að sjá margar brýr síðan í mörgum löndum, en engin þeirra hefur orðið eins eftirminnileg og gamla Skaftárbrúin.

Í DIESSEN Bruno og Þorbjörg í Diessen.

Í UPPHAFI STRÍÐSINS Bruno, Anny, Þorbjörg og Leo sonur Bruno.

ÞORBJÖRG JÓNSDÓTTIR SCHWEIZER
Ólst upp í Vestur-Skaftafellssýslu en fór víða á ævi sinni.

FRÁ SKAFTAFELLSSÝSLU TIL ÞÝSKALANDS

Höfundur bókarinnar Í ríki óttans Magnús Bjarnfreðsson segir frá því í formála þegar hann hitti Þorbjörgu Jónsdóttur Schweizer á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum. Hún vakti athygli hans fyrir hjálpsemi en smám saman fór hann að forvitnast um sögu hennar og er afrakstur þeirrar vinnu hin nýútkomna bók. Þorbjörg lést fyrir nokkrum árum.

Þorbjörg ólst upp í fámennri sveit í Vestur-Skaftafellssýslu í upphafi síðustu aldar. „Hún kynntist vistarbandi af eigin raun á unglingsárunum og þrátt fyrir lítil efni tókst henni að komast til mennta. Hún nam hjúkrun í tvö ár á Íslandi, en fór síðan til framhaldsnáms í Danmörku og lauk námi við Rigshospitalet í Kaupmannahöfn. Varð hún meðal þeirra fyrstu hér á landi sem sérhæfðu sig í hjúkrun geðsjúkra ... hún giftist þýska málvísindamanninum og Íslandsvininum Bruno Schweizer, dr. phil., og fluttist með honum til Þýskalands – til Diessen í Bæjaralandi, þar sem hún meðal annars bjó á tímum síðari heimsstyrjaldarinnar. Seinna kom hún aftur til starfa á Kleppspítalanum. Bruno kom ári síðar til Íslands og var fjölskyldan þá saman um sinn, en hann festi ekki yndi hér og fór utan með yngri soninn Gunnar og var fjölskyldan þá sundruð um skeið því hún og eldri sonurinn, Helgi, voru eftir hér á landi. Síðar sameinaðist fjölskyldan á ný og dvaldi þá í Þýskalandi," segir í formála höfundar.

Að komast af

Það var indælt að vera í Hálsinum. Það var erfitt, en um það var ekki hugsað. Það var aðeins eitt sem skipti máli: Að komast af. Að eiga mat í næsta mál og föt sem skýldu fyrir mesta kuldanum. Allt annað var aukaatriði. Við vorum bláfátæk, en við sultum ekki. Það var meira en hægt var að segja um fólk á sumum öðrum bæjum. Og pabbi mun aldrei hafa þurft að fá sveitarstyrk. Ég man alltaf eftir mér hlaupandi um heiðarnar á eftir kindunum. Pabbi var haldinn þeirri áráttu að hann gat ekki séð kind draga ull, þá var ég alltaf send af stað. Eldri systir mín var orðin of stór til að snúast við rollur og sú yngri of lítil og þar að auki heilsulítil í uppvextinum.

Ég man sérstaklega eftir því að einu sinni sá pabbi kind inn undir Geirlandshrauni sem dró reifið og ég var send af stað. Ég komst fyrir hana, en þegar ég kom með hana fram undir svokallaða Rastagilstorfu þá slapp hún frá mér út á milli skerja, sem kallað er. Þá var ég orðin svo móð að ég kastaði mér niður og hágrét, svo mér fannst ég ætla að springa. Ég fór heim og fékk náttúrlega skammir, en pabbi hljóp sjálfur og náði henni uppi í Geirlandshrauni.

Hann átti ekkert af þessum kindum en gat bara ekki þolað að kindurnar drægju reyfið og færu kannski í ullarhaft. Við það gátu þær særst illa, jafnvel svo að þær misstu fótinn. Í þá daga var engin girðing sem hélt fé niðri í lágsveitunum, og jafnskjótt og snjóa leysti fór það að sækja í heiðarnar, oft óróið.

En afskiptin af fénu voru ekki öll svona. Ég á líka hugljúfar minningar um bjarta og hlýja sumardaga, þegar ég rak ærnar úr kvíunum á beit yfir daginn.

• • •

Í ríki óttans

Það var orðið stutt í stríðið þegar við komum út til Þýskalands. Þeir sem upplýstir voru um gang mála gerðu sér grein fyrir því að til stríðsátaka myndi eflaust koma, en vonuðu þó að ekki kæmi til þeirra. Og fjölmörgum var ljóst að Þjóðverjar gætu ekki unnið í þeim. En fólk var svo lamað af ótta að það þorði ekki að láta neina skoðun í ljós, ef hún stangaðist á við hina opinberu stefnu. Það er erfitt að útskýra þetta fyrir lýðræðisþjóð eins og Íslendingum, en svona er þetta þegar óttinn er orðinn húsbóndi.

Auðvitað vissu menn að ýmislegt væri á seyði; ýmislegt sem menn vildu þó helst ekkert vita af. Almenningur vissi um gyðingaofsóknirnar og hafði veður af fangabúðunum. Nú verða lesendur að athuga að mikið var búið að gerast þegar hér er komið sögu. Nasistarnir voru búnir að ná algerum yfirráðum í Þýskalandi og setja sína menn í allar þýðingarmiklar stöður. Fólk talaði í hálfum hljóðum um að hinn eða þessi sæist ekki lengur. En það þorði enginn að spyrja, njósnarar voru á hverju strái og eins og alltaf var mannskepnan reiðubúin til að segja til annarra, ef það kom henni sjálfri vel. Óttinn var harður húsbóndi, eins og ég sagði áðan.

Hins vegar held ég að engan hafi á þessum tíma órað fyrir því hvað myndi gerast í útrýmingarbúðunum. Þær voru býsna vel faldar, bæði fyrir umheiminum og almennum Þjóðverjum. Auðvitað gerðu nasistar sér grein fyrir því hvað þeir voru að gera og vildu ekki að það væri í hámæli. Þeir reyndu sjálfir að afmá ummerki þar sem þeir gátu í stríðslok, eins og allir vita. Ég er hins vegar ekki dómbær um hvort fólk hefði gert eitthvað, hefði það vitað. Hvað gat það gert? Það hefði sjálft farið í gasklefana, og reyna ekki allir að halda í líftóruna eins lengi og þeir geta? Mér finnst afskaplega erfitt að áfellast þá sem þögðu, enda þótt einnig megi segja að sá sem ekki andmælir sé að vissu leyti samsekur.

> Nasistar gátu snobbað mikið fyrir menningunni, einkum ef unnt var að tengja hana þjóðrembu. Þeir vildu sýna menningaráhuga sinn með því að láta skrá þessar mállýskur.

Kallaður í herinn

Bruno var kallaður í herinn, þrátt fyrir að hann hefði tekið þátt í fyrri heimsstyrjöldinni. Það urðu flestir, sem ekki voru of gamlir, að fara í stríðið, en hann var þó eiginlega of gamall til þess. Hann lenti hins vegar aldrei í orrustum í fremstu víglínu. Til þess var hann of gamall í upphafi, þegar nóg var til af ungum mönnum. Hann var loftskeytamaður og vann í herbúðum, Bunkers, bak við víglínuna. Hann komst samt alla leið til Calais í Frakklandi. Svo gerðist það, þegar skammt var liðið á stríðið, að Mussolini og Hitler skiptu Týról á milli sín og Ítalir fengu hluta af Týról, sem raunar var þýskt menningarsvæði. Þetta voru margir dalir og í einangrun liðinna alda höfðu þróast alls kyns mállýskur í þessum dölum. Segja mátti að sérstök mállýska væri töluð í hverjum dal.

Nasistar gátu snobbað mikið fyrir menningunni, einkum ef unnt var að tengja hana þjóðrembu. Þeir vildu sýna menningaráhuga sinn með því að láta skrá þessar mállýskur; gera mállýskuatlas yfir þetta svæði. Þetta var líka nefnt Heimatforschung, átthagarannsóknir. Bruno var eins og fyrr segir hámenntaður málvísindamaður og einhver benti á að hann væri manna hæfastur til að annast þetta verk. Það varð því úr að hann var tekinn af vígstöðvunum og settur í að vinna að hugðarefnum sínum suður á Ítalíu. En böggull fylgdi skammrifi.

Úr öskunni í eldinn

Þótt Bruno teldist uppfylla sína herskyldu með því að vinna þetta verk, þá var það ekki herinn sem borgaði honum launin fyrir það, heldur hin illræmda Ahnenerbe. Ahnenerbe var vísindastofnun nasista, sem vissulega sinnti ýmsum gagnlegum málum, en hún sá líka um germaniseringuna, þjóðernishreinsunina, sem nasistar töldu auðvitað hin merkustu vísindi. Þar með voru gyðingaofsóknirnar. Forschungstätte für Germanenkunde hét stofnunin sem Bruno vann fyrir og hann var titlaður deildarstjóri.

Þessi frelsun frá vígstöðvunum, sem við vissulega fögnuðum öll, varð þess vegna um leið ávísun á tortryggni og óvild, eins og við fengum ríkulega að kenna á eftir stríðið. Það eitt að hafa verið á launaskrá hjá Ahnenerbe var nóg til þess að lenda á svörtum lista áratugum saman. Þannig urðu það hin meinlegu örlög mannsins sem ég giftist til að bjarga undan nasistum, að hann var hundeltur eftir stríðið fyrir það að hafa þegið laun hjá einni illræmdustu stofnun þeirra við raunveruleg menningarstörf. Raunar veit ég að það voru fleiri en Bruno sem fengu þarna vinnu, þótt þeir væru andvígir nasistum. Það voru þá menn sem sköruðu fram úr og þeir töldu réttlætanlegt að hafa á launum. En þeir réðu engu, það var ekkert mark tekið á þeim. Það eina sem þeir höfðu upp úr þessu var að þeir voru ekki sendir á vígvellina, en fóru á svartan lista. Þeir voru sem sagt á honum fyrir stríð, í stríðinu og eftir stríð. Fyrir stríð og í því fyrir að vera andvígir nasistum, eftir stríðið fyrir að hafa unnið hjá Ahnenerbe. Svona getur lífið á stundum verið öfugsnúið.

ÍSLENSKA

HAMB ORGARA FABRIK KAN

2010

VINSÆLASTA FABRIKKU SKYRTERTAN Í HEIMINUM

ER KOMIN Í HAGKAUP

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

■ JÓHANNA HÆTTIR OG ARFTAKINN ER ÓÞEKKTUR

Gunnlaugur sem leit á nokkrar leiðandi persónur í íslensku samfélagi og skoðaði hvað stjörnurnar segja um þær.

Steingrímur J. Sigfússon

Steingrímur er fæddur 4. ágúst árið 1955. Hann er því ljón og mjög sterkur í því merki. Hann er mikill hugsjónarmaður, málefnalegur og á mjög auðvelt með að tjá sig. Steingrímur J. þarf athygli og er reyndar snillingur í að ná sér í athygli. Hann er kraftmikill og agaður en hans galli er að hann hefur ekkert jarðsamband. Hann hefur alltaf starfað hjá ríkinu, er vanur því að fá launin inn á reikninginn sinn og skilur ekki ýmis praktísk vandamál sem tengjast til dæmis fyrirtækjarekstri. Hann er fastur fyrir en samt sveigjanlegur í samstarfi og þægilegur. Hann hefur hæfileika til að umbreyta sér og er þannig laginn í að vinna með fólki.

Jóhanna Sigurðardóttir

Hún er fædd 4. október 1942 og er vog, hún er reyndar aðallega samansett úr þremur stjörnumerkjum vog, ljóni og sporðdreka. „Í grunninn er hún félagsmála- og hugsjónamanneskja, með sterka réttlætiskennd. Mótsagnir eru nokkrar í persónu hennar. Í fyrsta lagi má segja að hún sé félagslyndur einfari. Í öðru lagi er hún bæði fórnfús og réttsýn en um leið drottning og prímadonna. Þarna þarf hún að gæta jafnvægis og til dæmis að vita hvenær hennar tími er kominn, og þá til að hætta … ekki láta drottninguna sem vill ráða sitja of lengi að völdum. Þriðja mótsögnin er að stór partur af persónuleika hennar þráir þátttöku í sviðsljósi stjórnmálanna, en stór hluti þráir friðhelgi einkalífsins.

Þessar mótsagnir leiða til þess að Steingrímur J. Sigfússon, sem hefur engar slíkar hömlur, fær að baða sig ótæpilega í sviðsljósinu. Ég tel nokkuð víst að Jóhanna segi af sér á næsta ári. Fyrr en síðar. Ef snúa ætti upp á hendina á mér tel ég líklegast að boðað verði til kosninga í apríl 2011 og ný stjórn taki við í maí. Að þessu sögðu, þá er erfitt að tímasetja svona nákvæmlega, þannig að ég myndi gefa þessum tímasetningum um það bil plús eða mínus tvo mánuði. Eitt er öruggt. Það er nýr tími að byrja á næsta ári. Ný orka sem kallar á nýtt folk og nýjar aðferðir. Stjórn Jóhönnu og Steingríms er fyrst og fremst brunaliðsstjórn – fólkið sem var kallað til að slökkva eldana. Annað fólk þarf til að byggja upp nýja tímann.“

Jón Gnarr

Fæddur 2. janúar árið 1967 og er því steingeit. Hann er jarðbundinn og alvörugefinn innst inni og borgarstjórastarfið á vel við Jón, steingeitur elska að axla ábyrgð og þess má geta að margir borgarstjórar hafa verið steingeitur. Jón er mjög framtakssamur og hefur búið sér til sín atvinnutækifæri sjálfur, hann er skapandi en tilfinningalega séð nánast einhverfur. Ekki þarf að efast um að Jón verði mjög góður og farsæll borgarstjóri fái hann tækifæri til þess að halda áfram starfi sínu. Hann gerir það sem hann ætlar sér og er duglegur og skipulegur í vinnu. Hugsunin er hins vegar mjög sveiflukennd hjá honum og því kemur hann stundum mjög furðulega fyrir.



SJÁLFSAGÐUR HLUTI AF LÍFINU Gunnlaugur Guðmundsson stjörnuspekingur hefur lagt stund á stjörnuspeki í yfir 40 ár og haft hana að fullu starfi í nær 30 ár. Margir hafa leitað til hans á þeim tíma til að fá betri skilning á sér og sínum nánustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á kafi í stjörnunum

Gunnlaugur Guðmundsson stjörnuspekingur sökkti sér niður í stjörnuspeki fimmtán ára gamall og hefur varla litið upp úr fræðunum síðan. *Sigríður Björg Tómasdóttir* sótti hann heim og ræddi um stjörnuspeki og aðferðafræði heilbrigðinnar.

Gunnlaugur Guðmundsson tekur á móti blaðamanni brosandi og ákafur. Fyrsta sem hann gerir er er að spyrja um fæðingardag, stað og stund og er fljótur benda á stöður í kortinu sem benda til þess að þessi blaðamaður sé á réttri hillu í lífinu, hann spyr reyndar út í mótsagnir, togstreitu, góðar hliðar og slæmar og það líður langur tími áður en talið berst að öðru, það er einfaldlega of gaman að spá í stjörnurnar.

„Stjörnuspeki snýst mjög mikið um orkuna í manni,“ segir Gunnlaugur. „Ég kalla hana oft aðferðafræði heilbrigðis og þar eru skilningur, sátt og útrás lykilhugtök. Allir þurfa að skilja orkuna sína, sættast við sjálfan sig og fá nærandi útrás,“ segir Gunnlaugur sem nú í hartnær þrjátíu ár hefur helgað líf sitt stjörnuspekinni eingöngu en hefur grúskað í henni mun lengur eða frá árinu 1969.

„Þá las ég opnugrein í Hjemmet um stjörnuspeki og heillaðist alveg af henni,“ segir Gunnlaugur og bætir við aðþað sé dæmigert fyrir hann, nautið, að sökkva sér í eitt svið og fara ekki annað. „Ég get nefnt þér fleiri naut sem hafa gert þetta, Halldór Laxness, sem var sískrifandi frá barnæsku, Jónas Jónassson útvarpssmaður sem hefur verið með þáttinn sinn Kvöldgesti lengur en elstu menn muna.“

Gunnlaugur var aðeins fimmtán ára þegar hann heillaðist af heimi stjörnuspekinnar heima hjá ömmu sinni þar sem hann ólst upp. Fjórum árum síðar hóf hann að stúdera stjörnuspeki og nokkrum árum síðar var hann farin að leiða fólk um heim hennar.

Hann hefur svo haft stjörnuspeki að atvinnu síðan 1. júlí 1981 klukkan 13 en dagurinn var að sjálfsögðu valinn eftir stöðu plánetanna.

Mörg þúsund manns hafa komið til Gunnlaugs og leitað ráða hjá honum síðan hann hóf störf, konur eru þar í miklum meirihluta. „Ég er líka með Stjörnuspekiskólann, þar er hægt að leggja stund á níu mánaða nám í fræðunum. Þar eru konur líka í meirihluta.“

Stjörnuspeki hefur verið iðkuð í aldaraðir eins og kunnugt er en Gunnlaugur segir hana vissulega hafa þróast, aðferðirnar við að lesa í stjörnukort, sem hægt er að gera um alla einstaklinga ef vitað er um fæðingarstað og -stund, hafi þróast.

Áhuga samfélagsins á þessum fornu fræðum segir Gunnlaugur hafa sveiflast mjög mikið. „Það var gífurlegur áhugi á stjörnuspeki á árunum 1988 til 1990 einmitt um það leyti sem ég gaf út mína fyrri bók, Hver er ég? En áhuginn hefur líka breyst og að mörgu leyti má segja að fólk taki stjörnuspeki sem eðlilegum hlut þó að fordómar geri alltaf vart við sig inn á milli.“

Fyrir Gunnlaugi er stjörnuspeki sjálfsagður hluti af lífinu og hann mælir með því fyrir alla að kynna sér stjörnukortið sitt og sinna nánustu. „Það þurfa allir að skilja sjálfan sig og ekki síður börnin sín. Uppeldi er stundum ekkert annað en velviljað niðurbrot, fólk er alltof oft að reyna að steypa börnin sín í sama mót og það sjálft. Með því að lesa í stjörnukort er oft hægt að forðast svona sleggjudóma,“ segir Gunnlaugur sem segir það sína köllun að hjálpa fólki til sjálfsþekkingar sem það geti öðlast í gegnum stjörnuspekina. „Fólk er alltof oft að reyna að vera eitthvað sem það er ekki.“

SAMI TITILL - ANNAÐ INNIHALD



Margir muna eftir bókinni Hver er ég eftir Gunnlaug Guðmundsson sem kom út í lok níunda áratugarins. Gunnlaugur notar sama titil á nýútkominni bók sinni um stjörnuspeki. „Þetta er allt öðruvísi bók og öðruvísi uppsett, en mér fannt bara enginn annar titill koma til greina fyrir bókina nýju, hann er svo lýsandi,“ segir Gunnlaugur og bætir jafnframt við að það sé mjög dæmigert fyrir sig að setja málið svona upp.

Í nýju bókinni eru stjörnukort fyrir alla fæðingardaga frá 1920 til 2040 og aðgengilegar upplýsingar um lestur úr þeim auk viðamikils fróðleiks um stjörnumerkin sjálf, sögu, kenningar og ýmislegt fleira.

„Hvaða erindi á þetta við okkur nútímamenn? Jú, stjörnuspeki hjálpar okkur að lesa í samspil náttúru og manns. Sjaldan eða aldrei í sögu mannsins hefur þörfin á slíkum lestri verið nauðsynlegri af þeirri einföldu ástæðu að við nútímamenn höfum tapað tengslum okkar við náttúruna. Við erum ólæs á hana þegar líf okkar sjálfra en annars vegar,“ segir höfundur í formála.

ALLT AÐ 55% AFSLÁTTUR

Furðustrandir
Arnaldur Indriðason

32%
3.880 kr.
Verð áður 5.690 kr.

Morgunengill
Árni Þórarinsson



55%
2.560 kr.
Verð áður 5.690 kr.

Stelpur
Kristín og Þóra Tómasdætur

55%
2.245 kr.
Verð áður 4.990 kr.

Árstíðirnar
Þórarinn Eldjárn

55%
1.660 kr.
Verð áður 3.690 kr.

Fjöll á fróni
Pétur Þorleifsson



30%
3.150 kr.
Verð áður 4.490 kr.

Íslenzkir þjóðhættir
Jónas Jónasson



Tilboð
Kaupir 2 færð þriðju frítt

Ég man þig
Yrsa Sigurðardóttir

30%
4.190 kr.
Verð áður 5.880 kr.

Svar við bréfi Helgu
Bergsteinn Birgisson

30%
3.690 kr.
Verð áður 5.290 kr.

Eyjar
Lárus Karl Ingason

30%
3.490 kr.
Verð áður 4.990 kr.

Myrkvun
Stephenie Meyer

30%
3.990 kr.
Verð áður 5.290 kr.

Á valdi örlaganna
Þórunn Sigurðardóttir

30%
4.490 kr.
Verð áður 5.990 kr.

Hjartað ræður för
Halla Gunnarsdóttir

30%
4.890 kr.
Verð áður 6.490 kr.

Skemmtileg dagskrá alla helgina

LAUGARDAGUR

Kl. 14:00 - 17:00
Upplestur og lifandi tónlist
Kl. 16:00
Magnús Ingi Magnússon býður upp á smakk úr Eldhúsi meistaranna.
Kl. 17:00
Karl Berndsen áritar bók sína og gefur góð ráð. Bókin verður á tilboðsverði.

SUNNUDAGUR

Kl. 15:00
Hrefna Sætran býður upp á smakk úr Fiskmarkaðnum.
Kl. 16:00
Benni Hemm Hemm leikur lög af nýrri plötu sinni.
Kl.17:00
Hljómsveitin Útidúr leikur lög af nýrri plötu sinni.

Opið til
22:00
öll kvöld

BOKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

* Tilboðsverð gilda til og með 12. desember 2010 eða á meðan birgðir endast

Fótboltalið hinna frægu

„Með hverjum ætli Megas haldi í ensku“ var spurt í sjónvarpsauglýsingu fyrir nokkrum árum og fengust við því fá svör. ***Kjartan Guðmundsson*** fór þó á stúfana og komst að því hvaða lið Dr. Dre, Osama Bin Laden og fleiri frægir styðja í ensku deildinni.

ÓVIÐURKVÆMILEGT ORÐBRAGÐ

Lily Allen grét á tapleik Fulham

Poppsöngkonan Lily Allen hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarsköpun sína síðustu árin, en ekki síður fyrir uppátæki sín utan sviðs sem hafa verið ítarlega skrásett af papparössum og bresku slúðurpressunni. Eitt slíkt atvik átti sér stað á Upton Park, heimavelli West Ham í London, á síðasta ári í leik liðsins gegn Blackburn Rovers. Allen sat í prívat-hólfi í stúkunni ásamt Alfie bróður sínum og leikaranum Ray Winstone, en öll höfðu þau fengið sér duglega í tána að sögn vitna. Þegar líða fór á síðari hálfleik og ljóst var að stefndi í sigur West Ham hóf Allen að syngja stuðningsmannalög nágranna-liðsins Fulham af miklum móð, en hún hefur alla tíð verið mikill aðdáandi þess félags eins og pabbi hennar, leikarinn Keith Allen. Gerðist söngkonan svo gróf í tali í garð heimaliðsins að starfsmenn vallarins sáu sig knúna til að henda henni öfugri út af vellinum ef hún róaði sig ekki. Ekki kom þó til slíkra átaka.

Á síðasta leiktímabili tjáði Allen sig um stöðu Fulham í viðtali og sagði peningana vera á góðri leið með að eyðileggja fótboltann. „Þegar ég fer á leiki með Fulham þessa dagana finnst mér stundum eins og áhorfendurnir séu ekki nærri því allir stuðningsmenn Fulham. Sá grunur læðist að mér að þar innan um leynist Chelsea-stuðningsmenn sem hafa ekki efni á miða á Stamford Bridge,“ sagði söngkonan. Í vor náðust svo myndir af Allen á úrslitaleik Fulham og Atletico Madrid í Evrópudeildinni, sem fram fór í Hamborg. Á myndunum grætur Allen sáran í lok leiks, en Fulham tapaði eftir framlengingu.

Meðal annarra aðdáenda Fulham eru leikararnir Hugh Grant og Pierce Brosnan og Daniel Radcliffe, auk þess sem konungur poppsins, Michael Jackson heitinn, mætti á einn leik liðsins á heimavellinum Craven Cottage árið 1997.

KONUNGSFJÖLSKYLDAN ÓSAMMÁLA

Heldur með liðum um allt England

Bresku konungsfjölskyldunni hefur gengið fremur illa að forðast innbyrðist deilur í gegnum tíðina og því ætti ekki að koma sérstaklega á óvart að meðlimir hennar eigi í erfiðleikum með að sameinast um eitt enskt knattspyrnulið til að fylgja að málum. Elísabet, sjálf drottningin og höfuð ættarinnar, bauð Arsene Wenger, knattspyrnustjóra Arsenal, og leikmönnum liðsins í opinbera móttöku fyrir þremur árum og kom þá upp úr kafinu að hún hefur stutt Arsenal með ráðum og dáð í yfir hálfa öld, en í gamla daga hreifst hún mjög af Denis Compton, leikmanni liðsins. Cesc Fabregas, hinn spænski leikmaður Arsenal, greindi fjölmiðlum spenntur frá því eftir móttökuna að drottningin hefði tekið hann tali, spurt út í gengi liðsins og meira að segja vitað hvað hann hét.

Hinn ódæli prins Harry, yngri sonur Karls Bretaprins og Díönu heitinnar, hefur farið að ráðum ömmu gömlu og er tíður gestur á leikjum Arsenal.

Öðru máli gegnir um eldri bróður Harry, Vilhjálm prins, en sá styður Birmingham-félagið Aston Villa vegna þess að honum líkar einkar vel við aðdáendur liðsins. Pabbi drengjanna, Karl Bretaprins, heldur af einhverjum ástæðum með norðanliðinu Burnley, meðan Andrew bróðir hans er stuðningsmaður Norwich. Þá er gaman að geta þess að Paul Burrell, fyrrverandi bryti Díönu prinsessu, er einn harðasti stuðningsmaður Wrexham sem sögur fara af.

ÆFÐI MEÐ TOTTENHAM

Körfuboltamaðurinn Steve Nash er aðdáandi frá blautu barnsbeini

Körfuknattleiksmaðurinn Steve Nash, sem leikur með Phoenix Suns í bandarísku NBA-deildinni og var meðal annars útnefndur verðmætasti leikmaður deildarinnar árin 2004 og 2005, ólst upp í Kanada en faðir hans fæddist í námunda við White Hart Lane, heimavöll Tottenham í London. Nash var undrabarn í íþróttum, jafnvígur á körfubolta, íshokkí og fótbolta, og æfði meðal annars með Tottenham á táningsaldri þegar fjölskyldan heimsótti heimabæ föðurins. Nash hefur látið hafa eftir sér í viðtölum að hann hefði hæglega getað orðið atvinnumaður í knattspyrnu, hefði hann ekki ákveðið að einbeita sér að körfuboltanum með svo góðum árangri. Það hefur þó ekki komið niður á áhuga hans á íþróttinni, og þegar hinn þýski Dirk Nowitzki lék með Nash hjá Dallas Mavericks urðu þeir perluvinir, ekki síst vegna þess að þeir eyddu miklum tíma saman við að horfa á beinar útsendingar frá ensku knattspyrnunni í sjónvarpinu.

Nash er svo mikill aðdáandi Tottenham að komið hefur til tals að hann fjárfesti í félaginu, en sá kanadíski tekur þó skýrt fram að öll slík viðskipti muni sitja á hakanum þar til körfuknattleiksferlinum sé lokið. „Ég er ekki einn af þessum bandarísku viðskiptajöfrum sem vilja kaupa fótboltalið til að græða á þeim. Ég þarfnast ekki meiri peninga. Ég vil bara að Tottenham gangi vel, enda hef ég verið aðdáandi frá blautu barnsbeini,“ sagði Nash í viðtali fyrir nokkrum árum.

Aðdáendahópur Tottenham telur meðal annarra leikarana Jude Law og Kenneth Branagh, rithöfundinn Salman Rushdie og tónlistargoðsögnina Phil Collins.

FRÁ RIYADH TIL NORÐUR-LONDON

Osama Bin Laden var tíður gestur á Highbury

Osama Bin Laden gerðist ungur að árum áhugamaður um knattspyrnu og spilaði iðulega fótbolta með vinum sínum í Sádi-Arabíu. Í bókinni Bin Laden: Behind the Mask of Terror eftir Adam Robinson, sem kom út árið 2001, kemur fram að Bin Laden hafi gerst harður stuðningsmaður Norður-Lundúnaliðsins Arsenal þegar hann dvaldi um hríð í borginni á tíunda áratugnum. Mun hann þá hafa verið tíður gestur á Highbury, þáverandi heimavelli Arsenal, og fagnaði meðal annars á pöllunum þegar liðið komst í úrslitaleik í Evrópukeppni bikarhafa vorið 1995. Einnig kemur fram í bókinni að Bin Laden hafi tekið svo miku ástfóstri við „Skytturnar“ að hann hafi fjárfest í treyju liðsins og gefið elsta syni sínum.

Þegar breskir fjölmiðlar höfðu samband við talsmann Arsenal í kjölfarið á þeim fregnum að einn alræmdasti maður heims væri stuðningsmaður félagsins sagði hann að Bin Laden yrði meinuð aðganga að vellinum myndi hann freista þess að fá inngöngu. Sem verður reyndar að teljast heldur ólíklegt úr þessu.

Meðal annarra stuðningsmanna Arsenal má nefna óvenju litríka samsetningu af tónlistarfólki, til að mynda þá Johnny Rotten, söngvara pönksveitarinnar Sex Pistols, poppsöngkonuna Dido, Roger Waters úr Pink Floyd og Roger Daltrey, söngvara The Who.

MEL B OG MEAT LOAF

Fleiri frægir aðdáendur í ensku:

- Will Ferrell - Chelsea
- Justin Timberlake - Manchester United
- Mel B - Leeds United
- Cameron Diaz - Brentford
- Sylvester Stallone - Everton
- Meal Loaf - Hartlepool
- Russell Brand - West Ham
- Ricky Hatton - Manchester City
- Sting - Newcastle
- Ricky Gervais - Reading
- Eric Clapton - West Bromwich Albion

COOL CATS IN RED

Hipphopp-meistarinn Dr. Dre hreifst af John Barnes

Þótt enska knattspyrnan hafi sótt í sig veðrið í vinsældum svo um munar síðustu árin er ljóst að fótboltinn, eins og við Evrópubúarnir þekkjum hann, á ekki upp á pallborðið hjá ýkja mörgum Bandaríkjamönnum. Undantekningar eru þó til, meðal annars í formi rapparans, upptökustjórans og alhliða hipphopp-mógúlsins Dr. Dre (Andre Romelle Young) sem gerðist eindreginn stuðningsmaður Liverpool á hljómleikaferðalagi í Englandi með hljómsveitinni NWA (Niggers with Attitude) á níunda áratugnum. Í viðtali við leikskrá Liverpool fyrir nokkrum árum sagðist Dre fyrst hafa séð leik með liðinu í sjónvarpi og strax hrifist af þessum flottu leikmönnunum („cool cats in red“). „They whupped some poor dudes four or five zip“ (þeir rústuðu einhverjum vesalingum fjögur eða fimm núll) sagði Dre um téðan leik. Sérstaklega hreifst rapparinn af John Barnes, leikmanni Liverpool, sem hann sagði minna sig á körfuknattleikshetjuna Magic Johnson. En svo skemmtilega vill til að Barnes vakti á sínum tíma talsverða athygli, ekki endilega jákvæða, fyrir að rappa í stuðningsmannalögum Liverpool og enska landsliðsins. Eftir því sem best er vitað hefur Dr. Dre ekki verið inntur eftir áliti sínu á gengi Liverpool nýlega.

Þá er einnig forvitnilegur fjöldi Hollywood-leikara stuðningsmenn Liverpool. Hjónin fyrrverandi Billy Bob Thornton og Angelina Jolie munu hafa fylgst grannt með gengi liðsins, Samuel L. Jackson og Daniel Craig fara ekki leynt með aðdáun sína á félaginu, vöðvatröllið Dominic Purcell úr Prison Break fæddist í Liverpool og einnig foreldrar grínistans Mike Myers.

markhonnun.is

netto
gleðjumst saman um jólin

ÁST, FRIÐUR, ROKK & RÓL

40% afsláttur

STELPUROKK

Bráðsnjöll og skemmtileg unglingabók eftir metsöluhöfundinn **Bryndísi Jónu Magnúsdóttur.** Bókin fjallar um tískudrósina og tónlistarfíkilinn Sunnu, sem dreymir um að verða rokkstjarna með fyrstu stelpnahljómsveitinni á Íslandi.

Stelpurokk er fimmta bók Bryndísar Jónu.

Áður hafa komið út eftir hana bækurnar:

- Er ég bara flatbrjósta nunna?
- Kossar, knús og málið er dautt!
- Beygluð og brotin hjörtu
- Senjorítur með sand í brók

STELPUROKK
Bryndís Jóna Magnúsdótir

2.394kr
Áður 3990 kr



ÓMISSANDI LESNING FYRIR ALLAR STELPUR!

GJAFAKORT NETTÓ
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA

GILDIR **10. – 13.** DESEMBER

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Birt með fyrirvara um prentvillur

Píta, piparkökur og sápukúlur

MYNDBROT ÚR DEGI | fimmtudaginn 9. desember | Tekið á Canon 5d mark II og iphone 3g

Hörður Sveinsson ljósmyndari stundar nám í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands og hefur nóg að gera í verkefnum þessa dagana. Hann gaf sér þó tíma til að sækja tónleika á annars annasömum degi sem hann smellti á filmu fyrir *Fréttablaðið.*

1 Byrjaði daginn á kaffibolla í besta mötuneyti á Íslandi, mötuneytinu í LHÍ.

3 Fór á áhugaverðan fund með framtíðar-vöruhönnuðum á besta pítuveitingastað í bænum, Pítunni. Lærði mikið og fékk gómsæta pítu.

2 Borðaði heilmikið af piparkökum til að koma mér af stað í verkefnavinnu.

4 Náði í yndisfagra bílinn minn úr viðgerð en hann lenti í smávægilegri aftanákeyrslu fyrir fjórum vikum.



5 Vann áfram í verkefni í skólanum, hópverkefni þar sem við áttum að búa til jólaskraut út frá tveimur þemalitum. Okkar litir voru svartur og blár. Hvaða litir segja jólin betur en svartur og blár?

6 Endaði daginn á tónleikum með bestu hljómsveit Íslands, Apparat Organ Quartet. Þetta voru fagnaðartónleikar, enda sveitin nýbúin að gefa út bestu plötu ársins. Engu var til sparað á tónleikunum og meira að segja var þar sápukúluvél.

FRAMÚRSKARANDI UM JÓLIN

Síðastliðin ár hafa hamborgarhryggir og hangikjöt frá Norðlenska skarað framúr í bragðkönnunum DV. Ár eftir ár hafa neytendur sett traust sitt á Norðlenska þegar kemur að jólamatnum. Fyrir það erum við þakklát og ætlum að halda áfram að uppfylla kröfur um indæla jólasteik.

BRAGÐKÖNNUN MATGÆÐINGA DV
2009 – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti
2008 – Húsavíkurhangikjöt í 1. sæti
2008 – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti
2007 – KEA-hangikjöt í 1. sæti
2006 – KEA-hamborgarhryggur í 2. sæti
2004 – KEA-hamborgarhryggur í 1. sæti
2002 – KEA-hamborgarhryggur í 2. sæti
2002 – KEA-hangikjöt í 1. sæti

NORÐLENSKA
KEA GOÐI Sjalla HANGIKJÖT

Í ÞÁ TÍÐ …

Vendipunktur í frelsisstríði Alsírs

Gríðarlegur fjöldi krafðist sjálfstæðis þegar de Gaulle heimsótti Alsír

Á þessum degi árið 1960, fyrir réttri hálfri öld, urðu straumhvörf í frelsisbaráttu Alsírs undan nýlendustjórn Frakklands. Í heimsókn Charles de Gaulle forseta til Alsírs, sem hafði lotið stjórn Frakklands um áratugaskeið, kom gríðarlegur mannfjöldi saman undir merkjum frelsishreyfingar Alsírs og krafðist sjálfstæðis.

Frelsisbaráttan hafði staðið frá 1954 og aðallega farið fram með skæruliðahernaði og ómældu mannfalli. Franska hernum gekk vel framan af, en harkalegar aðferðir þeirra gegn uppreisnarmönnum urðu alræmdar og ekki bættu pólitískar hræringar á heimavelli úr skák. Þegar frönsk stjórnvöld hugðust semja við uppreisnarmenn árið 1958, tók herinn í taumana og krafðist þess að de Gaulle, hetja Frakka úr seinni heimsstyrjöldinni, yrði settur forseti á ný.

CHARLES DE GAULLE Leit á Alsír sem hluta af Frakklandi en talaði engu að síður fyrir friði og umbótum.

De Gaulle hugðist taka ástandið föstum tökum og leit á Alsír sem hluta af Frakklandi til framtíðar, en hann talaði engu að síður fyrir friði og umbótum.

Mótmælin við heimsókn hans í desember mættu harðri mótspyrnu franska hersins, en þegar mótmælunum linnti ekki tók de Gaulle þá ákvörðun að binda enda á hernað og ræða þess í stað við uppreisnarmenn.

Innan nokkurra vikna hafði verið boðað til þjóðaratkvæðagreiðslu í Alsír og Frakklandi um sjálfsákvörðunarrétt Alsíringa og því ferli lauk með því að landið hlaut sjálfstæði í júlí árið 1962, eftir átta ára blóðuga baráttu sem kostaði hundruð manna lífið. **– þj**

Heimild: Wikipedia og BBC

ÁR 1900 **1960** 2000 2010

SKISSA

Verið velkomin í verslanir okkar:

Bankastræti, 101 Reykjavík, sími 561-9619

Opið: mán-fös 10-18 - lau 10-18 - sun 11-16

Jólaopnun í verslun Icewear Bankastræti
frá 9. des til 23. des 10-22 - 24. des 10-12

Suðurhrauni 12c, Garðabæ, sími 555-7409

Opið: mán-fös 11-18 - lau 11-16 - sun 12-16

www.icewear.is

ICE WEAR
ÍSLENSK HÖNNUN

tímamót

timamot@frettabladid.is

FRÍÐA Á. SIGURÐARDÓTTIR rithöfundur (1940-2010) var fædd þennan dag.
„Sá sem hefur gengið í gegnum bálið verður aldrei samur aftur.“

Merkisatburðir

1917 Nýja bíó í Reykjavík frumsýnir kvikmyndina Voðastökk og þótti tíðindum sæta að bíóið hafði látið þýða textana á íslensku.

1930 Til átaka kemur í Reykjavík vegna verkfalls í Garnastöð Sambandsins og eru þau kölluð Garnaslagurinn. Um samdist í lok mánaðarins.

1936 Georg VI. verður konungur Bretlands eftir afsögn eldri bróður síns Játvarðs VIII.

1941 Þýskaland og Ítalía segja Bandaríkjunum stríð á hendur.

1948 Snjóflóð fellur á bæinn Goðdal í Strandasýslu. Sex manns farast. Húsbóndanum er bjargað úr flóðinu eftir fjóra sólarhringa.

1961 Fyrstu bandarísku herþyrlurnar koma til Saigon og markar það upphaf Víetnamstríðsins.

1975 Breski dráttarbáturinn Lloydsman siglir tvisvar á varðskipið Þór í mynni Seyðisfjarðar, um tvær sjómílur frá landi.

ÞETTA GERÐIST: 11. DESEMBER 1948

Ríkið fær Skriðuklaustur að gjöf

Gunnar Gunnarsson rithöfundur og kona hans, Franzisca Antonia Josephine Jörgensen, gáfu íslenska ríkinu Skriðuklaustur á Fljótsdalshéraði þennan dag árið 1948. Þau höfðu átt jörðina í tíu ár og búið þar frá 1939 er þau létu byggja þar íveruhús í bæheimskum stíl. Það var teiknað af þýska arkitektinum Fritz Höger. Í því eru á fjórða tug herbergja enda kostaði það álíka mikið og tíu einbýlishús í Reykjavík á sama tíma.

Í gjafabréfinu er kveðið á um að jörðin skuli hagnýtt á þann hátt að til menningarauka horfi. Tilraunabú í sauðfjár- og jarðrækt á vegum RALA var rekið þar frá 1949 til 1990 en Gunnarsstofnun var sett á laggirnar árið 1997.

Þess má geta að á morgun verður þar hinn árlegi upplestur á Aðventu Gunnars klukkan 14 og jafnframt opið í jólakökur og heitt súkkulaði í Klausturkaffi.

FJALLGÖNGUGARPURINN „Þegar maður er slakur andlega þá er allt smurt,“ segir Þorsteinn sem ætlar að ljúka við að uppfylla áramótaheitið í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÞORSTEINN JAKOBSSON: GENGUR Á 365. FJALLSTOPPINN Á ÁRINU

Nýt hvers skrefs sem ég tek

„Þetta verður gleðiríkur og góður dagur og það verður gaman að enda afmælisár Ljóssins með svona ljósagöngu,“ segir Þorsteinn Jakobsson fasteignasali sem í dag gengur á Esjuna ásamt fjölda fólks sem mun mynda ljósafoss niður hlíðarnar. Esjan er 365. fallið sem Þorsteinn klífur á árinu í tilefni af fimm ára afmæli Ljóssins, endurhæfingu krabbameinsgreindra. Mæting er við Esjustofu klukkan 14 í dag þar sem tónlistarmenn flytja hvatningarsöngva en gangan hefst stundvíslega klukkan 14.30. Göngufólk er beðið að hafa meðferðis vasaljós, ennisljós eða kyndla.

„Það var áramótaheit í fyrra að taka 365 fjallstoppa úti um allt land á einu ári,” segir Þorsteinn. Ég vissi alltaf að ég gæti það en það mátti heldur ekkert koma fyrir mig. Fyrsta fjallið var Helgafell við Hafnarfjörð, ég gekk á það á nýársdag.“ En hvað kom til að hann tókst á við svona erfitt verkefni? „Ég hef alltaf haft þörf fyrir að ganga en í fyrra fann ég hvers ég var megnugur þegar ég tók þátt í að setja Íslandsmet með því að fara sjö ferðir á Esjuna á einum degi. Það var líka fyrir Ljósið. Í vor gekk ég svo á tíu fjöll á tólf og hálfum tíma í sama tilgangi. Kona sem ég þekki er með krabbamein og mig langar að styrkja það góða starf sem unnið er í Ljósinu,“ útskýrir Þorsteinn og minnir á númer styrktarsjóðsins: 0130-26-410520 kt. 590406-0740. „Það munar um hvað sem er.“

Meðal fjalla sem Þorsteinn hefur sigrað á árinu eru Snæfellsjökull, Spákonufell við Skagaströnd, Böggvisstaðafjall við Dalvík, Súlur og Hlíðarfjall við Akureyri, Hólmatindur og Svartafjall við Eskifjörð og Hádegisfjall við Reyðarfjörð, auk allra fjalla á Suðvesturlandi. Ekki má gleyma hæsta tindi landsins, Hvannadalshnúk en á hann gekk Þorsteinn 8. maí með starfsfólki 365. „Mér var boðið með 365 og það var mjög gaman,“ segir hann brosandi. En hvaða fjall var erfiðast uppgöngu? „Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá fannst mér ekkert þeirra erfitt. Ég nýt hvers skrefs sem ég tek og hugsa aldrei um erfiðleika,“ svarar Þorsteinn brosandi. „Hugarfarið er höfuðatriði. Ég hef aldrei farið úr liði og aldrei fengið verki í hnén eða skrokkinn. Veit ekki hvað það er. Þegar maður er slakur andlega þá er allt smurt.“

Þorsteinn viðurkennir að hafa þrisvar verið í lífshættu í fjallaferðunum. „En það hefur bara kennt mér,“ segir hann. „Ég lenti í sjálfheldu á Hádegisfjalli á Reyðarfirði, fór upp á vitlausum stað og líka á Baulu. Samt er ég enginn áhættufíkill.“

gun@frettabladid.is

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför móður okkar, stjúpmóður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Hrefnu Sveinsdóttur

frá Vík í Mýrdal, Sóltúni 30, Reykjavík.

Elsa Þorsteinsdóttir
Sveinn Hrólfsson
Daði Hrólfsson
Arnar Þór Hrólfsson
Andri Hrólfsson
Ingólfur Hrólfsson
Gunnhildur Hrólfsdóttir
Bryndís Hrólfsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Axel Bryde
Debora Turang
Sunna Karlsdóttir
Hanna Jónsdóttir
Finnur Eiríksson
Engilbert Gíslason

---

†

Ömmusystir okkar,

Aðalheiður Sigurðardóttir

Skólastíg 14a, Stykkishólmi,

lést á St Franciskusspítalanum í Stykkishólmi 1. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Stykkishólmskirkju 14. desember kl. 14. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Orgelsjóð Stykkishólmskirkju í Heimahorninu, sími 438 1110.

Jófríður Sveinbjörnsdóttir
Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir
Stefán Þór Sveinbjörnsson

---

†

Sendum innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa, langafa og langalangafa,

Víglundar Guðmundssonar

Greniteigi 5, Keflavík.

Sérstakar þakkir til heimahjúkrunar og Sigrúnar Ólafsdóttur hjúkrunarfræðings á HSS. Guð blessi ykkur öll.

Guðbjörg Kristín Víglundsdóttir
Magnea Inga Víglundsdóttir
Hafrún Ólöf Víglundsdóttir
Sverrir Víglundsson
Jóhann Sigurður Víglundsson
Íris Víglundsdóttir
Lilja Víglundsdóttir
Ragnheiður Víglundsdóttir

Guðmundur Ingi Guðjónsson
Gunnar Magnússon
Hallfríður Anna Matthíasdóttir
Halla Sjöfn Hallgrímsdóttir
Böðvar Bjarnason
Njáll Karlsson
Kristján Valur Guðmundsson

afabörn, langafabörn og langalangafabarn

---

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs sambýlismanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Ragnars Björnssonar

matsveins.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun síðustu mánuði.

Jóna Ásgeirsdóttir
Gunnar Ingi Ragnarsson
Ragnheiður Ragnarsdóttir
Anna Birna Ragnarsdóttir
Ásgrímur Ragnarsson
Einar Ragnarsson
Ingibjörg Ragnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Valdís Bjarnadóttir
Egill Þórðarson
Snorri Sigurjónsson
Unni Larsen
Hafdís Erla Baldvinsdóttir
Lúther Sigurðsson

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, tengdafaðir, afi og bróðir,

Geir Hlíðberg Guðmundsson

læknir, Löngumýri 2, Garðabæ,

lést mánudaginn 6. desember á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ föstudaginn 17. desember kl. 11.00.

Margrét Guðmundsdóttir
Guðmundur Freyr Geirsson
Gunnar Þór Geirsson
Steinunn Ósk Geirsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Gísli Hlíðberg Guðmundsson
Sigurdís Guðmundsdóttir
Sindri Geir, Eydís Lilja, Jóhann Margeir, Iðunn Lilja og Friðrik Skorri

Pálína Kristín Jóhannsdóttir
Friðrik Óskar Friðriksson
Sara Vilbergsdóttir
Eyjólfur Ólafsson

SPJARAÐU ÞIG

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI + KatrínÓlína

SÓLEY

Heilrennd hettupeysa
úr Tecnostretch® efni frá Pontetorto®.
Tveir vasar á hliðum og flísfóður innan í hettu.

Stærðir: XS - 2XL í **22.990 KR.**

SKORRI

Heilrennd hettupeysa
úr Tecnostretch® efni frá Pontetorto®.
Tveir vasar á hliðum og flísfóður innan í hettu.

Stærðir: S - 3XL í **24.990 KR.**

FLOSI

Langermabolur úr hágæða bómull.
„Flatlocked" saumar.

Stærðir: S - XL í **8.990 KR.**

FJÓLA

Langermabolur úr hágæða bómull.
„Flatlocked" saumar.

Stærðir: S - XL í **8.490 KR.**

KATRÍN ÓLÍNA

Cintamani hefur í samvinnu við Katrínu Ólínu hannað nýja fatalínu fyrir veturinn 2010/2011.

Listakonan Katrín Ólína er einn þekktasti hönnuður Íslendinga á alþjóðavettvangi. Verk hennar hafa verið framleidd af fyrirtækjum á borð við DuPont®, Rosenthal, Swedese, Toshiba og Fornarina. Hún hefur búið til merkingar og útlit fyrir alþjóðlegar listahátíðir og hönnunarsýningar og einnig hlotið ýmis virt alþjóðleg hönnunarverðlaun, svo sem norrænu Forum AID-verðlaunin.

Líflegt myndmál og hönnun Katrínar Ólínu fellur einstaklega vel
að þessari nýju Cintamani-línu sem aðeins er framleidd í takmörkuðu upplagi.

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533-3805

CINTAMANI KRINGLUNNI
103 REYKJAVÍK, S. 533-3003

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVÍK, S. 517 8088

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Matthías Björnsson
loftskeytamaður og kennari,
Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 8. desember. Útförin auglýst síðar.

Fjóla Guðjónsdóttir
Steingrímur Matthíasson
Karl V. Matthíasson
Oddný Soffía Matthíasdóttir
Einar Pálmi Matthíasson
Inga Nína Matthíasdóttir
Stefán Heimir Matthíasson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sveinn Sæmundsson
Hjúkrunarheimilinu Eir, áður til heimilis að Lyngholti 15, Reykjanesbæ,

lést laugardaginn 4. desember. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 13. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarstofnanir.

Júlíana Sveinsdóttir
Vilhjálmur Sveinsson — **Hulda Fríða Berndsen**
Sveinn Daði Einarsson — **Þórhildur Önnudóttir**
Berglind Anna Einarsdóttir
Ísak Vilhjálmsson
Lilja Torfadóttir

†

Ástkær sambýlismaður, faðir, tengdafaðir, vinur og afi,

Gunnar Trausti Þórðarson
Sundlaugavegi 8, Reykjavík,

lést á Landspítalanum deild 11E fimmtudaginn 9. desember. Útförin verður auglýst síðar.

Lilja Þórarinsdóttir
Salóme Halldóra Gunnarsdóttir — **Úlfar Þórðarson**
Jón Birgir Gunnarsson — **Edda Svanhildur Holmberg**
Baldur Smári Gunnarsson — **Ingveldur Oddný Jónsdóttir**
Tryggvi Þór Ágústsson — **Vera Björk Ísaksdóttir**
Anna María Ágústsdóttir — **Vilhjálmur Árni Ingibergsson**
Elísabet Ósk Ágústsdóttir — **Sigmundur Helgi Brink**
og barnabörn.

†

Elsku bróðir okkar,

Gunnar Gunnarsson
Lálandi 23, Reykjavík,

lést sunnudaginn 5. desember. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélagið Ás.

Fyrir hönd aðstandenda og vina,
Sverrir Gunnarsson
Svanhildur Lovísa Gunnarsdóttir
Inga Kristín Gunnarsdóttir Henrikson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Kjartans Magnússonar
Borgarbraut 65a, Borgarnesi.

Jóna Sigurðardóttir
Haukur A. Kjartansson — **Svanhildur Ólafsdóttir**
Eyþór M. Kjartansson
Hanna S. Kjartansdóttir — **Anders Larsen**
Svandís E. Ragnarsdóttir
afa og langafabörn.

†

Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Svanlaug Ester Kláusdóttir
Fjarðargötu 17, Hafnarfirði,

andaðist á heimili sínu aðfaranótt 8. desember sl. Jarðarförin auglýst síðar.

Fjölskyldur hinnar látnu.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar, tengafaðar, afa, langafa og langalangafa,

Guðjóns Guðmundssonar
frá Bakkagerði.

Sæunn Guðjónsdóttir
Birgir Guðjónsson
Björn Guðni Guðjónsson
Halldóra Sigurðardóttir
og fjölskyldur.

†

Tilkynning um útför ástkærs föður, tengdaföður, afa, bróður og mágs.

Haukur Karlsson
brúarsmiður

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju mánudaginn 20. desember kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en bent á Umhyggju (félag til stuðnings langveikum börnum).

Hafdís Hauksdóttir Kjærgaard — **Mikkel C. Kjærgaard**
Eva Kjærgaard
Marinó Bóas Karlsson — **Sigfríð Elín Sigfúsdóttir**
Íris Karlsdóttir — **Guðmundur Haraldsson**

†

Móðursystir okkar,

Bryndís Jóhannsdóttir
áður Hlaðhömrum 3, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 15. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

Fyrir hönd aðstandenda,
Jóhann Ólafsson
Bryndís Fanný Guðmundsdóttir

Bréfamaraþon Amnesty

Íslandsdeild Amnesty International tekur nú í sjöunda sinn þátt í alþjóðlegu bréfamaraþoni Amnesty International sem fram fer í meira en 60 löndum víða um heim. Maraþonið er haldið í tengslum við mannréttindadaginn 10. desember. Fólk getur mætt á skrifstofu Amnesty í dag, 11. desember milli klukkan 13 og 18 að Þingholtsstræti 27. Þar gefst því kostur á að leggja þolendum mannréttindabrota lið. Í ár er sjónum beint að sex einstaklingum sem þurfa á stuðningi að halda og fólk getur sent bréf til stjórnvalda í löndum þar sem mannréttindabrotin eiga sér stað.

MANNRÉTTINDI Íslandsdeild Amnesty International tekur þátt í alþjóðlegu bréfamaraþoni Amnesty International.

Hljómsveitin Varsjárbandalagið mun spila fyrir gesti Amensty þennan dag.

KÆRKOMIN BREYTING Lengi hefur verið beðið eftir bættri aðstöðu til íþrótta- og sjúkraþjálfunar í húsnæði geðdeildar í Landspítalanum.
MYND/JÓN BALDVIN HALLDÓRSSON

Kærkomin gjöf

Nýr íþrótta- og sjúkraþjálfunarsalur var formlega tekinn í notkun í húsnæði iðjuþjálfunar í geðdeildarhúsi Landspítalans við Hringbraut nýlega.

Tækjabúnaðurinn í salinn var keyptur fyrir einnar milljóna króna gjöf frá Actavis, auk þess sem uppbygging salarins naut góðvildar nokkurra fleiri fyrirtækja. Tækjakostur í salnum var valinn sérstaklega af tveimur íþróttafræðingum sem settu einnig upp salinn.

Grand Hótel Reykjavík
Sigtún 38, 105 Rvk.
Sími: 514 8000
www. grand.is
erfidrykkjur@grand.is
Grand HÓTEL REYKJAVÍK

AFMÆLI

AUÐUR HARALDS rithöfundur er 63 ára.

GUÐLAUGUR KRISTINN ÓTTARSSON, gítarleikari og stærðfræðingur, er 56 ára.

†

Elskulegur bróðir minn,

Þórhallur Gauti Bárðarson

sem lést að morgni 8. desember, verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 16. desember kl. 15.00.

Hanna Karítas Bárðardóttir og börn

†

Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Jóns Aspar
Skálateigi 7, Akureyri.

Sigríður Jónsdóttir — **Skúli Magnússon**
Halldór Aspar
Margrét Skúladóttir — **Bragi Thoroddsen**
Magnús Skúlason
og langafabörn

Hörðu pakkarnir fást hjá okkur

Canon IXUS 105

IXUS hönnun sem sker sig úr fjöldanum. Fangaðu magnaðar myndir með 12.1 megapixlum, 28mm gleiðlinsu og Smart Auto. Vídeóupptaka & YouTube Upload eiginleiki fylgir með hugbúnaðarpakkanum.

Aðeins

34.900kr.

Canon EOS 550D

Canon EOS 550D með EF-S 18-55mm linsu. 4GB Lexar minniskort, íslensk EOS kennslubók og grunnnámskeið fylgja með. Mesta úrvalið af linsum og aukahlutum.

Aðeins

164.900kr.

Vivanco heyrnartól

Góður hljómur og frábært verð. Tappar eða með hljóðnema.

Tilboðsverð frá

990-2.990kr.

Bose Sounddock

Bose Sounddock hljómtæki fyrir flestar gerðir Ipod. Fjarstýring fylgir.

Tilboðsverð frá

44.900kr.

Camlink þrífótur

Camlink þrífótur 65-163 cm á hæð. Tilvalinn fyrir kyrrmynda- og vídeótökur.

Aðeins

7.990kr.

Lenovo Z560 fartölva

Stílhrein fartölva með kraftmikilli margmiðlun og glæsilegu útliti. Afkastamikill Intel i350 örgjörvi, 320GB diskur, 15,6" skjár og öflugt skjákort.

Tilboðsverð

159.900kr.

Lenovo ThinkPad Edge

Lenovo ThinkPad Edge 15,6" fartölva. P320 örgjörvi, 2GB minni, 250GB diskur og 3 ára ábyrgð. Einstakt lyklaborð. Vönduð fartölva á góðu verði.

Tilboðsverð frá

149.900kr.

Ath. tilboð gilda á meðan birgðir endast.

sense | NÝHERJI

Sense Center Kringlunni www.netverslun.is **Nýherji** Borgartún 37

WWW.SKEMMTIVEFUR.IS er skemmtivefur Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum. Þar má finna leiki, myndbrot, brandara og tengla á aðra vefi.

LEPPALÚÐI BAKAR OG GRÝLA HORFIR Á JÓA FEL

Sunna er venjuleg stelpa sem er vinkona tröllastrákanna Láps og Skráps, sona Grýlu og Leppalúða. Þau eru öll á Norðurpólnum um helgar fram að jólum í leikritinu Lápur, Skrápur og jólaskapið. Krakkasíðan spurði Sunnu hvernig jólin væru hjá tröllabörnum og hvort Grýla og Leppalúði kynnu eitthvað að elda.

Hvað gerið þið þegar ekki eru jól? „Þá bíðum við spennt eftir þeim næstu. Samt gleymum við því næstum því á sumrin því þá er svo skemmtilegt að vera úti að leika."

Fáið þið jólapakka? „Já, alveg fullt af pökkum, ég fékk Markús í jólagjöf, hann er uppáhalds bangsinn minn."

Hvað borðið þið á jólunum? „Alls konar gúmmelað, pabbi er til dæmis mjög góður að baka smákökur og svo borðum við hangikjöt og hamborgarhrygg og svo laufabrauð. Svo drekkum við malt og appelsín, það er svo gott.

Er Grýla góður kokkur? „Þegar hún hætti að sjóða börn eins og í gamla daga byrjaði hún að gera grænmetisrétti og baunabuffin hennar eru mjög góð. Hún horfir líka alltaf á Jóa Fel, henni finnst hann svo skemmtilegur."

Mega grýlubörn fara í kirkju? „Já, það mega allir fara í kirkju, tröllabörn og venjuleg börn."

Eru Lápur og Skrápur oft að hrekkja þig? „Stundum, en þeir eru samt mjög góðir og skemmtilegir og hjálpa mér oft. Það er mjög gott að þekkja tröllabörn ef maður þarf til dæmis að færa húsgögn, þau eru svo sterk."

> Þegar hún hætti að sjóða börn eins og í gamla daga byrjaði hún að gera grænmetisrétti og baunabuffin hennar eru mjög góð.

Hvað finnst þér best við jólin? „Bara allt saman, pakkarnir, maturinn, kökurnar, jólalögin, ljósin, skreytingarnar og svo eru allir eitthvað svo hátíðlegir. Ég held að tilveran væri frekar lítið skemmtileg ef það kæmu ekki jól."

BRANDARAKISTAN

Maður í skóbúð: Seljið þið krókódílaskó?
Afgreiðslukonan: Já, hvaða númer notar krókódíllinn þinn?

Einn bóndinn sagði við hinn: Hvað átt þú margar kindur?
Þá svarar hinn: Ég hef ekki hugmynd um það, alltaf þegar ég byrja að telja þær þá sofna ég.

Fíll og mús voru á leið yfir brú.
Fíllinn: Mikið svakalega brakar í brúnni. Ég held hún sé hreinlega að detta í sundur.
Músin: Það er nú engin furða þegar við erum bæði á henni í einu.

Smáauglýsing: Bolabítur til sölu. Borðar hvað sem er. Hefur mjög gaman að börnum.

Þú getur sent brandara til ***krakkar@frettabladid.is***

Aðventuleikur blaðbera

Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

SPURNINGALEIKUR

1. Hvað hét risastóra skipið sem var á leiðinni til New York árið 1912 þegar það rakst á ísjaka og sökk?
2. Út hverju er hafís?
3. Hvaða stóru dýr koma stundum með ísjökum til Íslands frá Grænlandi?
4. Hverju er stundum stráð á götur þegar frost er úti?
5. Hvað heitir íþróttin þar sem notaðir eru skautar, kylfa og pökkur?
6. Hvort er Norðurpóllinn eða Suðurpóllinn bara úr ís?
7. Hvað kallast ísbreiður í fjöllum sem bráðna ekki yfir sumarið?
8. Hvað táknar hvíti liturinn í íslenska fánanum?
9. Hvort verður kaldara á Norðurpólnum eða Suðurpólnum?
10. Hvað hét jökullinn þar sem gaus í mars?

Svör:

1. Titanic
2. Frosnum sjó.
3. Ísbirnir.
4. Salti eða sandi
5. Íshokkí
6. Norðurpóllinn
7. Jöklar.
8. Ís eða jökla.
9. Suðurpólnum.
10. Eyjafjallajökull.

Líf og fjör í Eymundsson um helgina!

Austurstræti

Laugardagur 11.desember

Kl. 15.00 Helga Thorberg les úr bók sinni *Loksins sexbomba á sextugsaldri*

Kl. 16.00 Ólöf Arnalds flytur efni af nýju plötunni sinni *Innundir skinni*

Kl. 17.00 Kalli flytur lög af nýrri plötu sinni *Last train home*

Kl. 17.30 Kvennakór RVK syngur fyrir gesti

Sunnudagur 12.desember

Kl. 16.00 Moses Hightower spilar og áritar plötu sína *Búum til börn*

Kringlan *v. hliðina á Bónus*

Laugardagur 11.desember

Kl. 14.00 Yesmine Olsson kynnir bók sína *Framandi og freistandi* og gefur gestum að smakka af réttum sínum

Kl. 16.00 Moses Hightower spilar og áritar plötu sína *Búum til börn*

Sunnudagur 12.desember

Kl. 15:00 Gillz kynnir og áritar *Lífsleikni Gillz*

Kl. 15:00 Kynning á spilinu *Spurt að leikslokum*

Kl. 16:00 Kynning á spilinu *Flakk*

Smáralind

Laugardagur 11.desember

Kl. 14.00 Moses Hightower spilar og áritar plötu sína *Búum til börn*

Kl. 15.00 *Monika* Abendroth, hörpuleikari, spilar lög af nýjum disk sínum

Kl. 16.00 Yesmine Olsson kynnir bók sína *Framandi og freistandi* og gefur gestum að smakka

Sunnudagur 12.desember

Kl. 17:00 Gillz kynnir og áritar *Lífsleikni Gillz*

Kringlan

Laugardagur 11.desember

Kl. 14.00 Kynning á *Jóla Jóla spilinu* og spilinu *Vikings*

Skólavörðustígur

Laugardagur 11.desember

Kl. 16.00 Frímann kynnir DVD diskana *Mér er gamanmál* og *Kvöldstund með Frímanni Gunnarssyni*

Sunnudagur 12.desember

kl. 14.00 Moses Hightower spilar og áritar plötu sína *Búum til börn*

krossgáta



LÁRÉTT
2. sælgæti, **6.** í röð, **8.** fornafn, **9.** tækifæri, **11.** gelt, **12.** orðtak, **14.** urga, **16.** pot, **17.** ennþá, **18.** blóm, **20.** tveir eins, **21.** hvæs.

LÓÐRÉTT
1. helminguð, **3.** kringum, **4.** græðgi, **5.** af, **7.** tónsvið, **10.** eldsneyti, **13.** atvikast, **15.** sál, **16.** heyskaparamboð, **19.** sjó.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** buff, **6.** áb, **8.** mér, **9.** lag, **11.** gá, **12.** fræsi, **14.** iskra, **16.** ot, **17.** enn, **18.** ros, **20.** dd, **21.** fnæs.
LÓÐRÉTT: **1.** hálf, **3.** um, **4.** fegirnd, **5.** frá, **7.** barítón, **10.** gas, **13.** ske, **15.** andi, **16.** orf, **19.** æs.

Sendiráð Bandaríkjanna vekur athygli á uppboðsvef með notuð húsgögn, heimilistæki og margs konar annan búnað.

Nánari upplýsingar eru á www.usauppbod.is

Kennari óskast

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, óskar að ráða tæknifræðing eða vélfræðing með reynslu sem vélstjóri og með kennsluréttindi til kennslu í Véltækniskólanum.

Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson skólastjóri Véltækniskólans í síma 514 9501 eða í tölvupósti á *egu@tskoli.is*.

Umsóknarfrestur er til 18. desember.
Kjör samkvæmt stofnanasamningi Tækniskólans og KÍ.
Umsóknir sendist á *bg@tskoli.is*.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

Auglýsingasími

512 5050

Allt sem þú þarft...

Hrægammalýðræði

BAKÞANKAR Davíðs Þórs Jónssonar

Upp á síðkastið hefur verið rætt um að landsbyggðin eigi ekki nema þrjá fulltrúa á nýkjörnu stjórnlagaþingi. Þess hefur sérlega verið getið sem áhyggjuefnis að Austurland eigi þar engan fulltrúa. Þá er litið framhjá því að íbúar Austurlands hefðu hæglega getað fyllt stjórnlagaþingið ef þeir hefðu haft döngun í sér til að gera tvennt: Í fyrsta lagi að bjóða sig fram. Í öðru lagi að mæta á kjörstað.

EN þetta tal ber svo skýran vott um úreltan afdalahugsunarhátt og forneskjulegan lýðræðisskilning, að ég get ekki orða bundist. Reyndar er mér svo mikið niðri fyrir að ég verð að fá að brýna raustina og æpa staðreyndir málsins. Þær eru þessar: LANDSBYGGÐIN Á ENGAN FULLTRÚA Á STJÓRNLAGAÞINGI! EKKI FREKAR EN HÖFUÐBORGIN! EKKI FREKAR EN KARLAR EÐA KONUR, FATLAÐIR, ALDRAÐIR EÐA ÖRYRKJAR! EKKI FREKAR EN LÆKNAR, LÖGFRÆÐINGAR EÐA GUÐFRÆÐINGAR! EKKI FREKAR EN RAUÐHÆRÐIR EÐA SKÖLLÓTTIR! ÞJÓÐIN Á TUTTUGU OG FIMM FULLTRÚA ÞAR! PUNKTUR!

STJÓRNLAGAÞINGINU er ætlað að skrifa nýja stjórnarskrá þar sem grunngildi þjóðarinnar komi fram. Ný stjórnarskrá á með öðrum orðum að tryggja frelsi, jafnrétti og réttlæti. Í því felst, án þess að taka þurfi það fram sérstaklega, að frelsið, jafnréttið og réttlætið verður að vera allra jafnt. Jafnrétti og réttlæti sem einn nýtur umfram annan er ekki jafnrétti og réttlæti heldur misrétti og óréttlæti. Þessum markmiðum náum við aldrei ef við höldum við því hrægammalýðræði, sem geip um að hinir og þessir „eigi“ fulltrúa á þingum er svo lýsandi fyrir. Í því felst sá skilningur að fulltrúarnir raða sér í kringum hræið og reyna að rífa í sig sem mest af því, til að berjast fyrir því að engin tægja af frelsi, jafnrétti eða réttlæti, sem hefði getað orðið þeirra, lendi í gogginum á öðrum.

ÁN þess að hafa kynnt mér það nákvæmlega sýnist mér að hálffimmtugir, hvítir, gagnkynhneigðir, kristnir karlmenn á höfuðborgarsvæðinu eigi engan fulltrúa á stjórnlagaþingi. Ég hef þó engar áhyggjur af því. Frelsi mitt og jafnrétti er nefnilega nákvæmlega hið sama og frelsi og jafnrétti þeldökkra, hundheiðinna lesbía utan af landi á öllum aldri, hvorki einni tægju meira né minna. Það sem skiptir máli er að á þinginu sitji samhentur hópur réttsýnna einstaklinga. Kynferði, aldur, búseta, kynhneigð og annað sem nota má til að kljúfa hópinn í fylkingar kemur málinu ekkert við.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

GÓÐ MÓÐIR Sandra Bullock vill halda sambandi við fyrrverandi stjúpbörn sín. NORDICPHOTOS/GETTY

Sameinuð um jólin

Leikkonan Sandra Bullock hyggst eyða jólunum í Texas með fyrrverandi eiginmanni sínum, Jesse James, börnum hans og syni sínum, Louis. Bullock og James skildu fyrr á árinu eftir að upp komst um framhjáhald hans.

„Sandra og Louis ætla að eyða jólunum með Jesse og börnum hans þremur. Söndru þykir afskaplega vænt um börn Jesse, enda gekk hún þeim í móðurstað á meðan hún og Jesse voru saman. Hún vill að Louis kynnist þeim og að börnin verði áfram hluti af lífi hennar. Þess vegna er hún tilbúin að eyða jólunum með Jesse þrátt fyrir það sem hann gerði," var haft eftir heimildarmanni.

PARTÍDÝR Miley Cyrus er dugleg að skemmta sér. Nýverið birtist myndband á netinu þar sem hún virðist reykja salvíu. NORDICPHOTOS/GETTY

Miley Cyrus reykti salvíu

Netsíðan TMZ.com birti í gær myndband þar sem Disney-stjarnan Miley Cyrus virðist vera að reykja kannabis með nokkrum vinum sínum. Talsmaður Cyrus hefur neitað sögusögnunum og sagt hana vera reykja salvíu sem sé löglegt í Kaliforníufylki.

Samkvæmt TMZ.com var myndbandið tekið upp af vini söngkonunnar á heimili hennar nokkrum dögum eftir átján ára afmælisdaginn. „Miley var ekki að reykja kannabis heldur salvíu, sem hefur svipuð áhrif og tóbak. Salvía er lögleg í Kaliforníufylki og því er Miley ekki að gera neitt ólöglegt. Myndbandinu var að öllum líkindum stolið af síma vinar Miley og selt til fjölmiðla," sagði talsmaður söngkonunnar um málið.

Herbert gefur út tónleika sem hurfu

Popparinn Herbert Guðmundsson hefur gefið út mynddisk sem var tekinn upp á tónleikum hans í Íslensku óperunni. Þar söng hann öll sín bestu lög, þar á meðal Svaraðu, Hollywood og að sjálfsögðu Can´t Walk Away.

„Þessir tónleikar voru teknir upp 2002 en svo hurfu þeir," útskýrir Herbert. „Það var rosalega mikið lagt í þetta. Ég var með fimm myndavélar í Óperunni, ég var með strengjasveit og sjónvarpsbílinn á bak við. Þegar tónleikarnir voru búnir var tilbúin upptakan sett í kistu úti í sjónvarpsbíl. Svo þegar átti að fara að skoða „masterinn" og klippa hann til fannst hann ekki og hefur aldrei fundist," segir Herbert. „Við vorum svo heppnir að eiga tökur úr öllum myndavélunum. Það varð að klippa þetta allt aftur og vinna þetta."

Á disknum eru einnig myndbönd við fimm helstu smelli Herberts. Auk hinna þriggja fyrrnefndu eru þar myndbönd við I Believe in Love og nýja lagið Time sem hefur fengið mjög góð viðbrögð.

Herbert segir að núna hafi verið rétti tíminn til að gefa diskinn út, meðal annars í tilnefni þess að Can´t Walk Away á 25 ára afmæli í ár. „Þessi útgáfa er líka í tilefni þess að maður er ennþá að og nokkuð seigur, með nýjan smell 2010 og allt að gerast," segir hann hress og á þar við Time.

Nýtt lag, Treasure Hunt, er einnig komið út og hefur verið í spilun í útvarpi. Bæði lögin verða á nýrri plötu Herberts sem kemur út á næsta ári. - fb

ALLTAF Í STUÐI Herbert hefur gefið út mynddisk með tónleikum sínum í Íslensku óperunni.

MOLI FLUGUSTRÁKUR KOMINN ÚT Í tilefni af endurútgáfu bókanna um Mola litla flugustrák og þess að Ragnar Lár, höfundur bókanna, hefði orðið 75 ára verður haldið Molakaffi í Brúarlandi í Mosfellsbæ á sunnudag, frá klukkan 14 til 17. Við það tækifæri mun Kristín Pálsdóttir, ekkja Ragnars, afhenda Mosfellsbæ 20 verk eftir Ragnar til eignar og varðveislu.

★ ★ ★ ★
„Afar áhugaverð skáldsaga, frumleg og heilsteypt.“
EINAR FALUR INGÓLFSSON / MORGUNBLAÐIÐ
★ ★ ★ ★
„Tvímælalaust ein besta skáldsaga ársins.“
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ



MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

ERU BÆÐI BÚIN AÐ BACH-A OG BAKA FYRIR JÓLIN Davíð Þór Jónsson pínóleikari, Tómas Guðni Eggertsson orgelleikari, Sigurbjörg Þrastardóttir skáld og Egill Ólafsson, tónlistarmaður og skáld, voru hress þegar ljósmyndari hitti þau. Á myndina vantar Björn Hlyn Haraldsson leikara sem einnig kemur fram á kyrrðarstundinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓLASKAMMTUR AF BACH

Tónleika- og kyrrðarstund sem fram fer í Langholtskirkju næsta þriðjudagskvöld ber það forvitnilega heiti, Ertu búinn að Bach-a fyrir jólin? Tómas Guðni Eggertsson, orgelleikari og forsprakki uppákomunnar, varð fyrir svörum þegar Fréttablaðið forvitnaðist um málið:

„Kveikjan að tónleikunum var þegar ég heyrði Davíð Þór Jónsson og Eyþór Gunnarsson leika saman á tvö píanó á tónleikum sem haldnir voru á djasshátíð í fyrra. Við hittumst skömmu síðar og fórum að ræða þá hugmynd að gera eitthvað saman, finna okkur verkefni. Ég tók þann pólinn í hæðina að reyna að læra af þessum óhefðbundna pakka, mæta þessu flæðandi ljóni sem Davíð Þór er,“ segir Tómas Guðni Eggertsson hógvær. Úr varð að leika sálmaforspil úr hinni vel þekktu orgelbók Bachs, Orgelbüchlein. „Bókin er í raun grunnkennslubók í orgelleik og oftast eru þeir fluttir eingöngu af orgelleikara eins og gefur að skilja, en þarna spilum við hins vegar saman á orgel og píanó sem er afar sjaldgæft, raunar hef ég aldrei orðið var við að píanói og orgeli sé skeytt saman,“ segir Tómas Guðni, sem segir hlustendur eiga von á óvæntu tónlistarferðalagi á tónleikunum.

Á milli laga eru lesin ljóð, eftir Þorstein frá Hamri og Hannes Pétursson svo dæmi séu tekin. „Ég var orðinn dálítið þreyttur á þessu hefðbundna tónleikaformi og langaði að brjóta það upp. Ég fékk því til liðs við mig gamlan félaga úr Þrótti, Björn Hlyn Haraldsson leikara, og þar að auki Sigurbjörgu Þrastardóttur ljóðskáld. Egill Ólafsson bættist svo í hópinn þegar við fluttum prógrammið í Reykholti á dögunum,“ segir Tómas en þess má geta að það var fyrst flutt í Langholtskirkju á aðventunni í fyrra. Bach er ómissandi á aðventunni að sögn Tómasar sem er bæði búinn að Bach-a og baka á aðventunni: „Ég er búinn að gera sex sortir, tvær tegundir af randalínum og fjórar af smákökum,“

Dagskrá stundarinnar hefst klukkan níu næsta þriðjudagskvöld og tekur um klukkustund í flutningi. Miðasala verður við innganginn.

sigridur@frettabladid.is

LÍTIL BÓK MEÐ ÓÞRJÓTANDI INNIHALDI*

„Ekki er vitað með vissu hvenær Bach samdi Orgelbüchlein eða af hvaða tilefni. Margar tilgátur hafa þó verið settar fram. Ein sú áhugaverðasta er að Bach hafi skrifað verkið á meðan hann gisti fangaklefa í Weimar um tæplega mánaðarskeið haustið 1717 vegna deilna við yfirboðara sinn, hertogann í Weimar. Vel kann að vera að Bach hafi haft handritið hjá sér í prísundinni, en þó þykir nú ljóst að hann hafi hafist handa við að setja verkið saman nokkrum árum áður, líklega strax 1708, og hafi síðan gripið í það af og til næstu árin.“

**Texti: Halldór Hauksson í prógrammi tónleikanna.*

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um

starf háskólakennara í kennslufræði sjónlista

Laust er til umsóknar starf háskólakennara í kennslufræði sjónlista við listkennsludeild. Umsækjandi skal vera listkennari á sviði sjónlista og hafa lokið meistaragráðu eða sambærilegri gráðu á sínu sviði. Gerð er krafa um að hann hafi yfirgripsmikla þekkingu á straumum og stefnum í sjónlistum og listkennslu, og hafi umtalsverða kennslureynslu á háskólastigi.

Starf háskólakennara í listkennslu skiptist í kennslu, rannsóknir og stjórnun. Auk kennslu í fræðigreinum hefur hann umsjón með meistaraverkefnum nemenda og stýrir ýmsum verkefnum sem lúta að skólastarfinu. Hann vinnur að eigin rannsóknum og skal vera virkur þátttakandi í því fræðasamfélagi sem skólinn byggir upp.

Rektor ræður í starfið í samráði við deildarforseta listkennsludeildar. Sérstök dómnefnd dæmir um hæfi umsækjenda, sbr. reglur skólans um veitingu akademískra starfa. Ráðningin gildir frá 1. ágúst 2011.

Umsóknum og meðfylgjandi gögnum skal skila ekki síðar en mánudaginn 17. janúar næstkomandi til Listaháskóla Íslands, skrifstofu, Skipholti 1, 105 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um kröfur til umsækjenda, umsóknargögn, meðferð umsókna, og eðli starfsins, er að finna á heimasíðu skólans **www.lhi.is**

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·

512 50 50 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Kvöldskóli BHS Vorönn 2011

Innritun í kvöldskóla BHS í málm- og véltæknigreinum fer fram föstudaginn 17. desember kl. 17 – 19 og laugardag 18. desember kl. 11 – 14

Eftirtaldir áfangar í málmiðngreinum og teikningum verða í boði. Námið hentar vel sem undirbúningur undir sveinspróf í málmiðngreinum. Til viðbótar neðantöldum greinum eru allar suðugreinar, s.s. MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsuða, kenndar.

Verklegir áfangar og tölvuteikning

HSU 102/212	verkleg suða
HSU 232	verkleg þunnplötusuða, ál/stál/ryðfr.
LSU 102/202	verkleg suða
RSU 102/202	verkleg suða
HVM 103	verkleg handavinna
PLV 102	verkleg plötuvinna
TTÖ 102	tölvuteikning fyrir byrjendur

Kennsla fer fram á tímabilinu frá 10. janúar til 26. apríl.

Athugið að áfangar geta fallið niður náist ekki nægilegur fjöldi nemenda.
Allar nánari upplýsingar á vef skólans www.bhs.is Skólameistari

RAFVÖRU MARKAÐURINN

LJÓSADAGAR

LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK

KASTARAR

HALOGEN KASTARAR, STÁL



HALOGEN KASTARAR, GULL



VIÐAR KASTARAR



VIÐAR KASTARAR



HALOGEN KASTARAR

HALOGEN KASTARAR

HANGANDI LJÓS

DRAGLJÓS

DRAGLJÓS

NÍU ARMA LJÓSAKRÓNA

HALOGENLJÓS





KÚPLAR

STÓR KÚPULL, 2 x 60W. EIK OG FURA

GULL, STÁL & HVÍTT



VEGGLJÓS. STÁL & GYLLT

MEÐ SPARPERU, KRÓM & HVÍTT

VEGGLJÓS. KRÓM, STÁL & GYLLT

STÓR KÚPULL, 2 x 60W

BORÐLAMPAR

MEÐ KLUKKU

HESTAR MÓTORHJÓL

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16

Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.

Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.

Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.

Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.

DAGUR HARMONIKUNNAR

Velkomin á létta tónleika Harmonikufélags Reykjavíkur í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun, sunnudaginn 12. desember kl. 15.00. M.a. verður Lindy hop dansinn sýndur og boðið upp á almennan dans.

Harmonikufélag Reykjavíkur

HÁTÍÐ FER AÐ HÖNDUM EIN

Kórar og tónlistarfólk Hallgrímskirkju bjóða upp á samfellda tónlistardagskrá

Í DAG, LAUGARDAGINN 11. DESEMBER KL. 14-17

Aðgangur kr. 1.000/ ókeypis fyrir yngir en 16 ára



Jóladagatal Norræna hússins 1.-23. des. kl: 12.34

FRÍKIRKJAN Í REYKJAVÍK

Þriðji sunnudagur í aðventu 12. desember

Jólatrésskemmtun kl. 14.00
Skemmtunin hefst í kirkjunni með stuttri helgistund.
Kveikt á þriðja kertinu í aðventukransinum.
Þá verður haldið í Safnaðarheimilið þar sem dansað verður í kringum jólatréð, jólasveinninn kemur í heimsókn með góðar gjafir og svo fá allir hressingu.

Aðventukvöld kl. 20.00
Ræðumaður Guðrún Ögmundsdóttir.
Anna Sigga tónlistarstjóri og Aðalheiður organisti ásamt Kór Fríkirkjunna sjá um tónlistina.
Hjörtur Magni og Bryndís leiða stundina.Hlökkum til að sjá sem flest ykkar til að njóta stundarinnar með okkar frábæra fólki.

Eins og hver annar strákur

Bækur ★★★

Heimanfylgja. Skáldsaga um uppvöxt Hallgríms Péturssonar byggð á heimildum um ættfólk hans og samtíð.

Steinunn Jóhannesdóttir

Heimildir um ævi Hallgríms Péturssonar eru af skornum skammti eins og gefur að skilja. Þótt hann sé einhver þekktasti Íslendingur sinnar samtíðar og án efa þekktasta og virtasta skáld þjóðarinnar á milli Snorra og Jónasar vitum við lítið fyrir víst um æsku hans og uppvöxt. Þetta er auðvitað alveg eðlilegt. Hallgrímur var á dögum löngu áður en höfundar og ævi þeirra komust í tísku meðal fræðimanna og lesenda og það var ekki fyrr en löngu síðar að menn fóru að reyna að grafast fyrir um ætterni hans, uppvaxtarskilyrði og annað sem við höfum undanfarin tvö hundruð ár litið á sem lykil að skáldskap og tjáningu skálda.

Við lifum á hinn bóginn á ævisögulegum tímum og undanfarin ár hafa verið gerðar ýmsar atlögur að því að skilja Hallgrím og setja ævi hans í samhengi sem er okkur nútímamönnum skiljanlegt. Hallgrímur hefur áður birst sem aukapersóna í sögu Steinunnar Jóhannesdóttur um eiginkonu hans Guðríði Símonardóttur sem kom út fyrir tæpum áratug og fyrir þremur árum skrifaði Úlfar Þormóðsson um Hallgrím mikla sögulega skáldsögu þar sem hann dró upp sína mynd af Hallgrími, mikið stílfærða og býsna nútímalega.

Ný skáldsaga Steinunnar Jóhannesdóttur um fyrstu æviár Hallgríms stefnir í þveröfuga átt við sögu Úlfars að sumu leyti en ekki öllu. Steinunn er miklu trúrri sögulegum heimildum um lífið á tímum Hallgríms, en beinagrindin í sögu hennar er samt sem áður nútímaleg eða öllu heldur rómantísk. Hennar Hallgrímur mótast fyrst og fremst af áfalli í æsku, móðurmissi sem hefur djúpstæð áhrif á sálarlíf hans og gerir hann kannski að því skáldi sem hann seinna varð. Þetta er auðvitað þekkt minni úr íslenskum bókmenntum, undirritaður er að vísu alltaf með hausinn fullan af Fjallkirkju Gunnars Gunnarssonar, en samt verður vart hjá því komist að bera Hallgrím Steinunnar saman við Ugga Greipsson – til þess eiga þeir of margt sameiginlegt. Önnur og minna þekkt saga Gunnars kemur líka upp í hugann við lestur Heimanfylgju, uppvöxtur Hallgríms á biskupssetrinu á Hólum kallast á við fyrsta hluta sögu Gunnars um Jón Arason sem var strákur á sömu slóðum rúmri öld fyrr.

Sögu Hallgríms í þessari bók lýkur þegar hann er aðeins fjórtán ára gamall og heldur af landi brott eftir að hann er rekinn úr Hólaskóla. Hann er þá enn ómótaður að mestu eins og gefur að skilja. Enda er það ekki Hallgrímur sjálfur sem rís hæst í þessari sögu. Til þess er hann ekki nógu sérkennilegur eða að minnsta kosti tekst ekki að gera sálarlíf hans svo ríkulegt eða óvenjulegt að það hrífi lesandann. Saga Hallgríms er vel sögð saga af því hvernig hann hefði getað verið, hvernig strákur af góðum ættum



en fátæku foreldri sem ólst upp í nábýli við stórmenni sinnar tíðar hefði getað hugsað og lifað. En það eru þessi stórmenni sem lyfta sögunni og bera uppi bestu kafla hennar. Sagan rís hæst undir lokin þegar Halldóra Guðbrandsdóttir, dóttir Guðbrands Þorlákssonar biskups, tekur yfir sviðið. Lýsingarnar á stórmennsku hennar á síðustu æviárum föður hennar, innibyrgðri ástríðu og átökum við valdamenn er á köflum býsna mögnuð lesning. Í lokahluta sögunnar rís ekki bara dramatíkin hæst heldur einnig frásögnin og stíllinn.

Jón Yngvi Jóhannesson

Niðurstaða: Heimanfylgja er þegar best lætur mögnuð lýsing á andrúmslofti sautjándu aldar á Íslandi en aðalpersónan sjálf hverfur stundum í skuggann.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 11. desember

Tónleikar

16.00 **Föruneyti G. H.** verður með tónleika í **Miðgarði í Garði, á Reykjanesi,** í dag. Tónleikarnir hefjast kl. 16 og er aðgangseyrir 1.500 krónur.

22.00 Hljómsveitin **Mogadon** verður með tónleika á **Gallery - Bar 46,** að Hverfisgötu 46 í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22, 500 króna aðgangseyrir.

22.00 Í kvöld verða hljómsveitirnar **Berndsen** og **Valdimar** með tónleika á **Sódóma Reykjavík.** Húsið opnað kl. 22 og aðgangseyrir er 1.000 krónur.

22.00 Hljómsveitin **Dikta** verður með tónleika á **Græna hattinum,** Akureyri, í kvöld. **Cliff Clavin** sér um upphitun. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og er forsala í verslun Eymundsson.

Opnanir

15.00 Í dag kl. 15 er opnuð sýning **Páls Guðjónssonar,** Form - Feguð - Flæði, í **Listasal Mosfellsbæjar.** Sýningin stendur til 3. janúar. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

16.00 **Gísli Hrafn, Einar og Jón** opna samsýningu í **Gallerí Tukt, Hinu húsinu,** að Pósthússtræti 3-5 í dag. Sýningin er opin frá 16-18 í dag og eru allir velkomnir.

Síðustu Forvöð

14.00 Leiðsögn um sýningu **Guðmundar Sigurðssonar** í dag kl. 14 í **Náttúrufræðistofu Kópavogs.** Síðasta sýningarhelgi. Ókeypis aðgangur.

Um helgina eru lokadagar ljósmynda og sölusýningarinnar **flickr-iceland** hópsins. Sýningin er til styrktar blátt áfram og er í **Tjarnarsal Ráðhússins.** Opið til kl. 18 alla helgina.

Upplestur

13.00 **Guðrún Helgadóttir** les úr nýjustu bók sinni Lítil saga um latan unga í **Grasagarðinum.** Jólabasar verður opinn frá 13-18 á sama stað.

Opið Hús

13.00 Íslandsdeild **Amnesty International** býður öllum að taka þátt og koma á skrifstofu deildarinnar í Reykjavík í dag frá kl. 13-18. Skrifstofa Amnesty er að Þingholtsstræti 27.

Bókmenntir

13.30 Í dag verður haldin árleg bókmennatkynning **Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK í MÍR-salnum** að Hverfisgötu 105. Höfundar lesa úr verkum sínum. Húsið opnar kl. 13.30. Aðventustemmning og kaffisala. Allir velkomnir.

Dansleikir

13.00 Hljómsveitin **Sálin** spilar á **Nasa** í kvöld og opnar húsið á miðnætti. Miðar eru seldir á staðnum í forsölu frá 13-17 í dag.

Tónlist

14.00 Í dag verður aðventustemmning með tónlist og heitu súkkulaði í **Hallgrímskirkju** frá 14-17. Kórsöngur og orgeltónlist. Aðgangseyrir er 1.000 krónur, frítt fyrir börn yngri en 16 ára.

Markaðir

14.00 **Jólaþorpið** í Hafnarfirði er opið frá 13-18 um helgina. Dagskrá í Jólaþorpinu hefst kl. 14 og stendur til 16.30. Jólaþorpið er staðsett við Strandgötu og Verslunarmiðstöðina Fjörð.

Forsýning

20.30 Frumsýning á dansleikhúsgjörningi fjöllistahópsins **Skyr Lee Bob, Square Wunder Globe** verður í kvöld í **Gerðasafni** í Kópavogi. Sýningin hefst kl. 20.30. Miðaverð er 2.000 krónur og eru miðar seldir við inngang.

Útivist

14.00 Göngugarpar sameinast við að búa til **Ljósafoss** niður **Esjuna** í dag. Mæting við Esjustofu kl. 14. Gangan hefst stundvíslega kl. 14.30. Allir ágóði af kaffisölu Esjustofu rennur til Ljóssins í dag.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 12. desember

Tónleikar

14.00 Í dag kl. 14.00 verða tónleikar í **Listasafni Íslands** í minningu listmálarans **Karls Kvaran.** Tónleikarnir eru haldnir í tengslum við yfirlitssýningu á verkum hans sem nú stendur yfir í safninu

15.00 Léttir harmonikkutónleikar í **Ráðhúsinu við Vonarstræti** í dag kl. 15. Lindy hop dansinn sýndur og boðið upp á almennan dans.

16.30 **Kór Átthagafélags Strandamanna** heldur Aðventuhátíð í **Bústaðakirkju** í dag kl. 16.30. Stjórnandi er **Krisztina Szklenár.** Aðgangseyrir er 2200 krónur, frítt fyrir 14 ára og yngri.

17.00 **Drengjakór Reykjavíkur** heldur aðventutónleika í **Hallgrímskirkju** í dag kl. 17. Miðasala við innganginn, frítt fyrir börn 12 ára og yngri.

21.00 **Jóel Pálsson** og hljómsveit hans fagnar útkomu plötunnar HORN með tónleikum í kvöld á **Rósenberg.** Tónleikarnir hefjast kl. 21 og er miðasala við innganginn.

Opnanir

12.10 Sýning **Hannesar Lárussonar** Líkamshlutar í trúarbrögðum opnar í dag kl. 12.10 í fordyri **Hallgrímskirkju.**

Síðustu forvöð

13.00 Í tengslum við Jól í bæ í Hveragerði verður opnaður jólagluggi í **Listasafni Árnesinga** í dag kl. 13. Einnig verður leiðsögn og samræður um sýninguna „Þjóðleg fagurfræði" kl. 15 með **Ingu Jónsdóttur** sýningarstjóra. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Um helgina eru lokadagar ljósmynda og sölusýningarinnar **flickr-iceland** hópsins. Sýningin er til styrktar blátt áfram og er í **Tjarnarsal Ráðhússins.** Opið til kl. 18 alla helgina.

Opið Hús

13.00 Jólasýning **Árbæjarsafns** verður opin í dag frá kl. 13-17. Dagskrá frá 14-16. Aðgangseyrir er 600 krónur fyrir fullorðna, ókeypis fyrir börn, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Kvikmyndir

15.00 Ballettinn **Hnotubrjóturinn** verður sýndur í bandarískri útgáfu á kvikmyndasýningu **MÍR,** að Hverfisgötu 105. Sýning hefst kl. 15. Aðgangur ókeypis.

Dansleikir

20.00 Dansleikur **félags eldri borgara** í Reykjavík og nágrenni verður að **Stangarhyl 4,** í kvöld frá kl. 20-23. Danshljómsveitin Klassík leikur danslög við allra hæfi.

Dagskrá

11.00 Fjölskyldudagskrá verður í **Þjóðminjasafni Íslands** í dag. Dagskrá hefst kl. 11 og er aðgangur ókeypis.

Leiðsögn

15.00 Leiðsögn um sýningu listamannsins **Gardars Eide Einarssonar** í Hafnarhúsinu kl. 15. **Kristín Dagmar Jóhannesdóttir** leiðir gesti um sýninguna. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

Samkoma

16.00 Jólaskemmtun/styrktartónleikar **Samhljóms** verður haldin á **Fosshótel Húsavík** í dag kl 16. Fram koma **Hjálmar og þeir** ásamt gestum.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Tryggðu þér áritaðan Arnald!

Furðurstrandir á toppnum í fimm vikur

Þú færð árituð eintök af Furðuströndum Arnaldar Indriðasonar í verslunum Eymundsson um allt land.

1.
METSÖLULISTINN

3.980,-

KB/Morgunblaðið

Gildir til og með 14. desember 2010 eða meðan birgðir endast!

Eymundsson.is

Skiptimiðinn

Eymundsson
Bóksali frá 1872

12 ÁR ERU LIÐIN frá því að söngkonan Britney Spears sendi frá sér sitt fyrsta lag, „Baby One More Time“, en þá var hún aðeins sautján ára.

ÁHYGGJUFULL Kourtney Kardashian er þreytt á slúðursögum um hana og kærastann. NORDICPHOTOS/GETTY

Þreytt á slúðrinu

Kourtney Kardashian er sögð miður sín vegna orðróms um að unnusti hennar, Scott Disick, sé samkynhneigður og hrífist af klæðskiptingum.

„Hún er búin að fá sig full-sadda á öllum þessum slúðursög-um um samband þeirra Scotts og hún meira en nóg af öllu því ljóta sem sagt er um Scott á netinu,“ var haft eftir vini raunveruleika-stjörnunnar. „Kourtney finnst sem þau Scott séu stanslaust að takast á við ný vandamál og hún er uppgefin. Hana lang-ar í góðan mann sem mun passa upp á hana og barnið. Kourtney veit að Scott er ekki samkynhneigður en hún á ekki að þurfa að hafa áhyggjur af svona slúðri,“ sagði vinurinn.

Fjölmörg andlit Rihönnu

Söngkonan Rihanna er með fatastíl sem tekið er eftir og er stúlkan óhrædd við að fara sínar eigin leiðir þegar kemur að tískunni. Hin 22 ára gamla söng-kona sló fyrst í gegn árið 2005 og hefur síðan þá átt hvern smell-inn á fætur öðrum. Það er forvitnilegt að líta til baka yfir farinn veg og skoða hin mörgu andlit Rihönnu.

NÝSTIRNI Söngkonan sló fyrst í gegn árið 2005, þá aðeins 17 ára gömul. Fatastíllinn var þá enn nokk-uð stelpulegur líkt og sjá má.

STELPULEG Söngkonan var aðeins 18 ára gömul þegar hún tróð upp í spjall-þættinum Today Show í júlí árið 2006.

FRAM-ÚRSTEFN-ULEG Söngkonan mætti í þessum undarlega kjól á AMA-tónlistarhátíðina árið 2007.

GAMALDAGS Rihanna minnir hér svolítið á söng-konur sjöunda áratugarins með bleikar varir og stutt hár. Myndir er tekin í desember árið 2008.

RAUÐKLÆDD Rihanna mætti í rauðum blúndu-kjól og með eldrauða lokka á AMA-tónlistar-hátíðina í nóvember á þessu ári.

NORDICPHOTOS/GETTY

Í MONOCLE Jóhanna Guðrún ásamt Friðriki Karlssyni í hljóðveri breska tímaritsins Monocle. Jóhanna söng meðal annars Ó helga nótt á íslensku í þættinum.

Jóhanna söng Helga nótt fyrir Monocle

„Þeir báðu mig bara um að koma og ég söng þarna fimm lög,“ segir Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söng-kona. Breska tímaritið Monocle bauð henni til London til að koma fram í útvarpsþætti tímaritsins sem það heldur úti í ansi glæsilegu hljóðveri sínu.

Starfsmenn Monocle eru ansi hrifnir af Jóhönnu því þetta er í annað sinn sem hún mætir í hljóð-verið og syngur, hún gerði slíkt hið sama í fyrrasumar. Jóhanna flaug út strax á mánudagsmorgni eftir að hafa sungið á fernum Jólagesta-tónleikum í Laugardalshöllinni þá helgi. „En maður fær alveg svaka-lega góða meðhöndlun hjá þeim enda stórt tímarit og svo fékk ég að vinna með Friðriki Karlssyni, ég kalla alltaf í hann þegar ég er í London.“

Jóhanna söng tvö ný lög sem verða væntanlega á nýrri plötu. Og svo íslenska jólalagið Ó helga nótt. „Þeir báðu mig alveg sérstak-lega um það, að syngja jólalag á íslensku.“ Söngkonan er ákaflega upptekin í mánuðinum en í kvöld koma Jólagestir Björgvins í heim-sókn til Akureyrar. Jóhanna hefur hins vegar síður en svo fengið nóg af ferðalögum því hún hyggst heimsækja nokkrar kirkjur á land-inu og halda litla tónleika ásamt kærastanum sínum, gítarleikar-anum Davíð Sigurgeirssyni. „Þetta eiga að vera svona fjölskyldutón-leikar með hátíðlegum og poppuð-um jólalögum í bland,“ en jólalag sem þau sömdu saman er farið að hljóma á öldum ljósvakans. Þau skötuhjú verða í Reykholti hinn 17. desember og svo verða tónleik-ar í Keflavík, á Grundarfirði og á Egilsstöðum. - fgg

BERTONI

SÍÐASTI

SÉNS

Á AÐ KAUPA HERRAFÖT MEÐ AFSLÆTTI FYRIR JÓLIN

Allir sem versla fara í pott og gætu unnið þetta hjól að verðmæti 1.300.000 kr.

25%

afsláttur af öllum vörum um helgina og þú gætir unnið geðveikt **„easy rider“** mótorhjól í kaupbæti

Komdu og skoðaðu hjólið

Opið:
Föstudag 10-18,
laugardag 11-18,
sunnudag 13-18

Herra hafnarfjörður

Firði, Hafnarfirði Sími 565 0073

Meiri jól, meiri jól, meiri jól

HTC Wildfire

Öflugur sími frá HTC með Android 2.1 stýrikerfi og 3,2" snertiskjá. Facebook, Twitter og Flickr samhæfing ásamt tengingu við YouTube og Google.

0 kr. útborgun

og 4.999 kr. á mán. í 12 mán.
Netið í símann, 100 MB, fylgir með í 1 mánuð.

Staðgreitt: 59.990 kr.

Nokia C5

Nokia C5 er mjög vel búinn sími. Hann er með stuðning við Mail for Exchange og Lotus Notes Travel tölvupóstlausnir. Einnig er hann búinn Ovi Maps GPS staðsetningar- og leiðsögukerfi.

0 kr. útborgun

og 2.666 kr. á mán. í 12 mán.
Netið í símann, 100 MB, fylgir með í 1 mánuð.

Staðgreitt: 31.990 kr.

power to you

vodafone.is

Við afborgunarverð á farsímum bætist við 250 kr. greiðslugjald á mánuði.

SVÖRT JÓL Björn Blöndal, Hildur Líf og Lilja Ingibjargar klæddust svörtu í jólaboðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

JÓLAGESTIR ÁSDÍSAR RÁNAR

Jólagleði Ásdísar Ránar fór fram á sportbarnum Re-Play á fimmtudagskvöld. Ásdís mætti á svæðið og áritaði meðal annars eintök af búlgarska Playboy, sem hún prýddi forsíðuna á fyrr á árinu.

NÆTT Á SVÆÐIÐ Ásdís Rán kom frá Þýskalandi á dögunum og kynnti snyrtivörulínu í gleðinni.

HÁRSPANGARVANDRÆÐI Arna var umkringd fögrum fljóðum þegar hárspöngin fór skyndilega að láta illa.

HVAÐ ER SVONA FYNDIÐ? Dóra, Kata og Svana hlógu dátt, enda ljósmyndari Fréttablaðsins brandarakall mikill.

ALLIR ERU AÐ FÁ SÉR Telma og Stefanía létu sig ekki vanta í gleðina og skemmtu sér vel.



MEÐ LÍFVERÐI Sveinn Hjörtur og Gunnar Ólafsson voru lífverðir Ásdísar þetta kvöld.

GLÖÐ Friðjón, Gyða og Vala Grand voru eldhress og glöddust þegar ljósmyndara bar að garði.

JÓLAGLEÐI Eygló, Tino the Tangolover og Brynja Valdís létu ekki segja sér tvisvar að stilla sér upp.

TÖFF Eygló, mamma Ásdísar, Haffi Haff og Kolla voru á meðal hressasta fólksins í gleðinni.

VORUM AÐ TAKA UPP UNAÐSLEGA SKÓSENDINGU FRÁ JEFFREY CAMPBELL.

GK REYKJAVÍK

LAUGAVEGI 66 — 101 REYKJAVIK — S. 5652820.

LUXIT
LIGHT THAT WORKS

Hönnun:
Alberto Basaglia og
Natalia Rota Nodari

www.morkun.is

Tæknilegur gimsteinn

Jólagjöfin sem gleður fagurkerann

Top Four lampinn frá Luxit er fágaður en jafnframt byltingarkennd hönnun sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Aðeins 2W led sem gefa sömu birtu á ljósafleti og 60W glópera.

Ný heimasíða | www.gh.is

GH Ljós • Garðatorgi 7 • 210 Garðabæ
Sími 565 6560 • www.gh.is • gh@gh.is

Opnunartími:
Mánudaga - föstudaga: 9:00 til 18:00
Laugardaga: 11:00 til 16:00

SPENNA Í MÖNNUM Tíu myndavélar eru í sjónvarpsborðinu sem verður notað í fyrsta skipti um helgina. Valur segir mikla spennu í pókersamfélaginu fyrir mótinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sjónvarpsborðið notað í fyrsta skipti

„Það eru tíu myndavélur í borðinu og svo verða nokkrar á flakki um salinn," segir Valur Heiðar Sævarsson, eigandi pókerklúbbsins Button við Gullinbrú, sem var opnaður á dögunum.

Valur efnir til stórmóts í dag. Yfir 200 spilarar eru skráðir til leiks, en búist er að við að um 150 láti sjá sig. Sérstakt sjónvarpsborð, sem flutt var inn í samstarfi við vefspilavítið Betsson fyrir nokkrum mánuðum, verður í fyrsta skipti notað á mótinu og er ætlunin að taka upp lítinn þátt fyrir íslenska pókersamfélagið.

„Borðið verður ekki í mikilli notkun, en það verður prófað," segir Valur og bætir við að pókersamfélagið sé gríðarlega spennt fyrir mótinu. „Þetta er stærsta mót sem haldið hefur verið á klúbbi á Íslandi og það stærsta fyrir utan Íslandsmótið."

Er þetta skref í áttina að því að íslenskur póker verði sýndur í sjónvarpi?

„Júju. Þetta er eitt af skrefunum; að sjá það í notkun og pæla í möguleikunum. Þessi þekking er einfaldlega ekki til staðar á Íslandi. Það þarf að byggja upp."

Valur tekur fram að þar sem þetta sé í fyrsta skipti sem borðið sé notað verði þátturinn ætlaður pókerspilurum og ekki sýndur í sjónvarpi. „Þátturinn verður fyrir pókersamfélagið. Við viljum ekki rjúka af stað og fara að gera eitthvað sem er ekki nógu gott. Þetta er æfing," segir Valur.

- afb

Héldust í hendur

Robert Pattinson og Kristen Stewart snæddu kvöldverð á veitingastaðnum Fleming's Prime Steakhouse ásamt tökuliði nýjustu Twilight-myndarinnar fyrr í vikunni. Að sögn sjónarvotta virtist parið afskaplega ástfangið.

„Þau virtust mjög ástfangin, héldust í hendur og töluðu eiginlega bara við hvort annað. Þau virtust bara hafa áhuga á hvort öðru," sagði sjónarvottur í viðtali við tímaritið People.

„Þau voru alls ekki óviðeigandi en þau voru greinilega saman og litu bara út eins og venjulegt ástfangið par," sagði sjónarvotturinn.

ÁSTFANGIN Kristen Stewart og Robert Pattinson eru ástfangið par.
NORDICPHOTOS/GETTY

20% AFSLÁTTUR AF KJÓLUM UM HELGINA!

NÝTT KORTATÍMABIL

OPIÐ
Föstudag 10-22
Laugardag 10-22
Sunnudag 12-18

BIRNA
www.birna.net

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI SKEMMTUN
Meiri Vísir.

vísir.is

SÖLUTÍMABIL 4.-18. DESEMBER
Útsölustaðir á kaerleikskulan.is

KÆRLEIKSKÚLAN

FJARLÆGÐ EFTIR KATRÍNU SIGURÐARDÓTTUR

Allur ágóði sölunnar rennur óskertur
til starfs í þágu fatlaðra barna og ungmenna.

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA OG FATLAÐRA

Ben vinnur heima

Samkvæmt US Magazine ætlar leikarinn Ben Affleck að vera heimavinnandi faðir nú á næstu mánuðum og segist hann hlakka mikið til að geta eytt tíma með dætrum sínum tvemur.

„Eiginkona mín er að fara í burtu til að leika í kvikmynd og á meðan verður það bara Herra mamma,“ sagði leikarinn, sem er að kynna nýjustu kvikmynd sína um þessar mundir. Myndin nefnist The Company Men og þar leikur Affleck á móti Tommy Lee Jones og Kevin Costner.

HEIMAVINNANDI Ben Affleck verður einn heima með dætur sínar næstu mánuði á meðan Jennifer Garner leikur í kvikmynd.

Rómantíkin virðist ekki alveg farin úr Hollywood því þegar leikarinn var inntur eftir því hvað það væri í fari eiginkonu hans sem hann elskaði mest svaraði hann: „Ég elska allt við hana.“

Leyndarmál Justin Bieber

Í september síðastliðnum var ungstirnið Justin Bieber myndaður þar sem hann sat í aftursætinu á bíl og kyssti söngkonuna Jasmine Villegas. Söngvararnir ungu sáust síðan saman við nokkur önnur tækifæri og virtist fara vel á með þeim.

People Magazine greinir frá því að í nýju viðtali við Barböru Walters sagðist Bieber þó vera enn á lausu. „Ég kyssti hana. Ég veit ekki hvað ég ætti að segja, ég var bara að kyssa hana,“ sagði söngvarinn. „Ég vissi ekki að það væri verið að taka myndir. Þetta bara gerðist. Er það skrítið? Eru sextán ára unglingar ekki alltaf að kyssast? Það er ekkert óvenjulegt við það.“

Þegar Walters spurði söngvarann hvort hann væri á föstu með Villegas sagði hann þetta aðeins hafa verið koss.

Þegar sjónvarpsþátturinn Today Show spurði um sambandsstöðu Biebers í nóvember var svarið aftur á móti: „Ég segi pass.“

Á FÖSTU? Söngvarinn Justin Bieber vill ekki segja til um hvort hann sé á föstu. NORDICPHOTOS/GETTY

Vildi verða rappari

Robert Pattinson þráði ekkert heitar en að verða rappstjarna sem unglingur. Robert, sem þekktastur er fyrir að leika vampíruna Edward Cullen í Twilight-kvikmyndunum, var með rapparann Eminem á heilanum og tók sjálfan sig upp rappa lög eftir kappann. „Ég á heilt safn af upptökum af mér að rappa frá þrettán ára aldri. Ég var með Eminem á heilanum þegar ég var yngri.“ Robert segir jafnframt að hann hafi verið í rapphljómsveit sem kallaði sig „Big Tub and the Tappy Cats“ en textana hafi bandið fengið frá öðrum. „Flestar rímurnar voru stolnar og textarnir snérust um að vera alinn upp á götunni, sem var eiginlega frekar fáránlegt þar sem ég var í raun veru alinn upp í fínu hverfi í London.“ Hann segir þó að ef hann fengi tækifæri til að rappa með Eminem myndi hann slá til. „Ég myndi elska að rappa með Eminem. Það væri alveg frábært.“

TÓK SJÁLFAN SIG UPP Robert Pattinson á hundruð hljóðupptaka af sér að rappa lög eftir Eminem.

Sixties á players í kvöld

.A.t.h stúlkur fá frítt inn til miðnættis.

www.emami.is



EMAMI OPNAR NÝJA VERSLUN Í KRINGLUNNI

Í tilefni af því fylgir **frír bolur eða leggings** með öllum kjólum í báðum verslunum okkar, aðeins þessa helgi.

Verslunin er staðsett á fyrstu hæð, við Hagkaup.

Verslanir EMAMI Kringlan s: 5717070 Laugavegur 66 s: 5111880

Longoria sökuð um framhjáhald

Aðþrengda eiginkonan Eva Longoria sótti nýverið um skilnað frá eiginmanni sínum, körfuboltamanninum Tony Parker. Ástæða skilnaðarins er sú að Parker átti að hafa átt vingott við aðra konu.

Nú er því haldið fram að Parker hafi ekki verið einn um að halda framhjá á meðan á hjónabandinu stóð því Longoria á að hafa átt í sambandi við hjólreiðakappann Lance Armstrong, en sá hefur verið kenndur við konur á borð við Kate Hudson og söngkonuna Sheryl Crow. „Opinberlega láta þau sem þeim þyki enn vænt hvoru um annað en raunin er önnur. Þau gera ekki annað en að kenna hvort öðru um hitt og þetta til að reyna að fá samúð almennings," var haft eftir innanbúðarmanni.

Tímaritið Enquirer heldur því fram að Parker hafi átt vingott við sjö konur, þar á meðal Erin Barry, eiginkonu fyrrverandi liðsfélaga síns, og dansara með hljómsveitinni Pussycat Dolls.

SAKLAUS? Eva Longoria er sögð hafa haldið framhjá Tony Parker með hjólreiðakappanum Lance Armstrong.

NORDICPHOTOS/GETTY

MARGEIR

Plötusnúðurinn Margeir heldur diskókvöld á Austri annan í jólum. Efsta myndin prýðir kápu ævisögu hans en hinar tvær eru frá því hann djammaði með Cher og John Travolta.

Diskóið læknar svínaflensuna

Eftir fimm ára hlé snýr Margeir Ingólfsson aftur með sitt vinsæla diskókvöld á annan í jólum. Tilefni endurkomunnar er skinkuvandamál unglingsstúlkna í tengslum við svínaflensuna og ævisaga hans sem var rituð í hans óþökk.

Diskókvöld Margeirs voru haldin tíu ár í röð og nutu mikillar hylli þangað til plötusnúðurinn ákvað að setja þau í salt. Núna, fimm árum síðar, hefur hann snúið aftur og í þetta sinn verður diskóið á skemmtistaðnum Austur á annan í jólum.

„Ég var eiginlega búinn að ákveða að enda ekki sem enn einn glataði gaurinn sem kemur með kommbakk á Súlnasal Hótel Sögu. En Það sem rak mig af stað aftur var að ég rakst á tilkynningu frá sóttvarnarlækni um að á landinu hefði greinst skætt tilvik svokallaðrar svínaflensu," útskýrir Margeir. „Þessi skæða veirusýking herjar aðallega á unglingsstúlkur og lýsir sér þannig að hárið á þeim aflitast og andlitið á þeim verður appelsínugult. Þær skinkast sem sagt upp á mettíma. Það er ljóst að hraði og eðli útbreiðslunnar gefur tilefni til að hafa miklar áhyggjur og þess vegna taldi ég það skyldu mína að bregðast við. Það má segja að þessi endurkoma sé ákveðið samfélagsverkefni því diskóið læknar skinkur."

Önnur ástæða er einnig fyrir endurkomunni að sögn Margeirs: „Ég frétti af því að kunnur ævisagnaritari hér í bæ, Ingólfur Margeirsson, maðurinn sem allir halda að sé pabbi minn, hefði komist í dagbókina mína og hafist handa við að rita ævisögu mína án þess að láta mig vita og ætlað að gefa hana út fyrir jólin," segir hann. „Það var í raun í ljósi þessara tveggja atriða sjálfgefið að slá upp eins og einum diskódansleik."

freyr@frettabladid.is

BROT ÚR ÆVISÖGUNNI FEGURÐ ER VANMETIN

Listin að lifa - 6. kafli (bls. 193)
Líf er svo nátengt listinni, það á ekki að dylja neitt, en ekkert er falt. Ég vil vera eins og opin bók, ljóðabók og allir mínir gallar og allar mínar syndir og allt saman má koma fram, því það er nátengt minni list. Líf mitt er list. Tónlist.

Ég veit og skil allt hér um bil - 2. kafli (bls. 33)
Það mætti lýsa diskótónlistinni sem ég er að spila sem hómófónískri nýrómantík. Sem er eitthvað annað en gerviveröld pönk-rokksins, þar sem áhrifin eru mótuð í spéspegli skallapoppsins og allt of lengi er staldrað við í einum hljómi. Þetta eru bara tískupönkarar sem klippa á naflastreng anarkismanns um leið og þeir skipta um galla. Pönk er feik.

Æskuárin - 1. kafli (bls. 10)
Ég minnist þess að þegar félagar mínir voru í bófahasar, Tarsanleikjum eða þá að smíða flugvélamódel, þá lá ég einhverstaðar á afviknum stað og hugsaði um annars konar módel. Súpermódel. Ég grét mig í svefn á hverju kvöldi, tættur af ástarsorg og aldrei út af sama súpermódelinu. Ég var með súpermódel á heilanum. Og er enn.

Tilbrigði um fegurð - 10.kafli (bls. 412)
Maður þarf að hafa ákveðinn „presence", eins og sagt er á ensku, sem við eigum því miður ekkert gott orð yfir. Sviðsþokki kemst kannski næst því.

Maður verður að hrífa fólk með glæsileika. Hafa útgeislun. Þess vegna segi ég að fegurð sé hugarástand, því sviðssjarminn kemur útlitinu í sjálfu sér lítið við. En auðvitað er líka mikilvægt að maður sé hlutfallslega vel skapaður, skárra væri það nú. Ég á mér meira að segja með vissan uppáhaldskvarða, nokkurs konar „ideal", sem er þannig að menn eru best skapaðir þegar þeir eru 186-187 sentímetrar á hæð, 80-82 kílógrömm að þyngd, með langt bak og stuttar lappir: sem sagt engin sleggja, en hár, ekki grindhoraður, en grannur. Maður verður að samsvara sér. Fegurð er vanmetin.

NÝTT KORTATÍMABIL
Opið til 22

Allir skór
20%
afsláttur
til sunnudags

Kr. 14.990.-

Kr. 25.990.-

Kr. 32.990.-

Kr. 24.990.-

Tamaris

Eitthvað sem allar elska!

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Sögur frá djassara

Ingvi Þór Kormáksson, meðlimur djass- og blússveitarinnar JJ Soul Band, hefur gefið út smásagnasafnið Raddir úr fjarlægð.

Á síðasta ári vann hann Gaddakylfuna fyrir bestu glæpasmásöguna og ákvað í framhaldinu að kíkja ofan í skúffuna hjá sér. „Ég sá að ég var með sögur sem pössuðu fyrir eitt stykki smásagnasafn og lét til skarar skríða," segir Ingvi Þór. Helmingurinn er skáldaðar sögur á meðan annað tengist ævi hans, þar sem tónlist kemur við sögu. „Þetta eru gamansögur með óvæntum endi. Þær eru skrifaðar til að skemmta sjálfum mér og geta hugsanlega skemmt öðrum í leiðinni," segir hann.

Ein sagan fjallar um poppara sem tekur þátt í úrslitum Eurovision án þess að undankeppni fari fram hér heima. Sjálfur á Ingvi Þór lag í Eurovision á næsta ári og er það í fimmta sinn sem hann tekur þátt í keppninni. - fb

INGVI ÞÓR KORMÁKSSON Hefur gefið út smásagnasafnið Raddir úr fjarlægð.

Jay-Z fékk dýrasta bílinn að gjöf

Söngkonan Beyoncé Knowles taldi það ekki eftir sér að gefa eiginmanni sínum, tónlistarmanninum Jay-Z, dýrasta bíl heims í tilefni 41 árs afmælis hans. Beyoncé keypti Bugatti Veyron Grand Sport handa ástinni sinni og kostar bíllinn ekki nema 232 milljónir króna.

Söngkonan hefur þó ekki þurft að spara lengi fyrir gripnum því samkvæmt Forbes þénaði hún um 10 milljarða á þessu ári. Jay-Z þarf heldur ekki að telja ofan í sig aurana því hann þénaði heila 52 milljarða á árinu. Bíllinn er aðeins enn ein rósin í hnappagat Jay-Z því hann á nokkra fyrir, þar á meðal Maybach 62S, Ferrari F430 Spider og Pagani Zonda Roadster.

STÓRKOSTLEG GJÖF Beyoncé gaf eiginmanni sínum rándýra gjöf á afmælisdaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

ORLANDO BLOOM Sagður í viðræðum um að leika í Hobbitanum.

Bloom í Hobbitanum

Leikarinn Orlando Bloom er sagður í viðræðum um að leika í Hobbitanum. Stutt er síðan Cate Blanchett ákvað að leika álfadrottninguna Galadriel í myndinni og nú virðist Bloom ætla að feta í fótspor hennar. Bloom lék álfastríðsmanninn Legolas í The Lord of the Rings og mun hann endurtaka hlutverk sitt, þrátt fyrir að persónan komi ekki við sögu í bókinni Hobbitanum eftir Tolkien. Tökur á Hobbitamyndunum tveimur hefjast á Nýja-Sjálandi í febrúar. Fyrri myndin er væntanleg í kvikmyndahús árið 2012 og sú síðari árið eftir.

JIM MORRISON Hefur verið veitt sakaruppgjöf í Flórída.

Ekki lengur á sakaskrá

Hinum sáluga Jim Morrison, söngvara The Doors, hefur verið veitt sakaruppgjöf í Flórída, fjörutíu árum eftir að hann var dæmdur fyrir ósiðlega hegðun á tónleikum. Atvikið átti sér stað 1. mars 1969 á tónleikum í Miami þar sem hann átti að hafa sýnt áhorfendum getnaðarlim sinn. Aldrei var það þó fyllilega sannað. Hann var dæmdur í sex mánaða fangelsi en sat aldrei inni. Í framhaldi af kærunni varð ekkert úr fyrirhugaðri tónleikaferð The Doors um tuttugu borgir. Aðdáendur Morrison höfðu lagt hart að fylkisstjóranum í Flórída að veita goðsögninni sakaruppgjöf og gaf hann á endanum eftir.

Nýtt frá SIXMIX®

SIXMIX Herraskór
stærðir 41 - 46
Einnig fáanlegur með reimum
kr. 15.995

SIXMIX Herraskór
stærðir 36 - 46
Einnig fáanlegur án reima
kr. 15.995

SIXMIX Herraskór
stærðir 41 - 46
kr. 19.995

SIXMIX Dömuskór
stærðir 36 - 41
kr. 24.995

Svartur
Beige
Brúnn

SIXMIX Dömuskór
stærðir 36 - 41
kr. 19.995

Svartur
Beige

SIXMIX Dömuskór
stærðir 36 - 41
kr. 19.995

Svartur
Grár
Rauður
Beige

SIXMIX Dömuskór
stærðir 36 - 41
kr. 18.995

Svartur
Brúnn

SIXMIX Dömuskór
stærðir 36 - 41
kr. 25.995

Svartur
Brúnn
Beige

SIXMIX Dömuskór
stærðir 36 - 41
kr. 21.995

Svartur
Beige

SIXMIX Dömuskór
stærðir 36 - 41
kr. 16.995

Svartur
Beige

SIXMIX Dömuskór
stærðir 36 - 41
kr. 24.995

Svartur
Brúnn
Beige

SIXMIX Dömuskór
stærðir 36 - 41
kr. 19.995

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
www.skor.is

Jamie Oliver hjólar í Ramsay

Jamie Oliver húðskammar Gordon Ramsay í viðtali við breska blaðið Daily Mail. Ramsay fór nýlega til Indlands og kynnti sér matargerð þar ásamt tökuliði Channel 4 og var afraksturinn sýndur í sjónvarpsþáttaröð Ramsay, Gordon's Great Escape. Oliver var ekki sáttur við framgöngu Ramsay sem er þekktur fyrir blótsyrði og ögrandi framkomu og þótti Gordon hafa sýnt indverskri matargerð vanvirðingu í þáttunum. Ramsay líkti á einum stað indverskum gúrú við jólasvein og blótaði öllu í sand og ösku.

Oliver viðurkennir að hann hafi langað að fara til Indlands og gera matreiðsluþátt. „En nú, þegar Gordon Ramsay er búinn að gera það, verð ég að bíða í þrjú ár," segir Oliver og bætir því við að fara á framandi slóðir og kynnast nýrri matarmenningu sé eitt það skemmtilegasta í starfinu. „Ég hefði verið sáttur við Indlandsferð Ramsay ef hann hefði gert þetta sómasamlega. En hann gerði það ekki, hann sýndi viðfangsefninu vanvirðingu. Þegar þú heimsækir aðra menningu lokar þú munninum, hlustar og brosir. Og svo ferðu heim og nýtir þér reynsluna," segir Oliver. „Þú stendur ekki bara og öskrar á fólk eða dæmir það, þú hefur engan rétt á því. Þú átt að vera auðmjúkur."

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem kastast í kekki milli þeirra Olivers og Ramsays en þeir verða að teljast frægustu sjónvarpskokkar heims. Fyrr á þessu ári sagði Oliver að Tana, eiginkona Ramsay, væri betri kokkur en karlinn. Ramsay svaraði fyrir sig, sagðist vera matreiðslumeistari á meðan Oliver væri bara kokkur.

Safnar skóm fyrir fátæk börn

Fatahönnuðurinn Una Hlín Kristjánsdóttir hannar undir heitinu Royal Extreme. Hún stendur nú fyrir skósöfnun handa börnum á Indlandi í samstarfi við vefverslunina Worn by Worship.

HJÁLPSÖM Una Hlín Kristjánsdóttir fatahönnuður safnar barnaskóm handa bágstöddum börnum á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Una Hlín safnar skóm fyrir börn á Indlandi. Hún hyggst fara sjálf með skóna til Indlands í janúar en hún framleiðir allar vörur sínar þar.

„Í hverfinu þar sem verksmiðjan er sér maður börn róta í ruslahaugum og vinna hörðum höndum. Það er svo súrrealískt að vinna í þessari flottu verksmiðju en rétt fyrir utan lóðina sér maður börn vinna við að bera múrsteina í 45 stiga hita og skólaus í þokkabót. Móðurhjartað verður svolítið meyrt þegar maður sér börn á aldur við manns eigið bera hlass af múrsteinum til að vinna fyrir sér," segir Una Hlín, sem fékk þá hugmynd að koma á skósöfnun handa börnunum þegar hún dvaldi síðast í landinu.

Una Hlín hefur verið að safna barnaskóm undanfarna mánuði en ætlar að vera sérstaklega dugleg út desember. Innt eftir því hvort hún verði ekki með mikla yfirvigt þegar hún flýgur út í janúar svarar hún neitandi. „Ég talaði við Samskip, sem hefur samþykkt að flytja farminn yfir ef þetta verður mikið magn. Svo þegar ég kem á svæðið ætla ég bara að ganga um hverfið og afhenda skóna, svolítið í anda Hróa hattar."

Tekið er á móti skónum í verslun Royal Extreme í Bergstaðastræti 4 um helgina og eitthvað fram yfir hátíðarnar. **sara@frettabladid.is**

Winona treystir ekki karlmönnum

Leikkonan Winona Ryder segist eiga erfitt með að treysta karlmönnum því frægðin geri það að verkum að ókunnugt fólk viti ótrúlegustu hluti um hana.

„Eitt sinn sat ég á bar í San Francisco og fór að tala við strák. Hann var mjög myndarlegur og við spjölluðum svolítið saman, svo viðurkenndi hann fyrir mér að hann hefði lengi verið svolítið skotinn í mér. Allt í einu varð ég mjög vör um mig og ekki alveg viss um af hverju hann væri að tala við mig. Mig langaði að vera venjuleg stelpa sem væri að daðra við venjulegan strák. Í staðinn hitti ég fólk og það veit þegar fullt um mig og það er skrítin tilfinning," sagði leikkonan og bætti við að þetta væri ástæðan fyrir því að leikarar enduðu oft á því að vera saman. „Fólk sem hrærist í þessum bransa skilur þig betur. Það þýðir samt ekki endilega að ég vilji vera með leikara."

VÖR UM SIG Leikkonan Winona Ryder segist ekki treysta karlmönnum. NORDICPHOTOS/GETTY

KOMIN Í BÍÓ!

frumsýnd fyrir bragðið

THE CHRONICLES OF NARNIA

THE VOYAGE OF THE DAWN TREADER

VILTU MIÐA!

9. HVER VINNUR!

KOMDU Í FERÐALAG OG UPPLIFÐU NARNIA EINS OG ÞÚ HEFUR ALDREI SÉÐ ÁÐUR, Í STÓRKOSTLEGRI ÞRÍVÍDD!

SENDU SMS **ESL NA3** Á NÚMERIÐ **1900.**

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

FULLT AF AUKAVINNINGUM:

TÖLVULEIKIR · DVD MYNDIR OG FLEIRA!

VINNINGAR AFHENTIR Í ELKO LINDUM. 149 KR/SKEYTIÐ.
MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB.

SMÁRA BÍÓ · HÁSKÓLA BÍÓ · BORGAR BÍÓ · LAUGARÁS BÍÓ · SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

Leynileg stefnumót lykillinn

Angelina Jolie og Brad Pitt læddust oft út seint á kvöldin og fóru á leynileg stefnumót í Feneyjum þegar Jolie var við tökur á kvikmyndinni The Tourist þar sem hún lék á móti Johnny Depp. Angelina mærir Feneyjar í samtali við Daily Record og segir borgina búa yfir öllu sem stórar fjölskyldur þurfi. En eins og flestum ætti að vera kunnugt samanstendur Brangelina-samsteypan af tveimur fullorðnum og sex börnum. „Við fórum á söfn og fengum okkur morgunmat á frábærum stöðum sem við fundum. Svo var hægt að leika sér í fótbolta og borða á æðislegum veitingastöðum. Og svo gátum við Brad læðst út á næturna og keyrt um síkin á bátnum sem við vorum með," segir Angelina.

Og það voru ekki bara Feneyjar sem heilluðu Angelinu upp úr skónum, því Johnny Depp er að hennar sögn einstakur maður. „Það kom mér á óvart að hann var alveg jafn yndislegur og ég hafði vonast til. Hann er endurreisnarmaður, hann málar og semur tónlist, algjörlega einstakur listamaður," segir Jolie.

FÓRU UM ALLT Angelina Jolie og Brad Pitt læddust út á næturnar þegar Jolie var að vinna í Feneyjum og sigldu um borgina á bátnum sínum.

Ellefu ár að ljúka við plötu

„Þetta bara æxlaðist þannig að þetta hefur tekið langan tíma," segir Sveinn Hauksson, sem var í ellefu ár að ljúka við sína fimmtu sólóplötu, Attilla, sem er nýkomin út. Lögin á plötunni eru tíu og því má segja að hann hafi að meðaltali verið í rúmt ár að ljúka við eitt lag.

„Það var bara gæluverkefni fyrir sjálfan mig að gera þessa tegund af músík. Maður er í fullri vinnu og svo koma pásur og maður heldur áfram," segir Sveinn og vill ekki meina að hann sé haldinn einhvers konar fullkomnunarárattu. Tónlistin er sambræðingur úr ýmsum áttum þar sem heimstónlist, djass, fönk og gregorískur söngur koma við sögu. Sjálfum er honum illa við skilgreiningar á tónlist. „Þetta er eins og að segja að Led Zeppelin sé þungarokksgrúppa. Það er alveg út úr kortinu því hún er svo miklu meira."

Sveinn rekur fyrirtækið Rafengi í Reykjavík en er fyrrverandi sjómaður. Tónlistina gerir hann í frístundum sínum og við gerð nýju plötunnar, sem tók 160 tíma að hljóðblanda, fékk hann til liðs við sig fjölda þekktra einstaklinga. Þar má nefna Sverri Guðjónsson, Björgvin Gíslason, Jóhann Ásmundsson, Jóhann Hjörleifsson og leikarann Arnar Jónsson. Honum til halds og trausts við upptökurnar var Arnar Guðjónsson úr poppsveitinni Leaves. „Ég efast um að ég hefði getað fengið betri mann en hann í þetta. Hann er mjög hugmyndaríkur og spilar á öll hljóðfæri," segir Sveinn, loksins sáttur við útkomuna. Platan er fáanleg í Eymundsson, Iðu og 12 Tónum.

SVEINN HAUKSSON Fékk til liðs við sig þekkta einstaklinga við gerð fimmtu sólóplötu sinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

- fb

MIÐASALA Á SAMbio.is



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

MEGAMIND-3D Forsýning Ísl Tal	kl. 4	L
MEGAMIND-3D Forsýning M/ ensku. Tali	kl. 8	L
THE LAST EXORCISM	kl. 6 - 8 - 10:10	16
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L
HARRY POTTER	kl. 2 - 4 - 5:30 - 8:30 - 10	10
HARRY POTTER	kl. 5:30 - 8:30	
DUE DATE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	10
ÆVINTÝRI SAMMA-3D Ísl Tal	kl. 1:30	L
KONUNGSRÍKI UGLANNA Ísl Tal	kl. 1:30 - 5:40	7
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D Ísl Tal	kl. 3:30	7
FURRY VENGEANCE	kl. 2	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

ÆVINTÝRI SAMMA-3D Ísl Tal	kl. 2	L
MEGAMIND-3D Forsýning Ísl Tal	kl. 4	L
MEGAMIND-3D Forsýning M/ ensku. Tali	kl. 6	L
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 8 - 10:10	L
HARRY POTTER	kl. 2 - 5 - 8	10
RED	kl. 10:40	12

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

NARNIA-3D	kl. 2, 5, 8 og 10.30	L
LIFE AS WE KNOW IT	kl. 5, 8 og 10.30	L
HARRY POTTER	kl. 2, 5, 8 og 10.10	10
MEGAMIND-3D Ísl Tal	kl. 5	L
DUE DATE	kl. 8	10
ÆVINTÝRI SAMMA-3D Ísl Tal	kl. 2	L
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D Ísl Tal	kl. 2	L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

DON CARLO Ópera í Beinni útsendingu	kl. 5:30	L
MEGAMIND-3D Forsýning Ísl Tal	kl. 2	L
MEGAMIND-3D Forsýning ensku. Tali	kl. 10:10	L
LAST EXORCISM kl. 6 - 10:50 (sýnd sun. kl.6 - 8 - 10:10)		16
THE JONESES kl. 8 (sýnd sunnd. kl.5:50 -8)		12
HARRY POTTER	kl. 2 - 5 - 8	10
RED	kl. 10:50	12
ÆVINTÝRI SAMMA-3D Ísl Tal (sýnd sun. kl. 2 - 4)		L
KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D Ísl Tal	Sýnd kl. 4	7

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
miðasala á midi.is

7 HEIMSFRUMSÝNING Í 3-D

16

L FORSÝNING Í 3-D ÍSL. TAL







SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

NARNIA 3 3D	kl. 1 (950kr.) 3 - 4 - 5.30 - 8 - 10.30	7
NARNIA 3 3D LÚXUS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	7
MEGAMIND 3D	kl. 1 FORSÝNING	L
FASTER	kl. 8 - 10.10	16
PARANORMAL ACTIVITY 2	kl. 8 - 10.10	16
THE NEXT THREE DAYS	kl. 10.10	12
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	kl. 1 (700KR.) 3 - 5	L
JACKASS 3D ÓTEXTAÐ	kl. 5.50 - 8	12
ARTHÚR 3	kl. 1 (700kr.) - 3.10	L

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is

NARNIA 3 3D	kl. 2 (950kr.) 4 - 6.30 - 9	7
FASTER	kl. 8 - 10.10	16
AGORA	kl. 6 - 9 lau. / kl. 3 - 6 - 9 sun	14
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	kl. 2 (700KR.) 4.30 - 6.20	L
UNSTOPPABLE	kl. 10.10	L
EASY A	kl. 2 - 4 - 6	L
YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER	kl. 8	L
UNSTOPPABLE	kl. 10.10	L

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

NARNIA 3 3D	kl. 3 (900kr.) 5.30 - 8 - 10.20	7
FASTER	kl. 6 - 8	16
PARANORMAL ACTIVITY 2	kl. 10	16
NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA	kl. 3 (600kr.) - 4.30	L

5% facebook /smarabio • Sími 564 0000
Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

BÍÓ PARADÍS

LAUGARDAGUR		SUNNUDAGUR	
RARE EXPORTS(16)	18:00, 20:00, 22:00	RARE EXPORTS(16)	18:00, 20:00, 22:00
FRIED GREEN TOMATOES(L)	20:00	AS GOOD AS IT GETS(L)	20:10
DAS BOOT(16)	22:20	TOOTSIE(L)	20:10
GHOSTBUSTERS(12)	20:10	GHOSTBUSTERS(12)	22:40
LEG.LAU: DRAUGASAGA/TILBURY(16)	22:00	THE FISHER KING(16)	22:20
FEATHERED COCAINE(L)	18:10	INSIDE JOB(L)	17:50
SOCIAL NETWORK(L)	17:50	SOCIAL NETWORK(L)	17:50
ÓRÓI(L)	18:20	ÓRÓI(L)	18:20
GNARR(L)	20:30	GNARR(L)	20:30
ALPANON(14)	22:30	ALPANON(14)	22:30

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN!
CAFÉ
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

SÝNINGARTÍMAR

NARNIA 3D	2(950 kr), 4, 7 og 10	7
PARANORMAL ACTIVITY 2	8 og 10	16
THE NEXT THREE DAYS	8 og 10.30	12
NIKO OG LEIÐINN TIL ST.JARNANNA	2(650 kr), 4 og 6 - ÍSL.TAL	L
ARTÚR 3	2(650 kr) - ÍSL.TAL	L
MEGAMIND 3D (Forsýning)	5 - ÍSL.TAL	L

SPARBÍÓ

TILBOÐSSÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA

Jólaskósprengja

Opið alla helgina

Laugardag milli kl. 11 og 16
Sunnudag milli kl. 13 og 17

LÁGMARK

30%

afsláttur

ÁSAMT ÖÐRUM TILBOÐUM

Nýtt kortatímabil

Vörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco®
Kringlunni - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Outlet

STJÖRNULEIKUR KKÍ fer fram í Seljaskóla í dag. Dagskráin hefst með undankeppni þriggja stiga skotkeppninnar klukkan 14.00. Framhaldið er síðan: 14.20 Skotkeppni stjarnanna. 14.40 „Celeb"-leikur. 15.15 Troðslukeppni. 15.45 Stjörnuleikurinn, fyrri hálfleikur. 16.15 Úrslit í þriggja stiga skotkeppni og troðslukeppni. 16.30 Stjörnuleikurinn, seinni hálfleikur. Aðgangur er ókeypis.

HÓLMFRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR Kosin í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÉIL

Knattspyrnukona ársins:

Hólmfríður best

FÓTBOLTI Hólmfríður Magnúsdóttir var kosin knattspyrnukona ársins af leikmannavali KSÍ.

Hólmfríður var fastamaður í liði Philadelphia Independence sem vann silfur í bandarísku atvinnumannadeildinni. Hólmfríður var áfram einn af lykilleikmönnum íslenska landsliðsins. Hún lék níu landsleiki á árinu og skoraði í þeim sjö mörk, flest allra í liðinu.

Í öðru sæti varð Þóra B. Helgadóttir sem varð sænskur meistari með Malmö í Svíþjóð og Valskonan Dóra María Lárusdóttir varð síðan í þriðja sæti. **- óój**

Knattspyrnumaður ársins:

Eftirminnilegt ár hjá Gylfa

FÓTBOLTI Leikmannaval KSÍ hefur valið Gylfa Þór Sigurðsson knattspyrnumann ársins 2010.

Gylfi átti eftirminnilegt ár, var einn af markahæstu mönnum í ensku b-deildinni á síðasta tímabili (17 mörk í 38 leikjum), og útnefndur leikmaður ársins hjá Reading. Þýska úrvalsdeildarfélagið Hoffenheim keypti Gylfa í ágúst og þar hefur hann byrjað ákaflega vel, leikið 11 leiki og skorað í þeim 5 mörk.

Gylfi var líka lykilmaður í U21-liðinu sem tryggði sér eftirminnilega sæti í úrslitakeppni EM í Danmörku. Hann skoraði þrjú eftirminnileg mörk, eitt gegn Þjóðverjum í Kaplakrika og tvö gegn Skotum í Edinborg. Blikinn Alfreð Finnbogason varð í 2. sæti í kjörinu og í þriðja sæti varð síðan Grétar Rafn Steinsson leikmaður Bolton. **- óój**

Tíu sigrar í tíu leikjum hjá Akureyri?

Akureyri getur á morgun orðið aðeins sjöunda liðið á síðustu fjörutíu árum til þess að vinna fyrstu tíu leiki tímabilsins í efstu deild karla í handbolta. Akureyri fær þá Fram í heimsókn í toppslag deildarinnar en Safamýrarliðið hefur unnið alla sex leiki sína síðan liðin mættust í október.

HANDBOLTI Það verður stórleikur og sannkallaður toppslagur í N1-deild karla í handbolta á morgun þegar tvö efstu lið deildarinnar mætast í Höllinni á Akureyri. Liðin hafa bæði verið á miklu skriði í vetur og auk sigurgöngu þeirra í deildinni eru þau bæði komin alla leið í undanúrslit bikarsins.

Akureyrarliðið á ekki aðeins möguleika á því að ná sex stiga forskoti með sigri því liðið getur einnig komist í hóp sex annarra liða sem hafa náð þeim árangri að vinna tíu fyrstu deildarleiki tímabilsins.

Það stefnir í spennandi leik líkt og í undanförnum tveimur leikjum Akureyringa, sem norðanmenn hafa báða unnið með eins marks mun. Akureyri vann fyrri leik liðanna með eins marks mun, 32-31, eftir að Fram var með gott forskot stóran hluta leiksins og meðal annars fjórum mörkum yfir í hálfleik, 17-13. Framliðið hefur síðan unnið sex síðustu deildarleiki sína með 8,5 marka mun að meðaltali og skoraði 36,2 mörk að meðaltali.

Það voru einmitt Framarar sem enduðu sigurgöngu síðasta liðs sem náði að vinna tíu fyrstu deildarleiki sína. Haukar unnu 10 fyrstu leiki sína 2001-2002 en gerðu svo 24-24 jafntefli við Fram í 11. umferðinni. Markvörður Framara í dag, Magnús Gunnar Erlendsson, var varamarkvörður Sebastians Alexanderssonar í þessum leik og kom inn á og varði vítakast frá Haukum. Haukarnir voru þá fyrsta liðið í ellefu ár til þess að byrja tímabilið á tíu sigurleikjum.

Ellefu árum áður höfðu Víkingar náð bestu byrjun í sögu deildarkeppninnar með því að vinna 18 fyrstu leiki sína, allt þar til þeir töpuðu fyrir Val á Hlíðarenda 30. janúar. Það gekk reyndar allt á afturfótunum eftir það og liðið endaði að lokum í öðru sæti bæði í deild og bikar. Spilandi þjálfari liðsins var Guðmundur Guðmundsson, núverandi landsliðsþjálfari, og varamarkvörðurinn var Reynir Þór Reynisson, núverandi þjálfari Fram.

Hafa verður þó í huga að tvö lið hafa unnið alla deildarleiki sína á tímabili frá því að deildin innihélt fyrst meira en sex lið tímabilið 1971-1972.

Víkingar unnu alla fjórtán deildarleiki sína veturinn 1979-1980 sem og alla leiki sem liðið spilaði.

FRÁBÆR BYRJUN Atli Hilmarsson, getur náð því að taka þátt í því að vinna tíu fyrstu leikina bæði sem leimaður (FH 1983-84) og sem þjálfari en Akureyrarliðið hefur unnið 9 fyrstu deildarleikina undir hans stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Víkingur varð bæði Íslands- og bikarmeistari þetta tímabil og Íslandsmeistarabikarinn var í Hæðargarði næstu fjögur árin eða allt þar til FH-ingar brutu einokun Víkinga veturinn 1983-84. FH-liðið vann þá alla 14 deildarleiki sína og 9 fyrstu leiki sína í úrslitakeppninni. FH-liðið tapaði ekki leik fyrr en titillinn var kominn í hús. FH fylgdi þessu síðan eftir með því að vinna titilinn einnig árið eftir.

Atli með FH-ingum 1983-84

Meðal leikmanna í þessu FH-liði fyrir 27 árum var einmitt Atli Hilmarsson, núverandi þjálfari Akureyrarliðsins.

Hann var þá þriðji markahæsti leikmaður liðsins á eftir þeim Kristjáni Arasyni og Þorgils Óttari Mathiesen en allir áttu þeir eftir að spila stórt hlutverk með landsliðinu næstu árin.

Valsmenn unnu þrettán fyrstu leiki sína tímabilið 1988-89 en það var seinna árið af tveimur undir stjórn Pólverjans Stanislavs Modrowski. Valsmenn bættu fyrir fyrsta tap vetrarins með því að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri á FH í næsta leik.

Fyrsta liðið til þess að vinna tíu fyrstu deildarleiki sína á tímabili var FH-liðið veturinn 1973-74. FH-ingar unnu þá 12 fyrstu leiki sína og voru orðnir Íslandsmeistarar þegar fyrsti leikurinn tapaðist. Þetta var 26. og síðasti Íslandsmeistaratitillinn sem Birgir Björnsson, þá spilandi þjálfari og fyrirliði FH-liðsins, vann með Hafnarfjarðarliðinu.

Ekki gott að vinna tíu fyrstu

Nú er að sjá hvort Akureyringar bætast í hópinn og verði sjöunda liðið sem nær því að vinna tíu fyrstu deildarleiki sína á tímabili. Það boðar kannski ekkert allt of gott að bætast í þann hóp því tvö þau síðustu (Haukar 2002 og Víkingur 1991) náðu ekki að vinna Íslandsmeistaratitilinn um vorið.

Þau tvö lið sem hafa hins vegar komist næst því að vinna 10 fyrstu leikina á undanförnum 20 árum, Haukar 2001 (unnu 9 fyrstu) og Valur 1995 (unnu 8 fyrstu), tryggðu sér hins vegar bæði Íslandsmeistaratitilinn um vorið.

Leikur Akureyrar og Fram hefst klukkan 16.30 á morgun og má búast við troðfullu húsi í Íþróttahöllinni á Akureyri.

ooj@frettabladid.is

Tíu af tíu hópurinn

Haukar 2001-2002 Unnu 10 fyrstu
Þjálfari: Viggó Sigurðsson
Endir: Gerði 24-24 jafntefli við Fram.
Árangur: Deildarmeistarar en duttu út úr undanúrslitunum í úrslitakeppninni fyrir verðandi Íslandsmeisturum KA. Urðu bikarmeistarar.

Víkingur 1990-1991 Unnu 18 fyrstu
Þjálfari: Guðmundur Guðmundsson
Endir: Tapaði 18-23 fyrir Val á útivelli
Árangur: Deildarmeistarar en urðu í 2. sæti á eftir Val eftir sex liða úrslitakeppni. Töpuðu fyrir ÍBV í bikarúrslitaleiknum.

Valur 1988-1989 Unnu 13 fyrstu
Þjálfari: Stanislav Modrowski
Endir: Tapaði 15-21 á móti Gróttu í 14. umferð en tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri á FH í næsta leik.
Árangur: Íslandsmeistarar.

FH 1983-1984 Unnu14 fyrstu
Þjálfari: Geir Hallsteinsson
Endir: Vann alla deildarleiki og 9 fyrstu leiki í úrslitakeppni.
Árangur: Íslandsmeistarar.

Víkingur 1979-1980 Unnu 14 fyrstu
Þjálfari: Bogdan Kowalczyk
Endir: Vann alla deildarleiki.
Árangur: Íslands- og bikarmeistarar. Víkingur vann titilinn næstu fjögur árin.

FH 1973-1974 Unnu 12 fyrstu
Þjálfari: Birgir Björnsson (spilandi)
Endir: Tapaði 17-23 fyrir Val.
Árangur: Íslandsmeistarar.

Frábærar jólagjafir!

Þrennutilboð!
Dúnsæng + Dúnkoddi + Sængurver
= 19.900,-
Allur pakkinn
OPIÐ
Laugardag frá kl. 10-17
Sunnudag frá kl. 13-17
Virka daga frá kl. 10-18
DORMA
– býður góða nótt

Memory Foam heilsuinniskór.
Heilsusamleg jólagjöf á frábæru verði!

Sendum frítt út á land!
3.900,- 1 par
6.980,- 2 pör
9.990,- 3 pör

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

Ísland - Rússland á EM kvenna í kvöld

Áfram Ísland!

Hvort sem það er stöngin inn eða stöngin út, öruggur sigur eða óvænt tap, tvær mínútur á þær eða okkur, glæsileg línusending sem endar með marki eða augljóst brot og ekkert dæmt, styðjum við íslenska kvennalandsliðið á EM í Danmörku og Noregi. Míla sér um að leikirnir berist hratt og örugglega til landsins og í sjónvarpið þitt.

míla
Lífæð samskipta

Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.

www.mila.is

EN NEMM / SÍA / NM44547

CARROLL Hefur verið flottur á tímabilinu og er á óskalista Chelsea. NORDICPH/GETTY

Andy Carroll ekki sáttur:

Heimskulegt að reka Hughton

FÓTBOLTI Mikið ósætti ríkir í leikmannahópi Newcastle United eftir að knattspyrnustjóranum Chris Hughton var sparkað með látum. Sóknarmaðurinn Andy Carroll, sem hefur verið einn besti leikmaður liðsins í vetur, er víst alls ekki sáttur við þessa ákvörðun stjórnar félagsins.

Nokkrum dögum áður en Hughton var rekinn var Carroll spurður út í þann orðróm að stjóri hans væri valtur í sessi. „Ég skil ekki af hverju þessar sögur eru í gangi því hann kom okkur upp í úrvalsdeildina og hefur gert frábæra hluti. Þetta eru heimskulegar pælingar," sagði Carroll í viðtali.

Margumtalað er hve góður andi hafi ríkt í leikmannahópi Newcastle undir stjórn Hughtons en hann var þó látinn taka pokann sinn og Alan Pardew var ráðinn í staðinn. Talið er að Chelsea hafi mikinn áhuga á að krækja í Carroll og fylgjast forráðamenn félagsins vel með stöðu mála hjá leikmanninum. - egm

Kemst Chelsea aftur á þjóðveginn?

Englandsmeistarar Chelsea hafa verið utan vegar í ensku úrvalsdeildinni síðustu vikur en geta fundið beinu brautina gegn Tottenham á morgun. Virkilega athyglisverð umferð er fram undan í deildinni.

FÓTBOLTI Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, óttast ekki um starf sitt. Englandsmeistararnir hafa verið kaldir síðustu vikur en eigandi félagsins, Roman Abramovits, hefur sýnt Ancelotti stuðning.

„Mér finnst ég hafa fullkomið traust hjá leikmönnum mínum, sem ég tel mjög mikilvægt. Ég er enn feykilega bjartsýnn á að tímabilið fari vel. Ég átti gott spjall við Roman eftir síðasta leik og hann veitti mér stuðning," segir Ancelotti en Chelsea hefur aðeins unnið tvo af síðustu átta leikjum sínum.

„Það eru erfiðir tímar núna en við megum ekki missa sjálfstraustið. Ég hef lent í svona stöðu áður. Við höfum enn hæfileikana og liðsandann. Okkar bíður erfiður leikur gegn Tottenham sem er mjög gott lið. Við gerum okkar besta," segir Ancelotti, sem útilokar að Frank Lampard taki þátt í leiknum á morgun.

„Fólk heldur að við séum ekki nægilega sterkir til að berjast um titilinn vegna þess að síðustu vikur hafa verið slæmar. En ég er á öðru máli. Lampard er ekki alveg tilbúinn, ég ætla að láta hann spila æfingaleik fyrst og svo verður hann vonandi tilbúinn þegar við mætum United."

Hughton saknað

Augu margra í dag munu beinast að leik Newcastle og Liverpool þar sem Alan Pardew verður við stjórnvölinn hjá heimamönnum eftir að Chris Hughton var rekinn. „Þetta hefur verið erfið vika," segir Kevin Nolan, fyrirliði Newcastle. „Við verðum samt sem áður að horfa fram á veginn. Þessu verður ekki breytt en það er ekkert leyndarmál að við horfum á eftir Chris með söknuði. Við verðum að standa þétt saman."

Stuðningsmenn Newcastle og fjölmiðlar hafa gagnrýnt þessa ákvörðun hjá Mike Ashley, eiganda félagsins, en fréttir hafa borist af því að Ashley og Pardew hafi kynnst í spilavíti og orðið mestu mátar.

Þegar Hughton var rekinn bjuggust flestir við því að einhver stjóri með betri ferilskrá en Pardew yrði ráðinn í hans stað.

Toppslagur á mánudag

Á mánudagskvöld er síðan komið að rúsínunni í pylsuendanum þegar tvö efstu lið deildarinnar eigast við. Arsenal verður stigi fyrir ofan Manchester United þegar liðin mætast á Old Trafford.

Sálfræðistríðið fyrir leikinn er farið á fullt en Patrice Evra, bakvörður United, sagði í viðtali að Arsenal væri lið í krísu. „Fyrir mitt leyti er Arsenal bara eins og knattspyrnuskóli. Leikmennirnir hafa gaman af því að spila fótbolta en eru ekki að fara að vinna neina titla," sagði Evra.

Stjóri Arsenal, Arsene Wenger, vill ekki fara í sandkassaleik við Evra en þegar hann var spurður að því hvort ummæli landa síns væru óvirðing svaraði hann: „Ég ætla að láta ykkur um að dæma það. Við viljum ekki taka þátt í svona orðaskiptum fyrir þennan leik," sagði Wenger.

Nani, samherji Evra, hefur meiri trú á Arsenal en Chelsea. „Ég lít á Arsenal sem okkar helsta keppinaut. Sjálfstraustið hjá Chelsea virðist ekki mikið en Arsenal er á sigurbraut," segir Nani.

„Arsenal er gott lið og þá er Samir Nasri sjóðheitur. Við þurfum að passa vel upp á hann á mánudaginn. Ég hlakka mjög til leiksins enda finn ég mig oft mjög vel gegn Arsenal og nýt þess að spila gegn liðinu," segir Nani.

elvargeir@frettabladid.is

TEYGIR Á SYNINUM Mikil pressa er á John Terry og félögum í Chelsea að fara að komast á sigurbraut á nýjan leik. Hér er Terry með syni sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikir fram undan

Laugardagur
15.00 Aston Villa - West Brom
15.00 Everton - Wigan
15.00 Fulham - Sunderland
15.00 Stoke Blackpool
15.00 West Ham - Man City
17.30 Newcastle - Liverpool

Sunnudagur
13.30 Bolton - Blackburn
13.30 Wolves - Birmingham
16.00 Tottenham - Chelsea

Mánudagur
20.00 Man Utd - Arsenal

Jamis Lady Bug
Verð: ~~22.990~~ kr.
18.392 kr.

Jamis Commuter
Verð: ~~71.990~~ kr.
43.194 kr.

ÍSLENSKA / SÍA.IS / UTI 52742 12/10

Við erum í hjólaskapi!

20-40% afsláttur af öllum hjólum og
20% afsláttur af öllum hjólaaukahlutum til jóla!

Nagladekk
Verð: ~~6.990~~ kr.
5.592 kr.
28"/700 x 35 C
100 naglar

Hraðamælir
Verð: ~~1.990~~ kr.
1.592 kr.
10 stillingar

Ventura verkfærasett
Verð: ~~2.590~~ kr.
2.072 kr.
18 tól

Framljós
Verð: ~~1.990~~ kr.
1.592 kr.
Hægt að nota sem vasaljós

Hjóladeildin er í Holtagörðum!

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

ÚTILÍF

LUCAS Stuðningsmenn Liverpool eru að taka Lucas í sátt. NORDICPHOTOS/GETTY

Kuyt ánægður með Lucas:

Lucas á allt hrós skilið

FÓTBOLTI Dirk Kuyt hrósar samherja sínum, Lucas Leiva, í hástert fyrir að hafa spilað í gegnum óvægna gagnrýni úr öllum áttum. Lucas hefur langt frá því verið í uppáhaldi hjá stuðningsmönnum Liverpool síðan hann var keyptur frá Gremio enda átt fjölmarga arfadapra leiki á sínum fyrstu þremur árum hjá félaginu.

Undanfarið hefur Lucas hins vegar verið meðal bestu leikmanna liðsins og margir hafa þurft að éta ýmislegt ofan í sig.

„Lucas hefur verið að gera verulega góða hluti að undanförnu og er að verða frábær leikmaður," segir Kuyt. „Hann hefur beðið þolinmóður eftir sínu tækifæri og einbeitt sér að fullu í sínum málum. Hann hefur ekki látið neikvæða umræðu hafa áhrif á sig."

Lucas hefur einnig unnið sér inn sæti í brasilíska landsliðinu. „Hann á allt hrós skilið. Það er ekki til leikmaður í heiminum sem fer ekki í gegnum góða og erfiða tíma. Þegar hlutirnir eru ekki alveg að virka þarf bara að leggja hart að sér og það hefur Lucas gert," segir Kuyt. - egm

JÓLATILBOÐ Í HÁTÆKNI

Panasonic

Frábært verð!

Verð **179.995 kr.**

TX-P42S20E

42" Panasonic Plasma FHD 600 Hz

- Panasonic TX-P42S20E er 42 tommu Plasma sjónvarp með frábærum myndgæðum
- 1920 x 1080 punkta upplausn
- 600 Hz tækni
- V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

Vinsælasta tækið komið aftur!

LG

120.000 afsláttur

Tilboðsverð **279.995 kr.**

42LE730N

Verð áður 399.995 kr.

42" LG LED Full HD 100 Hz

- Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn
- Intelligent Sensor 2 myndstýring
- 100 Hz
- 4 HDMI
- USB 2.0
- DivX HD stuðningur
- spilar MKV-skrár

LG

10.000 afsláttur

Tilboðsverð **59.995 kr.**

1941DVXCI

Verð áður 69.995 kr.

19" Salora LCD með innbyggðum DVD spilara

- HD-Ready 1366 x 768 sjónvarp
- Innbyggður digital tuner (DVB-T)
- CI kortarauf
- DVD-spilari
- HDMI tengi
- 12 V. kapall fylgir með

Imation harðir diskar

- 2.5" og 3.5"
- Öruggir og áreiðanlegir harðir diskar í úrvali frá Imation
- Rispuþolinn og stöðurafmagnsfrí hönnun

2.5"	250 GB	11.995 kr.
2.5"	500 GB	19.995 kr.
3.5"	1 TB	19.995 kr.
3.5"	1,5 TB	26.995 kr.
3.5"	2 TB	37.995 kr.

25 ÁRA TILBOÐ

TILBOÐ

TSX70

iPod fylgir ekki

Yamaha smástæða

- Smástæða með innbyggðu FM útvarpi
- Dokka fyrir iPod/iPhone
- Vekjaraklukka og fjarstýring
- Drapplituð/brún

10.000 afsláttur

Tilboðsverð **39.995 kr.**

Verð áður 49.995 kr.

Siemens Gigaset A580

SIE130328

- Upplýstur skjár með númerabirti
- Símaskrá fyrir allt að 150 númer
- Allt að 25 klst. taltími og 210 klst. biðtími

1.000 afsláttur

Tilboðsverð **7.995 kr.**

Verð áður 8.995 kr.

Salora DVD 363 spilari HDMI

- Einfaldur og góður HDMI DVD spilari frá Salora
- Upplausn 1080p
- Minniskortalesari og afspilun af USB 2.0

Tilboðsverð **9.995 kr.**

TILBOÐ

Salora ferða DVD DVP-7007

- 7" ferða DVD-spilari frá Salora
- Festingar og taska fylgja ásamt 220V og 12V köplum

TILBOÐ

Tilboðsverð **19.995 kr.**

DPF7900

Telefunken Digitalframe7" 4:3

- Stafrænn myndarammi
- 16:9
- 480 x 234 upplausn
- Tekur flest minniskort
- Fjarstýring fylgir

TILBOÐ

Tilboðsverð **13.995 kr.**

Opið á sunnudag

ÁRA 25 VÖRUR 25% AFSL.

25 vörur á 25% afmælisafslætti.

vara 7

MRX CB25 Heyrnatól

2.995 ▶ 25% 2.246 kr.



vara 17

Armfesting 2 arma 13"-27"

14.995 ▶ 25% 11.246 kr.

vara 6

X-mini Max II Black

12.995 ▶ 25% 9.746 kr.

25 ára

Hátækni

1985 - 2010

Opið: virka daga 9.30–18 | laugardaga 12–17 | sunnudag 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 103149

ERFITT VERKEFNI Fyrirliðinn Rakel Dögg Bragadóttir á æfingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Möguleikar Íslands í dag:

Helst átta marka sigur

HANDBOLTI Ísland mætir í dag gríðarsterku liði Rússlands en svo gæti farið að liðið þurfi átta marka sigur til að komast áfram í milliriðlakeppnina.

Fari svo að Ísland vinni Rússland í dag verða bæði lið með tvö stig. Króatar mæta Svartfellingum og reikna flestir með sigri síðarnefnda liðsins þar.

Þá yrðu Króatar einnig með tvö stig og þá þyrfti að reikna markatölu úr innbyrðisviðureignum allra þriggja liðanna. Þar stendur Ísland illa að vígi vegna tapsins fyrir Króatíu í fyrstu umferðinni, 35-25. Í þeirri stöðu situr Ísland eftir nema að liðið vinni minnst átta marka sigur á Rússum.

Ef Króatar vinna hins vegar sinn leik í dag nægir Íslandi sigur með minnsta mun gegn Rússum til að komast áfram. **- esá**

Leikmaður Rússlands:

Eðlilegt að vinna leiki

HANDBOLTI Olga Levina, einn reyndasti leikmaður rússneska landsliðsins, var spurð að því af hverju leikmenn fögnuðu ekki sigri þess gegn Króötum á fimmtudaginn.

„Við fögnuðum í raun ekki sigrinum því það á í raun að vera eðlilegt fyrir okkur að vinna leiki. Við erum ánægð með úrslitin en það hefði verið mikilvægara að vinna Svartfjallaland í fyrstu umferð riðlakeppninnar," sagði Levina á heimasíðu mótsins en Rússar töpuðu óvænt fyrir Svartfellingum og fara því ekki með fullt hús stiga í milliriðlakeppnina, komist þær þangað.

Rússland mætir Íslandi í dag í lokaumferð riðlakeppninnar. **- esá**

Myndband á Vísi:

Reiður Trefilov vekur athygli

HANDBOLTI Myndbandið sem birtist á íþróttavef Vísis í vikunni af reiðum Evgeny Trefilov, landsliðsþjálfara Rússlands, hefur vakið afar mikla athygli hér í Danmörku.

EVGENY TREFILOV

Dagblaðið Ekstra Bladet fékk myndbandið til birtingar á sínum vef og TV2 hafði einnig mikinn áhuga á að fá það. Viðbrögð hafa meira að segja verið mikil innan evrópsku handknattleikshreyfingarinnar.

„Forystumenn í EHF (Handknattleikssamband Evrópu) höfðu afar gaman af myndbandinu," sagði einn viðmælanda Fréttablaðsins sem þekkir vel til á þeim bænum.

Enn er hægt að nálgast myndbandið á Vísi en á því sést Trefilov úthúða Svartfellingum eftir að hafa tapað fyrir þeim í fyrstu umferð riðlakeppninnar á EM í handbolta. **- esá**

Júlíus Jónasson um leikinn í dag og Evgeny Trefilov, hinn skrautlega landsliðsþjálfara Rússlands:

Er örugglega ekki undirgefinn heima hjá sér

HANDBOLTI Ísland mætir í dag heimsmeisturum Rússa á EM í handbolta og á Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari von á erfiðum leik, eins og gefur að skilja.

„Rússar eru ríkjandi heimsmeistarar og með mikla hefð. Nú er spurning hvort það telur þegar út í leikinn er komið. Staðan er 0-0 þegar leikurinn í byrjar og gott að hugsa um það þannig," segir Júlíus.

„Við höfum enn trú á því að við getum gert eitthvað í þessu móti, þótt það sé orðið langsótt og erfitt," segir hann spurður um markmið Íslands sem er að komast í milliriðil. Óvíst er hvort sigur gegn Rússum í dag dugir til þess.

„En ég held að það sé eðlilegt að byrja á því að reyna að vinna leikinn og sjá svo hvað gerist. Aðalatriðið fyrir okkur er að spila vel og betur en síðast," segir hann og bætir við að engin meiðsli séu að ráði meðal íslensku leikmannanna.

Evgeny Trefilov er þjálfari Rússana og hefur fjórum sinnum orðið heimsmeistari með liðinu. Hann er þó afar skrautlegur og lætur leikmenn sína óspart heyra það. Óhætt er að segja að hann sé afar líflegur á hliðarlínunni.

ÞJÁLFARINN Júlíus Jónasson ætlar ekki að reyna að líkjast kollega sínum, Evgeny Trefilov.

FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

„Á mínum ferli höfum við aðeins einu sinni spilað áður við Rússa og það var fyrir tveimur árum. Þá var hann veikur og ég hef því aldrei talað við hann. Það fer einnig mjög lítið fyrir honum á hótelinu," segir Júlíus en öll keppnisliðin eru á sama hóteli í Árósum.

„Reyndar hélt hann fund um daginn í næsta herbergi við okkar fundarherbergi þar sem hann öskraði á leikmenn í klukkutíma. Miðað við það og hegðun hans á hliðarlínunni fer maður að velta fyrir sér hvernig fjölskyldulífið hans sé. Ég hef litla trú á því að hann sé undirgefinn heima hjá sér. Þó getur vel verið að hann sé ljúflingur á milli leikja og funda."

En árangurinn talar sínu máli. „Það er ekki hægt að taka það af honum. Það er gríðarlega mikil breidd í rússneska liðinu og hann skiptir leikmönnum óspart út af, sama hvort þeir hafa staðið sig vel eða ekki."

Júlíus stefnir þó ekki á að taka þjálfunaraðferðir hans til fyrirmyndar. „Ég veit ekki hversu vel femínistafélagið heima myndi taka í hans þjálfunaraðferðir," segir Júlíus en á æfingum rússneska landsliðsins er leikmönnum yfirleitt refsað með aukaæfingum, hoppum, armbeygjum eða kollhnísum, fyrir minnstu sakir. „Ég held að mínar stelpur myndu aldrei sætta sig við þetta. En þetta er af allt öðrum skóla og rússnesku stelpurnar þekkja sjálfsagt ekkert annað." **- esá**

Stelpurnar eiga eftir að ná langt

